

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

4. nóvember 2006 – 296. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

LAUGARDAGUR

Sækist ekki eftir heimsyferráðum

Danski leikarinn Mads Mikkelsen gerir sjálfum James Bond lífið leitt í Casino Royale sem skúrkurinn Le Chiffre.



VIÐTAL 42

Sakamáli á sviði


Leikskáldið Þórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachmann var hlutskörpust í sakamálaeikritasamkeppni Borgarleikhússins og Spron.



MENNING 51

Í frumskógi vestrænnar menningar

Sabine Kuegler, sem ólst upp með frumskógaættbálki í Vestur-Papúa, er stödd hér á landi til að kynna bók sína.



VIÐTAL 38


Helgi mætti ekki á æfingu

Helgi Sigurðsson lét sig vanta á æfingu hjá Fram í gær. Samningsbrot, segir framkvæmdastjóri knattspyrnu deildar Fram.




ÍPRÓTTIR 63

VEÐRIÐ Í DAG



VONSKUVEÐUR Í NÓTT Í dag verður hæg suðlæg átt í fyrstu en vaxandi suðaustanátt þegar líður á kvöldið og nóttina. Allt að 28 m/s seint í nótt á landinu vestanverðu. Rigning, fyrst suðvestan til en síðan um allt land í kvöld. Hlýnandi.

VEÐUR 4



Milljarða fjárveiting nær ekki til aldraðra

Fyrrum hjúkrunarforstjóri Hrafnistuheimilanna segir ríkið leggja 15 milljarða króna í hendur stjórnenda dvalar- og hjúkrunarheimila hérlendis án þess að vita hvernig þeir eru nýttir. Aldraðir fái því oft minni þjónustu en þeim ber.

HEILBRIGÐISMÁL Ríkið greiðir dvalar- og hjúkrunarheimilum hér á landi yfir 15 milljarða króna til reksturs án þess að skilgreina hvaða þjónustu það fær í staðinn. Þar sem engir þjónustusamningar hafa verið gerðir um hvernig þessu fé skal varið geta stjórnendur þessara stofnana farið með féð að vild. Á meðan slíkir samningar hafa ekki verið gerðir hafa engar reglur verið brotnar. Þetta kom fram í máli Dagbjartar Þyrí Þorvarðardóttur, hjúkrunarfræðings og fyrrverandi hjúkrunarforstjóra Hrafnistuheimilanna, á námstefnu Öldrunarfræðafélags Íslands.

Dagbjört Þyrí segir að ekkert muni breytast til batnaðar í þjónustu við aldraða fyrr en ríkið gerir þjónustusamninga við öll dvalar- og hjúkrunarheimili. Hún nefnir dæmi. „Ríkið greiðir jafn mikið fyrir einstakling sem fær einbýli og þann sem fær fjölbýli. Ríkið greiðir einnig jafn mikið fram í máli Dagbjartar Þyrí Þorvarðardóttur, hjúkrunarfræðings og fyrrverandi hjúkrunarforstjóra Hrafnistuheimilanna, á námstefnu Öldrunarfræðafélags Íslands.

unardaggjöld greidd frá ríkinu fyrir um 150 einstaklinga sem búa á dvalarheimilum Hrafnistu en þau eru um átta þúsund krónum hærra á sólarhring en daggjöld greidd fyrir dvalarheimilisrými. Á sama tíma þurfa önnur heimili sem eingöngu eru hjúkrunarheimili að veita fjórar til fimm hjúkrunarklukkustundir á sólarhring fyrir sömu daggjöld. Dagbjört Þyrí staðfestir þetta. „Það er ljóst að þeir öldruðu sem dvelja á deildum dvalarheimilis eins og Hrafnistu, en eru metnir í þörf fyrir hjúkrunarrými, eru ekki að fá þá þjónustu sem ríkið greiðir fyrir eða þá þjónustu sem þeir þarfnast.“



ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON Forsetinn hóf fjáröflunina í Smáralindinni í gær.

Fjáröflun Landsbjargar hafin: Forsetinn seldi neyðarkall

SLYSAVARNIR Herra Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, hóf síðdegis í gær fjáröflun Slysavarnafélagsins Landsbjargar með því að selja fyrsta neyðarkallinn. Fjáröflunin er til styrktar uppbyggingarstarfi félagsins og mun standa yfir helgina en hún gengur út á að selja litla neyðarkalla á 1.000 krónur stykkið. Á höfuðborgarsvæðinu mun sölufolk standa við verslunarmiðstöðvar og á öðrum fjölförnum stöðum en á landsbyggðinni verður gengið í hús.

- þsj

Spáð í jólaveðrið: Miklar líkur á rauðum jólum

VEÐUR Það verða rauð jól um mestallt land samkvæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins. Ekki er þó loku fyrir það skotið að lítilsháttar fól verði norðanlands en annars verður hátíðarveðrið milt í þeim landsfjórðungi sem öðrum.

Veðurklúbburinn á Dalbæ á Dalvík hefur komist að þessari niðurstöðu með þeim fyrirvara að endanleg spá verði ekki gefin fyrr en síðustu vikuna í nóvember. Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur kemst að svipaðri niðurstöðu og veðurfræðingar norðanlands, þó með ákveðnum fyrirvörum. Veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands segist hafa ákveðnar hugmyndir um jólaveðrið en treystir sér ekki til að staðfesta grunsemdir Dalbæinga eða Einars.

- shá



ARNALDUR INDRIDASON Tíunda skáldsaga Arnaldar, Konungsbók, kom út í vikunni. Hann segir að líklega sé hér um að ræða metnaðarfyllsta verk hans hingað til.

Kominn úr skugga föður síns

VIÐTAL Arnaldi Indriðasyni rithöfundur kom á óvart þegar bækur hans slógu í gegn og það reyndist honum erfitt að takast á við athyglina sem fylgdi. Þetta er meðal þess sem kemur fram í viðtali við Arnald í Fréttablaðinu í dag. „Ég kann illa við mig í viðtölum, hef aldrei lært að tala um sjálfan mig eða kynna mig og satt

best að segja var það átaksverkefni fyrir mig að bregðast við þessu,“ segir hann meðal annars. Arnaldur ræðir auk þess áhrif föður síns, Indriða G. Þorsteinsonar, á sig og hvernig hann upplifði sig lengi sem í skugga hans. Erlendur rannsóknarlögreglu- maður er lagður til hliðar í nýjustu bók Arnaldar, Konungsbók,

en þar kveðst Arnaldur vilja minna á hinn ómetanlega menningararf Íslendinga, sem sé að gleymast í þjóðfélagi þar sem efnishyggjan er að verða allsráðandi. „Mörgum hugnast ekki þær miklu breytingar sem hafa orðið á samfélaginu á stuttum tíma og finnst þeir hreinlega vera skildir eftir.“

- bs / sjá síðu 30



KRAKKADAGAR

Jólafoðin á krakkana fást í Smáralind



SPURNING DAGSINS



Hvernig líst þér á nafnið Idolf Jónsson?

„Mér fundist það nú fallegra með ypsiloni og það er örugglega auðveldara að heita Ydolf en Adolf í ljósi sögunnar.“

Jón Ólafsson og Hildur Vala Einarsdóttir eignuðust son í vikunni. DV kallar soninn „Idol-barnið“ á forsiðu sinni í gær.

Íranir gera tilraunir með nýjar tegundir flugskeyta:

Vilja sýna hernaðarmátt sinn

ÍRAN, AP Yfirmenn íranska hersins skýrðu frá því í gær að tilraunir hefðu verið gerðar á fimmtudaginn með þrjár nýjar tegundir af flugskeytum við Persaflóa og þær tilraunir hafi tekist mjög vel.

„Tilraunir þessar eru ekki ógn við neitt af nágrannaríkjum okkar,“ sagði Ali Fazli, herforingi í íranska hernum. Engu að síður segja Íranar að nýju flugskeytin styrki hernaðarmátt landsins við Persaflóa.

„Við viljum sýna óvinum okkar utan þessa heimshluta fælingar- og varnarmátt okkar og við vonum að þeir skilji skilaboðin,“ sagði Yahya Rahim Safavi, yfirmaður

hersins, á fimmtudaginn þegar fyrstu flugskeytum var skotið á loft.

Íranar hafa áður gert tilraunir með flugskeyti en að þessu sinni virðast tilraunirnar vera beint svar við heræfingum á vegum Bandaríkjanna sem haldnar voru í vikunni á sömu slóðum. Breskir og franskir hermenn tóku einnig þátt í þeim heræfingum.

Íranar skutu flugskeytum sínum bæði frá hreyfanlegum skotpöllum við strönd Persaflóa og frá herskipum úti á Flóanum. Íranska fréttastofan sagði flugskeytin vera framleidd í Íran.

Condoleezza Rice utanríkisráð-



„VONUM AÐ ÞEIR SKILJI SKILABOÐIN“ Opinber fréttastofa Írans sendi frá sér í gær þessa mynd af tilraunaskotum með nýjar tegundir af flugskeytum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

herra sagðist halda að Íranar væru að „reyna að sýna fram á að þeir séu harðir af sér“.

- gb

Stjórnarskrárnefnd:

Endurskoðun að renna út á tíma

STJÓRNARSKRÁ Stjórnarskrárnefnd, sem skipuð var í ársbyrjun 2005 og falið var að semja frumvarp að endurskoðun stjórnarskrár lýðveldisins fyrir árslok 2006, hélt sinn 20. fund í gær. Jón Kristjánsson, formaður nefndarinnar, segir aðspurður að úr því sem komið er sé það mjög ósennilegt að það markmið náist að leggja fram heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar fyrir kosningar í vor.

Að Jóns stendur þó til að gefa út áfangaskýrslu sem gagnast gæti sem áfangi að settu marki. Á framhaldsfundi nefndarinnar næsta miðvikudag kunni samkomulag að nást þar um.

- aa



VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR Er á leið í fjögurra daga opinbera heimsókn til Úkraínu.

Utanríkisráðuneytið:

Valgerður til Úkraínu

UTANRÍKISMÁL Valgerður Sverrisdóttir, utanríkisráðherra heldur á morgun í fjögurra daga opinbera heimsókn til Úkraínu í boði Borys Tarasjók, utanríkisráðherra Úkraínu.

Í heimsókninni mun Valgerður hitta Viktor Jústsjensko forseta, Viktor Janúkóvitsj forsætisráðherra og Borys Tarasjók, utanríkisráðherra, auk þess sem ráðherra fer í heimsókn í úkraínska þingið í boði forseta þess, Oleksandr Moroz. Þá leiðir utanríkisráðherra viðskiptanefnd sem skipuð er fulltrúum 23 íslenskra fyrirtækja.

- hs

Slæmt veður um helgina:

Spáð er vonskuveðri í nótt

VEÐUR Horfur eru á mjög vondu veðri í nótt og á sunnudagsmorgun að sögn Sigurðar Þ. Ragnarsónar, yfirveðurfræðings á NFS. Sigurður segir að um sé að ræða mjög djúpa og krappa lægð. Horfur eru á að vindhraðinn verði á bilinu 20-30 m/s á sunnudagsmorgun, hvassast vestan til í fyrstu en síðan færast hvassviðrið yfir landið á sunnudaginn. Sigurður hvetur fólk til að festa alla lausamuni sem eru úti við til að forðast skemmdir.

- ifv

Greiðsla óheppileg fyrir lífeyrissjóðinn

Alfred Þorsteinsson segir óheppilegt að hluti greiðslu ríkisins vegna kaupa á hlut Reykjavíkurborgar sé ekki greiddur með bréfum sem hægt er að selja á markaði. Ákvörðunin var tekin að vel athuguðu máli, segir borgarstjóri.

LANDSVIRKJUN Alfred Þorsteinsson, formaður stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar, segir óheppilegt að ekki hafi verið greitt fyrir hlut borgarinnar í Landsvirkjun með bréfum sem hægt væri að selja á markaði. „Ég neita því ekki að það hefði verið heppilegra að fá einhvern hluta greiddan með bréfum sem hægt væri að selja á markaði. En það var ekki stjórn lífeyrissjóðsins sem kom að því að ákveða það heldur borgarstjórn.“

Gengið var frá kaupum íslenska ríkisins á helmingshlut í Landsvirkjun 1. nóvember síðastliðinn, en hluturinn var áður 45 prósent í eigu Reykjavíkurborgar og fimm prósent í eigu Akureyrarbæjar.

Ríkið greiðir fyrir hlutinn með skuldabréfi til 28 ára en þrjár milljarðar eru greiddir beint út. Samningarnir, sem undirritaðir voru 1. nóvember, taka gildi 1. janúar á næsta ári. Samtals greiddi ríkið rúma 30 milljarða fyrir.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri segir vandlega hafa verið farið yfir þessi mál áður en fallist var á það greiðsluform sem varð ofan á. „Sigurður Snævarr borgarhagfræðingur og Birgir



HÖFUÐSTÖÐVAR LANDSVIRKJUNAR Á miðvikudaginn var gengið frá sölu Reykjavíkur og Akureyrar á hlut þeirra í Landsvirkjun til ríkisins.

Finnbogason fjármálastjóri áttu viðræður við forsvarsmenn lífeyrissjóðanna áður en fallist var á þetta greiðsluform. Það var farið vandlega yfir þessa þætti og ákvarðanir teknar að vel athuguðu máli.

Alfred segist sáttur við sölnu á hlut Reykjavíkurborgar nú en segir einkavæðingarhugmyndir ráðherra í ríkisstjórn hafa gert út um frekari viðræður.

„Salan á hlut Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun var tímabær af ýmsum ástæðum. Ekki síst vegna

þess að það er ekki skynsamlegt að Reykjavíkurborg liggja með fjármuni bundna í tveimur stórum orkufyrirtækjum. Ég kom að viðræðum um þessa sölu í tíð Reykjavíkurlistans og það var ágætis samstaða um málið þangað til tveir ráðherrar, Geir H. Haarde sem þá var fjármálaráðherra og Valgerður Sverrisdóttir þáverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra, víðruðu hugmyndir um að einkavæða fyrirtækið. Þá sigldu viðræðurnar í strand.“

magnush@frettabladid.is

Borgarstjóri tók ekki mið af 91,2 milljarða verðmætamati:

Þekkti ekki verðmætamatið

LANDSVIRKJUN Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri segist ekki hafa þekkt verðmætamat frá ParX, viðskiptarágjöf IBM, sem mat verðmæti Landsvirkjunar á 91,2 milljarða í árslok 2005, þegar hann seldi hlut Reykjavíkurborgar í fyrirtækinu.

Borgarstjóri seldi hlut borgarinnar í Landsvirkjun miðað við verðmætamat sem var 60,5 milljarðar.

Fulltrúar Samfylkingarinnar í borgarráði lögðu fram bókun á borgarráðsfundi á fimmtudag sem byggist á því að hluturinn hafi verið seldur á „smánarverði“. Þeir rökstuddu þá gagnrýni með því að vísa til 91,2 milljarða verðmætamatsins.



VILHJÁLMMUR Þ. VILHJÁLMSÓN

Vilhjálmur segist „aldrei hafa séð“ niðurstöður ParX um 91,2 milljarða verðmætamatið.

„Þessar tölur hafa aldrei komið fram í umræðunni um sölu hluta borgarinnar í Landsvirkjun. Þær hafa aldrei verið nefndar við mig eða verið kynntar í borgarráði,“ segir Vilhjálmur en verðmætamatið sem sala Reykjavíkur á hlut-

um var byggð á var annað lægra verðmætamat frá ParX. Vilhjálmur segir að fullyrðingar fulltrúa Samfylkingarinnar um að borgin hafi selt hlutinn á of lágu verði séu fráleitar og örökstuddar, því svo hátt verðmætamat hafi aldrei verið nefnt til sögunnar í samningaferlinu um sölu hlutarins.

- ifv



TUNDURDUFLIÐ Í KLEIFARBERGI Sérfræðingur Landhelgisgæslunnar gerir tundurduflið óvirkt.

Frystitogarinn Kleifarberg:

Fékk tundurdufl í botnvörpuna

LANDHELGISGÆSLAN Frystitogarinn Kleifarberg frá Ólafsfirði fékk tundurdufl í troll sitt snemma í gærmorgun þar sem hann var staddur um 40 sjómílar norður af Straumnesi.

Skipverjar gerðu stjórnstöð Landhelgisgæslunnar viðvart og sendi hún tvo sprengjusérfræðinga til til Ísafjarðar til móts við skipið.

Í tilkynningu frá Landhelgisgæslunni segir að vel hafi gengið að gera tundurduflið óvirkt og að það hafi síðan verið flutt á afvikinn og öruggan stað til eyðingar.

- þsj

Lögreglan í Reykjavík:

Yfirheyrdur vegna stúlku

LÖGREGLUMÁL Einn maður hefur verið yfirheyrdur hjá lögreglunni í Reykjavík vegna atburðar sem varð þegar ókunnugur maður tók átta ára stúlku upp í bíl sinn á sunnudag. Lögreglan sleppti manninum eftir yfirheyrslu, þar sem grunur hennar átti ekki við rök að styðjast.

Þá er enn leitað ofbeldismanna sem nauðuguðu nýverið tveimur stúlkum, annarri í húsasundi hjá Menntaskólanum í Reykjavík en hinn við Þjóðleikhúsið. Tveir menn voru að verki í bæði skiptin.

- jss

Verktaki á Akranesi:

Segir upp 20 starfsmönnum

VINNUMARKAÐUR Byggingafyrirtækið Sveinbjörn Sigurðsson hefur sagt upp öllum nema tveimur starfsmönnum á Akranesi, eða tuttugu iðnaðarmönnum og verkamönnum. Halldór Karlsson, verkefnisstjóri fyrirtækisins, segir að engar upplýsingar verði gefnar að svo stöddu. Þetta mál sé í vinnslu. Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, segir hafa þær upplýsingar að næg verkefni séu hjá fyrirtækinu næstu tvö árin. Hann óttast að mönnum hafi verið sagt upp til að ráða verktaka með ódyrt, erlent vinnuafli á staðinn.

„Fyrirtæki sem greiða hefðbundin markaðslaun eru ekki samkeppnisfær við fyrirtæki með ódyrara vinnuafli,“ segir hann.

- ghs

BÍLL DAGSINS

SUBARU LEGACY H6

Nýskr. 01.03 - Sjálfsskiptur - Ekinn 73 þús. km. - Allt að 100% lán.



Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opíð: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.

Dagskrá

laugardagsins 4. nóv.
við Blómaval Skútuvogi

16.00-19.00 Emmess gefur ís við
Jólandið í Blómavali

16.00-17.00 SS pylsur og gos fyrir
alla úti við stóra jólatréð

16.15 Felix Bergsson kemur og
skemmtir börnunum og
kveikir á stærsta jólatré
á Íslandi

Frá kl.
16.30 **Machintosh á 100kr.**
(1pk á mann, takmarkað magn)

16.45 Solla stirða
og Halla
Hrekkjusvín
kæta börnin



Allt jólaskraut á 20% afsl.
laugardag og sunnudag

Nóvemberkaktus á 30% afsl.

Jólastjarna
499

**Kveikjum
á stóra jólatrénu**
í dag laugardag

100
íslensk jólalög
á 5 diskum á
2999

blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	67,56 67,88
Sterlingspund	129,00 129,62
Evra	86,25 86,73
Dönsk króna	11,568 11,636
Norsk króna	10,464 10,526
Sænsk króna	9,389 9,445
Japanskt jen	0,5766 0,5800

SDR	100,28	100,88
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
	119,2079	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Ungir frjálshyggjumenn segja einokun ríkisins á áfengissölu óeðlilega:

Seldu bjór á Lækjartorgi í mótmælaskyni

MÓTMÆLI Ungir frjálshyggjumenn stóðu fyrir bjórsölu við Héraðsdóm Reykjavíkur á Lækjartorgi í gær.

Hlynur Jónsson, formaður Ungra frjálshyggjumanna, sagði í samtali við Fréttablaðið áður en salan hófst að tilgangurinn væri að mótmæla einokun ríkisins á áfengissölu hér á landi. Til stæði að selja hverjum þeim sem náð hefði 20 ára áfengiskaupaaldri bjórinn. Félagið vildi með þessu hvetja alþingismenn til að afnema einokun ríkisins á sölu áfengis.

Hlynur reiknaði þó ekki með því að salan fengi að standa lengi yfir enda lögreglan líkleg til að

vera mætt á staðinn til að stöðva hana í startholunum. Það reyndist enda raunin og salan var stöðvuð eftir sölu á fyrsta bjórnum. Hlynur var handtekinn og var að eigin sögn látinn dúsa óþarflega lengi í fangaklefa. Honum var sleppt síðdegis í gær að loknum yfirheyrslum. Hann var samt sem áður ánægður með uppátækið. „Þetta gekk mjög vel. Við seldum einn bjór, þó að salan hafi einungis staðið yfir í eina sekúndu.“ - þsj

MEGA EKKI SELJA BJÓR Erla Ósk Ásgeirsdóttir, formaður Heimdallar, gerir tilraun til að kaupa bjór af Ungum frjálshyggjumönnum á Lækjartorgi í gær en er stöðvuð af lögreglu.



Þingmaður Vinstri grænna:

Bankar mega fara úr landi

STJÓRNMÁL Ögmundur Jónasson, alþingismaður og formaður BSRB, segir það til vinnandi að



ÖGMUNDUR JÓNASSON

senda viðskiptabankana úr landi til að geta aukið jöfnuð í samfélaginu. Ögmundur segir misþykkingu og ranglæti þrífast og breiða úr sér sem aldrei fyrr. Bankarnir greiði aðeins 12

milljarða fjármagnstekjuskatt af 120 milljarða hagnaði og hóti að hverfa úr landi verði skatturinn hækkadur. Spurning sé hvort jafnaðarsamfélaginu sé fórnandi fyrir 12 milljarða og nokkra stráka og stelpur í silkifötum. „Er þotuliðinu fórnandi fyrir meiri jöfnuð og félagslegt réttlæti? Mitt svar er já,“ skrifar Ögmundur. - gar

Starfsgreinafélag Austurlands:

Lýsir yfir stuðningi við Odd

DÓMSMÁL Stjórn AFLs, Starfsgreinafélags Austurlands, lýsir yfir fullum stuðningi við störf Odds Friðrikssonar, yfirtrúnaðarmanns á Kárahnjúkasvæðinu.

Stjórnin lýsir furðu og skömm á ummælum sem Eiður Baldvínsson, forstöðumaður Starfsmannaleigunnar 2b, lét falla við vitnaleiðslu í máli sem AFL höfðaði á hendur 2b til innheimtu á vangöldnum launum starfsmanna fyrirtækisins. En við vitnaleiðslur sakaði Eiður Odd um mútubægni.

Stjórn AFLs beinir því til samstarfsnefndar verkafélagsheyringarinnar að Eiður verði kallaður til ábyrgðar orða sinna. - hs

Sjóræningjaveiðar gerðar ómögulegar

Sjávarútvegsráðherra segir möguleika til sjóræningjaveiða sífellt að þrengjast og verði jafnframt dýrkeyptari þeim sem þær stunda. Hann boðar hertari lög á yfirstandandi þingi gagnvart sjóræningjaskipum og aðilum sem þeim tengjast.

VEIÐAR „Það blasir við að ólöglegar veiðar eru orðnar þeim sem þær stunda dýrkeyptari en áður. Og við sjáum að sífellt fleirum er að verða það ljóst að það getur einnig verið dýrkeypt að eiga viðskipti við þá sem stunda ólöglegar veiðar,“ segir Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra.

Fjögur ráðuneyti undir forystu sjávarútvegsráðuneytisins vinna nú að því að yfirfara íslenskt lagaumhverfi og möguleika á því að herða á lögum og reglum sem snúa að sjóræningjaskipum og þeim aðilum sem tengjast sjóræningjaveiðum. Einar vonast til að búið verði að samþykkja þær lagaþrengingar sem nauðsynlegar eru áður en yfirstandandi þingi lýkur. „Lögin munu eiga við um skip sem eru að veiða ólöglega á Reykjanes-hrygg og útgerðum þeirra. Við höfum heilmikil úrræði í núgildandi lögum en teljum að herða þurfi þau enn þá meira. Allt lýtur þetta að sama markmiði sem er að gera þessar veiðar óþarfilegar fyrir þá sem eru að stunda þetta ólöglega athæfi.“

Ísland er aðili að Norðaustur-Atlantshafs-fiskveiðinefndinni, NEAFC, sem fer með stjórn fiskveiða á Reykjanes-hryggnum á grundvelli Alþjóðahaftréttarsáttmálans. Íslendingar hafa haft forystu um þessi mál á alþjóðlegum vettvangi og beitt sér hart innan NEAFC að sögn Einarssonar. Þær aðgerðir hafi skilað heilmiklum árangri og gott dæmi séu hremmingar skipsins Polestar sem flutti ólöglegan afla af Reykjanes-hrygg í haust.



LESTAÐ ÚR SJÓRÆNINGJASKIPINU ULLA YFIR Í POLESTAR Einar segir íslenskan sjávarútveg standa einhuga í baráttunni þar sem það sé hagsmunamál að ekki sé verið að óveiða karfann á Reykjanes-hrygg. MYND/LANDHELGISGÆSLAN

„Vegna afskipta okkar tókst að koma í veg fyrir að minnsta kosti þrjár tilraunir Polestar til að landa aflanum þó að að lokum hafi þeim tekist að landa þessu í Hong Kong með miklum kostnaði og fyrirhöfn.“

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær var Landsbankinn skráður eigandi þess afla þar sem bankinn hafði veitt kaupanda aflans afurðalán. Þegar í ljós kom að um ólöglegan afla var að ræða breytti bankinn afurðalánasamningi sínum á þann veg að verði við-

skiptavinur uppvís að tengslum við ólöglegar veiðar þá verður samningnum rift, að því gefnu að honum hafi verið kunnugt um þær.

Einar segir frumkvæði Íslands og gott samstarf við Landsbankann hafa gert það að verkum að möguleikar til sjóræningjaveiða séu að þrengjast. „Æ fleirum er að verða ljós alvara málsins. Og ég er sannfærður um að útgerð Polestar hefur lært sína lexíu og haft af því mikinn kostnað.“

sdg@frettabladid.is

Nýtt afbrigði fuglaflensu:

Veiran þolir lyf miklu betur

KÍNA, AP Nýtt afbrigði af fuglaflensuveirunni H5N1 hefur náð mikilli útbreiðslu og þolir lyf miklu betur þannig að erfiðara hefur reynst að ráða niðurlögum flensunnar.

Nýja veiruafbrigðið hefur fundist nánast alls staðar þar sem fuglaflensusmitis hefur orðið vart í fuglum undanfarið ár og sums staðar þar sem menn hafa smitast. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin gagnrýndi kínversk stjórnvöld fyrir að láta ekki í té sýnishorn af nýju veirunni. - gb

Karlmaður handtekinn:

Stal gínu vegna konuþurftar

LÖGREGLUMÁL Karlmaður á fimmtugsaldri rændi gínu úr verslun í Reykjavík í vikunni. Hann var þó handtekinn stuttu síðar í miðborginni og gínunni komið aftur á sinn stað.

Við leit á manninum fannst einnig töluvert magn af öðrum varningi sem hann átti í erfiðleikum með að gera grein fyrir.

Að sögn lögreglu gaf maðurinn þær skýringar á gínustuldinum að hann væri einfaldlega kvenmannslaus og ætlaði gínunni að fylla það tóm. - þsj

LEIÐRÉTTING

Í breytingum á umferðarlögum er gert ráð fyrir að hægt verði að beita sektum ef ekið er 5 km/h umfram hámarkshraða í stað 10 km/h nú. Í frétt um málið í blaðinu í gær láðist að geta þessa. Einar Magnús Magnússon, upplýsingafulltrúi Umferðarstofu, segir að í ljósi þessa sé hugsanlega ástæða til að endurmeta hámarks- hraða á stofnbrautum.

„Ógnarspennandi“

Bókmenntaverðlaun Danska ríkisútvarpsins

Dönsku bóksalaverðlaunin 2004

Undantekningin er mögnuð saga um hin mörgu andlit ástarinnar og illskunnar. Hún er margföld metslúbók í Danmörku og víða um heim, rómuð jafnt af lesendum sem gagnrýnendum.

„Undantekningin er afbrigðis saga ... ógnarspennandi ... höfundurinn sýnir ótrúlega innsýn í mannlegt eðli.“
Páll Baldvin Baldvínsson, Frbl.

„Framúrskarandi skáldsaga . . . Stórkostleg blanda af spennusögu með útsmoginni og flókinni atburðarás.“
Michael Eigtved, B.T.

edda.is

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

VONSKUVEÐUR Í NÓTT OG Á MORGUN
Djúp og kröpp lægð um 960 mbör gengur yfir Vestfirði í nótt. Eru horfur á að vindhraðinn verði á bilinu 20-28 m/s í fyrramálið, hvassast vestan til í fyrstu en síðan færir hvassvindi yfir landið á morgun. Eru horfur á að hviður geti farið yfir 40 m/s í nágrenni við fjöll á vestanverðu landinu og reyndar víðar. Það er rétt að geta þess að megin vindstengur þessarar lægðar gengur yfir sjálfa höfuðborgina mjög snemma í fyrramálið og um svipað leyti er flóð í hámarki. Eg hvet því fólk til að festa lausa muni s.s. trampólín, gasgrill, útiþúsgögn o.fl. til að koma í veg fyrir skemmdir á þessum munum sem og að þessir hluti skemmi fyrir öðrum.

*Vindhraði er í metrum á sekúndu.

um hádegi »

um hádegi »

Kaupmannahöfn	8°C skúrir	London	11°C hálfskýjað
Þórshöfn	9°C rigning	Paris	11°C hálfskýjað
Osló	4°C hálfskýjað	Frankfurt	9°C skúrir
Stokkhólmur	3°C skúrir	Friedrichshafen	4°C léttskýjað
Gautaborg	11°C léttskýjað	Berlín	8°C skúrir

» á morgun

Viða 15-25 m/s lægir mjög vestan til síðdegis og um kvöldið.

» mánudagur

5-8 m/s

Nautaaf um helgina

25-40% afsláttur

af íslensku nautakjöti

Kjöt & fisktorgið



Gildir til 5. nóvember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Eru jólainnkaup hafin á þínu heimili?

Já	22%
Nei	78%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Hefur þú keypt fíkniefni?

Segðu skoðun þína á vísiris



Fjármálaráðherra svarar gagnrýni Davíðs Oddssonar á íslensk stjórnvöld:

Segir aðhalds hafa verið gætt

FJÁRMÁL Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra vísar því á bug að íslenska ríkið gæti ekki nægilegs aðhalds í ríkisfjármálum.

Davíð Oddsson seðlabankastjóri gagnrýndi íslensk stjórnvöld á fundi á fimmtudag fyrir að sýna ekki nægilegt aðhald í ríkisfjármálum á þenslutímum. Á sama tíma kynnti bankinn ákvörðun sína um að halda stýrivöxtum í fjórtán prósentum. „Það hefur verið mikið aðhald í ríkisfjármálunum og aðgerðir í þá veru hafa



ÁRNI MATHIESEN

haft mikil sveiflujöfnunarárhrif út í samfélagið. Þetta sýna mælingar í þessum efnunum,“ segir Árni og bendir á að sveiflujöfnunarárhrif ríkissjóðs hafi jafnvel verið meiri heldur en aðgerðir Seðlabanka Íslands. „Ég held að það sé vel hægt að sýna fram á það, með skýrum rökum, að sveiflujöfnunarárhrif vegna aðgerða ríkissjóðs hafi meiri áhrif heldur en samþæfingar aðgerðir Seðlabanka Íslands, án þess að í því felist sérstök gagnrýni á Seðlabankann.“

Í máli Davíðs Oddssonar seðlabankastjóra á opnum fundi bankans á fimmtudag, kom fram að tímasetning stjórnvalda um að aflétta gjöldum af innfluttum matvælum í mars á næsta ári væri óheppileg. Því er Árni ekki sammála. „Allir þeir sem hafa fylgt með stjórnmálum síðustu árin, hafa mátt búast við því að farið yrði í lækkun virðisaukaskattsins fyrr eða síðar. Það hefur verið lengi á stefnuskrá Sjálfstæðisflokksins. Eðlilegt er að besta tímasetningin komi til þegar stóriðjuframkvæmdum er að ljúka og þannig verður það í vor.“

Framkvæmdastjóri ASÍ:
Ekki samstiga í efnahagsstefnu


VINNUMARKAÐUR Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, segir að það komi sér ekki á óvart að Seðlabankinn treysti sér ekki til að slaka á aðhaldi í efnahagsmálum, fullsnemma sé hjá forsætisráðherra að lýsa því yfir að hættuástandið sé liðið hjá.

„Enn einu sinni er komin upp sú staða að stefna stjórnvalda og Seðlabankans er ekki samstæð,“ segir Gylfi. „Í vor eru kosningar og þá verða hagsmunir stjórnmálaflokka sem vilja vera áfram við völd ríkari en hagsmunir þjóðarinnar hvað varðar jafnvægi í efnahagsmálum. Þetta kemur fram í viðvörun Seðlabankans.“ - ghs

Ný sending af jakkafötum, fjölbreytt snið, allar stærðir.

HERRAFATAVERSLUN BIRGIS
FÁKAFENI 11 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 553 1170

Gæði, fagmennska og gott úrval



ÁLTÆKNIGARÐUR Actus ehf. hefur verið gefið vilyrði fyrir lóð undir áltækknigarð á svæði vestan byggðarinnar í Porlákshöfn. Vonast er til að framkvæmdir hefjist árið 2009.

Áltækknigarður að rísa við Porlákshöfn

Actus ehf. hefur fengið vilyrði fyrir lóð undir áltækknigarð í Porlákshöfn. Bæjarstjóri segir fyrst og fremst um fullvinnslu á áli að ræða. Það yrði í fyrsta sinn sem slík vinnsla færi fram á Íslandi. Talið er að framkvæmdir geti hafist 2009.

STÓRIÐJA Actus ehf. hefur fengið vilyrði fyrir lóð vestan Porlákshafnar undir svokallaðan áltækknigarð. Í áltækknigarðinum á meðal annars að vera álvinnsla, þekkingarsetur tengt áliðnaði með mögulegri rannsóknarstöðu í samstarfi við háskólana í landinu og álver með 60 þúsund tonna framleiðslugetu. Áltækknigarðurinn mun þó á fyrstu stigum ekki standa að frumvinnslu á áli líkt og annar áliðnaður á Íslandi heldur er stefnt að því að þar fari fram fullvinnsla á vöru. Ef af verður yrði það í fyrsta sinn sem þannig vinnsla myndi fara fram á Íslandi.

Ólafur Áki Ragnarsson, bæjarstjóri Ölfuss, segir þetta gott tækifæri fyrir svæðið enda skapast um 300 störf og þar af fjölmörg fyrir vel menntað fólk. „Það eru náttúrlega hátæknistörf í kringum þetta sem er mjög

áhugavert fyrir okkur. Það er ekki verið að tala um álbæðslu líkt og hefur verið stunduð hér á landi heldur fullvinnsla á áli. Það yrði engin frumvinnsla fyrr en mögulega á seinni stigum málsins og hún yrði þá eingöngu til vinnslu fyrir þetta fyrirtæki.“

Viðræður við helstu orkuframleiðendur landsins hafa staðið yfir undanfarna mánuði og er talið mögulegt að hægt verði að afhenda orku til starfseminnar í kringum 2011. Ólafur segir að umhverfismat ætti að liggja fyrir tveimur árum fyrr og þá ætti að vera hægt að hefja framkvæmdir á svæðinu.

Kjartan Ólafsson, alþingismaður og formaður stóriðjunefndar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, segir samtökin hafa unnið að markaðssetningu Porlákshafnar sem kjörsvæði undir stóriðju á undanförunum

árum. Sú vinna sé nú að skila árangri. „Við erum búnir að vera að kynna þetta víða um heim og það er að skila sér núna. Við erum búnir að eiga fundi með Actus um þeirra markmið og mér skilst að þeir séu tengdir við fjölbjóðleg stórfyrirtæki í álfarmalstöðu. Við eigum ekki að vera einungis frumframleiðsluland á áli. Við eigum að fullvinna það, fá meiri verðmætasköpun og skapa fleiri hátæknistörf tengd þessum iðnaði.“

Kjartan segir þetta verkefni ekki vera sérstaklega orkufrekt í samanburði við önnur tengd álvinnslu á Íslandi. „Endurvinnsla og uppbræðsla á áli þarf einungis um 15% af orkunni sem fer í það að framleiða ál.“

Ekki náðist í Jón Hjaltalín Magnússon, eiganda Actus ehf., í gær þar sem hann er staddur í Kína.
thorur@frettabladid.is

HNAPPUR SEM GETUR BJARGAÐ LÍFI ÞÍNU OG ÞINNA NÁNUSTU

Hafðu samband við Securitas í síma 580 7000 og kynntu þér öryggishnappinn

SECURITAS

Veðurútlit kemur í veg fyrir frekari veiðar á langreyði:

Hvalur 9 hættur veiðum í ár

HVALVEIÐAR Hvalur 9 er hættur veiðum eftir að hafa veitt sjö langreyðar af þeim níu dýra kvóta sem gefinn var út um miðjan október vegna hvalveiða á fiskveiðiárinu 2006 til 2007. Ástæðan er versnandi skilyrði til veiðanna en þær eru háðar góðri birtu og sæmilega góðu sjólagi. Undanfarna daga hafa birtuskilyrði versnað en þau voru afar hagstæð þá daga sem tókst að ná þeim dýrum sem komin eru á land. Ekki bætir bræsluspá fyrir næstu daga úr skák og því var ákveðið að hætta þessari fyrstu vetrarvertíð íslenskra hvalveiða.

Kristján Loftsson, forstjóri Hvals hf., segir að ef aðstæður



Í HÖFN Kristján Loftsson segir veiðarnar hafa gengið frábræðlega enda sé yfirdrifið nóg af hval á miðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

hefðu verið betri hefði ekkert verið því til fyrirstöðu að veiða

fleiri langreyðar og veiðarnar hafi gengið mun betur en útlit var fyrir. „Þetta er alveg lyginlikt og það má segja að hvalaslóðin sé eins og hverasvæði, svo mikið er af blásandi hval út um allt. Þeir voru komnir í hval um leið og á miðin var komið. Í svartamyrkri urðu þeir varir við hval alveg við skipið.“

Kristján segir að Hval 9 verði nú lagt við bryggju í Reykjavík næstu mánuðina eða þangað til vorar. Hann segist vona að gefið verði leyfi til að veiða fleiri en þær tvær langreyðar sem eftir eru af núverandi kvóta því varla sé farandi til veiða að nýju fyrir tvö dýr. - shá



59.900 kr.

Borðstofuborð 180x90 sm og 6 stólar, eik

Skenkur m/ skúffum, eik **59.900 kr.**

HÚSGAGNATILBOÐ

Borðstofuborð ásamt 6 stólum aðeins **59.900 kr.**

79.900 kr.



79.900 kr.
Svartur, grár, hvítur

Tungusófi
4200454/455/456

59.900 kr.

Glerskápur, eik
4200505



49.900 kr.

Með skúffum að framan og skápum á hliðum

Bókahilla, eik
4200578





V O X
RESTAURANT/BISTRO

fullkominn

VOX er fyrsta flokks veitingastaður þar sem hver máltíð er fullkomin upplifun.

Borðapantanir í síma 444 5050 eða vox@vox.is

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Kókaínsmyglari dæmdur í áframhaldandi varðhald:

Reyndi að rugla tollverðina

DÓMSMÁL Hæstiréttur dæmdi í gær mann, sem sterlega er grunaður um að eiga þátt í stórfelldu kókaínsmygli, í gæsluvarðhald til 20. desember. Héraðsdómur hafði áður kveðið upp úrskurð á sömu lund.

Maðurinn er undir sterkum grun um aðild að innflutningi á nær tveimur kílóum af kókaíni, sem voru flutt inn frá Spáni 9. ágúst. Þau fundust í farangri konu sem var honum samferða til landsins. Maðurinn fór á undan henni í gegnum tollskoðun í þeirri von að tollverðir beindu athygli sinni að honum til þess að konan kæmist í gegn með fíkniefnin, að því er segir í greinargerð lögreglu. Honum tókst ekki það ætlunarverk sitt.

Enn fremur segir, að maðurinn hafi farið til Spánar þar sem hann hafi sótt efnið til annars sakborning og afhent konunni það. Þáttur mannsins í málinu sé talinn verulegur þar sem hann hafi viðurkennt að hafa hitt tvo aðra sakborninga og skipulagt innflutning kókaínsins. Þá hafi hann fengið samferðakonu sína til þess að fara með efnið til baka og fara með þau í gegnum tollskoðun.



LEIFSTÖÐ Kókaínsmyglarinn reyndi að villa um fyrir tollverðum. Myndin er úr safni.

Ákæra hefur verið gefin út á hendur manninum og fleira fólki.

- jss

Smyglarar á Raufarhöfn:

Málið enn til rannsóknar

LÖGREGLUMÁL Tveir skipverjar á rússneska fiskflutningaskipinu Artois voru sektaðir vegna smyglmálsins sem upp kom á Raufarhöfn fyrir rúmri viku. Lögreglan á Húsavík kom upp um smygl á 1.400 kartonum af sigarettum auk smyglis á lítilræði af vodka-flöskum. Skipið er farið frá Íslandi.

Að sögn Sigurðar Brynjólfssonar yfirlögregluþjóns stendur rannsókn á tengslum fimm manna sem búsettir eru í landi enn yfir. Þrír af þeim eru Íslendingar en tveir eru erlendir ríkisborgarar. Óljóst er hvort þeir verða allir ákærðir.

- mh

Ragnar Aðalsteinsson um símhleranir:

Takmörkun er brot gegn tjáningarfrelsinu


SÍMHLERANIR Ákvörðun stjórnvalda að veita einungis einum aðila aðgang að öllum gögnum um símhleranir á dögum kalda stríðsins, stangast á við tjáningarfrelsisákvæði mannréttindasáttmála Evrópu að sögn Ragnars Aðalsteinssonar lögmanns. Hann gerði þetta að umtali á ráðstefnu Háskólans í Reykjavík um tjáningarfrelsi sem stendur nú yfir.

„Í tjáningarfrelsisákvæðinu er talað um rétt til þess að fá upplýsingar en sá réttur vill oft gleymast,“ sagði Ragnar. Hann benti á að einn sagnfræðingur hefði fengið aðgang að öllum upplýsingum um hleranir í kalda stríðinu sem geymdar væru í Þjóðskjalasafni. „Margir sóttust

eftir aðgangi í kjölfarið en menntamálaráðherra ákvað að veita fórnarlömbum hlerananna takmarkaðan aðgang að gögnum þrátt fyrir þetta ákvæði,“ sagði Ragnar.

Hann benti á að samkvæmt ákvæðinu mættu stjórnvöld takmarka aðgang að upplýsingum er til að mynda vörðugu öryggi ríkisins eins og í þessu tilviki. Hins vegar væri liðinn tilskilinn tími til að opinbera megi upplýsingarnar, eða þrjátíu ár samkvæmt lögum.

„Það er ekki nóg að gangast undir mannréttindasáttmálann. Við þurfum að vera meðvituð um hvaða merkingu tjáningarfrelsisákvæðið hefur,“ sagði Ragnar. - sda



SADDAM LEIDDUR TIL RÉTTAR Myndin er tekin við upphaf réttarhaldanna fyrir rúmu ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Óvissa þegar dómur fellur

Á morgun er reiknað með því að dómur verði kveðinn upp í fyrstu réttarhöldunum yfir Saddam Hussein. Dauðadómur gæti hrint af stað uppþotum.

IRAK, AP Réttarhöldunum yfir Saddam Hussein var ætlað að sætta sundraða þjóð. Tilgangurinn var að afhjúpa glæpi einræðisherrans í löglegum réttarhöldum til þess að Írakar gætu horfst í augu við fortíð sína. Í framhaldi af því gætu þeir haldið áfram uppbyggingarstarfi sínu, og verið samtaka.

Núna, þegar dómur er í vændum nú mánuðum eftir að fyrstu réttarhöldin hófust, bendir þó fátt til þess að þau göfugu áform ræstist. Þvert á móti spá margir því að dómurinn, ekki síst ef niðurstaðan verður dauðadómur, geti leyst úr læðingi enn eina ofbeldishrinuna í landinu, þar sem lítið lát hefur verið á átökum allt frá því Bandaríkjaher réðst inn í landið ásamt bandamönnum sínum í mars árið 2003.

„Ofbeldi og manndráp munu aukast og Saddam verður að þjóðardýrlingi í augum súnnía,“ sagði Ibrahim Khalid, rúmlega fimmtugur súnní-arabi frá Bagdad, þar sem margir styðja enn einræðisherrann, sem steipt var af stóli.

Á hinn bóginn ættu margir sjíamúslimar afar erfitt með að sjá Saddam sleppa við dauðadóm. Í síðasta mánuði sagðist forsætisráðherra landsins, Nouri al-Maliki, sem sjálfur er sjíamúslimi, reikna fastlega með því að þessi glæpsamlegi harðstjóri verði tekinn af lífi og fylgismenn hans missi þá móðinn og láti af uppreisni sinni.

Fyrstu réttarhöldin yfir Saddam Hussein og sjö félagum hans hófust 19. október á síðasta ári. Þau réttarhöld snúast um fjöldamorð á um það bil 150 sjíamúslimum í þorpinu Dujail, sem framín voru skömmu eftir að Saddam Hussein var sýnt banatílræði árið 1982.

Önnur réttarhöld yfir Saddam hófust í ágúst síðastliðnum, en þar er hann sakadaur um þjóðarmorð á kúrdum. Búist er við að fleiri réttarhöld séu í vændum, en á hinn bóginn er óljóst hvort þeim verður haldið áfram ef Saddam hlýtur dauðadóm á morgun.

gudsteinn@frettabladid.is

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna:

Panama fær sæti í ráðinu

SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR, AP Ráðamenn í Venesúela og Gvatemala hafa fallist á að Panama fái sæti Suður-Ameríku í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Bæði Gvatemala og Venesúela sóttust eftir þessu sæti, en hvorugt ríkið hefur náð tilskildum meirihluta í atkvæðagreiðslum á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

Bandaríkin höfðu stutt Gvatemala vegna þess að ráðamenn í Venesúela þykja afar vinstrisinnadír og frægt er þegar Hugo Chavez, forseti Venesúela, sagði



SAMKOMULAG Í HÖFN Utanríkisráðherra Gvatemala og Venesúela takast í hendur.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

George W. Bush vera djöfulinn sjálfan í ræðu á allsherjarþinginu í haust.

- gb

Ragnheiður Ríkhardsdóttir
3. sæti
Kraftur og reynsla

Stefnumál Ragnheiðar

Íþrótta- og menntamál Menntun fyrir alla, valfrelsi á öllum skólastigum, framhaldsskóla án aðgreiningar, forvarnargildi íþrótta og æskulýðsstarfs.

Fjölskyldumál Lenging fæðingarorlofs og valfrelsi foreldra, samstarf opinberra aðila og fyrirtækja um fjölskylduvænna samfélag, gera eldri borgurum kleift að fara fyrir á eftirlaun en að halda áfram að vinna án þess að eftirlaunatekjur skerðist.

Samgöngumál Aukið fjármagn til samgangna á höfuðborgarsvæðinu og samvinnu sveitarfélaganna þar um.

Skattamál Lækkun skatta á fjölskyldur og fyrirtæki, einföldun og gegnsæi.

Prófkjör sjálfstæðismanna í suðvesturkjördæmi fer fram 11. nóvember næstkomandi.

Kosningaskrifstofa Ragnheiðar er að Háholti 14. Opið virka daga 17-20 og um helgar 12-17. www.ragnheidurrikhardsdottir.is

JÓLALANDIÐ OPNAR

GLADNINGUR
FYRIR BÖRNIN!



20% AFSLÁTTUR AF ALLRI JÓLAVÖRU

TILBOÐ



**2 JÓLA-
STJÖRNUR**
1.190kr

SÝNIKENNSLA
Nýjasta nýtt í
jólakortaföndri



TILBOÐ

TILBOÐ



20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
LJÓSASERÍUM

SÝPRUS
MEÐ POTTI

2.490kr



1m á
HÆÐ!

TILBOÐ

...LANDSINS MESTA ÚRVAL AF LJÓSASERÍUM! ...LANDSINS MESTA ÚRVAL AF LJÓSASERÍUM!



**GÓÐ RÁÐ
GARÐHEIMA:**

Jólastjörnu er gott að vökva með yvolgu vatni og passa að láta hana ekki standa í kulda eða trekk.



heimur skemmtilegra hluta og hugmynda
Stekkjarkakka 6 - sími 540 3300 - www.gardheimar.is



GLADIOLUR

295kr



LEIÐTOGAR Í LONDON Angela Merkel, kanslari Þýskalands, og breski forsætisráðherra Tony Blair brosa framán í ljósmyndarana á tröppum Downing-strætis 10 í gærkvöld. Aðgerðir gegn gróðurhúsáhrifunum voru aðalmálið á dagskrá fundar leiðtoganna.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Umhverfisráðherra segir aðgerðir gegn loftslagsbreytingum forgangsmál:

Ísland á að leiða umræðurnar

UMHVERFISMÁL Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra er sammála þeim grundvallarsjónarmiðum sem breski hagfræðingurinn Nicholas Stern setur fram í skýrslu sinni um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum og tekur undir mörg af sjónarmiðum hans.

Stern telur grundvallaratriði að kolefnissambönd verði verðlögð af stjórnvöldum til að hvetja fyrirtæki til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og að stuðningur við rannsóknir verði aukinn. Jónína telur að Ísland eigi að leiða umræðu og framkvæmdir í hópi annarra Norðurlandabjóða, enda sé um að ræða hnatt-

ræna ógn við framgang lífsins á jörðinni.

„Þetta eru allt hugmyndir og aðgerðir sem við, eins og aðrar þjóðir, þurfum að huga að. Það er enginn undanþeginn því,“ svarar Jónína aðspurð hvort Ísland eigi að vera fyrst til að verðleggja kolefnissambönd og láta fyrirtæki greiða fyrir losun á gróðurhúsalofttegundum. „Ísland er leiðandi á margan hátt í umhverfismálum, ekki síst vegna hlutdeildar okkar í endurnýjanlegri orku.“

Jónína kynnti á fundi samstarfsráðherra Norðurlandanna í vikunni hugmyndir að norrænni loftlagsmiðstöð. Þar yrði komið á



JÓNÍNA BJARTMARZ Umhverfisráðherra tekur undir margt af því sem Stern segir.

víðtæku samstarfi vísindamanna um rannsóknir á losun gróðurhúsalofttegunda og afleiðingum þeirra.

- shá

Hitastig Norðursjávar:

Hækkaði um þrjár gráður

DANMÖRK Meðalhitinn í Norðursjó var þremur gráðum hærrí í október en í meðalári.

„Við höfum miklar áhyggjur af þessu,“ hefur fréttavefur Politiken eftir Tore Johannessen hjá Hafrannsóknastofnun Danmerkur. Breytt hitastig hafsins getur haft mikil áhrif á æxlunarmöguleika fiskistofna, auk fleiri tegunda.

„Hækkað hitastig mun virka hvetjandi á nokkrar lífverur í hafinu, meðal annars verða breytingar í þörungafloúrinni – og það er eitthvað sem við óttumst meira en nokkuð annað,“ sagði Johannessen.

- smk

BRIDGESTONE

Af hverju að velja
nagladekk
þegar **loftbóludekk**
veita þér sama öryggi?



...og eru

- mun hljóðlátari
- mýkri og auka þannig á akstursánægju
- umhverfisvænni og slíta malbikinu mun minna
- með styttri hmlunarvegalegd

Dekkjaverkstæði okkar að **Lágmúla 9** er
opið í dag

laugardag frá kl. **10 - 14**

Umfelgun á fólksbíl **kr 5.480**

Multicell gúmmiefnið var vísindalega þróað af Bridgestone, einum virtasta hjólbarðaframleiðanda heims. Multicell myndar undirþrýsting við veginn, dekkið sýgur sig að vegfirbörðinu og framkallar þannig framúrskarandi gott grip.

BETRA GRIP

Lágmúli 9, 108 Reykjavík

Þeir sem einu sinni hafa reynt loftbóludekkinn vilja ekkert annað.

Sími: **5 333 999**

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



MAKARNIR STANDA VERST Sveitarfélögin í landinu niðurgreiða yfirleitt ekki íslensku námskeið fyrir útlendinga. Undantekning er þó á höfuðborgarsvæðinu.

Dýrast að læra á Vesturlandi

Íslenskunámskeið fyrir útlendinga eru misdýr eftir landshlutum. Íslenskan er langdýrust fyrir þá sem búa í Kópavogi en dýrust á Vesturlandi.

INNFLYTJENDAMÁL Íslenskunámskeið fyrir útlendinga eru misdýr. Námskeiðin eru langdýrust í Kópavogi þar sem þrjátíu stunda nám. Fyrir erlenda Kópavogsbúa kostar 9.300 krónur en dýrust eru námskeiðin á Vesturlandi. Þar kostar fimmtíu stunda námskeið 45 þúsund krónur. Íslenskunámskeiðin á höfuðborgarsvæðinu eru í lægri kantinum, kosta um 22 þúsund krónur.

Sveitarfélögin í landinu niðurgreiða yfirleitt ekki námskeið í íslensku fyrir útlendinga. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu heyrja þó til undantekninga. Námsflokkar Reykjavíkur hafa samning við Mími símenntun og eru námskeið fyrir útlendinga í Reykjavík, á Seltjarnarnesi, í Garðabæ og Mosfellsbæ niðurgreidd um helming. Útlendingar sem búa í þessum sveitarfélögum borga því 22 þúsund krónur. Útlendingar sem búa í Hafnarfirði og Kópavogi borga fullt verð, 44 þúsund krónur, hjá Mími. Annars stendur þeim til boða námskeið í sínu sveitarfélagi og borga þá rúmlega níu þúsund í Kópavogi og 22 þúsund í Hafnarfirði. Akureyrarbær greiðir hallann hjá Alþjóðastofu ef námskeiðin standa ekki undir sér.

Guðrún Vala Elísdóttir er náms- og starfsráðgjafi hjá Símenntunarmiðstöð Vesturlands. Hún bendir á að erlendir makar, sem ekki séu komnir í vinnu, verði að greiða íslenskunámskeið að fullu. Hún telur að námskeiðin eigi að vera ókeypis.

„Vinnuþrælkunin er svo mikil að útlendingar hafa ekki tíma til að stunda nám, meira að segja ekki á laugardagsmorgnum því sumir vinna um helgar. Fólk sem vinnur frá sjö á morgnana fram yfir kvöldmat hefur ekki orku til að fara á námskeið á kvöldin,“ segir hún.

Útlendingar fá oft allt að 75 prósentu styrk frá viðkomandi stéttarfélagi auk þess sem vinnuveitendur styrkja gjarnan íslenskunámskeið. Það er því ekki óalgengt að útlendingarnir þurfi ekkert að greiða úr eigin vasa. Þetta er þó ekki algilt. Makar, sem ekki vinna úti, verða til dæmis að greiða fullt verð.

Útlendingum gefst oft kostur á starfstengdum íslenskunámskeiðum á vinnustöðum á vinnutíma, gjarnan þeim að kostnaðarlausu. Vinnustaðirnir greiða þá námskeiðin og fá styrk frá Landsmennt eða öðrum sjóðum.

ghs@frettabladid.is

GLITNIR

Þrískiptur sparnaður Glitnis

VARASPARNAÐUR

- til að mæta ófyrirséðum fjárútlátum og grípa óvænt tækifæri.

NEYSLUSPARNAÐUR

- til að safna fyrir öllu því sem hugurinn gírnist.

LANGTÍMASPARNAÐUR

- til að byggja upp fjárhagslega velgengni í framtíðinni.

... Í SPARNNAÐI

Ný aðferð til að ná betri árangri í sparnaði. Farðu í næsta útibú eða á www.glitnir.is og kláraðu málið!

Leiðin Reykjavík-Akureyri: Gæti styst um 20 kílómetra

STJÓRNMÁL Leiðin milli Reykjavíkur og Akureyrar gæti styst um allt að 20 kílómetra.

Í svari við fyrirspurn Halldórs Blöndal, Sjálfstæðisflokki, segir samgönguráðherra að við endurskoðun samgönguáætlunar séu til skoðunar þrjár staðir á leiðinni milli Reykjavíkur og Akureyrar vegna hugsanlegrar styttingar á hringveginum. Staðirnir eru um Grunnafjörð nálægt Akranesi, þar sem stytting gæti orðið um einn kílómetri, um Svinavatn í Austur-Húnavatnssýslu þar sem stytting gæti orðið um sextán kílómetrar og í Skagafirði þar sem stytting gæti orðið 2-3 kílómetrar. - bps



MIDBÆRINN Nefndin lítur svo á að lögreglan, borgin og almenningur þurfi að taka höndum saman gegn ofbeldi.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Vilja efla löggæslu í miðbæ: Áhyggjur vegna nauðgana

STJÓRNSÝSLA Mannréttindanefnd Reykjavíkurborgar lýsir þungum áhyggjum vegna ítrekaðra nauðgunarglæpa í og við miðborg Reykjavíkur að undanfögnu.

Vill nefndin að löggæsla í miðborginni verði aukin og lýsing bætt. Þá þurfi að finna leiðir til að auka fræðslu meðal almennings um eðli kynbundins ofbeldis og hvetja til samábyrgðar og umræðu um glæpi af þessu tagi.

Lagt er til að nefnd um löggæslumálefni verði falið að koma með tillögur til úrbóta. - sdg



ÞORLÁKSHÖFN Núverandi golfvöllur ofan Þorlákshafnar.

Bæjarstjórn Ölfuss: Selja land undir golfvöll

SVEITARSTJÓRNIR Lagt hefur verið fram í bæjarstjórn Ölfuss verðmat á 336,3 ha landsvæði vegna samnings um sölu á landi undir golfvöll á Hafnarsandi. Landsvæðið sem var verðmetið afmarkast að sunnan af núverandi golfvallarsvæði ofan Þorlákshafnar, að vestan af Þorlákshafnarvegi, að norðan af Eyrarbakkevegi og að austan af sjávarkambi. Drög að kaupsamningi voru kynnt á síðasta bæjarstjórnarfundinum en afgreiðslu málsins frestað. Hvorki kemur fram í fundargerð hvert er verðmat alls svæðisins né hversu mikið land á að selja undir golfvöll eða hvert er söliverð og kaupandi. - gar

DANMÖRK

Morðingi boxara dæmdur

Dómstóll í Kaupmannahöfn hefur dæmt 29 ára gamlan mann í 12 ára fangelsi fyrir að hafa stungið danska boxarann Tue Björn Thomsen til bana. Thomsen var margfaldir Danmerkurmeistari í hnefaleikum.

LEIÐRÉTTING

Í greininni Hverfisbúðin Rangá 75 ára í gær, var sagt að Sigrún Magnúsdóttir hefði verið alþingiskona. Það skal áréttað að Sigrún var varaþingmaður Framsóknarflokksins í Reykjavík frá 1979 til 1983.

Sjávarútvegsráðherra segir mótmæli 25 þjóða gegn hvalveiðum órökstudd:

Hneisa fyrir allar þjóðirnar

HVALVEIÐAR Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra spyr sig hvornig geti staðið á því að mótmælaskjal frá 25 þjóðlöndum auk framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, geti verið byggt á jafn miklum rangfærslum og í ljós kom í vikunni. Í mótmælaskjalinu, sem var afhent utanríkisráðuneytinu á miðvikudag, segir að Íslendingar hafi ákveðið veiðikvóta út frá gögnum sem hvorki hafi verið kynnt, farið yfir né samþykkt af vísindanefnd Alþjóðahvalveiðiráðsins og það grafi undan starfsemi ráðsins. Á sama tíma eru upplýsingar Hafrannsóknastofnunar um mat á stofnstærð og sjálfbæru veiðipoli birtar á heimasíðu Alþjóðahvalveiðiráðsins og hafa verið viðurkenndar af vísindasviði þess.

Einar segir þetta mjög alvarlegt. „Það er umhugsunarefni að svona margar þjóðir skuli hafa byggt málflutning sinn á tómun rangfærslum.“



EINAR K. GUÐFINNSSON
sjávarútvegsráðherra

Þetta er hneisa fyrir þessar virðulegu þjóðir að hafa sent frá sér svona skjal.“

Greg Donovan, yfirmaður vísindasviðs Alþjóðahvalveiðiráðsins, staðfestir þetta og sagði í viðtali við Fréttablaðið: „Við höfum skoðað fjölda langreyða við Ísland og stofninn er eitthvað í kringum 25 þúsund dýr. Það sem Íslendingar ætla að veiða hefur engin áhrif á stofninn.“

- shá

Læknafélag Reykjavíkur: Yfirlæknir fái aftur fyrra starf

HEILBRIGÐISMÁL Stjórn Læknafélags Reykjavíkur hefur sent frá sér ályktun með eindregnum tilmælum til yfirstjórnenda Landspítalans um að Stefán E. Matthíasson yfirlæknir verði settur aftur í fyrra starf. Í ályktun félagsins segir að Héraðsdómur Reykjavíkur hafi fyrir á þessu ári dæmt áminningu sem yfirstjórnendur LSH veittu Stefáni ólöglega og yfirstjórnendur LSH virðist hafa komist að sömu niðurstöðu. Það veki því athygli að ekki sé fallist á endurkomu Stefáns í fyrra starf sitt og að yfirstjórnendur LSH hyggist láta brottvikninguna standa. - shá



3.
sæti

PRÓFKJÖR SJÁLFSTÆÐISMANNA Í SUÐVESTURKJÖRDÆMI 11. NÓVEMBER 2006

ÁRMANN Á ALÞINGI

Við styðjum Ármann Kr. Ólafsson, forseta bæjarstjórnar í Kópavogi



Þorgils Óttar Mathiesen,
framkvæmdastjóri



Asthildur Helgadóttir,
verkfræðingur



Viðar Sveinbjörnsson,
sólumaður



Gunnar L. Birgisson,
bæjarstjóri



Bjarni Torfi Álfþórsson,
formaður Gróttu



María B. Óskarsdóttir,
framkvæmdastjóri
afmælisnefndar L.L.



Sjöfn Sigurgísladóttir,
framkvæmdastjóri



Steinar Ingi Matthíasson,
auðlindafræðingur

www.armannkr.is

Kosningaskrifstofa Ármanns er í Hamraborg 10, Kópavogi.

Lætur af stjórnarformennsku FME

Stefán Svavarsson lætur af stjórnarformennsku Fjármálaeftirlitsins um áramót þegar skipunartími hans rennur út.

Stefán segist hafa verið búinn að taka þessa ákvörðun fyrir nokkru síðan, enda búinn að vera í stjórn eftirlitsins síðustu sex ár. Hann segir hins vegar hafa tryggt algjörlega brotthvarf hans úr stjórninni að hafa nýverið verið ráðinn aðalhafgræðingur Seðlabanka Íslands.



STEFÁN SVAVARSSON Stefán er nýráðinn aðalendurskoðandi Seðlabanka Íslands.

„Stjórnin þar er skipuð þremur mönnum og þremur varamönnum. Ég er skipaður af ráðherra og svo skipar Seðlabankinn einn,“ segir Stefán og bætir við að augljóst sé að ekki gengi að Seðlabankinn fengi með þessum hætti meirihluta í stjórn Fjármálaeftirlitsins.

„Ég klára mínar skyldur hjá Fjármálaeftirlitinu á ársfundi þess í næstu viku, mæti og held smátölu.“

- óká

Innleiða nýja handtölvulausn

Íslandspóstur og handPoint ehf. hafa samið um innleiðingu allt að 40 greiðsluhandtölva sem verða meðal annars notaðar við útkeyrslu- og afhendingu pakka sem er dreift af Íslandspósti. Lausnin byggir á því að í greiðsluandtolvu af gerðinni XPDA-S er settur handtölvuferill sem tekur á öllu afhendingarferli Íslandspósts, frá því að pakki er skannaður inn í bíl og þar til greiðsla fyrir afhendingu hans er móttekin. Bílstjóri velur ákveðin útkeyrslurúnt og síðan eru pakkarnir skannaðir inn í bílinn. Þegar pakki er svo afhentur er hann skannaður út af bílstjóra.

Þetta tryggir að réttir pakkar eru hjá viðtakanda þegar afhend-

ing fer fram, viðtakandi kvittar fyrir móttöku á handtölvuna og greiðsla getur farið fram þegar í stað, enda getur handtölvan tekið á móti debet- og kreditkortagreiðslum og prentað út kvittun á staðnum.

Einfalt er að forgangsraða sendingum þannig að þær eru sérstaklega merktar og þá er auðvelt að auðkenna hvort um venjulega sendingu, hraðsendingu eða póstkörfu sé að ræða. Allt ferlið tryggir skilvirkari og hraðari afhendingu, fækkar röngum afhendingum og flýttir afgreiðslu til muna.

Greiðsluhandtölvun hefur segulkortalesara fyrir greiðslukort, innbyggðan prentara og snertiskjá og byggir handtölvun á lausn



ÍSLANDSPÓSTUR OG HANDPOINT SEMJA Frá vinstri: Einar Gylfason og Davíð Guðjónsson, báðir frá handPoint, og Ólafur Tr. Þorsteinsson og Hjörtur Sigvaldason frá Íslandspósti.

sem handPoint hefur þegar þróað og innleitt hjá flugfélögum, veitingastöðum og fleiri fyrirtækjum hérlendis og erlendis.

- epa



HÖFUÐSTÖÐVAR TIME WARNER Hagnaður Time Warner tæplega þrefaldaðist eftir hagræðingu

Time Warner þrefaldar gróða

Hagnaður bandarísku fjölmiðla- og útgáfusamsteypunnar Time Warner tæplega þrefaldaðist á þriðja fjórðungi ársins. Mestur hluti hagnaðarins kemur frá auglýsingatekjum nethluta félagsins, American Online (AOL).

Hagnaður samsteypunnar nam 2,3 milljörðum Bandaríkjadala, jafnvirði 155,8 milljarða íslenskra króna, en hann nam 853 milljónum dala eða 57,7 milljörðum króna á sama tíma fyrir ári.

Time Warner hefur hagrætt talsvert í rekstri með það fyrir augum að bæta afkomu AOL. Meðal annars var 5.000 starfsmönnum sagt upp í sumar auk þess sem breskur armur AOL var seldur í sumar. - jab

Verðbólgan er næstmest hér

Verðbólga innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) mældist 2,1 prósent á ársgrundvelli í september, samanborið við 3 prósent mánuðinn á undan. Verðbólgan er líkt og fyrri mánuði næstmest hér á landi.

Lækkunin er að mestu tilkomin vegna lækkunar á raforkuverði.

Ef matvöru- og raforkuverð er undanskilið mælingunni mældist verðbólga á ársgrundvelli 2,2 prósent í september innan OECD, sem er óbreytt frá mánuðinum á undan.

Mesta verðbólgan mældist sem fyrr í Tyrklandi eða 10,5 prósent. Hún var næstmest á Íslandi á tímabilinu eða 7,6 prósent.

- jab

10%
vaxtaauki!



spron
www.spron.is

Chevrolet Captiva

Meiri búnaður – bakkskynjari, aksturstölva, loftkæling o.fl., o.fl...

Meiri kraftur – 16 ventla túrbó dísilvél með 320 Nm.....


Meira rými – 7 manna sportjeppi fyrir alla fjölskylduna.....




Chevrolet Captiva

Frá GM - stærsta bílaframleiðanda í heimi

Evrópulínan frá Chevrolet



Kalos



Aveo



Lacetti Sport



Lacetti



Lacetti Station



Tosca

Captiva

Áberandi glæsileiki

Chevrolet Captiva er sportjeppi sem tekið er eftir. Bíllinn er hannaður til að mæta kröfum evrópskra ökumanna og útkoman er áberandi glæsilegur bíll. **Kraftmikil túrbó dísilvél** í sjálfskiptum glæsijeppanum eyðir aðeins **8,7 lítrum á hundrað km** í blönduðum akstri og þú getur valið **um 5 eða 7 manna bíl**. Að reynsluaka þessum bíl er verkefni sem öll fjölskyldan hefur gaman af. Láttu sjá þig - þín biður einstök upplifun og heitt kaffi á könnunni.

Bilabúnaður
Benna

Tangarhófa 8-12 Sími 590 2000 www.benni.is Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Lau. og sun. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn: Bilahornið hjá Sissa, Keflavík. Bílasalan Ós, Akureyri. Bílasala austurlands, Egilstöðum.



CHEVROLET



**FRUMSÝNUM
JÓLAFÖTIN
Á KRAKKANA**


**Neyðarkall frá björgunarsveitum
Sýning Slysavarnafélagsins Landsbjargar
er í Vetrargarðinum**

KRAKKADAGAR

2.-5. nóvember

Við höldum Krakkadaga í Smáralind 2.-5. nóvember.
Verlanir Smáralindar eru troðfullar af glænýjum
jólafötum á krakka á öllum aldri. Skemmtilegar
tískusýningar og frábær skemmtun.

**Ekki missa af Krakkadögum í Smáralind
– fjör fyrir alla fjölskylduna!**



Dagskrá

Laugardagur: Tískusýning kl. 15.00
Latibær kl. 15.30, Söngvaborg kl. 16.00
Sunnudagur: Söngvaborg kl. 15.30

BT á Sunnudag
Skoppa og Skrýtla koma í heimsókn
kl. 14.30 og árita og skemmta



PIPARKÖKU HÚSALEIKUR Í SMÁRALIND

Taktu þátt og húsið
þitt gæti unnið!
Glæsilegir vinningar.
Sérverðlaun
í barnaflokki.

Opið til kl. 18 í dag



Hið opinbera breiðir úr sér.

Ríkisvæðing Sjálfstæðisflokks

JÓN KALDAL SKRIFAR

Fyrir þá sem trúa að „athafnafrelsi fólks og fyrirtækja verði best tryggt með lágmarksafrskiptum hins opinbera“ orkar margt tvímælis þessa dagana.

Í vikunni keypti ríkisfyrirtækið Íslandspóstur prentfyrirtækið Samskipti. Þar með er þetta ríkisfyrirtæki skyndilega komið í samkeppni við fjölmörg einkafyrirtæki um verkefni sem ríkið sinnti ekki áður, enda nákvæmlega engin eftirspurn eftir innkomu hins opinbera á prentmarkaðinn.

Ingimundur Sigurpálsson, forstjóri Íslandspósts og fyrrverandi bæjarstjóri Sjálfstæðisflokksins í Garðabæ, rökstyður kaupin með því að benda á að þar sem vettvangur fyrirtækisins sé „býsna rúmt skilgreindur“ og það sé „rekið sem hvert annað hlutafélag“ verði það að vera opið fyrir nýjungum á sviðum sem geta tengst starfssviði þess.

Nú vill svo til að flokksfélagi Ingimundar, Sturla Bødvarsson samgönguráðherra, fer fyrir hönd ríkissjóðs með allt hlutafé Íslandspósts, þannig að allt tal um að Íslandspóstur sé eins og „hvert annað hlutafélag“ er í besta falli hlægilegt.

Þessi þróun þarf þó ekki að koma á óvart því eins og forstjóri Íslandspósts segir er vettvangur félagsins rúmt skilgreindur og því ekkert til fyrirstöðu að það seilist inn á markað sem einkafyrirtæki kepptu á sín á milli áður ef stjórnendur þess hafa á því áhuga.

En það er ekki eins og Íslandspóstur sé eina ríkisfyrirtækið sem sjálfstæðismenn hafa notað til að ríkisvæða einkafyrirtæki.

Fyrir réttum tveimur árum keypti Síminn, sem þá var í fullri eigu ríkissjóðs, sjónvarpsstöðina Skjá einn og rökstuddi forstjóri Símans þau kaup á nákvæmlega sama hátt og kollegi hans og flokksfélagi hjá Íslandspósti. Sami sjálfstæðisráðherra fór þá með hlutabréf ríkissjóðs í Símanum og fer nú með hlutabréfið í Íslandspósti.

Næst ætlar Sjálfstæðisflokkurinn að snúa sér að hlutafélagavæðingu Ríkisútvarpsins. Á þeim málatilbúnaði er þó sá stóri galli að hlutverk RÚV er svo vítt skilgreint að ekki þarf að velkjast í vafa um að stofnunin verður mun plássfrekari á erfiðum samkeppnismarkaði fjölmiðla en hún er núna.

Audvitað hafa sannir áhugamenn um „lágmarksafrskipti hins opinbera“ af þessu áhyggjur. Einn af þeim er Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, en hann gerir verulegar athugasemdir við RÚV-frumvarpið í grein á heimasíðu samtakanna. Í umsögn SA við frumvarpið er tekið enn sterkar til orða en framkvæmdastjórinn leyfir sér, og meðal annars bent á að það sé „algjörlega fráleitt að skilgreina með svo vídtækum hætti þá starfs- og réttlætir ríkisaðstoð til RÚV.“

Fyrir þá sem ekki þekktu tilvísunina sem þessi pistill hófst á, er rétt að geta þess að hún er einmitt hornsteinn stefnu Sjálfstæðisflokksins. Sá flokkur á einmitt fjölmennustu sveit Alþingis. Enn er því von til þess að þingið varpi frumvarpinu um hlutafélagavæðingu RÚV á dyr, eða geri að minnsta kosti á því verulega bragarbót. Og þó ...

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson. AÐSTODARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir. FRÉTTASTJÓRAR: Arnalds Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason. FULLTRÚAR RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Skipt um stað

Æsispennandi prófkjör Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi fer fram í dag. Kosið verður til klukkan átta og fljótlega eftir lokun kjörstaða verða fyrstu tölur birtar. Kosningavaka Samfylkingarinnar verður haldin á þeim góða stað Fjörukránni í Hafnarfirði en átti upphaflega að vera í Samkomuhúsi Garðabæjar í Garðaholti. Ástæðan fyrir flutningnum er að þar var ekki hægt að fá vinveitingaleyfi. Talið er nauðsynlegt fyrir frambjóðendur að geta drekkt sorgum sínum eða



skálað í gleði sinni enda ljóst þegar

sautján manns berjast um fimm efstu sætin að margir verða sárir.

Hlutur kvenna

Á morgun verða úrslit í prófkjöri samfylkingarmanna á Suðurlandi kunngjörð. Þar er líka harður slagur sem spennandi er að sjá hvernig fer. Áhugafólk um jafnréttismál vonast til að hlutföllin verði betri í prófkjörum helgarinnar en þeim sem fram fóru síðustu helgi. Nokkuð öruggt er talið að Þórunn Sveinbjarnardóttir og Katrín Júlíusdóttir tryggi sér öruggt sæti í kraganum. Á Suðurlandi eru meiri blikur á lofti. Talið er líklegt að enn sem fyrr verði bara einn af fjórum þingmönnum kvenkyns. Ragnheiður Hergeirsdóttir

eða Sigríður Jóhannesdóttir eru taldar líklegar til afreka.

Frelsisbræður

Ungir frjálsþyggjufurhugar stóðu við héraðsdóm á Lækjartorgi í gær og seldu bjór. Framarlega í flokki var Hlynur Jónsson, sem er formaður ungliða í Frjálsþyggjufélaginu. Veturinn 1998 stóðu bræður Hlyns, Gunnlaugur og Ívar Jónssynir, í sömu sporum á Ingólfsstorgi, en þeir voru þá í stjórn Heimdallar. Líklegt er að faðir þeirra allra, Jón Steinar Gunnlaugsson, sé ánægður með baráttu sona sinna - enda sjálfur í pólitískri spennitreyju í Hæstarétti.



sigridur@frettabladid.is

Vilja sjálfstæðismenn ekki konur?

Þegar rætt er um stöðu kynjanna innan stjórnmálaflokka á Íslandi þá er hún að mörgu leyti býsna góð. Í þremur stjórnmálaflokkum, Vinstrihreyfingunni - grænu framboði, Samfylkingu og Framsóknarflokki, er forystusveitin þéttskipuð konum. Allir hafa þessir flokkar sett einhverjar reglur til að tryggja jafna stöðu kynjanna á framboðslistum og búast má við því að í þingkosningum vorið 2007 muni þessir flokkar tryggja kjósendum nægt framboð af hæfum konum til að velja um, við hlið margra hæfra karla sem einnig munu verða í framboði.

Samt sem áður er staða kvenna í íslenskum stjórnmálum í uppnámi. Væntingar kjósenda virðast vera þær og konum á Alþingi muni fækka eftir næstu kosningar. Hvernig má það vera þegar lítið er til góðrar stöðu kvenna innan þriggja stjórnmálaflokka? Enginn vafi er á því hverju um er að kenna. Innan Sjálfstæðisflokksins eru hlutföll kynjanna engan veginn þau sömu og innan annarra flokka. Þar ná konur ekki því að vera hálfdrættlingar á við karlmenn á framboðslistum. Og á meðan 40% þjóðarinnar styður þennan karlveldisflokk þá er það hann sem mestu ræður um að hlutföll kynjanna á löggjafarþinginu eru ekki í meira jafnvægi en raun ber vitni.

Flestir sjálfstæðismenn sem þurfa að svara fyrir þetta eru sammála um að þetta sé óæskilegt. Að þeir vilji hlut kvenna meiri í íslenskum stjórnmálum. Engin ástæða er til að efast um að þetta sé mælt af heilindum og þeir meini það sem þeir segja um þessi mál. En hvers vegna eru sjálfstæðismenn þá ófærir um að breyta ástandinu? Af hverju viðhelst þar misrétti sem búið er að útrýma í öðrum flokkum?

Orðræða sjálfstæðismanna veitir viðsöndingu um svarið. Þeir vilja velja „hæfustu einstak-



SVERRIR JAKOBSSON Í DAG | Jafnréttismál

ingana“ til forystu. Í sjálfu sér er ekkert athugasvert við það sjónarmið en ég á hins vegar erfitt með að ímynda sér slíkan hóp án þess að í honum séu kynjahlutföll í jafnvægi. Ef sjálfstæðismenn ráða við það þá er skýringin líklega sú að þeir sækja fyrirmyndir í eina átt: Til hins alræða markaðar.

Innan Sjálfstæðisflokksins eru hlutföll kynjanna engan veginn þau sömu og innan annarra flokka. Þar ná konur ekki því að vera hálfdrættlingar á við karlmenn á framboðslistum.

Á Íslandi er misrétti kynjanna hvergi meira áberandi en þegar kemur að atvinnutekjum. Atvinnutekjur kvenna eru ríflega 60% af tekjum karla og hefur það hlutfall ekkert haggast áratugum saman þrátt fyrir öflugna og skelegga jafnréttisbaráttu. Enda hefur hún beinst í annan farveg; það sem einkum hefur verið leiðrétt er staða kynjanna innan hins opinbera geira. Sú jafnréttisbaráttu hefur litlu skilað vegna þess að undanfarna áratugi hefur margt sem áður tilheyrði opinberri þjónustu verið fært inn á svið einkageirans, til viðskiptalífsins. Innan viðskiptalífsins ríkir grímulaus mismunur sem formgerist í launaleyndinni, valdi forstjóranna til að leyna því hvernig sumum starfsmönnum er hampað á kostnað annarra.

Launaleyndin er ein leið til að viðhalda mismunur kynjanna en þær eru fleiri. Nægir þar að líta á stjórnunarstöður hjá viðskiptalífnum. Þar kemst ein og ein kona á blað en hlutfallstölur ljúga ekki: Íslenskt viðskiptalíf er karlveldissamfélag.

Að mati sjálfstæðismanna er enginn æðri dómstóll en markaðurinn og það sem viðgengst á markaði er alltaf rétt. Þess vegna vilja þeir jafnan skerða hlut opinberra aðila sem mest enda er sá hlutur í hugum þeirra frávik sem truflar hina ósýnilegu og alvitru hönd. Þar af leiðir sjálfkrafa að karlveldissamfélag innan viðskiptalífsins, þar sem karlar þúkka upp á aðra karla undir því fyrirkyni að þeir séu „hæfustu einstaklingarnir“, hlýtur að vera bein eða óbein fyrirmynd í flokksstarfinu. Til hvers ætlu sjálfstæðismenn að haga máttum öðruvísi í eigin samfélagi en því samfélagi sem þeir skilgreina sem fyrirmynd allra annarra, samfélagi stórfyrirtækisins?

Umræðan um það hvort lítið framboð sé á hæfum konum í Sjálfstæðisflokknum, eða þá hvort lítil eftirspurn sé eftir þeim sem þó eru í boði, er að mínu mati einungis hliðarspor frá stærri umræðu, um stöðu kvenna innan íslensks viðskiptalífs. Flokkur sem trúir á viðskiptalíf sem hina einu réttu fyrirmynd mun aldrei laga heimsmynd sína að öðru módeli sem hann fyrirflútur, jafnréttissamfélagi hins opinbera.

Þess vegna voru úrslitin í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins um seinustu helgi ekki óvænt. En ef við, kjósendur og almenningur í landinu, viljum breyta þessu þá nægir ekki að skammast út í íhaldið. Við ættum frekar að líta gagnrýnum augum til hinna raunverulegu valdhafa á Íslandi, viðskiptamóðúlanna. Það eru þeir sem viðhalda karlveldinu á Íslandi.

Stöndum vörð um kynfrelsið!

UMRÆÐAN

Ofbeldi

Það þarf vart að minnast á þær ógeðfellið nauðganir sem hafa verið framdar nýlega, flestir lesendur hafa þegar heyrt á þær minnst - sem betur fer! Umfjöllunin sem þessi vöðaverk hafa fengið í fjölmiðlum gefa það sterklega til kynna að almenn vitundarvakning hafi orðið í þjóðfélaginu.

Þegar einhver gerir innrás inn í líkama annarrar manneskju, eða gerir tilraun til þess, er sjálfsvörðunarréttur hennar brotinn á bak aftur og sömuleiðis kynfrelsi hennar. Kynfrelsi einstaklings felst í rétti hans til að neita kynlífi við hvern sem er, hvar sem er og hvenær sem er. Konur eiga að njóta þeirra réttinda í sama mæli og karlmenn. Nauðgun er eitt langalvarlegasta brotið á einstaklingsfrelsinu. Engin kona „býður upp á nauðgun“ enda felur orðið „nauðgun“ í sér að hún sé neydd til kynmaka. Klæðnaður konu, áfengismagn í blóði eða ytri aðstæður eiga ekki að afsaka nauðgun, karlar hafa ekki rétt til að misnota konur.

Margar hindranir mæta fórnarlömbum nauðgana þegar þau leita réttar síns, ekki síst af völdum dóms-



BRYNJA HALLDÓRSDÓTTIR

kerfisins. Þegar brot er kært til lögreglu er það óskoraður réttur þess sem brotið er á að mál hans verði rannsakað og ákært verði í kjölfarið. Það er réttur viðkomandi að málið hljóti sanngjarna málsmeðferð og einnig að setja fram kröfur um bætur í opinberu máli vegna glæpsins.

Baráttan gegn nauðgunum er sameiginlegt átak sem bæði kynin þurfa að taka þátt í. Allir hagnast á baráttunni gegn nauðgunum. Það er réttur kvenna að geta gengið óhræddar um gótur borgarinnar, farið óáreititt á snyrtingu skemmtistaða og fundið fyrir öryggi heima hjá sér. Þeir aumingjar og hrottar sem nauðgarar eru, koma óorði á aðra karlmenn. Þeir karlmenn sem ekki nauðga verða fyrir fordómum og í leiðinni er lítið á suma þeirra sem mögulega nauðgara. Baráttu gegn nauðgunum er baráttu gegn óréttlæti, misbeitingu, fordómum og frelsisskerðingu. Nauðgun er smánarblettur á okkar samfélagi og það er í senn samfélagsleg skylda okkar að afmá þennan ljóta blett. Stöndum vörð um kynfrelsið, stöðvum nauðganir!

Höfundur er varaformaður Ungra Vinstri grænna í Reykjavík. (Greinin er birt í heild á Visir.is.)

Náttúra er verðmæti



Þorhildur Þorleifsdóttir

6. til 8. sæti

í prófkjöri Samfylkingarinnar



www.torhildur.is

FELLSMÚLI 28 GAMLA WORLD CLASS HÚSIÐ

LAGERSALA

FLOTT MERKI - FÍN FÖT - FRÁBÆRT VERÐ

DEBENHAMS

TOPSHOP

OASIS

DOROTHY
PERKINS

TOPMAN

EVANS.

ALLSAINTS

KAREN MILLEN

C O A S T

Whistles

THE SHOE STUDIO

WAREHOUSE

500 - 1.000 - 1.500

2.000 - 3.000 - 4.000 - 5.000

OPIÐ 11-19 ALLA DAGA

4.-19. NÓVEMBER

MAÐUR VIKUNNAR

Alþjóðleg kona með djúpar íslenskar rætur

GUÐFINNA S. BJARNADÓTTIR

Guðfinna S. Bjarnadóttir hlaut glæsilega kosningu í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík um síðustu helgi og má heita öruggt að hún setjist á þing eftir kosningarnar í vor. Hún er talin eiga bjarta framtíð fyrir sér í stjórnárum og þó ferill hennar sé vart hafinn er hún sögð koma til álita sem ráðherraefni í næstu ríkisstjórn.

Guðfinna varð 49 ára á fyrri degi prófkjörsins. Hún fæddist í Keflavík 27. október 1957 og er elst fimm systkina. Foreldrar hennar eru Bjarni Guðmundsson rafvirkir og Hólmfríður Jónsdóttir húsmóðir.

Guðfinna var 16 ára þegar hún kynntist eiginmanni sínum, Vilhjálm Kristjánssyni, og eiga þau eina dóttur.

Guðfinna var skýr og dugleg stelpa og var yngri systkinum sínum góður leiðtogi. Hún átti auðvelt með nám og var virk og

áhugasöm um umhverfi sitt.

Þjóðfélagsmál voru rædd við eldhúsbörðid og tók Guðfinna jafnan virkan þátt í umræðunum.

Eftir hefðbundna skólagöngu nam Guðfinna sálfræði við Háskóla Íslands og hélt þaðan til Vestur-Virginíu í Bandaríkjunum til náms í sálfræði með áherslu á atferlisfræði. Hún sótti um – og hlaut – styrk til námsins og það segir sína sögu að þó hún hafi ekki komist utan til viðtals við skólastjórnendur til að sýna þeim mátt sinn og megin tókst henni hins vegar að sannfæra þá í gegnum síma. Guðfinna lauk doktorsprófi í sálfræði/atferlisfræði með áherslu á árangursstjórnun 1991.

Eftir að náminu lauk stofnaði Guðfinna ráðgjafar fyrirtæki í Bandaríkjunum og stýrði því þar til henni bauðst að verða rektor Viðskiptaháskólans í Reykjavík sem síðar varð Háskólinn í Reykjavík.

Fljótlega eftir að Guðfinna fluttist til Íslands og varð rektor voru henni falin önnur ábyrgðarstörf í atvinnulífinu. Sat hún meðal annars í stjórn almenningshlutafélagsins Baugs en sagði sig úr henni í mars 2003 eftir fréttir Fréttablaðsins úr fundagerðum stjórnarinnar. Sagði hún trúnaðarbrest hafa orðið innan stjórnarinnar en trúnaður og heilindi væru forsendur fyrir samstarfi manna.

Guðfinna nýtur almennrar virðingar meðal samstarfsfólks í Háskólanum í Reykjavík. Orðin sem viðmælendur Fréttablaðsins úr þeirra röðum völdu henni voru; vingarleg, kraftmikil, ákveðin, aðlaðandi, framsýn, nútímakona, sjálförugg og frumkvöðull. Hún er þó sögð eiga uppháldssamstarfsmenn sem hún á mikil samskipti við en veiti fólk utan þess kjarna síður athygli.

Sumir vilja meina að uppbygg-

ing Háskólans í Reykjavík sé kraftaverki líkast og segja heiðurinn alfarið Guðfinnu. Með smitandi verkgleði og löngun til að ná árangri hafi henni tekist að gera HR að skóla sem tekinn er alvarlega og veitir öðrum háskólum verðuga samkeppni.

En á Guðfinna erindi á Alþingi þar sem hlutirnir ganga öðruvísi fyrir sig en í atvinnulífinu og starfshættir eru ekki alltaf í takt við nútímann? Já, segir vinkona og fullyrðir að hún sé manneskja til að breyta vinnubrögðum þingsins.



Þó Guðfinna hafi margakosti til að bera er hún ekki gallalaus. Samskipti við aðra ganga ekki alltaf snurðulaust fyrir sig. Sumir skýrðu það svo að ekki ættu allir

gott með að skilja hana vegna þess að hún hugsaði stærra en gengur og gerist á meðan aðrir vildu meina að hún ætti til að vera tilgerðarleg.

Í öllu falli er ljóst að Guðfinna er aðsópsmikil og mun án efa vekja mikla athygli í störfum sínum í stjórnárum í framtíðinni.

www.jongunnarsson.is

KRAFTMIKINN MANN Á ÞING!



■ **Greiðari samgöngur**
„Samgöngur eru stórmál í kjördæminu og brýnt að greiða þær leiðir.“

4. sæti

Jón Gunnarsson
framkvstj. Slysavarnafélagsins Landsbjargar

Tryggjum Jóni Gunnarssyni 4. sætið í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi (Kraganum) laugardaginn 11. nóvember nk.

Fjöldi ellilífeyrisþega lifa vart við mann-sæmandi líf skjör

UMRÆÐAN

Kjör eldri borgara

Blækkingar stjórnvalda í skattamálum sýna virðingarleysi og vanmat á skilningi og þekkingu almennings.

Staðreynd er að skattbyrði flestra heimila í landinu jókst á árunum 1995-2005. Skattbyrði lágtekjufólks, þ.á m. ellilífeyrisþega, öryrkja og láglaunafólks á vinnumarkaði svo sem bændur, einstæðar mæður og húsmæður jókst mest, en minnkaði hjá fámennum hópi hátekjufólks. Að vísu hafa stjórnvöld lækkað álagningu skatta úr 41,9 prósentum í 36,72 prósent á árunum 1995 til 2006 og hamra stöðugt á þessari takmörkuðu skýringu í öllum svargreinum. Stjórnvöld „gleyma“ að geta þess að samtímis var skattfrjálsi hluti tekanna takmarkaður með því að hækka ekki skattleysismörkin frá upptöku staðgreiðslu með verðlaginu eða þá sem réttast væri með launavísitölu. Smávegis hækkan á skattleysismörkun í ASÍ samningum í sumar úr 79.000 kr. í 90.000 fyrir árið 2007, dugir skammt.

Skattleysismörk ættu nú að vera um 137.000 hefðu þau fylgt



ÓLAFUR ÓLAFSSON



EINAR ÁRNASON

launavísitölu. Stjórnvöld telja að almenningsur greiði meiri skatt því að tekjur hafi hækkað. Með þessari fullyrðingu gera stjórnvöld sig sek um villandi málflutning, beinlínis fólsum staðreynda. Ljóst er að þeir urðu fyrir mestri aukningu skattbyrðarinnar sem búa við minnsta hækkan tekna, þ.e. að sífelld lægri rauntekjur eru skattlagðar af fullum þunga. Þetta er ekki einungis skoðun okkar í LEB heldur margítrekaðar skoðanir prófessora og margra fræðimanna í viðskipta- og hagfræði við háskóla landsins. (Sjá töflu).

Margt bendir til þess að grunnhyggna skýringar stjórnvalda í þessum málum muni koma þeim í koll hafandi í huga að almenningsur á Íslandi hefur verið vel læs frá

miðri 18. öld.

Í næstu grein verður skýrt frá því hvernig skattstefna stjórnvalda og breyting á lögum frá 1995 sem öllu lægri greiðslum almannaþrygginga hefur stóraukið launamismun í landinu sl. áratug og sorfið mjög að högum þeirra er lægst tekjur hafa.

Ólafur er formaður LEB og Einar hagfræðingur LEB.

SKATTBYRÐI Í ÓLÍKUM TEKJUHÓPUM 1994 OG 2004

Skattur hjóna og sambúðarfólks sem hlutfall heildartekna.

Tekjuhópar (1-10)	Skattbyrði 1994 (%)	Skattbyrði 2004 (%)	Aukning í % stigum
I - 10% tekjulægstu	-10,7	2,3	14,0
II - Næstu 10%	-3,3	12,0	15,3
V - Meðaltekjur	14,0	21,2	7,2
VI - Meðaltekjur	17,6	23,2	5,6
IX - 10% næsttekjuhæstu	25,9	27,8	1,9
X - 10% tekjuhæstu	32,5	29,2	-3,3
Meðaltal hjóna	19,2%	23,7%	4,5


Heimildir: Hagstofa Íslands, Landshaggr 2005 og Þjóðhagsstofnun, Tekjur og eignir 1995. Stefán Ólafsson okt. 2006.

FRUMSÝNUM PEUGEOT

207

Í DAG

KL. 12:00 - 16:00



HH markaðssemi/SH

www.peugeot.is



Komdu og sjáðu hvernig Peugeot 207 endurspeglar næstu kynslóð smábíls. Kraftmikill og líflegur endurspeglar 207 nýjan staðal í akstri og hönnun. Búinn næstu kynslóð í tækni og fimm stjörnu öryggisbúnaði dekrar hann við ökumann og farþega. Sestu við stýrið og leyfðu þér aftur að verða ástfangin(n) af akstri.

VELKOMIN(N) Í PEUGEOT 207 – AKSTUR FYRIR LÍFIÐ

207



Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100

Söluaðilar:

Bernhard, Reykjanesbæ, Njarðarbraut 15, sími 421 7800

Bílver, Akranesi, Akursbraut 11c, sími 431 1985

Höldur, Akureyri, Þórsstíg 2, sími 461 6020

Bragginn, Vestmannaeyjum, Flötum 20, sími 481 1535

Er mannleg náttúra heppileg?

Í Dagbók Práins Bertelssonar er fjallað um heilbrigða skynsemi, vísindi og mannlega náttúru. Einnig er minnst á bófahasar, prófkjör, bíómynd, fagnaðarfund, vetrardekk, sameinuð Norðurlönd og Tollstjóra og loks er lysthafendum og listunnendum boðið á málverkasýningu.

Október
27
FÖSTUDAGUR

Vísindi og heilbrigð skynsemi

Vísindarannsóknir snúast oft um sjálfsgöngu hluti rétt eins og vísindafólkið hafi aldrei heyrt talað um heilbrigða skynsemi og þaðan af sjóður mannlega náttúru.

Í Mogganum er doktor í fjölmiðlafræði við Háskóla Íslands kynntur með mikilli Þórðargleði vegna þess að doktorinn hefur lokið „rannsókn á tengslum milli eignarhalds og auglýsinga í íslenskum dagblöðum“.

Ef ég er ekki að misskilja frásögn Moggans af hinum vísindalegu rannsóknnum doktorsins þá munu þær meðal annars hafa leitt í ljós að fyrirtæki í eigu Baugs auglýsi í Fréttablaðinu - en Baugur á hlut í Fréttablaðinu.

Ef ég ætti í blaði og þyrfti að auglýsa er alveg klárt mál að ég mundi ekki láta eignarhlutinn koma í veg fyrir að ég auglýsti í mínu blaði - ef það næði til þess hóps sem ég teldi mig eiga erindi við. Sennilega mundi ég frekar auglýsa í mínu blaði en einhverju blaði sem kæmi mér ekkert við. Þannig er mannleg náttúra.

Á þessu sviði tala ég af nokkurri reynslu því að þannig er, að einu sinni fyrir langa löngu vann ég á Þjóðviljanum, en það var hlutdrægt dagblað sem tók málstað þeirra sem ekkert áttu gegn þeim sem áttu allt.

Þetta hafði þær fjölmiðlafræðilegu afleiðingar á auglýsingasölu blaðsins að þeir sem allt áttu sniðgöngu Þjóðviljann og auglýstu ein-

hverra hluta vegna í Mogganum sem á þeim árum títuðu út eins og náunginn á fjósbitanum forðum tíð. Það var ljót saga.

Þetta og reyndar ýmislegt fleira um mannlega náttúru og sjálfsgöngu hluti hefði ég getað sagt doktorinum ókeypis og sparað heilmikla fyrirhöfn og kostnað við rannsóknarvinnuna.

Hvort mannleg náttúra er heppileg eða ekki í augum fjölmiðlafræðinnar er svo aftur allt önnur spurning sem enn þá hefur ekki verið rannsökuð nægjanlega mikið vísindalega, þaðan af síður heilbrigð skynsemi - en margir telja samt heppilegt að hún og vísindin haldi opnu sambandi sín í milli.

Október
28
LAUGARDAGUR

Bófahasar

Góður dagur.

Bauð frá Sólveigu í bíó að sjá Mýrina. Þetta er finasta bíómynd og ekkert hefur verið til sparað að gefa henni alþjóðlegt yfirbragð (lúkk á ný-íslensku).

Ef þessi mynd fær ekki Óskarinn út á svið og sjálfskeiðing þá verður að láta Erlend stífa súrsaða hrútsþunga og hvalspik úr hnefa í næstu mynd. Síðan fórum við út að borða á stað þar sem ég borgaði 4.500 kr. fyrir ólseiga og ofsteikta nautasteik. En frá Sólveig sem af kvenlegu innsæi hélt sig við lambakjötið gaf mér bita af sínum diskum til að ég færi ekki svangur heim.

Þegar heim kom biðu fréttirnar af prófkjöri hjá Sjálfstæðisflokknum. Gulli vann. Björn tapaði.

Í minni litlu veröld vill meirihluti fólks - hvar í flokki sem það

Kæra
Dagbók

Práinn Bertelsson skrifar



stendur - að leynipjónustu-, njósna-, og öryggislögreglurugl sé úr sögunni; og vonandi fá gömul hlerana- og njósna-mál normal meðferð áður en langt um líður.

Október
30
MÁNUDAGUR

Sameinuð Norðurlönd

Í tilefni af fundi Norðurlandaráðs hafa ýmsir fjölmiðlar verið með ónot út í starfsemi þess og telja hana engu skila og væri best að leggja ráðið niður. Ég get verið sammála þessu.

Í stað hinnar dauflugu starfsemi Norðurlandaráðs vil ég efla samstarf Norðurlanda um mikinn mæli og helst vildi ég sameina öll

Norðurlöndin í eitt ríki eða ríkjasamband með um tuttugu og fimm milljón íbúa. Hvíllik samlegðaráhrif. Maður fær vatn í munninn.

Og svo væri alveg gráupplagt að æðsti embættismaður í norrænu samstarfi væri gerður að Keisara Norðurlanda með smákóngana fyrir töskubera.

Október
31
ÞRIÐJUDAGUR

Loftbóludekk eru engin loftbóla

Til að tryggja snjóléttan vetur fór ég á dekkjaverkstæði mitt og bað um að vetrardekkinn sem þar voru í geymslu væru sett undir bílinn. Það var auðsött mál. En þegar dekkinn voru sótt í

geymsluna kom í ljós að þau voru ónýtt. Mér er nær að halda að eigandi verkstæðisins hafi sett þau undir bílinn sinn og notað þau í fjallaferðir í sumar. En hann sór það af sér og sagði að það væri lífshættulegt að nota sömu vetrardekkinn í meira en þrjú vetur.

Svo flutti hann geysifróðlegan fyrirlestur um vetrardekk og hvers vegna óslitin vetrardekk verða ónýtt með tímanum og hvers vegna sumardekk eru beinlínis lífshættuleg á vetrin.

Þetta hefur eitthvað að gera með gúmmíð í dekkjunum og undarlega og ónáttúrulega tilhneigingu þess til að harðna með aldrinum og sérstaklega í kulda.

Loftbóludekk eru best, sennilega vegna þess að loftbólur geta varla harðnað að ráði. Ég skildi þetta ekki allt saman.

En þetta var mjög sannfærandi og ég keypti fjögur ný dekk og biðspennitur eftir hálfu og ófærð.

Nóvember
1
MIÐVÍKUDAGUR

Kosningafundur hjá frænda

Tollstjóri gerir það ekki endslept við mig, blessaður drengurinn. Tíunda þessa mánaðar sendi hann mér ávísun upp á 49.568 kr.

sem var einkar kærkomin. Því miður skildi ég ekki hvað ég hafði gert til að verðskulda þessa peningasendingu, en þar sem ég á hvort sem er í miklum erfíðleikum með að skilja innheimtuseöla frá þessu embætti lét ég kyrrt liggja og skellti peningunum beint í hitina.

En þessi blíðuhót í minn garð urðu endaslepp. Núna sé ég að Tollstjóri hefur gert sér lítið fyrir og skammtað sér sjötíuþúsund kall af laununum mínum - umfram þessa óveru sem tekin er í staðgreiðslu um hver mán-

adamót eins og sjálfsgött er og mér hefur aldrei dottið í hug að telja mér til tekna.

Við fórum á fagnaðarfund hjá Össuri frænda

sem er að hefja prófkjörsbaráttu sína. Þarna var troðfullt út úr dyrum og ef einhverjum hefði dottið í hug að brjóta stóla á staðnum og nota í barefli hefði verið hæðarleikur að fremja valdarán í landinu og losna við allar áhyggjur sem fylgja prófkjörum.

En Össur er lýðræðislega þenkjandi og biður hæversklega um stuðning í annað til þriðja sæti á framboðslistanum. Ég hugsa að margir freistist til að setja hann ofar.

Miðað við hvað maðurinn brillerar í skrifum á heimasíðunni sinni er ég steinhissa á að Rithöfundasambandið skuli ekki vera búið að kæra hann fyrir Samkeppnisstofnun.

Nóvember
2
FIMMTUDAGUR


Upphenging

Dagurinn fór í að hengja upp málverkasýningu í Galleríinu hjá Sævari Karli. Það er að segja frá Sólveig hengdi upp málverkasýninguna. Ef ég hefði hjálpað henni hefði þetta tekið mun lengri tíma.

Sýningin opnar núna á laugardag klukkan tvö og allir frambjóðendur allra flokka í öllum prófkjörum eru velkomnir svo og allir lesendur Fréttablaðsins og vinir og velunnarar. Því fleiri, því betra.

Næstu tvær vikur ætlar Sævar Karl svo að hafa mig hangandi hjá sér.

„Aðalatriðið er að hafa gaman af þessu,“ segir Sævar Karl og ég gæti ekki verið meira sammála.



• Kynning á frambjóðendum í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík • Kynning á frambjóðendum í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík •



SAMFYLKINGARFÉLAGIÐ Í REYKJAVÍK BOÐAR TIL OPINS FUNDAR

Kynning á frambjóðendum

Opinn fundur með frambjóðendum í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík verður haldinn laugardaginn 4. nóvember kl. 14 að Hallveigarstíg 1.

Allir velkomnir.



Samfylkingarfélagið í Reykjavík

www.sffr.is

Kynning á frambjóðendum í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík

• Kynning á frambjóðendum í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík



Safnaðu þekkingu - sæktu þér aukinn styrk

MENNING OG SJÁLFSRÆKT

Hagnýt danska – þjálfun í talmáli
hefst 6. nóv.

Austur-Evrópa: 2. hluti
hefst 8. nóv.

Þriðja skeiðið 45+
hefst 21. nóv.

Vönduð íslenska: Að skrifa gott íslenskt mál
hefst 22. nóv.

Listin að hafa áhrif á aðra
hefst 24. nóv.

STJÓRNUN OG FJÁRMÁL

Gerð viðskiptaáætla
hefst 10. nóv.

Nýjar hugmyndir í sölumennsku
hefst 13. nóv.

Vinnusálfræði og samskipti á vinnustað
hefst 16. nóv.

Markþjálfun (Coaching)
hefst 20. nóv.

Alþjóðlegur skattaréttur I
hefst 22. nóv.

Sönn leiðtogaþæfni V:
Að virkja teymi og vinnuhópa
hefst 22. nóv.

Skattur á söluhagnað hlutabréfa hjá félögum
hefst 27. nóv.

Viðtalstækni fyrir stjórnendur
og starfsmannastjóra
hefst 28. nóv.

Þekkingarstjórnun
hefst 28. nóv.

Innri gæðaúttektir fyrir stofnanir og fyrirtæki
hefst 5. des.

Gæðastjórnunarkerfi samkvæmt
staðlinum ISO 9001:2000
hefst 5. des.

Í fótspor McDonald's:
Stofnun og rekstur sérleyfisfyrirtækja
hefst 6. des.

FÉLAGS- OG HEILBRIGÐISSVIÐ

Námskeið um heilablóðfall
hefst 6. nóv.

Íslenski þroskalistinn
hefst 8. nóv.

Sameindamyndgreining – Tímamót í læknisfræði
hefst 10. nóv.

Ályktandi tölfraði í SPSS
hefst 13. nóv.

SÉRNÁMSKEIÐ FYRIR RÍKISSTARFSMENN

Upplýsinga- og skjalastjórn
hefst 7. nóv.

Meðferð persónuupplýsinga
hefst 22. nóv.

Góður matur á diskinn þinn!



NÓATÚN
Nýtt í Nóatúni

Þú sparar 700 kr. kg

UNGNAUTAFILLET MEXICANA **2.698** kr. kg



NÓATÚN
Nýtt í Nóatúni

Þú sparar 700 kr. kg

LAMBA RIB-EYE DUBAI **2.698** kr. kg



Úr Fiskborði Nóatúns

15% afsláttur

GOURMET SALTFISKUR HNAKKASNEIÐAR **1.528** kr. kg



Úr Kjötborði Nóatúns

UNGNAUTA BURRITOS BEINT ÚR KJÖTBORÐI OG Í OFN **498** kr. stk.



Úr Kjötborði Nóatúns

KINDAHAKK ÚR KJÖTBORÐI **398** kr. kg



Úr Kjötborði Nóatúns

Þú sparar 800 kr. kg

KINDAGÚLLAS ÚR KJÖTBORÐI **898** kr. kg

Odense í baksturinn!

20% afsláttur

NÓATÚN

Líf hnetur í úrvali!

NÓATÚN

Bestir í kjöti

NÓATÚN

í 40 ár

Girnilegt um helgina!

Úr Fiskborði Nóatúns



Pú sparar 300 kr. kg

LAXASTEIK
MEÐ BERNAISE HJÚP

1.498 kr. kg



Pú sparar 500 kr. kg

LAMBALÆRI
RIO GRANDE

1.498 kr. kg

Lifðu lífinu í lit!

NÓATÚN



RAUÐ EPLI
149 kr. kg



KIWI
169 kr. kg



RUCULA SALAT
249 kr. pk.



NÓATÚNS KARTÖFLUR
20% AFSLÁTTUR



GRÆN VÍNBER
429 kr. kg



Franskar með svörtum pipar!

McCain
FRANSKAR
259 kr. pk.



EGILS JÓLAÖL
500 ML
99 kr. stk.

Skyr.is drykkur



15%
afsláttur

Verði ykkur að góðu!

UMMÆLI VIKUNNAR

Hvernig í ósköpunum stendur á því að við fáum svona svör frá hæstvirtum iðnaðarráðherra? Er ekkert lát á fjandskap iðnaðarráðherra hæstvitra Framsóknarflokksins gegn Suðurnesjum?

Jón Gunnarsson Samfylkingunni.

Það er greinilega enginn vilji hjá ríkisstjórnarflokkunum til að virða þessi fornu réttindi bænda og það ber að harma. Ég hygg að þetta málefni verði til umræðu í kosningunum á vori komanda.

Magnús Þór Hafsteinsson Frjálslynda flokknum.

stjórnsmál

stjornmal@frettabladid.is

nánar á vísir.is

Stóra málnefndarmálið

Von er á öllu við upphaf þingfunda en þá geta þingmenn rætt um sérstök hugðarefni sín undir liðnum athugasemdir við störf þingsins. Stundum vilja menn ræða um fréttir dagsins eða þjóðmálaumræðuna og stundum eitthvað allt annað.

Í vikunni var staða Íslenskrar málnefndar nokkuð óvænt tekin til umræðu. Og þegar liðið var á hana og sást í hvað stefndi voru þingmenn þegar farnir að tala um Stóra málnefndarmálið. Mördur Árnason krafði menntamálaráðherra skýringa á hvers vegna Íslensk málnefnd hefði ekki verið mönnum en skipunartími síðustu nefndar rann út um áramót. Voru nefndarmenn reyndar beðnir að sitja áfram út ágúst en þegar Mördur tók málið upp voru liðnir tveir mánuðir og tveir dagar sem engin Íslensk málnefnd var að störfum. Hafði hann af þessu áhyggjur.

Þorgerður Katrín upplýsti að tilnefningar í

nefndina hefðu borist seint en væru nú loks komnar í hús. Greindi hún svo frá því að Guðrún Kvaran yrði formaður nefndarinnar og Þórarinn Eldjárn varaformaður.

Töldu menn að málinu væri þar með lokið en svo var aldeilis ekki.

Kolbrún Halldórsdóttir, Einar Már Sigurðarson, Sigurður Kári Kristjánsson og Jón Bjarnason vildu öll leggja orð í belg og svo þurftu bæði Þorgerður og Mördur að tala meira.

Þingheimur er

á eftir ýmsu nær

um Íslenska mál-

nefnd og sjálfsgat

að skaðlausu.



ÞINGMÁLIN STÓR OG SMÁ

Mál sem lögð eru fyrir Alþingi eru af ýmsum stærðum og gerðum. Í vikunni voru lögð fram tvö mál, annað stórt og hitt smátt. En um leið og stóra málið er smátt er smáa málið stórt. Stærð þingmála er nefnilega ekki mæld í blaðsíðum.

Þannig er 189 blaðsíða frumvarp um opinber innkaup risavaxið að umfangi en mun að líkindum fá hraða og umræðulitla afgreiðslu í þinginu.

Sex orða fyrirspurn Helga Hjörvar til umhverfisráðherra er hins vegar risavaxin í eðli sínu. Hver er stefna ríkisstjórnarinnar í loftlagsmálum?

VIKA Í PÓLÍTÍK

BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON

Óheiðarleiki og fleira



Niðurstöður prófkjörs sjálfstæðismanna í Reykjavík koma ekki á óvart. Þingmennirnir sjö komust allir á topp níu og þeir frambjóðendur aðrir sem líklegastir þóttu til afreka hlutu það sem kallað er örugg þingsæti. Flestir ganga keikir af velli, annað hvort sem sigurveggar eða varnarsigurveggar.

Hvað sem því líður er ljóst að ekki voru allir alveg heiðarlegir í tengslum við prófkjörið. Guðlaugi Þór er gefið að sök að hafa notað plögg sem aðrir höfðu ekki aðgang að.

Hann vísar því á bug.

Ekkí hef ég hugmynd um hvaða félagaskrár Guðlaugur hafði eða hafði ekki né heldur hvaða félagaskrár eru yfirleitt til. En hafi Guðlaugur ekki verið óheiðarlegur – heldur þvert á móti heiðarlegur – er náunginn sem sagði Guðlaug óheiðarlegan sjálfur óheiðarlegur.

Og er það ekki óheiðarleiki alls óheiðarleika að bera óheiðarleika á heiðarlegan mann?

Óheiðarlegur maður á hins vegar ekki í vandræðum með að bera af sér óheiðarleikann því hann kann klæki óheiðarleikans.

Óheiðarleiki er ekki með öllu bannaður í stjórnmálum. Að minnsta kosti er fullkomins heiðarleika ekki alltaf krafist. Við þekkjum jú sögurnar af reykmettuðu bakherbergjunum. Þær urðu ekki til í höfðum skálda. Það er plottað í pólitík og plottin þola ekki öll dagsljósið.

Störf þingsins fóru ágætlega fram í vikunni.

Jafnan voru fáir í þingsalnum enda slatti þingmanna á Norðurlandaráðsþinginu í Kaupmannahöfn. Annar slatti var svo heima í héraði á atkvæðaveiðum, sem ólíkt rjúpnaveiðum eru heimilar alla sjö daga vikunnar.

Pólitísk framtíð átta þingmanna Samfylkingarinnar getur ráðist um helgina. Þingstjórnin allt kjörtímabilið og vinnan í prófkjörinu eru lögð á mælistiku og kjósendur skera úr um hvort þeir vilji skipta um fulltrúa í þinginu. Eða þannig hélt ég að það væri. Anna Kristín Gunnarsdóttir er hins vegar á öðru máli og segir kjördæmaskipanina og byggðapróun stjórnar því hverjir sitja á þingi og hverjir ekki. Og auðvitað verð ég að taka Önnu Kristínu trúanlega. Hún þekkir þetta. Fólk frá fámennum byggðalögum ætti vitaskuld að hlusta á þingkonuna og forða sér frá veseninu og kostnaðnum sem fylgir prófkjörum. Það nær hvort eð er ekki inn.

Sköpun lyft á hærra plan

Sigríður Ingvarsdóttir, varabingmaður Sjálfstæðisflokksins, vill að stjórnvöld marki sér stefnu í málefnum skapandi starfsgreina. Hún segir efnahagslegt gildi sköpunar ótvírætt.

„Við þurfum að temja okkur nýja hugsun. Þetta er heilmikill iðnaður, þarna eru miklir fjármunir og það er til mikils að vinna að gera sig gildandi á þessu sviði,“ segir Sigríður.

Svonefndur afþreyingariðnaðar fellur undir það sem Sigríður er að tala um en í sumum kreðsum þykir afþreying heldur ófint fyrirbæri. Sigríður tekur undir að þetta viðhorf sé til staðar og segir það til marks um nauðsyn á breyttri hugsun.

Nýlega var gerð úttekt á efnahagslegum áhrifum skapandi starfsgreina í Kaupmannahöfn. Fjöldi ársstarfa og velta af nítján stórum viðburðum á einu ári var könnuð. Í ljós kom að ársstörfin voru 1.425 og veltan nam 173 milljónum evra – rúmum 15 milljónum íslenskra króna.

Og Sigríður tekur einstök dæmi. „Í Kaupmannahöfn eru um eitt hundrað heilsársstörf vegna fótoltaleikja og um tvö prósent alls gistirýmis í Stokkholmi eru keypt vegna söngleiksins Mamma Mia.“

Tillaga Sigríðar lýtur að því að úttekt verði gerð á eðli og umfangi skapandi starfsgreina og að í kjölfarið verði gerðar tillögur að stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í málaflokknum. Hún segist telja að breyta megi lögum og reglugerðum til að gera starfsumhverfi sköpunar og afþreyingar hagstæðara en er ekki talsmaður ríkisstyrkja eða sérstakrar ríkisaðstoðar.

„Það hefur margt orðið til af sjálfu sér, til dæmis Latibær, CCP, Vesturport, alls konar bæjarhátíðir og hitt og þetta,“ segir Sigríður



SIGRÍÐUR INGVARSDÓTTIR „Í Kaupmannahöfn eru um eitt hundrað heilsársstörf vegna fótoltaleikja og um tvö prósent alls gistirýmis í Stokkholmi eru keypt vegna söngleiksins Mamma Mia.“

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

en bendir einnig á jákvæð áhrif stjórnvaldsávarðana. „Umfang kvikmyndagerðar útlendinga á Íslandi hefur stóraukist síðan skattaúvilnanir voru teknar upp og það hefur skilað sér til baka.“

Atvinnulífnið hefur verið skipt upp í þrjár stoðir; frumframleiðslu, iðnað og þjónustu. Sigríður segir skapandi greinar vera fjórðu stoðina og henni þurfi að gera hátt undir höfði.

Mömmustund

Mömmustund er ætluð mæðrum með ungabörn frá 2 mánaða aldri. Áhersla er lögð á þægilegt andrúmsloft og getur móðirin sinnt þörfum barnsins án þess að trufla aðra. Mömmustund byggir á áhrifaríkum grindarbotns- og styrktaræfingum, ásamt endurnærðandi teygjum og slökun.



Námskeiðið er í 6 vikur og er kennt á mánudögum, miðvikudögum og fimmtudögum kl. 11 í Technosport, Bæjarhrauni 2, Hafnarfirði.

Allar mæður á námskeiðinu geta keypt sér heilnudd á aðeins 2500 kr.

Kennarar: Kristín Björg Robe Yoga kennari og Borghildur Sverrisdóttir FitBall- og einkapjálffari.

Skráning er hafin í síma 691 0381. Verð aðeins 14.900 kr

Mínum einnig á Robe Yoga, morgun- og kvöldtímur

TECHNOSPORT

Bæjarhraun 2, 220 Hfj



NYTT HLUTVERK Össur Skarphéðinsson, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, brá sér í hlutverk myndatökumanns á Alþingi í vikunni og fylgdist með Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra mæla fyrir frumvarpi um fjölmiðlalög í gegnum linsuna. Mál sérfræðinga var að Össur hefði tekið sig vel og fagmannlega út við vélna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

41 örnefni í einni ræðu

Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, nefndi 41 örnefni í þingræðu um vegi í vikunni.

Meðal örnefnanna voru:


Almannaskarð ■ Klettsháls, Brattabrekka ■ Staðarsveit ■ Kolgrafarfiörður ■ Mjóifjörður ■ Reykjanes, Vatnsfjörður ■ Skálavíkurháls ■ Eyrafjall ■ Arnarfjörður ■ Dýrafjörður ■ Dynjandisheiði ■ Patreksfjörður ■ Súðavík ■ Óshlíð ■ Tröllatunguheiði ■ Arnkötuldalur ■ Gautsdalur ■ Heydalur ■ Vaðlaheiði ■ Norðfjörður, Skriðdalur ■ Mýrdalur ■ Reynisfjall ■ Strandir ■ Vopnafjörður ■ Hérað ■ Ísafjörður ■ Bíldudalur ■ Borgarfjörður ■ Tálknafjörður ■ Eskifjörður ■ Seyðisfjörður ■ Snæfellsnes ■ Djúp.

Íslenskir tónlistardagar

Afnemum virðisaukaskatt af öllu skemmtiefni, þ.e. tónlist, DVD og tölvuleikjum. Tónlistarmenn flytja lög og árita geisladiska sína.

TAX FREE

SKEMMTIEFNI



Bríet Sunna áritar og spilar í dag:
Smáralind kl. 14:00 Kringlunni kl. 16:00



Friðrik Ómar áritar og spilar í dag:
Kringlunni kl. 14:00 Smáralind kl. 16:00

ALLAR DVD MYNDIR án VSK

ALLIR TÖLVULEIKIR án VSK



Gildir til 30. nóvember eða á meðan birgðir endast.

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður fullan virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

LEIKARINN MATTHEW MCCONAUGHEY ER 37 ÁRA Í DAG

„Lífið er fullt af komnum, ekki punktum.“

Hjartaknúsarinn mikli frá Texas fæddist þennan dag árið 1969.



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 4. NÓVEMBER 1995

Rabin skotinn til bana

Á þessum degi fyrir ellefu árum var Yitzhak Rabin, forsætisráðherra Ísraels, skotinn til bana. Var hann skotinn þrívægis í magann og brjóstakassann af stuttu færi er hann var að yfirgefa friðarsamkomu í Tel Aviv. Rabin var fluttur með hraði á sjúkrahús þar sem hann lést. Morðinginn og hægri-öfgamaðurinn, Yigal Amir, var yfirbugaður á staðnum og handtekinn. Sagðist hann ekki sjá eftir verknaðnum.

Um hundrað þúsund voru viðstaddir samkomuna sem var haldin til stuðnings friðarumleitunum ríkisstjórnar Ísraels gagnvart Palestínu-



RABIN Yitzhak Rabin var skotinn til bana í Tel Aviv þennan dag árið 1995.

mönnum.

Bill Clinton, þáverandi forseti Bandaríkjanna, var vitaskuld sleginn yfir atburðinum. Sagði hann að Rabin hafi farnað lífi sínu í þágu friðar. Jasser Arafat, þáverandi leiðtogi Palestínuranna, vottaði Ísraelum jafnframt samúð sína. „Ég vona að öll okkar, Ísraelar og Palestínurmenn, geti komist yfir þessa sorg og haldið friðarumleitunum áfram fyrir botni Miðjarðarhafs,“ sagði Arafat. Utanríkisráðherrann Shimon Peres tók við embætti forsætisráðherra Ísraels af Rabin.

MERKISATBURÐIR

- 1922 Í Egyptalandi finnst inn-gangurinn að týndri gróf Tutankhamens.
- 1942 Áhöfn Brúarfoss bjargar 44 skipbrotsmönnum af enska skipinu Daleby sem var skotið niður á leiðinni milli Íslands og Bandaríkjanna.
- 1956 Sovétmenn ráðast inn í Ungverjaland til að bæla niður byltinguna sem hófst 23. október.
- 1979 Íranskir hermenn hertaka sendiráð Bandaríkjanna í Teheran og taka 63 bandaríska gisla.
- 1989 Um milljón Austur-Þjóðverjar fylltu stræti Austur-Berlínar í göngu til stuðnings lýðræðinu.
- 2001 Fellibylurinn Michelle skellur á Kúbu og eyðir uppskeru og þúsundum heimila.



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Jón Guðmundsson

frá Raufarhöfn,

lést á öldrunarhjúkrunardeild FSA, Seli, að morgni 30. október. Hann verður jarðsunninn frá Raufarhafnarkirkju þriðjudaginn 7. nóvember og hefst athöfnin kl. 14.00.

Hrefna Friðriksdóttir

Sigurbjörg Jónsdóttir

Friðrik Jónsson

Gissur Jónsson

börn, tengdabörn og barnabörn.

Pórarinn Stefánsson

Steinunn Leósdóttir



Ástkær eiginnmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Sigfús J. Johnsen

kennari og félagsmálastjóri, Sóltúni 28, Reykjavík,

lést fimmtudaginn 2. nóvember á Landspítalanum í Fossvogi. Útför hans verður gerð frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 9. nóvember kl. 13.00.

Kristín S. Þorsteinsdóttir

Þorsteinn Ingi Sigfússon

Árni Sigfússon

Gylfi Sigfússon

Margrét Sigfúsdóttir

Þór Sigfússon

Sif Sigfúsdóttir

og barnabörn

Bergþóra K. Ketilsdóttir

Bryndís Guðmundsdóttir

Hildur Hauksdóttir

Bjarni Sigurðsson

Halldóra Vífilsdóttir

Búi Kristjánsson



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Bjarni Jónsson

Holtsgötu 41, Reykjavík,

lést á Landspítala, Hringbraut sunnudaginn 29. október.

Anne Gísladóttir

Erling Bjarnason

Arnór Bjarnason

Hildur Bjarnadóttir

afa- og langafabörn.

Reynir Kristbjörnsson

Elin Ryan

Margrét Elfa Jónsdóttir

Jørgen Weje



Ástkær eiginnmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

Andrés Magnússon

Kleppsvægi 10, Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi fimmtudaginn 2. nóvember. Útför auglýst síðar.

Svava Jónsdóttir

Jóna Andrésdóttir

Edda Andrésdóttir

Gunnar Andrésón

barnabörn, barnabarnabörn, barnabarnabarnabarn

Sigurður Ingi Ingólfsson

Stefán Ólafsson

Margrét Jónsdóttir

Margrét Jónsdóttir



ÞÓR JÓNSSON Hefur unnið á fréttastofu Stöðvar 2 frá árinu 1990 með einu hléi milli 1992 og 1994.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

ÞÓR JÓNSSON: HÆTTIR SEM FRÉTTAMAÐUR EFTIR MARGRA ÁRA STARF

Kveður fréttastofuna með söknuði

„Ég kveð minn gamla vinnustað með miklum söknuði,“ segir Þór Jónsson, fráfarandi varafréttastjóri NFS. Hann ætlar að sigla á önnur mið og tekur við stöðu upplýsingafulltrúa félagsmálaráðuneytisins og hlakkar mikið til að starfa á nýjum vettvangi.

Óhætt er að fullyrða að með brottför Þórs er skarð fyrir skildi enda er hann einn reynslumesti fréttamaður stöðvarinnar. „Ég hef unnið á fréttastofu Stöðvar 2 og síðar NFS síðan 1990, með einu hléi milli 1992 og 1994. Hér hef ég fengið að njóta mín í margvíslegum störfum og kynnst hreint út

sagt frábæru fólki og met það mikils.“

Hann segir að erfiðleikar á stöðinni undanfarið hafi ekki orðið til þess að hann ákvað að söðla um. „Nei blessaður, á þessum sextán árum frá því ég byrjaði þarna hef ég oft séð stöðuna svartari. Okkur hefur verið spáð dauða oftar en ég kæri mig um að muna. Eins og staðan er núna hefur fréttastofa NFS alla burði til að gefa í, vera lifandi afl, veita stjórnmöldum aðhald og vera upplýsandi miðill sem enginn getur verið án. Fáí hún tækifæri til þess það er að segja.“

Dótt hann tregi viðskilnaðinn við gamla vinnustaðinn hlakkar Þór til að takast á við ný verkefni í félagsmálaráðuneytinu og minnir á hið forn-kveðna að heimskt er heimaalið barn. Hann bætir við að hann eigi ábyggilega eftir að hitta fyrrverandi vinnufélagana í nýju starfi, þótt hann verði þá hinum megin við borðið.

„Það kemur að þessum vendipunkti í lífi allra að þeir þurfa að breyta til og ég held svei mér þá að það hafi bara verið komið að mínum.“

bergsteinn@frettabladid.is



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Guðmundur Siggeir

Ágústsson

Frá Aðalbóli, Eyjhrauni 11, Vestmannaeyjum,

lést á Heilbrigðisstofnuninni í Vestmannaeyjum þriðjudaginn 17. október. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Gústaf Ólafur Guðmundsson

Guðmundur Guðmundsson

Geir Guðmundsson

afabörn og langafabörn.

Marta Jónsdóttir

Margrét Sveinsdóttir



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Jón Stefánsson

Hrafnistu, Reykjavík, áður til heimilis að Bústaðavegi 89,

lést á Hrafnistu miðvikudaginn 1. nóvember. Jarðarförin auglýst síðar.

Stefán Jónsson

Karen Jónsdóttir

Bryndís Jónsdóttir

Steinunn Jónsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Sigríður Sveinsdóttir

Þróstur Eyjólfsson

Ágúst Ingi Andrésón

Hallur Ólafsson

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Mikið úrval legsteina og fallegra fylgihluta. Ljósker, blómavasar, englar, stytur, kerti og margt fleira.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.



S:HELGASON

Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is

LEGSTEINAR
Kynningarafsláttur á völdum tegundum

Wörhöfða 1 | 110 Reykjavík | Sími 566 7878 | Fax 566 8787
rein@rein.is | www.rein.is

BÓKAVEISLA FJÖLVA

NÚ Á AÐ TÆMA LAGERINN!

Smiðjuvegi 4, Kópavogi, græn gata

Missið ekki af einstöku tækifæri til að
gera reyfarakaup á frábærum bókum.
Bækur fyrir alla fjölskylduna:

Barnabækur - Tennis - Indasögur - Landakort - Tímarit
Listaverkabækur - Húsbækur - Ljóðabækur
Skáldsögur - Útvaldi - Ferðabækur
og margt fleira

**40-90%
afsláttur**

SÍÐASTA SÖLUHELGI!

Allir sem kaupa fá bók í kaupbæti!

Allir sem kaupa 3 eða fleiri
Tinnabækur fá Tinnabol
í kaupbæti!

99 kr.
190 kr.
290 kr.
390 kr.
490 kr.
590 kr.
690 kr.
790 kr.
890 kr.
990 kr.

**Kaupið jólagjafirnar
fyrir alla fjölskylduna
á einu bretti**



www.fjolvi.is
Sími: 565 6500

Opnunartími:
Virka daga kl. 12-18
Laugardaga kl. 10-17
Sunnudaga kl. 12-17



ARNALDUR INDRIDASON „Ég hef gaman af því að leika mér með eðli skáldskaparins. Það þarf svo lítinn sannleik til að ljúga svo heilmiklu.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Átaksverkefni að bregðast við vinsældunum

Arnaldur Indriðason er á nýjum slóðum í sinni tíundu skáldsögu – *Konungsbók* – sem kom út í vikunni. Í samtali við *Bergstein Sigurðsson* ræðir Arnaldur um nýju bókina, áhrifin frá föður sínum heitnum og hvernig það er fyrir hlédrægan mann að verða vinsælasti höfundur landsins.

Því fylgir alltaf góð tilfinning, segir Arnaldur, að handleika hugverk sitt í fyrsta sinn eftir að það er komið á þrykk. „Fram að því hafa þetta verið einhverjir rafstraumar í höfðinu á manni, kannski árum saman áður en sest er niður og byrjað að skrifa. Ritunartíminn tekur yfirleitt ár svo það er mjög gaman að fá bókina loksins fullbúna í hendurnar.“

Í *Konungsbók* hverfur Arnaldur aftur til fortíðar. Sagan gerist mestan part haustið 1955 og segir frá Valdemar, ungum íslenskufræðingi sem heldur til Kaupmannahafnar að nema norræn fræði. Þar finnur hann fyrir landa

sinn, prófessor sem má muna fífil sinn fegurri, enda þjakaður af leyndarmáli sem snertir höfuðgersemi íslensku þjóðarinnar – *Konungsbók Eddukvæða*. Leyndarmálið leiðir tvímenningana í mikla háskaför um Evrópu, sem er enn að rísa úr öskustó stríðsáranna, á slóðir þar sem mannlíf eru léttvæg fundin.

Eins og allir höfundar kveðst Arnaldur vilja hafa eitthvað að segja; glæpasagan er ekki aðeins afþreying heldur aðferð til að rýna í samfélagið og bregða ljósi á vissa þætti þess. Fljótt á titið virðist hann hafa lagt samtíðarspegilinn til hliðar í *Konungsbók* en þegar betur er að gáð hefur honum ef til vill aldrei legið meira á hjarta.

Gleymd verðmæti

Hann játar að minnsta kosti að hér sé líklega um að ræða hans metnaðarfullsta verk hingað til. „Ég hafði afskaplega gaman af því að skrifa bókina, af málinu, af persónunum, söguþróunum og síðast en ekki síst neftóbaksfræðunum. Þetta er í rauninni óður til þeirra, til *Konungsbókar*, handritanna og ársins 1971, þegar við fengum þau aftur heim. Ég er dálítið hræddur um að meðan allir muna hvenær bjórinn var leyfður 1989, muna sífellt færri fyrir hvað 1971 stendur. Það væri slysalegt ef þessi eilífu verðmæti okkar gleymdust inni á söfnum og öll umræða um þau lognaðist út af. Á sama tíma eru fleiri blöð gefin út í hverri viku og lögð undir fréttir af hluta-

bréfum og ofsagróða. Mér finnst eins og margir séu búnir að gleyma fortíð sinni, sögunum, og verðmætum sem við eigum og eru varanleg og eilíf. Mér fannst tímaþætt að að minna á það og reyni að gera það með þessari bók.“

Léttir að leggja Erlend til hliðar

Eins og gefur að skilja er Erlendur rannsóknarlögreglumaður víðsfjarri, rétt svo fæddur þegar sagan gerist. „Þetta er fyrsta bók mín þar sem hann er ekki nefndur á nafn; Erlendur er nefndur í Bettý og kemur lítillaga við sögu í *Napóleónsskjölunum*. Það var viss léttir að leggja Erlend aðeins til hliðar og fara yfir í eitthvað allt annað, það var partur af því hvað ég hafði gaman af því að skrifa þessa bók.“

Þótt 1971 sé ártalið sem Arnaldur vill halda á lofti er það ekki tilviljun að sagan gerist að mestu árið 1955. „Þetta er eitt merkilegasta árið í menningarsögu okkar. Ekki aðeins fékk Halldór Nóbelsinn, heldur gaf Ólafur Jóhann Sigurðsson út *Gangvirkið* og Indriði G. Þorsteinsson, faðir minn, sendir frá sér 79 af stöðinni auk þess sem Hannes Pétursson gefur út kvæðabók, svo ég nefni nokkur dæmi. Í bókinni dreg ég fram þetta ártal og tveir höfundanna koma við sögu með einum eða öðrum hætti. Halldór er sérstök skrautfjöldur í sögunni því ég ber mikla virðingu fyrir honum og skynja hann svo víða í íslensku mannlífi.“

Úr skugga föður síns

Auk þess að gera föður sinn heitinn að persónu í sögunni tileinkar Arnaldur honum bókina.


„Þetta er tíunda bókin mín og pabbi hefði orðið áttæður á árinu. Ég lít mikið upp til föður míns og tel að þetta sé sú bók sem ætti að vera tileinkuð honum. Hugmyndina fékk ég líka óbeint frá honum, hann var úti í *Kaupmannahöfn* haustið 1955 og skrifaði um atburði sem þá gerðust.“

Arnaldur segir að starf föður síns hafi haft mikil áhrif á sig. Hann minnst tikkisins í ritvélinni á heimilinu þegar sá gamli sat við skriftir og telur að varla sé það tilviljun að sjálfur hefur hann starfað við skriftir frá tvítugu. Í mörg ár starfaði hann sem blaðamaður en rithöfundarferillinn hófst nokkuð seint. „Mögulega byrjaði ég seint að skrifa bækur vegna þess að pabbi var rithöfundur. Sumir vilja síður gera það sama og foreldrar sínir. Ég hikaði líka því hann var áberandi í þjóðfélaginu, þekktur maður, og kannski upplifði ég mig í skugganum af honum.“

Spurningin hvort hann gæti skrifað bók sótti hins vegar á hann lengi og þegar hann fékk hugmyndina að *Sonum duftsins* lét hann slag standa. „Ég vildi vita hvað ég þyrfti að gera til að semja handrit upp á 300 blaðsíður, hvernig væri ferlið og gæti ég það yfirleitt? Ég ákvað því að kýla á það og hugsaði með mér að ef mér mistækist myndi ég bara gleyma þessu, annars sjá til hvert framhaldið yrði.“

Líður illa í sviðsljósinu


Framhaldið þekkjum við. Arnaldur er langsöluhæsti rithöfundur á Íslandi í seinni tíð. Hann berst hins vegar ekki mikið á, er hlédrægur að eðlisfari og kann illa við sig í sviðsljósinu. Að vissu



Hin hliðin á Arnaldi

Ég reyni að njóta lífsins og ferðast um landið og erlendis. Ég spila reglulega fótbolta, er mikill stuðningsmaður *Fram* og *Arsenal* og fer stundum á leiki úti, sem er mjög gaman.

Ég er yfirleitt með einhverja bók við höndina en les reyndar ekki mikinn skáldskap en meira af sögulegum fróðleik, lauk síðast við *Völundarhús valdsins* eftir Guðna Th. Jóhannesson og Thorsarana eftir Guðmund Magnússon. Reyndar les ég líka mikið af ljóðum og get ekki beðið eftir nýju bókinni hans *Hannesar Péturssonar*.



Kvikmyndir heilla mig og ég fer oft í bíó. Uppáhaldsleikarinn minn er *Edward G. Robinson*. Ég á æskuminningu frá því ég var um þriggja ára aldur og sá í sjónvarpinu svarhvíta mynd sem ég varð mjög hugfanginn af. Seinna komst ég að því að þetta var myndin *Little Caesar* og fjallaði um mafíósann Rico, sem Robinson lék. Síðan þá hefur hann verið í uppáhaldi hjá mér og ég er ekki frá því að þessi mynd hafi orðið til þess að ég fór að skrifa glæpasögur.



leyti komu vinsældirnar honum því í opna skjöldu.

„Í fyrsta lagi kom þetta mér á óvart og var ekki ætlunin, enda var ég að skrifa mig inn í bókmenntahefð sem var varla til á Íslandi.“ Fyrir mann með slíka skaphöfn var athyglin sem fylgdi

um tíma og finnst þeir hreinlega vera skildir eftir. Efnishyggjan á Íslandi er orðin ofboðslega mikil. Allt snýst um það hvort einhver sé að meika'ða. Það sem er gamalt fer á haugana, nýir bílar og nýtt eldhús eru draumurinn.

Fyrir vinsælan höfund er kraf-

jafnmörgum viðtölum. Ég neita að taka þátt í því. Ég kann ekki að vera markaðsvara. Það eina sem ég get lagt fram eru verk mín.“

Parf lítinn sannleik til að ljúga miklu

Að vera rithöfundur segir Arnald-

klukkan fimm. Ég sest ekki niður með fullbúna hugmynd, heldur ákveðinn grunn og þróa mig svo áfram. Það kemur sjálfum mér oft á óvart hvernig sagan þróast og það gerir vinnuna skemmtilega. Auðvitað er sköpunarþráin hluti af þessu, ég er í mínum eigin

fyrir íslenska lesendur. „Sagan verður að vera trúverðug og íslenskir lesendur eru erfiðir að því leyti að þeir trú engu. Sögurnar þurfa að vera á jörðinni allan tímann til að fólk trúi því að þetta geti gerst á Íslandi.“

Arnaldur vinnur mikla heimildavinnu fyrir bækur sínar, líklega aldrei meiri en í Konungsbók og fyrir vikið kvikna spurningar hvar mörkin milli þess sem er satt og logið liggja. „Ég held að það sé allt saman lygi í þessari sögu, en það er líka allt saman sannleikur. Ég vona bara að það verði skemmtilegur leikur fyrir fólk að finna út úr því. Ég hef gaman af því að leika mér með eðli skáldskaparins. Það þarf svo lítinn sannleik til að ljúga svo heimliklu.“ ■

”Mögulega byrjaði ég seint að semja bækur vegna þess að pabbi var rithöfundur. Sumir vilja síður gera það sama og foreldrar sínir. Ég hikaði líka því hann var áberandi í þjóðfélaginu, þekktur maður, og kannski upplifði ég mig í skugganum af honum.

truflandi, bæði persónulega og faglega. „Ég kann illa við mig í viðtölum, hef aldrei lært að tala um sjálfan mig eða kynna mig og satt best að segja var það átaksverkefni fyrir mig að bregðast við þessu. Ekki síður var þetta farið að trufla mig sem rithöfund og setti vinnurytmann úr skorðum. Það fór sífellt meiri tími í viðtöl og ferðalög, því maður vill ógjarnan spæla erlenda útgefendur. Eftir að ég eyddi þremur mánuðum á ferðalagi í fyrra ákvað ég hins vegar að draga verulega úr þessu öllu saman. Ég fer sárásjaldan í viðtöl núorðið og ekki nema í þrjú ferðalög á þessu ári, sem er mikill munur frá því sem var.“

Forréttindi að geta lífað af skriftum

Ekki svo að skilja að honum þyki það verra að margir lesi bækur sínar. Arnaldur er einn fárra íslenskra rithöfunda sem hefur komist til sémilegra bjargráða gegnum skriftirnar og fyrir það er hann þakklátur.

„Mér finnst stórkostlegt að geta unnið fyrir mér sem rithöfundur því á Íslandi er það alls ekki sjálfsagt mál. Vandaðir og góðir höfundar, sem selja vel hérna heima, eru margir á lúsarlaunum. Þetta hefur veitt mér ágætis líf. Ég var í fullu starfi á Mogganum þegar ég skrifaði fyrstu bækurnar og vinnudagurinn var oft helvíti langur. Það hefur lagast, það gefst miklu meiri tími til að sinna ritstórfunum og ég hef þroskast sem höfundur. Ég held að Konungsbók beri þess til dæmis vitni.“

Bækur Arnaldar hafa átt góðu gengi að fagna erlendis en hann segist þó ekki skrifa með það í huga. „Ég skrifa fyrst og fremst fyrir íslenska lesendur, þeim á ég allt að þakka eins og ég tók fram þegar ég tók við Gullna rýtingnum í Bretlandi fyrir ári. Hafi einhver rutt nýrri bókmenntastefnu braut hér á landi þá eru það lesendur. Konungsbók er eins íslensk bók og hugsast getur en auðvitað vona ég að útlendir lesendur geti líka fundið einhverjar tengingar í henni.“

Efnishyggjan allsráðandi

Arnaldur hefur gefið út bók á hverju ári í tíu ár. Hann segir það vissulega geta verið strembið en býst ekki við að gera hlé á skriftum á næstunni og er byrjaður á nýrri sögu um Erlend. „Ég veit ekki hvað bækurnar um hann verða margar í viðbót, kannski er ég fyrst núna farinn að skilja hann,“ segir hann og kímur.

Erlendur er maður tíma sem eru að renna sitt skeið. Arnaldur telur að margir Íslendingar standi í sömu sporum og rannsóknarlög-reglumadurinn. „Mörgum hugnast ekki þær miklu breytingar sem hafa orðið á samfélaginu á stutt-

an sú að hann á að vera alls staðar, í matreiðslubáttum að gefa uppskriftir og hvaðeina. Framboð á fjölmiðlum er orðið fánalega mikið hér á landi og ég held að aldrei í sögu lýðveldisins hafi jafn margir haft jafn lítið að segja í

ur að sé eins og hvert annað starf að því leyti að það útheimtir vinnusemi og elju. „Þetta myndi ekki ganga án agaðra vinnubragða, ég er alltaf sestur niður um niúleytið, þegar fjölskyldan er farin í nám og vinnu, og hætti

heimi þegar ég skrifa. Víman sem fylgir skriftunum er þegar maður dettur niður á eitthvað nýtt og skapandi og það gerist yfirleitt milli klukkan níu og fimm, eins rómantískt og það nú hljómar.“

Hann segir það agandi að skrifa

Italsofa

The Italian touch

nýjar sendingar af sófasettum og hornsófum



Tungusófi m. Microfiber ákl. og skemmlu Verð kr. 192.000.-



Hornsófi 2-horn-2 með Microáklæði Verð kr. 188.000.- 2-horn-3 kr. 220.000.-



Leðursófi með skemmlum - Verð kr. 261.000.-



Hornsófi m/slitsterku áklæði Verð kr. 303.500.-



Hornsófi sem hægt er að breyta með einu handtaki í svefnsófa Verð kr. 196.000.-



Sófi 3ja sæta Verð kr. 79.000.- Stóll verð kr. 38.000.-



Leðursófasett 3+1+1. Sófi sem hægt er að breyta með einu handtaki í svefnsófa - Verð kr. 298.000.-



Hornsófi með skemmlum Verð kr. 209.500.-

Veldu draumahúsgögnin hjá okkur eða settu saman sérpöntun að þínum óskum

Italsofa Frábært verð og gæði
The Italian touch

Opið 10-18 Laugard. 11-16

Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375





7 SKREFA LISTI samtakanna Blátt áfram

Samtökin Blátt áfram gefa foreldrum og öðrum sem sinna börnum sjö skrefa lista sem aðstoðar þá við að koma í veg fyrir, greina og bregðast við kynferðislegri misnotkun á börnum á ábyrgan hátt.

1. SKREF Gerðu þér grein fyrir staðreyndum og áhættuþáttum.

Staðreyndir – ekki traust – eiga að hafa áhrif á ákvarðanir þínar varðandi barnið þitt.

2. SKREF Fækkaðu tækifærunum.

Ef þú kemur í veg fyrir eða fækkar þeim kringumstæðum þar sem barn er eitt með einum fullorðnum – þá dregur þú verulega úr hættunni á að barn þitt verði fyrir kynferðislegri misnotkun.

3. SKREF Talaðu um það.

Börn halda oft misnotkuninni leyndri – en hægt er að fá þau til að rjúfa þögnina með því að tala opinskátt um þessi málefni.

4. SKREF Vertu vakandi.

Ekki búast við að merkin séu augljós hjá barni sem sætir kynferðislegri misnotkun. Merkin eru oft til staðar en þú þarft að koma auga á þau.

5. SKREF Búðu til áætlun.

Kynntu þér hvert þú átt að leita, í hvern þú átt að hringja og hvernig þú átt að bregðast við.

6. SKREF Fylgdu grunsemdum eftir.

Framtíðarvelferð barns er í húfi.

7. SKREF Gerðu eitthvað í málinu.

Leggðu þitt af mörkum með því að bjóða fram krafta þína og veita þeim félögum fjárhagslegan stuðning sem berjast gegn kynferðislegri misnotkun á börnum.

Heimildir: www.blattafram.is

Þriðjungur gerenda undir 18 ára

Samkvæmt alþjóðlegum tölum er þriðjungur kynferðisglæpamanna undir átján ára aldri. Á ráðstefnu í Björgvin í Noregi nýverið var fjallað um ungmenni sem beita aðra kynferðisofbeldi og mýtur sem eru við lýði í sambandi við þessi mál, svo sem að stúlkur brjóti ekki af sér á þennan hátt. „Vandamálið er að hvorki barnavernd né barnageðdeildir vita hvað gera skal við unga kynferðisafbrotamenn,“ sagði **Eili Knudsen Ingnes**, yfirlæknir Betanien barna- og unglingsgeðdeildarinnar í Björgvin í Noregi, í samtali við norska blaðið Aftenposten.

Ingnes leiðir fimm ára verkefni í Noregi um börn og unglinga sem brjóta af sér kynferðislega og viðbrögð yfirvalda við þeim. Þessu verkefni er ætlað að finna lausnir á þeim vanda sem fagfólk, og ekki síst ungmennin sjálf, standa frammi fyrir þegar kemur að meðferð þessara barna og unglinga.

Meðalaldur þeirra sem komið hafa til Betanien-barnageðdeildarinnar vegna kynferðisafbrotanna sem þau hafa framið er 14,4 ár.

„Við fáum til okkar börn sem eru nýbyrjuð í skóla og upp í 18 ára. Það er mun breiðari aldersdreifing meðal ungra ofbeldismanna en við höfðum áður gert okkur grein fyrir ... Börnum sem grípa til ofbeldis líður ekki vel eða eitthvað er að í umhverfi þeirra,“ sagði Ingnes.

Þriðjungur gerenda


Jón Friðrik Sigurðsson sálfræðingur, sem hefur sérhæft sig í meðferð kynferðisbrotamanna á Íslandi, tók þátt í ráðstefnunni í Björgvin ásamt öðrum norrænum fagmönnum sem sinna greiningu og meðferð á ungmönnum sem beita aðra kynferðislegu ofbeldi.

Þar kom fram að samkvæmt alþjóðlegum tölum er allt að þriðjungur kynferðisafbrotamanna undir 18 ára aldri.

„Við höfum enga ástæðu til að trúá því að Noregur sé betur settur en önnur lönd sem við berum okkur saman við, til dæmis Svíþjóð, England, Holland og Bandaríkin,“ sagði Ingnes.

Jón Friðrik sagði tölur yfir íslensk ungmenni sem beita aðra kynferðisofbeldi vera svipaðar og erlendis, eða á bilinu 20 til 30 prósent allra gerenda.

„Þessi hópur fer sístækkandi og við þurfum að athuga af hverju það er,“ sagði Sigríður Björnsdóttir hjá samtökunum Blátt áfram í samtali við Fréttablaðið, en tilgangur samtakanna er að efla forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum á Íslandi.



”

Vandamálið er að hvorki barnavernd né barnageðdeildir vita hvað gera skal við unga kynferðisafbrotamenn.

EILI KNUDSEN INGNES

YFIRLÆKNIR

„Þetta eru oft ungir strákar sem vantar fræðslu, þeir fá bara upplýsingar sínar af netinu eða frá eldri ofbeldismönnum. Við þurfum að fræða þessa krakka,“ bætti hún við.

En það eru ekki bara ungmennin sem þurfa á fræðslu að halda. Eitt af því sem allir þeir sem starfa innan þessa geira þurfa að fást við eru mýturnar sem eru við lýði í þessum málum. Til dæmis bendir kanadísk rannsókn til þess að konur séu eingöngu um sjö prósent allra kynferðisglæpamanna. „Sú tala er svo sannarlega of lág,“ sagði Ingnes.

Götótt kerfi

Á Íslandi, líkt og í Noregi og annars staðar, gerist það að ungir gerendur týnist í

kerfinu.

„Maður hefur það á tilfinningunni að ekki sé alltaf tekið nógu vel á málum ungmennanna,“ sagði Jón Friðrik.

Á Íslandi hafa barnaverndaryfirvöld í öllum tilvikum afskipti af málunum, en viðbrögðin fara eftir alvarleika brotanna og aldri gerandans.

Hafi hann náð 15 ára aldri, sem er löglegur sakhæfisaldur, getur brotamaðurinn átt von á dómi og jafnvel fangelsisvist, en sjaldan er þó gripið til slíkra ráðstafana, að sögn Jóns Friðriks.

Algengara er að gripið sé til annarra úrræða, svo sem að afplána refsivistina á meðferðarheimili Barnaverndarstofu. Eins

er líka algengt að brotamaður séu skikkaðir í sálfræðimeðferð.

Þó er kerfið á Íslandi götött og fyrir kemur að málum sé ekki fylgt nógu vel eftir, líkt og reynslan hefur verið í Noregi.

Norska verkefninu sem Ingnes leiðir er ætlað að koma með tillögur um meðferð og greiningu barna og unglinga sem brjóta af sér kynferðislega. Það hófst árið 2004, svo nú þegar er tveggja ára reynsla komin á það, en því lýkur árið 2009.

Niðurstöðunum verður svo deilt með því fagfólki í Noregi sem sinnir þessum málum, og gera má ráð fyrir að önnur norræn lönd fái einnig að njóta góðs af afrakstrinum.

Nauðsyn meðferðar

„Ástæðan fyrir því að nauðsynlegt er að taka vel á þessum málum er til þess að bæði gerandinn og þolandinn geti unnið úr þessum málum sem fyrst, svo afleiðingarnar verði ekki erfiðar þegar tíminn líður. Þessi mál hafa tilhneigingu til þess að vaxa innra með fólki, þó það gerist auðvitað ekki í öllum tilfellum,“ sagði Jón Friðrik.

Því er nauðsynlegt að hjálpa börnum og unglungum við að vinna úr afbrotinu og sagði Jón Friðrik að slík úrvinnsla gæti komið í veg fyrir að viðkomandi haldi áfram sem kynferðisbrotamaður.

Um helmingur allra kynferðisglæpamanna brýtur fyrst af sér á unglingsárunum, en eingöngu um 20 prósent þeirra sem brjóta af sér á unglingsárunum grípa aftur til kynferðisofbeldis.

„Þess vegna er það gríðarlega mikilvægt að ná til þeirra sem eru í áhættuhóp,“ sagði Ingnes.

Sigríður hjá samtökunum Blátt áfram áréttaði að almenn kynlífsfræðsla skipti jafnframt öllu máli.

„Við verðum að velja. Viljum við fræða börnin okkar, eða viljum við að ofbeldismennirnir geri það?“ spurði Sigríður.

Sigrún María Kristinsdóttir smk@frettabladid.is

ALLT ÞAÐ BESTA Á EINUM STAÐ

▶ **FLATSKJÁ TILBOÐ**



UNITED

LTV27W60

27" LCD BREIÐJALDSSJÓNVARP með 1280x720 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, 900:1 skerpu, 2x6w Nicam stereo hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, CVBS og heymartólstengi, VGA tengi, textavarpi og fjarstýringu.

TILBOÐ ▶ 89.990

FULLT VERÐ kr. 139.990

12v/220v



UNITED LTV15L52

15" LCD Sjónvarp með Digital Comb filter, 8w stereo hljóðkerfi, Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heymartólstengi, VGA tengi, textavarpi, svefnrofa og fjarstýringu. Er bæði fyrir 12 og 220V.

TILBOÐ ▶ 34.990

FULLT VERÐ kr. 39.990



Dantax 20LCD83

20" Nicam stereo LCD SJÓNVARP með 640x480 punkta upplausn, Scart, CVBS og heymartólstengi, VGA tengi, textavarpi, heymartólstengi, borðstandi og fjarstýringu.

TILBOÐ ▶ 49.990

FULLT VERÐ kr. 64.990



PHILIPS 23PF4321

23" HD LCD BREIÐJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Crystal Clear og Progressive Scan, HD Ready, 450:1 skerpu, 20w stereo hljóðkerfi með Virtual Dolby Surround, Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heymartólstengi, DVI-i tengi (stýður VGA, SVGA, XGA og WXGA), textavarpi og fjarstýringu.

TILBOÐ ▶ 79.990

FULLT VERÐ kr. 109.990



GRUNDIG LW825605

32" HD LCD BREIÐJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, 1.000:1 skerpu, 20w Nicam stereo hljóðkerfi, 2 Scart (með RGB), HDMI, SVHS, CVBS og heymartólstengi, VGA tengi (stýður WXGA) og textavarpi.

TILBOÐ ▶ 129.990

FULLT VERÐ kr. 139.990



JVC LT26A61

32" HD LCD BREIÐJALDSSJÓNVARP með Progressive Scan, 1366x768 punkta upplausn og 1000:1 skerpu, 500cd/m2 birtu, 7ms svartíma, HD Ready, 20w Nicam Stereo hljóðkerfi, textavarpi, 2 Scart (með RGB), SVHS, CVBS, Component og PC tengi (DVI), borðstandi, heymartólstengi og fjarstýringu.

TILBOÐ ▶ 139.990

FULLT VERÐ kr. 159.990



THOMSON 32LB132B5

32" LCD HD BREIÐJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Hi-Pix2 myndtækni, Progressive Scan, HD Ready, 1.000:1 skerpu, 2x20w Nicam stereo hljóðkerfi með BBE Viva Surround, 2 Scart (með RGB), HDMI, Component, CVBS og heymartólstengi, kortalesara og USB tengi, VGA tengi, textavarpi, fjarstýringu og borðstandi.

TILBOÐ ▶ 139.990

FULLT VERÐ kr. 179.990




DIBOSS LT40H5LPH

40" HD LCD BREIÐJALDSSJÓNVARP með 1366x768 (WXGA) upplausn, Progressive Scan, Antireflex og Digital Comb Filter, HD Ready, 1000:1 skerpu og 8ms svartíma, (H/V): 176/176° sjónsviði og 500 cd/m2 birtustigi, 20w Nicam stereo hljóðkerfi, 2 Scart (með RGB), SVHS og RCA tengi, PC-ingangi (VGA), HDMI og Component tengi, heymartólstengi, textavarpi, fjarstýringu og borðstandi. Passar fyrir VESA festingar.

TILBOÐ ▶ 199.990

FULLT VERÐ kr. 259.990



PHILIPS 42PF5331

42" HD Plasma BREIÐJALDSSJÓNVARP með 1024x1080i punkta upplausn með Skerpu 3.000:1, Digital Crystal Clear og Progressive Scan, HD Ready, Contrast Plus og Active Control, 2x30w Nicam Stereo hljóðkerfi með Virtual Dolby Surround, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heymartólstengi, textavarpi, fjarstýringu og borðstandi.

TILBOÐ ▶ 209.990

FULLT VERÐ kr. 249.990



PHILIPS 37PF7331

37" LCD HD BREIÐJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Pixel Plus myndtækni, Digital Noise Reduction og Progressive Scan, HD Ready, 2.400:1 skerpu, Active Control, 2 x 30w Nicam stereo hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heymartólstengi, textavarpi, fjarstýringu og borðstandi.

TILBOÐ ▶ 239.990


FULLT VERÐ kr. 269.990



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍK/URSVEIÐIÐ: Hagkaup, Smáralind, VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi, Samkaup, Borgarnesi, Blómsturvellir, Hellissandi, VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrimsfjarðar, Drangnesi, Þrustur, Ísafirði, NORÐURLAND: KF Steingrimsfjarðar, Hólmavík, KF V-Húvetninga, Hvammstanga, Krákur, Blönduósi, Skagfirðingabúð, Sauðárkrúki, Öryggi, Húsvík, AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum, Verslunin Vík, Egilsstöðum, Verslunin Vík, Neskaupsstað, Kaupþún, Vognafríði, KF Héraðsbúa, Seyðisfirði, Tumbraður, Seyðisfirði, Sparkaup, Fáskrúðsfirði, Verslunin Vík, Reyðarfirði, Martólvan, Höfn Hornafirði, SUÐURLAND: Mosfell, Hellu, Fossvá, Selfossi, Rás, Þorlákshöfn, Brínnes, Vestmannaeyjum, Geisli, Vestmannaeyjum, REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík, Rafeindatækni, Keflavík, Rafagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.



ÖNNUM KAFINN Í KOSNINGABARÁTTUNNI Bush bretti upp ermarnar í vikunni og tók í hendurnar á fjölda fólks. Þessi mynd var tekin í bænum Statesboro í Georgíurík á mánudaginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Demókratar bjartsýnir á sigur

Það verða spennandi kosningar í Bandaríkjunum á þriðjudag. Kannanir benda til að demókratar nái meirihluta í fulltrúadeildinni og mögulega í öldungadeildinni einnig, þótt það sé tvísýnna. Þrátt fyrir kannanir segist Bush sigurviss. *Guðsteinn Bjarnason* skoðar helstu kosningamálin.

Aðalkosningamálið í Bandaríkjunum er tvímælalaust stríðið í Írak. Bandaríkjamenn ganga til þingkosninga á þriðjudaginn og flestir reikna með því að Repúblikanaflokkurinn, sem er flokkur Bush forseta, muni tapa fylgi. Jafnvel missa meirihlutann í báðum þingdeildum.

Skoðanakannanir benda þó til þess að mjótt geti orðið á mununum, einkum í kosningu til öldungadeildarinnar þar sem demókratar þyrftu að bæta við sig sex þingsætum til að ná meirihluta. Sex þingsæti eru býsna drjúgur hluti þeirra 33 þingsæta sem kosid er um að þessu sinni, því að venju er einungis kosid um þriðjung þingsæta öldungadeildarinnar.

Meiri líkur þykja á því að Demókrataflokkurinn nái þingmeirihluta í fulltrúadeildinni, enda er kosid um öll 435 þingsæti þeirra deildar á þriðjudaginn. Þar þurfa demókratar að bæta við sig fimmtán þingsætum.

Demókratar segjast þess fullvissir að þeir muni sigra og ástæðan sé vaxandi óánægja Bandaríkjamanna með stríðið í Írak. Skoðanakannanir sýna að nú sé meirihluti Bandaríkjamanna kominn á þá skoðun að mistök hafi verið að senda herinn þangað og enn fleiri eru óánægðir með það hvernig Bush forseti hefur staðið að stríðsrekstrinum.

Bush segist sigurviss

Sjálfur lét þó George W. Bush engan bilbug á sér finna þegar hann talaði á fundi í borginni Billings í Montanaríki á fimmtudaginn.

„Ímyndid ykkur þetta: Við erum í miðju stríði gegn hryðjuverkamönnum og ein mikilvægasta baráttan á sér stað í Írak, en samt hafa demókratar enga áætlun til sigurs. Þeir hafa enga hugmynd um hvernig eigi að ná sigri. Hörð gagnrýni er ekki það sama og áætlun til sigurs,“ er haft eftir Bush í fréttaskeytum

frá AP fréttastofnunni.

Demókratar láta sér hins vegar fátt um finnast, þótt Bush beri sig vel.

„Hvíta húsið virðist vera að spila þessu upp í hendurnar á okkur,“ sagði til dæmis öldungadeildarþingmaðurinn Chuck Schumer, sem hefur stjórnað kosningabaráttu Demókrataflokksins í ár. „Þeir eru sífellt að minna almennig á að það verða engar breytingar í Írak,“ bætti hann við, og vísaði þar meðal annars til þess að Bush forseti lýsti því yfir á miðvikudaginn að hinn afar umdeildi varnarmálaráðgjafi, Donald Rumsfeld, sem þykir bera einna mesta ábyrgð á því hvernig staðið hefur verið að stríðinu í Írak, verði áfram í embætti sínu allt til loka kjörtímabils forsetans, sem rennur út í ársbyrjun árið 2009.

Hneykslismál repúblikana

Annað sem sett hefur svip á kosningabaráttuna og saxað veru-

þurfti þingmaðurinn Mark Foley að segja af sér vegna þess að hann varð uppvis að því að senda dónaleg skilaboð til snúningapilta í þinginu.

Mestu munar að þessi mál virðast hafa kostað Repúblikanaflokkinn fylgi margra kristinna heittrúarmanna á hægri væng stjórnmálanna, sem telja sig ekki lengur geta greitt flokknum atkvæði sitt vegna spillingar í röðum þingmanna. Kristnir hægri menn hafa löngum þótt ein af burðarstöðum Repúblikanaflokksins og Bush hefur jafnan lagt mikla áherslu á að höfða til þeirra, meðal annars með misvinsælum yfirlýsingum um eigin trúarskoðanir.

Búist við tafsamri talningu

Fari svo að Repúblikanaflokkurinn missi meirihlutann, þótt ekki sé nema í annarri deildinni, þarf Bush að reida sig á stuðning andstæðinga sinna í Demókrataflokknum í hvert einasta skipti sem hann vill koma einhverju máli í gegnum þingið. Og




eykur verulega líkurnar á því að tafir og ýmiss konar vandræði komi upp við talningu atkvæðanna.

Venjulega hafa um það bil fimm prósent kjördæma notast við nýjar kosningavélar, en í ár er það hlutfall sextu prósent.

„Það er óhugnanlegt. Það er

virkelega óhugnanlegt,“ sagði Sheldon Gawiser, sem stjórnar kosningumfjöllun hjá NBC sjónvarpsstöðinni, og bætti því við að það sem hann hefði mestar áhyggjur af í sambandi við þessar kosningar sé hættan á því að kosningavélar bili í stórum stíl. ■

Helstu kosningamálin



Heimildir: Ipsos, skoðanakannanir

© GRAPHICNEWS

”Hvíta húsið virðist vera að spila þessu upp í hendurnar á okkur.

lega á fylgi repúblikana eru hneykslismál af ýmsu tagi, sem virðast hafa sannfært marga kjósendur um að repúblikanar séu ekki endilega sú fyrirmynd í síðferðismálum sem þeir hafa gefið sig út fyrir að vera.

Eitt af þessum málum snýst í kringum Jack Abramoff, sem lengi vel starfaði við það að afla hagsmunamálum af ýmsu tagi fylgis meðal þingmanna á þriðjudaginn að því að bjóða þingmönnum bæði peninga og annars konar greiða í skiptum fyrir atkvæði. Hann situr nú í fangelsi. Í sumar sagði síðan Tom DeLay, leiðtogi þingmeirihlutans í öldungadeildinni, af sér, meðal annars vegna ásakana um að hafa tekið þátt í peningabætti. Og nú síðast

jafnvel þótt repúblikanar haldi þingmeirihlutunum í báðum deildum, þá þykir flest benda til þess að þingið verði tregara til þess að samþykkja áform forsetans í stríðinu í Írak þau tvö ár sem eftir eru af kjörtímabili hans.

Eins og venjulega skiptir þó verulegu máli hvort kosningabátttakan verður mikil eða lítil. Úrslitin ráðast meðal annars af því hve stór hluti þeirra, sem eru óánægðir með Bush, nenna að fara á kjörstað. Verði kosningabátttakan lítil má síður búast við því að repúblikanar missi meirihlutann.

Bandaríska fréttastofan AP skýrði síðan frá því í gær að í þessum kosningum sé óvenju mikið notast við nýjar kosningavélar, sem



BRÚNKUKREM
Góð ráð um hvernig eigi að bera á sig brúnukrem og umsagnir um helstu kremin sem eru á markaðinum.

TÍSKA 5



POTTAPLÖNTUR OG MYNDLIST

Berglind Jóna Hlynsdóttir myndlistarkona notar pottaplöntur talsvert í list sinni og er bonsai ficus í sérstöku uppáhaldi hjá henni.

HEIMILI 12

allt

ALLT HITT

[BÍLAR, FERÐIR TÍSKA]

Westernair.co.uk býður upp á alls konar pakkaferðir út um allan heim á mjög sanngjörnu verði. Hægt er að bóka langþráðu draumaferðina og í boði eru ferðir meðal annars til Antarktíku og Zambíu. Núna er tíminn til stinga af og slappa af.

Sannkallað rigningarveður hefur verið undanfarið. Þess vegna er mikilvægt að hafa regnhlífina tilbúna svo að maður blotni ekki. Hægt er að kaupa ódýrar regnhlífar í Tíger búðunum og endast þær einstaklega vel.

Ófrískum konum er mikilvægt að vera með meðgöngubílbelti á meðan þær eru að keyra. Það er sérhannað fyrir ófrískar konur og og ætti beltíð að vera notað frá og með öðrum mánuði meðgöngunnar. Hægt er að panta beltíð hjá öryggisverslun VÍS.



Arna Gunnarsdóttir og Kristján Gylfason við veiðitrukkinn sem þjónar bæði í brúðkaupum og veiðiferðum.

MYND/HEIÐA.IS

GÓÐAN DAG!

Í dag er laugardagurinn 4. nóvember, 308. dagur ársins 2006.



Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	9.20 13.11	17.02
Akureyri	9.15 12.56	16.36

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is

Veiðilukka á brúðkaupsdaginn

Arna Gunnarsdóttir hefur aldrei viljað setjast upp í veiðibíl eiginmannsins Kristjáns Gylfasonar, en á brúðkaupsdaginn tók hún til sinna ráða og kom honum að övörum við kirkjudyrnar.

Bíllinn sem er Toyota Hi-Lux árgerð '82 keyptu þeir félagarnir Kristján Gylfason og Steinþór Guðmundsson fyrir um sex árum í Reykjavík. Bíllinn er fagurlega skreyttur í felulitunum og er í daglegu tali þeirra félaganna kallaður veiðitrukkurinn. „Við notum hann mest í veiðiferðir og handmáluðum hann í felulitunum þegar við fengum hann,“ segir Kristján hlæjandi, bersýnilega ánægður með gripinn. Þeir félagarnir hafa farið í ótal veiðitúra á bílnum og finnst mikilvægt að viðhalda veiðuútlitinu. „Við höfum stundum tekið með málningardollu og pensla í veiðiferðir og dyttað að honum þegar ekkert er að gera,“ segir Kristján og finnst það ekki ósennilegt að bíllinn hafi aukið á veiðilukku þeirra félaganna. Innan bæjarmarkanna vekur bíllinn alltaf mikla athygli en þó mest meðal yngri kynslóðarinnar. „Krökk-

unum okkar, þeim Aðalheiði og Gylfa sem eru sjö og átta ára, finnst alveg rosalegt sport að rúnta um bæinn á þessum bíl, en hann er bara tveggja sæta, svo það er stundum rifist um þetta eina sæti,“ segir Kristján. Fjölskyldan notar þó Subaru í mun eðlilegri litum dagsdaglega enda harðneitar Arna eiginkona Kristjáns að setjast upp í bíllinn að öllu jöfnu. „Ég var búin að fá lánaðan stóran og flottan jeppa á brúðkaupsdaginn okkar um verslunarmannahelgina síðustu, en þegar ég kom út úr kirkjunni var veiðitrukkurinn mættur og þá hafði Arna platað Steinþór út í þetta,“ segir Kristján brosandi. Veiðitrukkurinn var þá glansandi fínn og hreinn í tilefni dagsins og vakti trukkurinn mikla athygli þessa helgi á Akureyri, þar sem þau hjónin búa. Kristján segir þó að veiðitrukkurinn eigi sennilega bara eitt eða tvö sumur eftir. „Við fáum okkur bara nýjan þegar þessi getur ekki meir og málum hann að sjálfsöguðu í felulitunum eins og hinn,“ segir Kristján Gylfason að lokum.

rh@frettabladid.is

TM Sveigjanlegir möguleikar með TM - bílaláni

Bílalán TM TRYGGINGAMÍÐSTÖÐIN / Sími 515 2000 / tm@tryggingamidstodin.is

Ég vil komast í samband við traustan ferðafélaga, sem finnst gaman að skoða náttúruna!

Heitustu réttirnir eru kaldir réttir!



Laxa Sushi

kr.990



Laxa-nigiri sushi

kr.690



Sesamnúðlur með kjúkling og grænmeti

kr.650



Kjúklingur, grænmeti og Sushi

kr.995



Wrap með kjúkling og grænmeti

kr.650



Blandað Sushi

kr.990



Tandoori- og Terryakikjúklingur með grænmeti

kr.690



Lax, grænmeti og Sushi

kr.995

NINGGS

-og
kroppurinn blómstrar!



VEITINGAHÚS NINGS
SUÐURLANDSBRAUT 6,
HLÍÐASMÁRA 12 OG VIÐ GULLINBRÚ

WOK BAR NINGS
SMÁRALIND
HAGKAUP KRINGLUNNI

Ljúffengur, ferskur og hollur matur frá matreiðslumeisturum Nings

alt bílar o.fl.



Preyta getur hrjád ökumenn og er mikill áhættuþáttur í umferðinni. Mörg slys má rekja til ökumanna sem sofnað hafa undir stýri. Sæki þreytan að er gott ráð að fara út í kant og láta líða úr sér áður en haldið er áfram.

SMS
Bílasprautun og réttingar

- Réttum og málum allar tegundir bíla
- Við vinnum fyrir öll váttryggingarfélagin
- Fíjót og góð þjónusta
- Útvegum bílaleigubíla
- Yfir 20 ára reynsla

CABAS tjónamat

Smíðshöfði 12
110 Reykjavík
bilasprautunama@simnet.is

Sími 567 1101
Gsm 868 8317
Fax 567 1182

Gabriel höggdeyfar, **AISIN** kúplingssett, **TRISCAN** spindilkúlar, stýrisendar, gormar. Drifliðir, drifliðshlífar, ballansstangir. Tímareimar, ökuljós, stefnuljós ofl. Sætaáklæði, sætahlífar á stóla – vatnsheldar fyrir veiðimenn, hestamenn o.fl. Kerruljós, bretti og nef-hjól á kerrur. Bílamottur.

GSvarahlutir
Sími 567 6744 • Bílshöfða 14 • 110 Reykjavík

BIFREIÐAVERKSTÆÐI
FRÍÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.
Smíðjuvegi 22 (Græn gata) • 200 Kópavogur
Sími: 567 7360 • www.bfo.is

SUBARU Þjónusta
HONDA Þjónusta
NISSAN Þjónusta

NEW HOLLAND vinnuvélar **Réttu vélarnar í verkjól!**

STURLAUGUR & CO
Fiskislóð 14
101 Reykjavík
Sími: 551 4680
www.sturlaugur.is

Sendum frítt um land allt!

Jeppadekk

Úrval af stærðum upp í 33"

31" heilsársdekk
verð frá kr. **12.900**

Við míkroskerum og neglum!

Opið á laugardögum 9-13

ALORKA
www.alorka.is Vagnhöfða 6 • Sími 577 3080

Mest
lesna tímaritið*

birta
*Gallup Október 2005



REYNSLUAKSTUR

Kia Sorento er bíll sem kemur á óvart.

Fjór hjóladrifs bíll fyrir fjölskyldur og ferðafólk

Reynsluakstur Kia Sorento.

Árið 2002 kom Kia Sorento sportjeppinn fyrst á markað og markaði stefnubreytingu hjá Kia fyrir tækinnu. Fram að því hafði öll áhersla verið lögð á að smíða litla og mjög hagkvæma bíla, en með Kia Sorento varð breyting þar á. Átak var gert til að bæta alla framleiðslulínuna, sem skilaði sér mjög fljótlega, og tveimur árum seinna varð Kia Sorento söluhæsti bíll Kia. Vinsældir jeppans hafa aukist jafnt og þétt síðan og hefur honum verið vel tekið hér á landi. Sportjeppinn Kia Sorento er fallegur að sjá og stærðin á honum er mjög þægileg. Miðað við hvað bíllinn er á hagstæðu verði kemur það manni á óvart hversu mikið hefur verið lagt upp úr innréttingum bílsins. Mælaborðið er einfalt en þjónar sínum tilgangi vel og gott er að komast í öll stjórn tæki, bæði í mælaborði og hurðum. Mikið eru um hólfi í bílnum og hugað að smáatriðum eins og að hafa gleraugnahlutur fyrir tvö þör af gleraugum.

Vel fer um bílstjórnann og



Farþegarymi er mjög gott. Fótapláss er mikið og sætin afar þægileg.



Mælaborðið er einfalt en þjónar sínum tilgangi vel.

farþega og útsýni gott úr öllum gluggum. Manni bregður aðeins við þegar bíllinn er settur í gang þar sem það heyrir dálítið hátt í vélinni, en svo sem ekki við öðru að búast þar sem um dísilvél er að ræða. Maður hættir þó algerlega að taka eftir hljóðinu um leið og ekið er af stað. Sjálfskiptingin er mjög þægileg þótt hún sé ekki sérstaklega snörp í skiptingum en þó ekki svo að það háí manni.

Hann lætur vel á mölinni, rennur ekki til, liggur vel á veginum og bremsurnar standa sig sem skildi. Grýttar brekkur og blautir moldarvegir eru ekki mikil fyrirstaða en fjöðrunin er dálítið höst, sem veldur því að hann hristist mikið á ójöfnu undirlagi. Fyrir þá sem oftast aka um á malbikuðum vegi ætti fjöðrunin ekki að vera vandamál þar sem maður finnur ekki fyrir þessari stífni.

Kia Sorento er fyrirtaksbíll sem hentar vel fyrir innanbæjarakstur allan ársins hring, sérstaklega þar sem allra veðra er von. Hann ætti að henta ferðafólki og fjölskyldum sérstaklega vel þar sem hann er rúmgóður



Bíllinn er allur mjög áferðarfallægur og stílhreinn.

KIA SORENTO 4X4

Vél: 2.5 EX dísil 170 hestöfl/392 Nm
Eyðsla, bl. akstur: 8,6 l.
0-100 km/klst. 12,4
Þyngd: 2030 kg.
Farangursrymi: 441-1751 l.
Verð: frá 3.475.000

PLÚSAR:

Verð
Þægindi
Útsýni gott

MÍNUSAR:

Stíf fjöðrun á mól
Hæg sjálfskipting

og þægilegt er að sitja í honum langar vegalengdir. Einnig er hann góður til ferðalaga þar sem hann er fjór hjóladrífinn og ræður vel við þær hindranir sem geta orðið á vegi manns á ferðalagi um landið. Helsti kosturinn hans er þó óneitanlega verðið, og má segja að maður fái mikið fyrir lítið.

kristineva@frettabladid.is



Farangursrymið er gott og sérstaklega þægilegt er að hurðin að aftan er tvískipt, þannig að hægt er að opna efrri hluta hennar sér.



Geymslupláss er mjög gott á milli sætanna. Hólfunum er skipt vel upp og ætti því að vera auðvelt að halda skipulagi á óreiðunni.

YKKAR BÓNUS Í BÍLAVARAHLUTUM

EIGUM VARAHLUTI Í FLESTAR GERDIR EVRÓPU & ASÍUBÍLA

AB VARAHLUTIR
BÍLDHÖFÐA 18 - SÍMI: 567 6020
WWW.ABVARAHLUTIR.IS
★ AB - ALLTAF BETRI ★

BODDÝHLUTIR - GRINDUR - LJÓS - SPEGLAR - VATNSKASSAR OG FLEIRA

Hekla veltir mestu

Hekla velti bílafyrirtækja mest hérlendis á síðasta ári. Bernhard er aftur hástökkvari ársins.

Þetta kemur fram í nýjasta hefti Frjálsrar verslunar. Velta Heklu var 18.766 milljónir á síðasta ári sem er 36 prósentu aukin velta milli ára.

Mikill uppgangur var í bílasölu á árinu og óx vegur flestra umboða. Eðli málsins samkvæmt jókst velta minni fyrirtækja mest. Bernhard fer þar fremst í flokki en velta umboðsins jókst um 62 prósent. Gamli risinn Ingvar Helgason jók veltu sína um 49 prósent á sama tíma og Kraftvélar juku sína um sextíu prósent.



Hekla er með mestu veltu bílaumboða hérlendis.

Aðeins Toyota gaf upp hagnað sinn en fyrirtækið skipti um eigendur á árinu. Það má ganga út frá því að hagnaður hafi verið mikill hjá flestum og á síðunni www.billinn.is er greint frá því að nokkur umboð hafi greitt starfsmönnum sínum 13. mánuðinn í bónus.

-tg



Bíllinn verður frumsýndur í janúar.

3-línan 2007

BMW FRUMSÝNDI Á DÖGUNUM 2007 ÁRGERÐINA AF BLÆJUBÍL 3-LÍNUNNAR.

Bíllinn er með svokölluðum „hard top“ sem samsettur er úr þremur einingum. BMW fer í fyrsta skipti þessa leið með 3-línuna en þetta þýðir að bæði afturrúða og hliðarúður hafa stækkað og er útsýni nú 38 prósentum betra. Blæjan er að sjálfsögðu rafdrifin.

Bíllinn er 306 hestöfl og á að komast úr núll upp í hundrað á 5,8 sekúndum. Hann verður fyrst sýndur almenningi á bílasýningunni í Detroit í janúar á næsta ári.

-tg

Toyota í landvinningum

SAMKVÆMT JAPANSKA FJÖLMIDLINUM MAINICHI HYGGST TOYOTA OPNA VERKSMÍÐJUR Í BANDARÍKJUNUM.

Þetta hljómar undarlega, sérstaklega í ljósi flotta amerískra bílaframleiðanda frá heimahögunum. Nokkrum verksmiðjum General Motors og Ford hefur verið lokað að undanförmu í Bandaríkjunum og fyrirtækin flutt sig norður fyrir landamærin til Kanada.

Toyota ætlar sér að opna tvær verksmiðjur til að byrja með. Önnur verður gangsett árið 2009, og verða Yaris-bílar framleiddir þar, og í annari verksmiðju sem tekin verður í notkun árið 2010 verða framleiddir sportjeppar.

-tg



Yaris verður í framtíðinni framleiddur í Bandaríkjunum.

Arctic Trucks jeppa- og ferðalagaskólinn

Námskeið

● Jeppanámskeið

9. nóvember frá kl. 20-22. Vilhjálmur Freyr Jónsson tæknifræðingur. Námskeiðið tekur yfir flesta þætti jeppaferðamennsku. Fjallað verður um kosti og eiginleika jeppans og viðbrögð við mismunandi aðstæðum. Þátttakendur fá afhenta Jeppabók Arctic Trucks sem er 120 síða hafsjór af fróðleik.

● Grundvallarnotkun jeppans og GPS-tækisins

16. nóvember frá kl. 20-22. Vilhjálmur Freyr Jónsson tæknifræðingur og Árni Jónsson verkfræðingur. Námskeiðið tekur yfir grundvallaratriði í notkun jeppa og jeppaferðamennsku ásamt helstu grundvallaratriðum í notkun GPS-tækisins. Þátttakendur fá afhenta Jeppabók Arctic Trucks sem er 120 síða hafsjór af fróðleik.

● Ítarleg kennsla á GPS-tækið

23. nóvember frá kl. 20-22. Ríkarður Sigmundsson, hjá R. Sigmundssyni ehf. Allar helstu og mikilvægustu skipanir, taka punkta og gerð ferla auk yfirfærslu í tölvu og skoðun í Google Earth. Sjón er sögu ríkari.

● Suðurskautsferðin 2005

30. nóvember frá kl. 20-22. Gunnar Egilsson ferðafrömuður. Gunnar segir í máli og myndum frá ferðinni á Suðurskautið 2005 og undirbúningi hennar.

Skráning á jeppar.is og í síma 540 4900.



Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is

06-0050 KC



Frelsi í öðru veldi

Arctic Cat 2007 frumsýning

Laugardaginn 4. nóv. frá kl. 12 til 16 kynnum við nýju Arctic Cat 2007 línurnar, en þar ber að sjálfsögðu hæst frumsýning á nýju F línunni.

Að þessu ánægjulega tilefni efnum við einnig til frumsýningargleði í sýningarsal okkar að Grjóthálsi 1, föstudaginn 3. nóvember nk. frá klukkan 18 til 20 og eru allir velkomnir.



ARCTIC CAT
www.arcticcat.com.



B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • www.bl.is • Sími: 575 1200

www.bl.is

HVAÐ ER... SUPERCHARGER?

Meira loft gefur meiri kraft

Í sprengihólfum véla er kveikt í bensíni svo sprenging verður. Við þessa sprengingu verður til orkan sem nýtt er til að knýja bílinn áfram. Nærvera súrefnis er forsenda þess að bensín brenni þannig að í sprengihólfunum er ekki einungis bensín heldur einnig loft.

Hlutverk forþjöppu (supercharger) er að að þjappa loftinu saman áður en það fer inn í sprengihólfin svo meira súrefni sé til staðar þegar sprengingin á sér stað. Meira súrefni þýðir að hægt er að brenna meira bensín, og það þýðir stærri sprengingar og meiri kraft.

Forþjappan er tiltölulega einföld að byggingu þó óteljandi afbrigði og útfærslur séu til. Drifskaftrá bílsins sér um að snúa víftu í forþjöppunni sem í kjölfarið knýr aðra víftu sem soga loft inn um loftinntak vélarinnar. Í turbo superchargers, oft kallað turbochargers, er það útblástur vélarinnar sem sér um að knýja fyrri víftuna en það gerir forþjöppunni kleift að vinna betur við lágan snúning.

Venjulegar vélar vinna með loft við þrýsting sem nemur 14,7 psi (pounds per square inch). Það

er sami þrýstingur og í andrúmsloftinu í kringum okkur. Meðal forþjappan eykur hins vegar þrýstinginn á loftinu í vélinni um 6 til 8 psi. Hafir þú heyrð bílagúrú tala um að hann sé að dæla 6 pundum á vélina á hann við að forþjappan hans auki loftþrýstinginn úr 14,7 psi í 20,7 psi.

Hitinn í túrbínunum getur orðið mikill þar sem vífturnar snúast á ótrúlegum hraða. Þær ná allt að 150.000 snúningum á mínútu, en til samanburðar eyðileggjast vélar flestra fólksbíla ef snúningurinn fer mikið upp fyrir 7.000 snúninga á mínútu. Til að hindra skemmdir á vélinni af völdum forþjöppunar þarf að koma til svokallaðar „wastegate“ ventill, en hann hleypir lofti út af túrbínunni ef snúningshraðinn verður of mikill fyrir vélinu.

Intercooler er oft nefndur í sömu andrá og forþjappa. Eins og alþjóð veit er kalt loft þéttara í sér en heitt loft. Þess vegna kemst meira af súrefni í sprengihólfið ef loftið er kalt. Intercooler er einskonar vatnskassi en hlutverk hans er að kæla loftið áður en það fer inn í sprengihólfin og auka þannig kraft vélarinnar.



Nýja formúlubrautin verður 4,2 km löng og fellur undir flokkinn 2+t.

MYND/RACECAR ENGINEERING

Nýtt akstursíþróttasvæði sem mun gjörbylta mótorsportinu

Verið er að reisa akstursíþróttasvæði á gatnamótum Grindavíkurafleggjara og Reykjanesbrautar, með fullkominni formúlubraut.

„Formúlubrautin er 4,2 km að lengd og fellur í svokallaðan 2+t flokk, sem þýðir að Formúla 1 megi vera með æfingaakstur en ekki keppnishald á brautinni,“ segir Vilhjálmur Vilhjálmsson, einn eigenda MotoPark, sem ásamt fleiri fyrirtækjum stendur að byggingu Iceland MotoPark, eins og svæðið kallast.

Hönnun brautarinnar er unnin í samstarfi við alþjóðsambandið FIA og teikningarnar voru prófaðar í hermi áður en byggingaframkvæmdir hófust. „Ströngustu stöðlum var fylgt, svo fagmennska hefur hvarvetna verið höfð í fyrir-rúmi,“ segir Vilhjálmur. „Því verður leyfilegt að keppa í öllu öðru en Formúlu 1.“

Auk formúlubrautarinnar verður 1,4 km kvartmílubraut og 1.200 metra go-kart braut, sem hafa verið hannaðar út frá reglugerðum FIA svo hægt verði að keppa á þeim. Þarna verða einnig endurbýgðar motocross-braut og sérstök tor-



Glæsilegt hótél með verslunum verður reist á svæðinu þar sem gestir geta látið fara vel um sig.

MYND/RACECAR ENGINEERING

færubraut fyrir torfærujeppa. Vilhjálmur spáir því að nýju brautinar muni gjörbreyta aðstöðunni fyrir akstursíþróttir á Íslandi.

Á svæðinu verður líka glæsilegt hótél umkringt verslunum og skóli rekinn af Trevor Carling, sem hefur látið töluvert að sér kveða í akstursíþróttum. „Þar verður kennd smíði og akstur einsættsbíla,“ útskýrir Vilhjálmur.

Að sögn Vilhjálmss kviknaði hugmyndin að svæðinu í kjölfar kaupna MotoPark á go-kart brautinni í Reykjanesbæ. „Landið var seinna selt undir verslunarmiðstöð á vegum Smáratorgs og samkomulag

gert við Reykjanesbæ um að færa brautina að gatnamótum Grindavíkurafleggjara og Reykjanesbrautar, vegna þess aðdráttarflis sem hún hefur,“ útskýrir hann.

„Við fórum seinna í samstarf við Clive Bowen,“ heldur Vilhjálmur áfram. „Hann á heiðurinn að viðskiptalíkanum sem gaf góða raun í Dubai og við höfum haft að leiðarljósi hér, en það gengur út á að byggja upp braut og landið í kring og selja síðan landið til að fjármagna brautina. Við höfum einnig fengið sömu aðila til liðs við okkur og stóðu að framkvæmdunum þar, enda með víðtæka reynslu á þessu sviði.“

Eins og stendur hefur verkefnavinna staðið yfir í tvö ár og hefur miðað vel áfram. Hönnunarvinnu er lokið, formúlubrautin fullmótud, og vonast Vilhjálmur að skipulagsferlinu ljúki á næsta ári.

roald@frettabladid.is

Jay Leno við afhjúpun Ecojet



Metan-ofurbíll Jay Leno

Jay Leno vakti mikla athygli með afhjúpun ofurbíls í þætti sínum. Bíllinn er knúinn metangasi.

Bíllinn nefnist Ecojet og er hugarfóstur Lenos og General Motors.

Yfirbygging bílsins er úr trefjaplásti, gluggarnir úr lexan og grindin úr áli frá álverinu í Straumsvík.

Vélin er enginn kettlingur heldur 650 hestafla Honeywell LT1 þotu vél sem skila ætti Leno hratt en allt annað en örugglega í vinnuna. - tg



Vissir þú að 90% af sjálfskiptingum bíla vegna hitavandamála?

Láttu skipta um olíu og síu á sjálfskiptingunni. Sjálfskiptingar, stillingar og alhliða viðgerðir.

Bifreiðastillingin ehf. • Smiðjuvegi 40d • Sími 557 6400



Tökulið frá RÚV fylgdist með þegar fyrsta „skóflustungan“ var tekin á svæðinu.

MYND/ÓLAFUR GUBMUNDSSON RACECAR ENGINEERING



Vilhjálmur Eyjólfsson, Vilhjálmur Vilhjálmsson og Clive Bowen.

MYND/CHARLES ARMSTRONG-WILSON RACECAR

Höfum til afhendingar strax



BluCamp Sky 20

BluCamp Sky 20. Nýr 2007. Ford 2,2 Lt 130 hestófl - Commandrail diesel, ABS - EBD Aksturstafla - Útihitamælir - Leður stýri - Armpúðar á sætum. Loftkæling-2 öryggisþúðar - Útvarp - Geislaspilar með fjarstýringu. Rafm. í rúðum - Girskipting í mælaborði - Þjófavörn með fjarstýringu. Lengd 6,37 - Svefnpláss fyrir fjóra - Tvíbreitt rúm aftur í. Þrjú punkta öryggisbelti fyrir fjóra - Stór dekk 215/75 R16".

Verð 4.950.000 kr. með vsk. skráður og skoðaður.



Renders árg 1997

Renders 3 öxla niðurbýgður flutningsvagn á tvöföldum dekkjum með loftþúðafjórðun skjólbörðum og segli yfir. Lengd 13,5 metra **Verð 970.000 kr. +vsk**

Getum einnig útvegað vörubíladekk á góðu verði



MAN 26.430

Man 26.430. fyrst skráður Desember 2005. Sem nýr Tveggjadrifa dráttarbill á lofti að aftan með sturtu-dælu. Nádrif - XL Hús með einni konu - Sólskyggni - Kælibox - Simkerfi - Útvarp og geislaspilari - Rafm. í rúðum og speglum - loftkæling. Ekinn aðeins 48.000 km.

Verð 6.750.000 + vsk. skráður og skoðaður.

Bílexport á Íslandi ehf.

Bóas sími 0049-175-271-1783 • Eðvald sími 896-6456 • www.blexport.dk boas@blexport.dk



F-lína Arctic Cat.

Nýir Arctic Cat sleðar

Nýja F-lína Arctic Cat vélsleðanna verður kynnt í B&L síðar í dag.

Á frumsýningunni verður jafnframt 2007 árgerðinni af M-línu fjallasleðum kynnt sem og Crossfire sleðar.

F-línan skartar ýmsum nýjungum á borð við IRP-stillingar (Infinite Rider Positioning) og Slide Action afturfjórðun, ásamt nýrri 999 cc tveggja strokka vél. Hún er bæði aflmeiri og með betra viðbragð en þrjú strokka vélin sem hún leysir af hólmi.

- tg



Harpa Hauksdóttir lét gamlan draum rætast og opnaði græna og vistvæna heimagistingu í Laugardalnum.

Vistvænt gistihús

Harpa Hauksdóttir hafði starfað sem ráðgjafi og við ferðaþjónustu um árabíl þegar hún ákvað að láta gamlan draum rætast og fara út í eigin rekstur. Hún opnaði heimagistinguna Town House síðastliðið sumar með mannvænum og grænum áherslum og lét drauminn rætast.

Strax í byrjun var Harpa staðráðin í að fara eigin leiðir og ákvað að láta hugmyndir sínar um vistvænt og grænt líferni ráða ferðinni.

„Ég hef lengi haft áhuga á fjölbreyttri matarmenningu með grænt og vistvænt í forgrunni og fannst tilvalið að bjóða upp á gistingu með þessum áherslum,“ segir Harpa. Hún fór síðan á frumkvöðlanámskeið fyrir konur, Brautargengi, hjá Iðntæknistofnun og segir það námskeið hafa styrkt hana mikið í rekstrinum og hugmyndinni um þessa vistvænu leið. „Ég byrjaði á því að festa kaup á sérlega góðum rúmunum með heilsudýnum og hef markvisst gert það

sem í mínu valdi stendur til að allt sé mannvænt hjá mér,“ segir Harpa brosandí. Gestum Town House er boðið upp á heimatilbúin brauð, lífræna vítamín safu og annað dýrindis lífrænt ræktað góðgæti sem Harpa galdrar fram. „Ég reyni sjálf að borða heilbrigðan mat, gjarnan lífrænt og fannst gaman að geta boðið upp á slíkt mataræði hérna á Town House,“ segir Harpa. Út af starfi sínu sem ráðgjafi, meðal annars hjá Kvænnaathvarfinu, hafði Harpa menntað sig sem einkapjálafari og stefnir á að bjóða upp á líkamsræktaradstöðu á gistihúsinu þegar hún stækkar við sig. „Það er margsansað að heilsurækt og heilnæmt fæði stuðlar að því að líkaminn varir lengur og manni getur liðið fimmtán árum yngri en lífaldur segir til um,“ segir Harpa og bætir við: „En þá á ég ekki við einhverja æskudýrkun heldur að geta lifað fullnægjandi, aktívu, hlaupandi gleði lífi eins lengi og hægt er.“ Town House hefur það að markmiði að gestum líði vel og Harpa spyr gestina gjarnan álits til að geta bætt þjónustuna. „Ég hef morgunmat á boðstólnum fram á dag og hef

fengið mjög góðar viðtökur,“ segir Harpa og bætir við: „Mér hefur sjálfri alltaf fundist þeirrandi að geta ekki borðað þegar mér hentar svo ég ætla að reyna að sinna þeim sem vilja sofa aðeins frameftir.“ Hannes Sigurgeirsson, maður Hörpu, og sonurinn Ingvar standa þétt við bakið á Hörpu og finnst mikið til þess koma að vera með vistvænt og grænt gistihús heima. Aðsóknin hefur verið vonum framar og það er mikið búið að panta fyrir næsta sumar. „Hin hreina náttúra Íslands er það sem heillar erlent ferðafólk svo ég finn fyrir miklum áhuga á þessari grænu hugmynd,“ segir Harpa. Stefnan er tekin á nýtt gistihús sem verður opnað næsta vor með fallegum garði, líkamsræktaraðstöðu og potti þar sem grænu stefnunni verður haldið á lofti og núna er Harpa að leita að húsi á góðum stað í Reykjavík þar sem fljótlega verður hafist handa. Allar nánari upplýsingar um Town House, Laugarteig 26, er að finna á www.townhouse.is en Harpa tekur fram að síðan er í vinnslu. Síðan má hafa samband símleiðis: 5532919/6637929. rh@frettabladid.is



Jól á

Síðustu sætin á ótrúlegu verði

Kúbu

Nú fer hver að verða síðastur að tryggja sér sæti í ferð til Kúbu um jólin. Breyttu út af vananum og upplifðu hátíðirnar í sólinni og Karíbahafsstemningu. Bjóðum síðustu sætin á frábærum kjörum.

Bókaðu núna!

Kúba
Frá **79.990 kr.**

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíþýli á Hotel Arenas Doradas í viku með morgunverði, 16. des. Aukavika kr. 20.000. Aukagjald fyrir allt innifalið kr. 1.390 á dag.

Ferð 23. des. kr. 84.990.



16. des. Örfá sæti laus
23. des. Örfá sæti laus



Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001
Akureyrri sími: 461 1099 • Hafnarfjörður sími: 510 9500

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Stórmarkaður í stofunni heima

ÞÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

- smáauglýsingar sem allir sjá



Höfð verður viðkoma á Hveravöllum í jeppaferð Útivistar um Norðurland.

Haustferð á Norðurland

ÚTIVIST ÆTLAR AÐ BREGÐA SÉR Í HAUSTFEGURÐINA Á NORÐURLANDI 9. TIL 12. NÓV.

Hópur káttra jeppamanna ætlar að leggja land undir fót og bruna norður á land til að njóta hauststemningarinnar. Ferðin er farin á vegum Útivistar og lagt verður af stað frá Borgarnesi klukkan 19 þann 9. nóvember. Ekið norður í Blönduós og gisti í Húnaveri. Svo verður haldið af stað frá Steiná í Svartárdal og skoðaðar nokkrar perlur Norðurlands. Meðal þeirra staða sem heimsóttir verða í ferðinni eru Þrándarhlíðarfjall, Kiðaskarð, Mælifellsdalur, Bugavatn, Litlisandur, Gilhagadalur, Goðdalafjall og Skiptabakki. Gist aðra nóttina í Skiptabakkaskála og aðfaranótt sunnudags verður gisti á Hveravöllum. Ferðin er aðeins fyrir breytta bíla og skilyrði er að hafa VHF talstöð. Fararstjóri er Óskar Ólafsson og nánari upplýsingar um ferðina má fá hjá Útivist. - jósa



Einfalt val í útlöndum

Dæmi: Bílaleigubíll í viku


Baltimore kr. 18.207,-
Danmörk kr. 23.386,-
Þýskaland kr. 15.857,-

Verð er miðað við 7 daga leigu á bíl í A flokki. Innifalið í verðinu er ótakmarkaður akstur, kaskótrygging, flugvallargjald og skattur.

Budget
Car Rental

Bókanir í síma 562 6060 og á www.budget.is

Verðið gildir veturinn 2006-07. Athugið að verðið getur breyst vegna gengisbreytinga gjaldmiðla.



Origins. The Great Pretender á líkamann og Faux Glow fyrir andlitið. „Kremin eru bæði mjög góð. Berast vel á húðina og gefa af sér mjög fallegan lit. Lyktin af kreminu á líkamann hefur þessa týtísku lykt sem oft er af brúnkremum en Faux Glow er nánast lyktarlaust og virkilega gott.“



Mikið ertu brún!

Í dag hafa brúnkrem tekið miklum framförum frá því sem áður var, en þau verða æ vinsælli eftir því sem áróðurinn um neikvæð áhrif sólar á húðina verður meiri.

Okkur Vesturlandabúum hefur alltaf þótt það flott að hafa smávegis lit á líkamann. Við það virðumst við hraustari og hressari, en því miður fylgir sólbrúnkunni sú aukaverkun að húðin eldist fyrr, svo ekki sé minnst á hættuna á húðkrabbameini. Það er eflaust af þessum ástæðum sem vinsældir brúnkrema hafa aukist svo mikið undanfarið, á sama tíma og gæði þeirra hafa orðið meiri.

Fólk flækir það fyrir sér hvernig bera skuli kremið á líkamann og sumir óttast að þetta sé skaðlegt, eða að maður eigi eftir að enda eins og feiminn blettatígur. Sannleikurinn er sá að öll þessi krem eru algerlega skaðlaus, enda er það gagnsær sykurlitinn á húðinni og eðlisfræðin á bak við þetta er sú sama og þegar súrefni kemst í snertingu við skorið epli sem dökknar við það. Að

bera kremin á sig getur þó verið svolítið vandasamt og því um að gera að fylgja einföldum reglum við það.

- 1. Farðu í sturtu** eða bað og berðu á þig **kornamaska**. Nuddaðu honum vel á hné og olnboga.
- 2. Þurrkaðu húðina vel** eftir baðið og berðu svo á líkamann eitthvað létt **líkamaskrem**.
- 3. Notaðu latex hanska** þegar þú berð brúnkremið á (fást í apótekum) og taktu eitt svæði fyrir í einu. Sjáðu til þess að kremið dreifist jafnt.
- 4. Passaðu vel** að bera aldrei brúnkrem í **hárrótina** eða **augabrúnir**. Vandaðu þig við að bera kremið í andlitið.
- 5. Taktu af þér hanskana**, þvoðu hendurnar vel með sápu, skolaðu og þurrkaðu.
- 6. Settu smávegis brúnkrem á handarbakið** og nuddaðu þeim svo saman þannig að kremið berist jafnt á.
- 7. Ekki klæða þig** í a.m.k. fimmtán mínútur eftir að hafa borið á þig brúnkrem. Best er að gera þetta bara **fyrir svefninn** og fara svo aftur í sturtu um morguninn.

Fréttablaðið fékk nokkrar konur til að prófa brúnkrem fyrir sig og eftirfarandi eru umsagnir um kremin.



Orange Palms Preventor. Vandasamt er að koma í veg fyrir að lófarnir verði gulir eftir að brúnkrem hefur verið borið á. Til að koma í veg fyrir að þetta gerist er nauðsynlegt að þrifa lófana vel og Orange Palms Preventor kemur þar sterkur inn.



Clinique Quick Bronze Tinted Self-Tanner Mousse. „Mér fannst þetta frábært brúnkrem/froða. Svölitið flókið kannski að þurfa alltaf að hrista brúsnann inni á milli, en liturinn sem kom á líkamann var dökkur og fallegur. Liturinn náði fullri virkni á klukkutíma (mjög gott ef maður er að flyta sér) og var fljótur að þorna.“



Tískudrottningin Nicole Richie, er alltaf fallega brún eins og flestar aðrar Hollywood stelpur. Hvaða brúnkrem ætli hún noti?

Lancôme Flash Bronzer Airbrush á líkamann og Aqua Flash Bronzer fyrir andlit. „Þegar ég nota brúnkrem í úðaformi þá þarf ég alltaf að dreifa reglulega úr því með lófnum. Airbrush brúsnann varð frekar feitur og sleipur við þetta og þess vegna er kannski best að nota hanska og hafa handklæði tiltaekt svo að hægt sé að þurrka lófana inni á milli. Annars varð liturinn fluttur. Andlitsvatnið var svo alveg frábært. Maður setur það á sig með bómull og liturinn kemur strax fram. Mjög fallegur og náttúrulegur. Mæli algerlega með þessu.“

Estée Lauder Go Bronze Plus andlits- og líkamaskrem. Andlitskremið voru þeir að af því kom mjög fallegur litur og svo er kremið líka lítið þannig að það sést hvernig það á eftir að virka. Ökosturinn var kannski sá að það er svölitið þykkt og því vandasamara að bera það á. Líkamaskremið var hins vegar á allan hátt mjög gott og af því kom fallegur litur.“



Shiseido Brilliant Bronze línin inniheldur nokkrar tegundir sem ýmist koma í gel- eða kremformi og hægt er að velja sér mismunandi styrk af lit, allt frá ljóstri brúngu yfir í dökka, sem eflaust hentar mörgum vel. „Auðvelt var að bera gelið á sig, það lagðist nokkuð jafnt yfir og einfalt að koma í veg fyrir að það klesstist. Ég bar á mig ljósa kremið og varð eins og útítekin, en ekki beint brún. Helsti kostur kremsins var sá að af því var ekki jafn undarleg lykt og af mörgum öðrum sambærilegum kremum. Shiseido fær góða einkunn.“



Peysur í úrvali



Nýbýlavegi 12 • Kópavogi
Sími 554 4433



allt auglýsingasími
550 5880

Heildsölu lagersala

2.-6. nóvember 2006

50-90% afsláttur!!

Fyrstur kemur, fyrstur fær!
Komið tímanlega því takmarkað magn er til af öllum vörum

Opnunartími
Fimmtud. 14-20
Föstud. 14-20
Laugard. 10-18
Sunnud. 11-17
Mánud. 14-20

ZO-ON Iceland
Nýbýlavegur 18
(gengið inn Dalbrekku megin)

	Listaverð	Útsöluverð frá
Útivistarjakki	29.990	11.900
Barnaúlpur	8.900	3.900
Skíðabuxur	15.900	7.900
Flíspeysa	12.990	5.900
HiTec Golfskór	12.990	5.900
Fótboltaskór	13.990	5.900

Einnig mikið úrval af:
Skíðafatnaði, Útivistarfatnaði, Golfatnaði, Íþróttafatnaði, Brettafatnaði, Barna-, unglinga- og fullorðinsstærðir

Við rýmum til á lagernum fyrir nýjum vörum.
Við seljum því eldri lager og sýnishorn á ótrúlegu verði!



www.zo-on.com



Blómasprengja á Akureyri og í Kópavogi



Í Allt-blaðinu síðasta miðvikudag sögðum við frá nýju ilmvatni frá þeim Victor og Rolf sem heitir Flower bomb og hefur slegið í gegn. Þar var jafnframt sagt frá því að ilmvatnið fengist eingöngu í Debenhams í Smáralindinni, en sannleikurinn er sá að það fæst einnig í Jöru á Akureyri. Ilmvatnið er aðeins selt í þessum tveimur verslunum á landinu. Við biðjumst velvirðingar á þessum mistökum.



Svolítið eins og klakar utan um hálsinn ... en samt ekki. Fylgihlutir næsta vor verða áberandi svo ekki sé meira sagt.

Tískan 2007

Hugsar þú fram í tímann?

Þau sem eitthvað vita um tískuna eru vel upplýst um að hönnuðir vinna margar árstíðir fram í tímann. Nú er löngu búð að ákveða hvað verður í tísku næsta vor og afrakstur tískuhúsanna hefur verið sýndur á pöllum víða um heim undanfarna tvo mánuði. Skömmu eftir næstu áramót fáum við svo að sjá hvað verður í hillum búðanna haustið 2007. En viljir þú taka gott start á að vera smart, er um að gera að kynna sér hvað verður í tísku næsta vor og hafa svo augun opin.

Klikkaðir gimsteinaskór frá Marc Jacobs. Takið eftir hælnum.



Snákaskinnsskór geta verið yfirlýsing um sjálfstæði og persónulegt frelsi. Alveg eins og snákaskinnjakinn hans Sailor í myndinni Wild at Heart.



60's eða diskó? Þessir koma frá Burberry og eru alveg temmlega töff.

Sock Shop

breytir um nafn og verður **Cobra**

TROÐFULL BÚÐ
AF
NÝJUM VÖRUM !!

cobra

Sokkabúðin Kringlunni
erum á 1. hæð við blómatorgið

Lykkjufall í Garðastræti

Sérverslun fyrir mæður opnar í dag kl 14.

Mistök áttu sér stað sl. fimmtudag þegar greint var frá því hér í Fréttablaðinu að verslunin Lykkjufall yrði opnuð þann dag kl 14. Hið rétta er að verslunin verður opnuð í dag, laugardaginn 4. nóvember, klukkan 14. Verslunin, sem er til húsa í Garðastræti 2, sérhæfir sig í hvers kyns hönnunavörum, en leggur sérstaka áherslu á vönduð og falleg fót fyrir konur sem hafa börn á brjósti.

Verslunin Lykkjufall opnar í dag klukkan tvö en verslunin er til húsa í Garðastræti 2.



LEGGINGS

frá kr.: 990.-

galleri sautján

Laugavegi 91 s.512 1777 - Kringlunni s.512 1750

GYLLTI KÖTTURINN

ER Í ÁRS Í DAG

Í TILFENI DAGSINS ER BOÐIÐ UPP Á LIFANDI MÚSÍK OG LÉTTAR VEIGAR ÁSAMT

25% AÐSLÆTTI AF VÖLDUM VÖRUM



GYLLTI KÖTTURINN

VINTAGE CLOTHING

AUSTURSTRÆTI 8 • 534 0005 • HALLO@GYLLTIKOTTURINN • WWW.GYLLTIKOTTRUINN.IS



NÝ SENDING



ENGLABÖRNIN

Laugavegi 51 • s: 552 2201

Flekklaus og falleg húð

Púðurfarði og hyljari frá Estée Lauder.

Það er kostur að þurfa ekki að bæta á andlitsfarðann yfir daginn. Fæstar konur kunna við að draga upp púðurdós á almannaferi til að punta sig og nýi farðinn frá Estée Lauder er einmitt framleiddur í þeim tilgangi að farðinn endist lengi.



Double wear Stay-in-place púðurfarði með sólarvörn: Þessi farði er sérlega endingargóður, léttur, laus við olíur og gefur því fallega áferð sem rennur ekki til eða hleypur í kekki.



Double wear Stay-in-place-Concealer SPF10: Góður hyljari sem hylur bauga, bólur og mislita húð. Hentar öllum húðgerðum og inniheldur m.a. sólarvörn sem er hentugt þar sem hyljarar eru yfirleitt notaðir í kringum viðkvæmt augnsvæðið. Drjúgur og endingargóður.

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



Birna Sif Magnúsdóttir var fjórtán ára þegar hún keypti sína fyrstu Gucci flik á markaði í Kína.

Hvítur bolur, gallabuxur og flottir skór

Birna Sif Magnúsdóttir segir frænku sína, Steinunni Sigurðardóttur, sína helstu fyrirmynd í tískunni.

Birna Sif fékk upphaflega áhuga á tísku og tískustraumum þegar hún var fjórtán ára og bjó í Kína með móður sinni og fósturföður. „Það var svo mikið af mörkuðum þarna sem seldu alls konar flott fót, svo maður var bara vaðandi um í Louis Vuitton og Gucci aðeins fjórtán ára!“ segir hún hlæjandi, en foreldrar hennar eru hluthafar í framleiðslufyrirtækinu á bak við Nikita merkið og dvöldust því oft í Kína vegna viðskiptaerinda.

Á daginn starfar Birna í verslunum Retro og Sparks en nýlega lauk hún prófi frá EMM school of make-up þar sem tveir dagar fóru einungis í að stúdera stíliseringar með Önnu Claussen.

Fatastíll Birnu er fjölbreyttur en hún heldur þó mismikið upp á það sem leynist í fataskápnum. Ein af hennar uppáhalds flíkum er peysa sem var hönnuð af frænku hennar og föðursystur, Steinunni Sigurðardóttur. „Þessi peysa er í

algeru uppáhaldi hjá mér. Svo miklu að það liggur við að ég ofnoti hana. Hún er líka svo skemmtileg af því það er hægt að nota hana á fleiri en einn veg. Til dæmis þannig að hún sé síð að aftan með stuttum ermum og opin á maganum, en svo er líka hægt að snúa henni hinsegin og þá er hún allt öðruvísi; þröng um mittið og víð að ofan með stórum kraga,“ segir Birna.

Gallabuxurnar hennar Birnu eru frá Killah merkinu en skóna, sem eru í svokölluðum 50's stíl, keypti Birna í Topshop þó ekki fylgi sögunni hvar fagurrauða naglalakkíð á tánögglunum er keypt. Spurð að því hvort hún eigi sér fyrirmyndir í tískuheiminum segist Birna alltaf hafa litið mikið upp til frænku sinnar, Steinunnar. „Ég hef verið mikið með henni í gegnum tíðina og frá henni hef ég fengið strauma. En yfirleitt þegar ég fæ hól frá fólki um fötin sem ég er í þá er ég vanalega bara í hvítum bol, gallabuxum og einhverjum flottum skóm,“ segir þessi smekkvísa unga kona að lokum.

mhg@frettabladid.is

Svörtu Rome
buxurnar
komnar aftur



oasis

KRINGLUNNI | SMÁRALIND | DEBENHAMS



Sitrónuilmur gæti hentað vel í ilmvötn þar sem hann er ótrúlega frískandi.

Grænar gallabuxur

Nú er í tísku að klæðast umhverfisvænum fatnaði.

Ráðamenn og hönnuðir nokkurra stærstu fyrirtækja innan tiskuiðnaðarins hafa að undanfögnu lagt sig fram við að gera umhverfisvæn fót að eftirsóknarverðri tiskuvöru.

Miklar væntingar eru bundnar við gallabuxur í eco-línunni frá Levis, sem eru úr hundrað prósent lífrænt ræktaðri bómull.

Tvær gerðir eru til af þessum buxum, sem nefnast annars vegar Red Tab og hins vegar Capital E. Er talið að þær séu nægilega flottar til að slá í gegn verði rétt haldið á spilunum.

Robert Hanson, forseti Levis-fyrirtækisins,

telur að buxurnar eigi eftir að vekja töluverða lukku, með hliðsjón af vaxandi umhverfisvitund almennings eins og sjáist best af vinsældum lífrænnar fæðu.

Þá hefur breska fyrirtækið Bamford & Sons sett á markaðinn herrafatnað sem unninn er úr japanskri, lífrænni bómull og leðurvörur litaðar með umhverfisvænum efnum. Er álitnið að fleiri fyrirtæki eigi eftir fylgja forðæmi Levis og Bamford & Sons með framleiðslu á umhverfisvænum fatnaði.



Engineer gallabuxur úr lífrænni bómull eru seldar í Levis-búðinni í Kringlunni.

- rve

Annarleg ilmvötn

Heiti ilmvatns er oft í litlu samhengi við innihaldið. Það á þó ekki við um ilmvatnið frá Christopher Brosius.

Ilmvatnsframleiðandinn Christopher Brosius frá Brooklyn, býr til ilmvötn með sérlega lýsandi heitum sem sumum gæti þótt hljóma undarlega.

Ilmvatnið „Í eldhúsinu“ ber þannig sterkan keim af ávöxtum og kryddjurtum og „Í bókasafninu“ af leðri og bleki. „Brennd lauf“ þarfnast varla nánari útskýringar.

Brosius segist sjálfur veita nafni ilms eftirtekt og leggur sig fram við að finna upp heiti sem upplýsa neytendur um innihald ilmvatnsins.

Ilmvötn Brosius hafa að vonum vakið töluverða athygli og rokselst í verslun hans í Williamsburg. Viðeigandi þykir að vörumerkið skuli kallast „CB I Hate Perfume“, eða „CB Ég hata ilmvatn“.

Um þessar mundir vinnur Brosius hörðum höndum við nýja framleiðslu, sem hann hefur í fyrsta sinn flokkað niður í herra- og dómumilm. Brosius er nefnilega mótfallinn slíkri aðgreiningu og telur hana gamaldags. Hann vill ekki að slík flokkun hindri fólk í að velja þann ilm sem því líkar. Væntanlegir kaupendur ættu því ekki að láta slíka flokkun ráða þegar það velur sér ilmvatn. - rve

Gerry-Weber
dúnúlpur 15% afsláttur

Skoðið synishorn á laxdal.is

BERNHARD LAXDAL

Laugavegi 63 • S. 551 4422

NEYTENDUR HAFNA TALAD SÍNU MÁLI!

"Þetta er aðeins brot af tilboðsvörum helgarinnar"



Um leið og við viljum þakka viðskiptavinum okkar fyrir frábærar móttökur á opunarhelgi Sappos viljum við óska neytendum til hamingju með því að stuðla að „VERÐLÆKKUN TIL FRAMBÚÐAR“ í skóm & fylgihlutum! Sappos stendur við sitt og býður áfram frábæra vöru á verðum sem hingað til hafa eingöngu átt heima erlendis... Kæru neytendur, njótið vel.

<p>2500 kr. Stærðir: 40-46 Litir: svartur</p>	<p>1500 kr. Stærðir: 22-30 Litir: svartur, rauður</p>	<p>3000 kr. Stærðir: 36-41 Litir: svartur, brúnn</p>
<p>1000 kr. Stærðir: 40-46 Litir: köflóttir</p>	<p>2000 kr. Stærðir: 22-30 Litir: svartur</p>	<p>500 kr. Stærðir: 36-41 Litir: gull, svart, grænt</p>
<p>5000 kr. Stærðir: 40-46 Litir: svartur</p>	<p>2000 kr. Stærðir: 22-35 Litir: svart</p>	<p>1500 kr. Stærðir: 36-41 Litir: brúnn, svartur</p>
<p>3000 kr. Stærðir: 40-46 Litir: brúnn, svartur</p>	<p>2000 kr. Stærðir: 30-39 Litir: bleikt, svart</p>	<p>1000 kr. Stærðir: 36-41 Litir: brúnn, svartur</p>
<p>2500 kr. Stærðir: 40-46 Litir: svartur</p>	<p>1000 kr. Stærðir: 24-39 Litir: úrval lita Disney</p>	<p>1500 kr. Stærðir: 36-41 Litir: brúnn</p>
<p>2500 kr. Stærðir: 40-46 Litir: brúnn</p>	<p>2000 kr. UNGBARNAGALLAR Stærðir: 68-92 Litir: rauður, blár RUCANOR</p>	<p>4000 kr. Stærðir: 36-41 Litir: grár Vatnsvarinn CON-TEX®</p>
<p>2500 kr. Stærðir: 40-46 Litir: svartur</p>	<p>1500 kr. EKTA KÁLFASKINN Dömu- og herrastærðir</p>	
	<p>300 kr. Frábært úrval af húfum, hönskum frá 300 kr.</p>	



SAPPOS
Miðhrauni 14 · Garðabæ
Sími 534 5700 · www.sappos.is

Opið fimmtudaga - sunnudaga frá kl. 12 - 19



Þessi gleraugu voru á sýningu Michael Kors þegar vetrar-tískan 2006 var kynnt.



Sérstaklega smekklegrar spangar-gleraugu frá Gaspard Yurkievich.



Balenciaga lét allar sínar fyrirsætur bera gleraugu á síðustu tískusýningu.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Gleraugnaglamúr



Gleraugu hljóta uppveisn æru á tískupöllum.

Á tímum þar sem leiseradgerðir á augum og augnlinsur hafa verið í tísku hafa gleraugun átt undir högg að sækja. Fyrirsætur eru nánast aldrei með gleraugu í tískupáttum glansblaðanna og frægar og fallegar konur eru aldrei með gleraugu í viðtölum. Fyrir vikið hafa gleraugu ekki verið í tísku. Nú getur orðið breyting þar á, enda kominn tími til þar sem mikið er til af ótrúlega fallegum og flottum gleraugum. Ýmiss konar hönnun hefur sótt í sig veðrið að undanförunu og eru gleraugu þar engin undantekning, eins og sjá má á tískupöllum tiskuhúsanna.

Ekki er víst að gleraugu sem þessi myndu nýtast vel til daglegra nota, en þau eru ansi flott samt sem áður.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Fyrirsæta sýnir vor og sumartísku Blugirl fyrir árið 2007 með gleraugu á nefinu.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Líklega mesta úrval landsins af "second hand" fatnaði.

Troðfullt af nýjum básum og allt á ótrúlegu verði.

Opíð um helgina frá 11-17.

KOLAPORTIÐ



Fertug og falleg

Krem fyrir konur sem vilja halda fögru útliti

Það hefur löngum verið vitað að umhirða húðarinnar er það sem viðheldur fallegu útliti. Og það sem kona gerir fyrir sjálfa sig milli tvítugs og þrítugs, því býr hún að milli þrítugs og fertugs. Árangurinn af því sem hún gerir fyrir sig milli þrítugs og fertugs er svo sjáanlegur milli fer-

tugs og fimmtugs, og svo koll á kalli. Það er því aldrei of seint að byrja að annast húðina vel og nota viðeigandi vörur fyrir sinn aldur. Clarins hefur lengi vel þótt gott merki þegar kemur að hverskyns umhirðu húðar en þar eru, líkt og hjá öðrum framleiðendum, búnar til vörur sem eru sérstaklega stílaðar inn á mismunandi aldurhópa.



Extra firming eye cream: Endurnýjar, styrkir og dregur úr fínunum línunum í kringum augun. Notist á kvöldin.

Extra firming eye serum: Hér er kominn endurnýjuð formúla sem minnkar þrota í kringum augun og dökka bauga þannig að augnsvæðið verður sýnilega unglegra. Notist á morgnanna. Extra firming neck cream: Hálsinn vill oft gleymast þegar öðru er sinnt. Þetta krem á að nota kvölds og morgna, en það styrkir húðina og viðheldur stíningu.

Hörund þitt eins og silki

Nýjungar frá Shiseido minna á japanskt postulín.

Japanskættaða snyrtivöru-fyrirtækið Shiseido hefur nú sett þrjár skemmtilegar vörur á markaðinn. Um er að ræða augnskuggatvennu og varalit. Tom Pécheaux, aðalhönnuður Shiseido segir að innblástur hans fyrir haustið

sé hið alþekkt austurlenska postulín, en það hefur löngum þótt mikil munaðarvara. Postulínsbrúður eru fölar á hörund með fallegar rauðar varir en það er einmitt sú stefna sem Shiseido hefur tekið í haust.

„... andlitið eins og postulín“ söng hann Bubbi blesaður hér um árið en þó má draga það í efa að sá texti hafi orðið kveikjan að því að aðalhönnuður Shiseido ákvað að nota postulín sem innblástur fyrir haustlínuna.



VIÐ FÖRDUN MÓDELSINS Á MYNDINNI VORU EFTIRFARANDI VÖRUR NOTAÐAR:

Silky eyeshadow duo, silver thistle augnskuggi: Fallegur bleikur og grár augnskuggi sem blanda má að vild eftir því hvort sóst er eftir mildum eða dramatiskum áhrifum. Accentuating color stick, Rosy flush kinnalit: Þessi kinnalitur er frábrugðinn því sem við flestar eigum að venjast.

Hann er blautur, líkt og varalitur og hann má bæði nota undir og yfir farða. Áhrifin eru náttúruleg líkt og þú sért nýkominn inn úr svalandi haustgöllum. Shimmering lipstick: Fallegar umbúðir og fallegur varalitur númer 7. Rauður og kynþokkafullur.



Langur Laugardagur á Laugaveginum

opið til kl. 18 í dag

eva

DKNY
IKKS
Bruuns Bazaar
Dolce & Gabbana
Farhi
Gerard Darel
Paul & Joe

CENTRUM

dömu:	herra:
ACNE JEANS	PAUL SMITH
IMPERIAL	FRED PERRY
PLEASE	TIGER OF SWEDEN
LEE	BZR
REMIX COLLECTION	MATINIQUE

galleri sautján

dömu:	herra:
DIESEL	ENERGIE
MISS SIXTY	DIESEL
NÜMPH	NUDIE JEANS
KOOKAI	4-YOU JNS
LAURA AIME	MAO
AMERICAN VINTAGE	
BEL AIR	
MAILLE DEMOISELLE	

gs skór

SHOES

dömu:	herra:
SPIRAL	BASE OF LONDON
BILLI BI	LLOYDS
HEGOS	BRONX
BRONX	BUNKER
AGAIN&AGAIN	SULERN
SENDRA BOOTS	
LES LOLITAS	
SHOE BIZ	

NÝTT Á DVD!


DESPERATE HOUSEWIVES SERÍA 2

GLÆSILEGT 7 DISKA SAFN, STÚTFULLT AF AUKAEFNI SEM ALLAR AÐPRENGDAR EIGINKONUR ÆTTU AÐ EIGA Í SAFNINU SÍNU.

KOMIN Í VERSLANIR OG Á LEIGUR.

SAMMYNDIR

GRIPU MED ÞÉR SERÍU 1 Í LEIDINNI.



Laugavegur 89 - 91



Basarmunir Hringsins sem hér sjást í glugga Herragarðsins verða til sölu á Grand Hótelu á morgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÓRÐUR

Jólabasar Hringsins

Árlegur handavinnu- og köku-basar Hringsins verður haldinn á Grand Hótelu á morgun, 5. nóvember. Ágóðinn rennur í Barnaspítalasjóð.

Margir fagrir munir ásamt gómsætum heimabökuðum kökum verða á hinum árlega basar kven-

félagsins Hringsins. Þar verður líka til sölu jólakort Hringsins árið 2006 sem er hannað af Kolbrúnu Sigurðardóttur myndlistarkonu. Munirnir eru til sýnis í dag í gluggum Herragarðsins, bæði í Smáralind og Kringlunni. Eins og ævinlega rennur allur ágóði af fjáröflun félagsins í Barnaspítalasjóð Hringsins.



Nýr vefur með spennandi hugmyndum fyrir jólin
www.unika.is

Opið allar helgar

UNIKA

Fákafeni 9 Sími: 568 6700 Mán-fös. 10-18, lau. 11-16 og sun. 13-16 www.unika.is

Til Sölu

Smáauglýsingar af öllum gerðum. Allar mjög sjáanlegar og í góðu ástandi. Uppl. í s. 550.5000

FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá



Berglind og bonsaí ficusinn góði.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÓRÐUR

Gerviblóm gefa ekkert líf

Berglind Jóna Hlynisdóttir, myndlistarkona, á mannlegan bonsaí ficus og sendi einmana ryksugu í Ráðhús Reykjavíkur.

Berglind Jóna hefur notað plöntur töluvert í myndlist sinni. Hún vinnur líka í blómabúð og því fer ekki hjá því að hún sé undir einhverjum áhrifum frá blómum og plöntum.

„Ég held sérstaklega upp á þennan bonsaí ficus af því plantan er svo merkileg í laginu,“ segir Berglind. „Ef maður horfir á neðri hluta hennar þá er þetta eins og líkami

sem teygir sig niður og setur hendurnar á milli hnjúanna, en laufin eru höfuðið og hárið. Mér finnst svo gaman að því þegar náttúran þykist vera mannleg.“ Plöntuna fékk Berglind í Blómagalleríu fyrir tveimur mánuðum, en hún vinnur í þeirri verslun meðfram starfinu við myndlistina. Hún segist vona að hún eigi eftir að geta haldið í henni góðu lífi: „Ég er ágæt í því að hugsa um blóm og þykir ofboðslega vænt um þau, en líf mitt hentur samt ekki alveg umönnun blóma þar sem ég fer oft að heiman í kannski viku eða lengur í senn og þá þorna þau svoltið. Yfirleitt

tekst mér samt að koma þeim til þegar ég kem aftur heim.“

Berglind Jóna segir að sér þyki mikilvægt að blóm séu inni á heimilum en hún hefur þælt töluvert í þessu viðfangsefni. „Plöntur í almenningssými eru til dæmis oft gerviblóm, eða þá að þau gleymast einhvern veginn og skrælna upp. Við það gefa þau aldrei frá sér það líf sem til er ætlast af þeim, en samt er verið að nota þau til að búa til náttúru í almenningssými. Dauð blóm og gerviblóm minna samt ekkert á líf og þannig þjónar þetta engum tilgangi.“

margret.hugrun@frettabladid.is

Svona gerum við er við straujum okkar dúk

Mörgum vex í augum að strauja stóra borðdúka en þeir eru nauðsynlegir til að gefa veisluborði tilhlýðilega hátíðlegan blæ.

Þegar strauja á stóran borðdúk er best að byrja á því að setja þykkann dúk eða rúmteppi á stórt borð. Leggið svo lak ofan á það og frottéhandklæði þar ofan á. Breiðið hreint lak undir borðið til að hindra að borðdúkurinn snerti

gólfið. Gætið þess að borðdúkurinn sé rakur en alls ekki rennblautur. Gott er að hafa vatnsúðara við höndina ef ekki er notað gufustraujárn. Ef dúkurinn á að vera sérstaklega stökkur og brakandi er ráð að nota strausterkju sem fæst á brúsa á meðan verið er að strauja eða setja hann í þvottavélina áður en þvottavélina vindur dúkinn.

Strauði dúkinn langsum fram og aftur í sömu átt og munstrið í vefnaðnum liggur. Ekki strauja í hringi því það getur farið illa með efnið. Þegar straujun er lokið brjótið þá borðdúkinn saman í þrennt og hengið á herðatré. Hengið hann svo inn í skáp þangað til hann verður notaður næst. Einnig má rúlla dúknum upp utan um pappírshólk, til dæmis af jólapappír, og vefja inn í plast. Það er óvitlaust að taka einn dag í að strauja alla sína dúka og ganga svo að þeim visum, hreinum og straujuðum næst þegar þarf að nota þá.



Borðið verður aldrei svona fínt ef dúkurinn er ekki sléttur og felldur.



TÍMINN LÍÐUR HRATT

Veggklukkur eru mesta prýði.

SJÁ BLS. 14

GULLMOLI Í HAFNARFIRÐI

Esther Jökulsdóttir býr í 134 ára gömlu húsi. SJÁ BLS. 12



[SÉRBLAÐ UM HEIMILI – LAUGARDAGUR 4. NÓVEMBER 2006]

Heimilið



NonacPhotos/Gettyimages

EFNISYFIRLIT

HORFT Í ANNAN HEIM

Innlit hjá Grétu

Guðjónsdóttur BLS. 4



FYRIR GLINGUR OG GULL

Skartgripaskrín BLS. 6

GÓÐ VINNUAÐSTAÐA

Innréttingar í þvottahús

BLS. 8



GRÆJUR SEM HÚSGÖGN

Hönnun og útlit hljómtækja

BLS. 16



FORMAÐAR KÖKUR

Falleg kökuform BLS. 18

Málverk



Einar Hákonarson sýnir olíumálverk í Baksal Gallerís Foldar Rauðarárstíg. Sýningin stendur til 12. nóvember.

Uppboð



Nina Tryggvadóttir

Erum að taka á móti verkum á næsta listmunauppböð sem fer fram 3. desember. Leitum sérstaklega að verkum eftir Louisu Matthíasdóttur, Jón Stefánsson, Ásgrím Jónsson, Þorvald Skúlason og Þórarín B. Þorláksson.

LISTMUNASALA
fold

Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16 og sunnudaga 14-16.
Rauðarárstíg 14, sími 5510400 · www.myndlist.is

Gallerí Fold · Rauðarárstíg og Kringlunni

Jólin eru komin í MIRALE

15% afsláttur
af allri jólavöru

opið:
laugardag 11-18
sunnudag 13-16



Húsgögn
ljós
gjafavara



MIRALE
Grensásvegi 8
108 Reykjavík
sími: 517 1020

MIRALE



Full búð af
glæsilegum
jólagjöfum

opið:
mán. – föstud. 11–18
laugard. 11–18
sunnud. 13–16



Gréta ætlaði lengi vel að skipta um eldhúsinnréttingu en finnst hún nú passa vel fyrir gömlu hlutina.



Gréta hreifst af því hversu vítt er til veggja og hátt til lofts í íbúðinni.



Grétu finnst gaman að safna krukum, dósnum og vínflöskum.



Kassi notaður undir kertastjaka eftir Lottu og skál með blómi eftir Guðnýju Margréti. Kassinn var keyptur í Línunni fyrir allmörgum árum síðan.



Gréta segist hafa reynt að halda sig við naumhyggju en ráði ekki við safnaraáráttuna. Hérna sjást ýmsir hlutir frá útlöndum, en inn á milli eru skartgripir sem hún hefur sjálf smíðað og hlutir frá ömmu hennar, Dúnu.



Eldhúsið er lítið og notalegt. Gréta var einstaklega hrifin af tígulmynstruðu gólfinu.

Horft inn í annan heim

Gréta S. Guðjónsdóttir ljósmyndari hefur komið sér upp fallegu heimili í vesturbæ Reykjavíkur.

„Ég var lengi að leita að húsnæði áður en ég fann þessa íbúð,“ segir Gréta. „Ég heillaðist samstundis af aðkomunni sem minnti mig á útlönd og var ánægð með hversu hátt er til lofts og vítt til veggja í íbúðinni.“

Á gólfunum er sérstaklega innfluttur marmari en Gréta segir draumahúsið sitt vera gamalt timburhús með upprunalegum gólfjöllum. Hún er heilluð af gömlum hlutum og á marga skemmtilega muni úr búslóð amma sinna. Auk þess sankaði hún að sér athyglisverðum gripum á meðan hún bjó erlendis, lengst af í Noregi og Hollandi en einnig í Svíþjóð og Þýskalandi.

„Ég eignaðist marga skemmtilega hluti, einkum á meðan ég var í ljósmyndanámi við AKI, það er Akademi Voor Deleende Kunst, í Hollandi,“ segir Gréta. „Þaðan á ég líka margar góðar

minningar enda viðburðaríkur og gróskufullur tími. Námið byggðist mikið til á sjálfstæðum vinnubrögðum og því lærði ég að til-einka mér töluverða sjálfstjórn og aga, sem ég hef reynt að viðhafa síðan.“

Gréta fór strax að mynda eftir að heim kom. Fyrsta verkefnið vann hún fyrir alþjóðlega ráðstefnu bókasafnsfræðinga og hefur ekki setið auðum höndum eftir það. Nú fæst hún mikið við barna- og brúðkaupsmyndatökur. „Ég er ánægð með hversu fjölbreytt starfið er,“ segir hún og rifjar hlæjandi upp heldur fámenna brúðkaupsvígslu þar sem hún gerðist vottur að athöfninni.

Gréta segir ótrúlega margt geta komið upp á meðan á myndatöku stendur. Einu sinni hafi brúður farið alveg út af laginu við að gleyma brúðarvendinum og um tíma hafi útlit verið fyrir að ekkert yrði úr athöfninni. Allt hafi þó farið vel að lokum sem sé yfirleitt alltaf raunin.

Heimili Grétu ber þess augljós merki við hvað hún starfar. Uppi á veggjum hanga fallegar ljósmyndir frá farsælum ferli, sumar hverjar innrammaðar í gamla og veðraða glugga, svo engu lík-



Gréta segir starf ljósmyndarans einkennast af fjölbreytni og segir menntunina gagnast sér víða. Hún telur sig lánsama að fá að starfa við áhugamálið.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

ara er en að horft sé inn í aðra heima. Sumar sýna þær mikilvægar stundir í lífi fólks sem Gréta segist hafa verið svo einstaklega lánsöm að eiga hlutdeild að.



Grétu finnst mikilvægt að hafa notalegt heima hjá sér og safnar að sér hlutum sem hafa tilfinningalegt gildi fyrir hana.

Til móts við framtíðina



Hátæknivætt álver Alcoa Fjarðaáls verður spennandi og öruggur starfsvettvangur fyrir iðnaðarmenn og iðnnema. Hjá Alcoa Fjarðaáli verða um 120 iðnaðarmenn, tæknifræðingar og verkfræðingar auk fjölmargra tæknimenntaðra starfsmanna á vegum verktaka.

Nýsmíðar og viðhaldsverkefni verða unnin í teyllum samkvæmt stöðluðum verkferlum og ýtrustu öryggiskröfum. Verkefnin verða fjölbreytt og mikið lagt upp úr símenntun og starfsþróun.

Altækt, fyrirbyggjandi viðhald á að tryggja áreiðanleika framleiðslunnar og hámarka verðmætasköpun. Faglegur metnaður og stöðug iðnþróun verða leiðarljós okkar inn í framtíðina.

Á vinnusvæðinu verður meðal annars afkastamesta rafveita á landinu, 336 tölvustýrð rafgreiningarker, háþróaður lofthreinsibúnaður, fullkomin álvirasteypa, atvinnulökkvilið og 250 farartæki af öllum stærðum og gerðum.



Kerskáklakrani

Iðnaðarmenn og iðnnemar

Okkur vantar fleiri vaskar konur og karla í hópinn. Launakjörin eru góð, vinnan stöðug og verkefni fjölbreytt. Allir fá tækifæri til að læra og vaxa í starfi. Iðnaðarmenn vinna ýmist á vöktum eða í dagvinnu. Upplýsingar um launakjör og vinnufyrirkomulag er að finna á alcoa.is, undir liðnum starfsmannamál.

Við getum einnig boðið nokkrum nemum í rafvirkjun og vélvirkjun að ljúka réttindanámi með vinnu í álverinu. Námið verður sniðið að þörfum hvers og eins en miðað er við að umsækjendur hafi lokið hluta af námi og unnið í faginu.

Hægt er að sækja um störfin á capacent.is (áður IMG-Mannafl). Nánari upplýsingar fást á www.alcoa.is og hjá **Sigur'augu Þorsteinsóttur** (sigur'aug.thorsteinsottir@capacent.is) og **Helgu S. Guðmunnsóttur** (helga.snaedal@capacent.is) hjá Capacent í síma 540 1000.

capacent
RÁÐNINGAR



Skartgripaskrín

Glingrið okkar á það til að dreifa sér út um alla íbúð ef ekki er vel að því gætt, þess vegna er um að gera að komast yfir fallett skartgripaskrín.

Hvort sem þig langar að vera með nokkur falleg skartgripaskrín, (eitt undir hverja tegund), eða eitt stórt þar sem allt gullið þitt er samankomið, er nauðsynlegt fyrir skartgripa-unnendur að eiga góðan geymslustað fyrir þessa gripa. Skartgripaskrín má víða finna. Til dæmis fást þau

yfirleitt í stórverslunum, mörgum skartgripaverslunum og í antikverslunum. Svo má líka nota ýmislegt annað undir skartgripa. Til dæmis má taka könnu-stand, mála hann í fallegum litum og hengja hálsfestar á hann. Í finar tágakörfur má krækja síðum eyrnalokkum og fylla þær með armböndum og svo er hægt að leggja hálsfestar yfir alls konar styttur. Aðalmáli skiptir bara að hafa þetta í röð og reglu svo að þú getir gengið að skartinu þínu sem vísu á morgnana og valið eitthvað fallett við fötin sem þú ert í.

mhg@frettabladid.is



Oggulitil askja úr textíl með ísaumuðum perlum og blómum. Hringurinn sjálfur er svo einnig úr textíl. Mjög sætt og krúttlegt.




Skartgripir heilla allar konur, ungar sem aldnar.



Kringlótt handmálað skartgripaskrín með mynd af páfagauki í skógi og gullskreytingum. Myndi passa vel fyrir allt litla glingrið.



Fallett skartgripaskrín með innlagðri perluskel.



Skrín frá Austurlöndum, en þar eru þau oft gerð úr pappa sem er klæddur með fallegu silki.



Skartgripaskrín úr postulínu, fallega handmálað og hentugt fyrir til dæmis eyrnalokka.

Verslað á netinu



Mörg falleg bollastell eru til sölu í verslun Rockett St. George.

Rómantísk bresk hönnun

Á vefsíðunni www.rockettstgeorge.co.uk má finna fjölbreytt úrval af fallegri breskri hönnun.

Færst hefur í aukana síðustu ár að fólk nýti sér netið til að kaupa inn til heimilisins. Rockett St. George er ein þeirra verslana sem finna má á netinu. Um er að ræða smávöruverslun sem selur allt milli himins og jarðar, allt frá húsgögnum niður í barnavörur, náttslöppa og veggföður.

Vörurnar eru ákaflega rómantískar í hönnun, nýtiskulegar og klassískar í bland. Hönnuðirnir sem starfa fyrir verslunina eru fjölmargir og hugmyndasviðið vítt og því ættu allir að finna eitthvað sem þeim líkar í verslun Rockett St. George en vefslóðin er www.rockettstgeorge.co.uk



Hjá Rockett St. George má einnig fá margar hirslur ólíkar að lögun og stærð.



Mikið af varningnum er ákaflega rómantískt.



Hótel Valhöll minnir á glæsilegt jólahlaðborð

Jólahlaðborðið byrjar 17. nóvember og er á föstudögum og laugardögum. Við getum líka verið með borðið á öðrum dögum fyrir hópa 40 manns eða fl.

Verð á jólaborðinu er kr. 6.200 per mann

Við bjóðum líka tilboð á gistingu og jólahlaðborð sem er 2 manna herbergi morgunmatur og jólaborð kr. 24.500
1. manns herbergi morgunmatur og jólaborð kr. 14.900
Svíta morgunmatur og jólaborð kr. 27.500



Hótel Valhöll | Sími: 480-7100 | netfang: hotelvalholl@hotelvalholl.is

VEIÐUR

06 | 07



- ⊕ MC PLANET
- ⊕ AUSTURHRAUNI 3
- ⊕ 210 GARDABÆ
- ⊕ SÍMI 533 3805

MC PLANET⁺



Í Inn-X getur fólk fengið ráðgjöf um hvernig best er að skipuleggja þvottahúsin.



Innréttingarnar frá Brúnási eru smíðaðar á Egilsstöðum.



Bylgja Ríkhardsdóttir hjá Brúnási segir að í litlum þvottahúsum skipti skipulagið máli.

Vinnuaðstaðan skiptir máli

Samkvæmt skilgreiningu á áróðri er markmið sendanda (þeirra sem standa fyrir áróðrinum) að hafa áhrif á skoðanir, viðhorf eða hegðun viðtakenda (þeirra sem áróðurinn beinist að). Þegar stjórn málaáróður er skoðaður er því mikilvægt að kanna hvernig hafa megi áhrif á viðhorf fólks. Í því samhengi er orðið fortölur haft um þær aðferðir sem notaðar eru til viðhorfsbreytinga.

Kjarnaleið og jaðarleið

Ein útbreiddasta kenningin um breytingar á viðhorfum nefnist ELM-líkanið (e. elaboration likelihood model). Í því felst að viðtakendur fortalna geti unnið með tvennu móti úr skilaboðum sem ætlað er að hafa áhrif á þá. Annars vegar með því að huga gaumgæfilega að þeim rökum sem sett eru fram, að hvaða niðurstöðu er komist og hvernig það er gert. Þetta er nefnt kjarnaleið. Hins vegar með því að beina athyglinni að yfirborðskennndum eiginleikum skilaboðanna sem krefjast ekki mikillar ígrundunar. Þetta kallast jaðarleið.

Viðtakendur sem fara kjarnaleið að fortölum hafa jafnan meiri áhuga á því máli sem fjallað er um, til dæmis vegna þess að það snertir sjálfsmynd þeirra eða málefni sem eru þeim mikilvæg. Þeir sem hafa aftur á móti ekki áhuga eða getu til að foga skilaboðin vandlega fara jaðarleið að fortölum. Því hafa önnur einkenni boðanna frekar áhrif á þá, svo sem framsetning þeirra, boðberi eða höfundur.

Myndarlegir frambjóðendur og frægt fólk

Af ofangreindu er ástæða til að ætla að kjósendur sem ekki hafa sérstakan áhuga á stjórnmálum fari jaðarleið að fortölum og láti þannig frekar stjórna af öðrum þáttum en stefnumálum frambjóðenda. Þannig geta myndarlegir frambjóðendur, flottar auglýsingar eða meðmæli frægs fólks valdið því að áhugalausir kjósendur kjósi tiltekinn stjórnmálaflokk. Einnig er hægt að birta skopmyndir eða auglýsingar sem sýna frambjóðendur í skoplegum aðstæðum. Með slíkri framsetningu er athygli viðtakenda beint frá inntaki áróðursins og að gríninu. Sé þetta gert geta viðtakendur sem annars væru andsnúnir skilaboðunum ekki varist þeim jafn vel og ef þeir fylgdust grannt með inntaki þeirra.

Þekkt dæmi um pólitískan áróður þar sem ætlast var til að viðtakendur færu jaðarleið við úrvinnslu má finna í bandarísku forsetakosningunum árið 1988 þegar George H. W. Bush, þáverandi varaforseti, síðar forseti og faðir George W. Bush sem varð forseti 2001, keppti við Michael Dukakis, ríkisstjóra Massachusetts. Í sjónvarpsauglýsingu frá stuðningsmönnum Bush var skýrt frá máli blökkumannsins Willies Hortons sem sat í fangelsi í Massachusetts en framdi morð og nauðgaði þegar hann var í helgarleyfi frá fangelsinu. Auglýsing þessi einkenndist af ýmsum þáttum sem gjarnan eru tengdir því að fara jaðarleið. Um var að ræða einstakt tilvik en samt var reynt að fá fólk til að alhæfa um stefnu Dukakis út frá því. Kjósendur voru hræddir með því að Dukakis mundi ekki taka ekki nógu hart á glæpamönnum, auk þess sem reynt var að höfða

til fordóma hvíttra Bandaríkjamanna gagnvart svörtum.

Sofandahrif

Áhrif stjórn málaáróðurs má ef til vill einnig rekja til svokallaðra sofandahrifa. Þau lýsa sér þannig að áhrif skilaboða frá ótrúverðugum sendanda aukast eftir því sem lengri tími líður frá birtingu þeirra. Fyrst eftir birtingu boða frá slíkum sendanda hafa þau lítil eða engin áhrif á viðhorf viðtakanda. Dæmi um það gæti verið þegar flokkur í stjórnarandstöðu gagnrýnir ítrekað stefnu flokks sem situr í ríkisstjórn. Þar sem stjórnarandstöðuflokkurinn á greinilegra hagsmuna að gæta virðist hann ótrúverðugur í augum almennings og ekki er tekið mark á gagnrýninni. Almenn séð virðast þeir sem tala gegn eigin hagsmunum vera trúverðugri en þeir sem gera það ekki. Með tíð og tíma glatast hins vegar tengslin milli sendandans og skilaboðanna þar til boðin standa ein eftir. Þá getur gagnrýni stjórnarandstöðuflokksins farið að hafa áhrif á viðhorf viðtakanda, án þess endilega að hann geri sér grein fyrir orsök þess.



SCHWARZENEGGER Líklega hefur frægð Arnolds Schwarzenegger haft áhrif á suma kjósendur í kjöri hans til ríkisstjóra Kaliforníu.

Áhrif birtingar

Áhrif birtingar eru annað dæmi um að fortölur geti mótað viðhorf án þess að viðtakandi geri sér grein fyrir því. Þessi áhrif felast í því að ítrekuð birting einhvers getur nægt til þess að gera fólk jákvæðara í garð þess. Svo sterk eru þessi áhrif að þau geta jafnvel komið fram þegar áreiti birtast svo hratt að viðkomandi verður þeirra ekki var. Því oftast sem stjórnmálaleiðtogar birtast í fjölmiðlum eða þeim mun oftast sem slagorð stjórnmálahreyingar heyrast, því jákvæðara verður viðhorf fólks að öllu jöfnu.

Þó er rétt að benda á að áhrif birtingar koma ekki fram ef fólk er þegar búið að mynda sér skoðun á stjórnmálamanninum eða -hreyfingunni þar sem birting ein og sér getur ekki breytt viðhorfum, heldur aðeins komið að mótn þeirra. Að auki verður að gæta þess að birta ekki of margar myndir af frambjóðendum, þar sem viðhorf viðtakenda fer aftur að verða neikvæðara eftir tiltekinn fjölda birtinga og þeir verða leiðir og pirraðir á sífelldum myndbirtingum.

Af þessu má sjá að samkvæmt rannsóknum og kenningum um viðhorfsbreytingar getur stjórnmálaáróður vissulega haft áhrif á viðhorf fólks og að öllum líkindum einnig á kosningahegðun þess.

Anton Örn Karlsson, M.A.-nemi í sálfræði við Háskóla Íslands

Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem þau nefnast. Að jafnaði birtast þar 15-20 ný svör í hverri viku. Slóð Vísindavefsins er www.visindavefur.hi.is.

Gullæði og frábær tilboð

40%

afsláttur af Gullfiskum

Gullfiskur:

Oranda rauður kr.594.-
Oranda svartur kr.594.-
Oranda hvítur/rauður kr.594.-
Oranda svart/rauður kr.594.-
Oranda rauðhetta kr.900.-
Oranda Calico kr. 594.-
Venjulegur kr. 228.-

30%

afsláttur af sjávarfiskum

Maroon clown
Premnas biaculeatus
kr. 8960.-

Sailfin Tang Yellow
Zebrasoma lavescens
kr. 12250.-

Firefish Indo
Nemateleoris magnifica
kr. 6650.-

Blue Star Damsel
Pomacentrus alleni
kr. 3080.-

126 litra búr með loki,
ljósi, eheimi fremstara,
perum, hitari og
hreinsiefnum
kr. 22979.-
áður kr. 42619.-

Standur
kr. 1832.-
áður kr. 11770.-

54 litra búr með loki,
hressara, ljósi, hitara
og hitamæli
kr. 2019.-
áður kr. 13029.-



40-50%

afsláttur af fiskabúrum

58 litra búr með loki,
hressara, ljósi, hitara
og hitamæli
kr. 9298.-
áður kr. 17982.-

Standur
kr. 9718.-
áður kr. 9534.-



DÝRARÍKIÐ

Grensásvegi s:5686668
Skútuvogi 16 s:5680020 - Akureyri s:4612540 - www.dyrarikid.is



Rúmlega helmingur starfsmanna í grunnskólum Reykjavíkur telur hegðunarvandamál barna hafa færst í aukana á síðustu tíu árum. Þetta er meðal fjölda annarra niðurstaðna sem fram koma í nýrri rannsókn sem gerð var af Ingvari Sigurgeirssyni, prófessor við Kennaraháskóla Íslands, og Ingibjörgu Kaldalóns, verkefnisstjóra hjá Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Rannsóknin var unnin fyrir menntasvið Reykjavíkur og var einkum ætlað að kanna umfang og eðli atferlivandamála í almennum grunnskólum borgarinnar og úrræði sem þeim tengjast.

Rætt var við 233 starfsmenn almennra grunnskóla og fyrirbyggjandi gögn um skólustarf könnuð til hlítar. Ingvar segir að leitast hafi verið við að draga upp mynd af skilningi og viðhorfum starfsfólks til hegðunarvandamála í viðkomandi skóla, úrræða, stuðnings og samstarfs við foreldra.

Þar sem agavandamál eru minnst Niðurstöðurnar leiddu í ljós að mikill munur er á umfangi agavandamála milli skóla. Í 20 prósentum þeirra hvíldu agavandamál mjög þungt á starfsfólki. Einhver vandamál voru í 60 prósentum skóla en þar hafði starfsfólk tók á vandanum. Hverfandi agavandi var í fimmtungi skóla.

„Það vakti athygli okkar að í þeim skólum þar sem vandamálin voru minnst var viðhorf til foreldra, sem og barna, afar jákvætt auk þess sem foreldrarstarf var áberandi öflugt,“ segir Ingvar. Hann segir dæmi um að hegðun barna sem greind hafa verið með agavanda geti batnað verulega við það eitt að skipta um skóla.

Börn nú á tímum eru harðstjórar. Þau standa uppi í hárinu á fullorðnum, gleypa í sig matinn og eru hortug við kennara sína.

Sókrates, 425 f. Kr.

Því telur Ingvar ljóst að stefna hvers skóla og fyrirbyggjandi aðgerðir fyrir nemendur og foreldra skipti gríðarlegu máli. Hann nefnir sem dæmi að hann hafi vitað af einu máli þar sem drengur með miklar hegðunarraskanir hafi skipt um skóla. Pilturinn hafði verið þungur baggi í skólanum sem hann var áður í og því segir Ingvar að sér hafi þótt forvitnilegt hvernig starfið í nýjum skóla gengi. Svör hins nýja skólustjóra drengsins hafi einfaldlega verið á þá leið að pilturinn væri miklum mun skemmtilegri en erfiður.

„Hvað segir þetta okkur?“ spyr Ingvar sem bendir á að varla hafi barninu batnaði yfir sumarið sem leið áður en það skipti um skóla.

Fá börn að vera börn?

Ingvar segir rannsóknirnar hafa bent til þess að unglingar hegði sér betur en fyrir tíu árum. Vandamálin virðist aftur á móti hafa aukist meðal yngri barna. Hann vill þó ekki að gengið sé að því vísu að hegðunarvandamál séu tilkomin vegna agaleysis. Í allri umræðunni um þessi mál hafi gleymst að líta til þess að hegðunarvandi geti verið eðlileg viðbrögð barna við erfiðum aðstæðum.

„Agavandamál munu fylgja okkur um eilífð. Því verðum við að átta okkur á. Eins þurfum við að leiða hugann að ástæðum þeirra,“ segir Ingvar og bendir á að þegar hann byrjaði að kenna árið 1970 hafi sex ára börn verið í um það bil tvo tíma í skóla á dag.

„Hugsam okkur svo sex ára skólabörn nú á tímum. Á föstudagseftirmiðdegi á skóladagheimili. Það hefur líklega verið í þrjátíu kennslustundum yfir vikuna og farið á skóladagheimili eftir að kennslu lauk. Þar með verið í skólanum frá átta til fimm alla vikuna.“

Er nema von að hegðun margra barna sé ekki eins og best yrði á kosli í þessum aðstæðum? Við verðum að spyrja okkur að því hvort það hafi fengið næga hreyfingu, næga hvíld, næga næringu, hvort það hafi fengið að leika sér nóg og hvort það hafi yfir höfuð fengið að vera barn þennan tíma?“

Það vildi ég að enginn aldur væri á milli tíu og tuttugu og þriggja eða unglingar svæfu þann aldur burt; því þar er ekkert á milli nema barna stelpur, stríða gamlingjum, stela og fljúgast á.

Shakespeare, 1564-1616

Nauðsynlegt að breyta starfsáttum

Ingvar segir brýnt að samfélagið og skólar komi til móts við börn vegna þeirra miklu breytinga sem orðið hafa á samfélaginu undanfarið ár. Lengri viðvera barna í skóla kalli á breytingar á námsstefnu. Mikilvægt sé að breyta áherslum á námstillhögun, eins og staðan sé nú skipi bóknám og bókverkefni alltof stóran sess í skólustarfi.

Fyrirkomulagið reynist drengjum sérstaklega erfitt en í niðurstöðum rannsóknarinnar kom fram að þau börn sem valda vanda-

málum í skóla séu í 81 prósentu tilvika drengir. Honum virðist sem samfélagið sé farið að líta á það sem náttúrulegt að drengir séu frekar til vandræða en stúlkur. Það viðhorf telur hann geta verið skaðlegt því frekar eigi að reyna að haga skólustarfinu þannig að drengir eigi auðveldara með að fóta sig í því heldur en að taka því sem gefnu að það henti þeim illa. Aukin útvera, náttúruskoðun og hreyfing væru meðal þeirra þátta sem myndu auðvelda drengjum lífið. „Þegar skólar leitast við að breyta starfsáttum sínum til að koma betur til móts við stráka, sýna rannsóknir að það kemur stúlkum einnig til góða.“

Drengir í aðstæðum sem þeir ráða ekki við

Fáir þekkja umræðuna um mismunandi þarfir kynjanna í uppeldi jafn vel og Margrét Pála Ólafsdóttir skólustjóri. Hún er höfundur Hjallastefnunnar svokölluðu í skólustarfi sem hefur vakið mikla athygli meðal foreldra og fræðimanna. Ástæðan er einkum sú að í henni er gert ráð fyrir kynjaskiptingu.

„Ég veit ekki hvort fólki þótti verra, fyrst þegar við fórum af stað, kynjaskiptingin eða sú stefna okkar að börn skyldu gegna,“ segir Margrét.

Hún segist ekki hissa þótt íslensk börn séu agalaus. Það sé eitt af einkennum íslensks samfélags og það læri börnin sem fyrir þeim sé haft.

„Við vitum öll að flestum drengjum hentar illa að sitja lengi við borð. Þeir eru í auknum mæli settir í aðstæður sem þeir ráða ekki við og upplifa mistök mun oftar en þeim er hollt vegna þessa. Stúlkurnar ráða betur við aðstæður skólakerfisins en á móti kemur að vegna þess hve mikla athygli þarf til að sinna drengjunum fá þær ekki þá hvatningu sem þær þurfa,“ segir Margrét Pála.

Greiningar eru orðnar vandamál Ingvar og Margrét eru sammála

um marga hluti í uppeldi barna. Eitt þeirra atriða er sameiginleg gagnrýni þeirra á ofnotkun greininga á hegðun íslenskra barna.

Margrét talar um greiningaráratu í íslensku samfélagi sem verði að linna. Fremur eigi að sinna börnum en stimpla þau með vandamál.

stjóri Miðgarðs, þjónustumiðstöðvar Grafarvogs og Kjalarness.

„Áherslan er of mikið á greiningar í stað úrlausna. Undanfarið hefur verið horft á málið út frá lækisfræði. Þannig verður barnið vandamál og sjúkdómsberi. Þetta á ekki að gera heldur

Barnauppeldi. . . í sveitum er það sémilegt, en miður svo í þorpum, þar sem börnin leika lausum hala og eftirlitslaus mestallan daginn og gera allt, sem þeim dettur í hug. . . Annars eru flest börn vel klædd og virðist þau ekkert skorta nema hugsandi mæður.

Víkingur Heiðar Arnórsson, héraðslæknir á Hólmavík, 1956

Ingvar telur aukna tilhneigingu til að greina börn með hegðunarröskun til trafala. Sálfræðingar séu meira og minna bundnir við að greina vanda barna. Þeir hafi því ekki tíma til að vinna með börnunum og bæta líðan þeirra.

„Skólar fá ekki aukið fjármagn til að sinna börnum sem þurfa á sérúrræðum að halda nema þau hafi viðurkennda greiningu. Biðin eftir henni getur tekið langan tíma og þegar hún kemur loksins segir hún oft ekkert meira um vandamálið en það sem vitað var fyrir.“

Undir þessi orð tekur Helgi Viborg, sálfræðingur og deildar-

á að horfa á uppeldisaðstæður þeirra. Það á ekki að sjúkdómsgreina börn endalaust það felur ekki í sér neinar lausnir,“ segir Helgi.

Hann telur þær sjúkdómsgreiningar, sem nú eru algengar, óþarfar nema í algerum undantekningartilfellum.

Læknar hafi svo mætt sjúkdómsgreiningunum með heimsmeti í lyfjagjöf. Það sé afar takmörkuð lausn og heldur eigi að líta til þess sem gert hefur verið í nágrannalöndum okkar til að stemma stigu við vanlíðan barnanna okkar.



INGVAR SIGURGEIRSSON, prófessor við Kennaraháskóla Íslands.



MARGRÉT PÁLA ÓLAFSDÓTTIR, skólustjóri og höfundur Hjallastefnunnar.



HELGI VIBORG sálfræðingur.

**Kauptu 10 raðir og Jóker
og þú gætir unnið ferð
til Disney World í Flórída
fyrir alla fjölskylduna!***



DRAUMAFERÐ
FJÖLSKYLDUNAR

Öllum 10 raða Lottóseðlum með Jóker fylgir happanúmer. Í hverri viku, frá október til Þorláksmessu, drögum við út ævintýrlega ferð fyrir alla fjölskylduna.



*M.v. 2 fullorðna og 2 börn.

Í frumskógi vestrænnar menningar

Sabine Kuegler fluttist ung að árum með foreldrum sínum til Vestur-Papúa þar sem hún ólst upp með frumstæðum frumskógarættbálki. Hún er stödd hér á landi til að kynna bók sína og *Hanna Björk Valsdóttir* fékk að heyra um ævintýralega ævi þessarar ungu konu.

Par sem Sabine Kuegler er situr og bíður eftir blaðamanni á 101 hóteli er ekki hægt að sjá að hún hafi alist upp við lögmál frumskógarins. Hún er óvenju falleg, minnir frekar á fyrirsætu eða kvikmyndaleikkonu. Kannski er það vegna þess að það er eitthvað svo náttúrulegt við hana, eins og hún sé ennþá hálf villt í hinum vestræna heimi.

Sabine er þýsk og fæddist í Nepal þar sem hún bjó til þriggja ára aldurs en þaðan fluttist fjölskyldan aftur til Þýskalands. Faðir Sabine sem er málvísindamaður fékk fregnir af nýjum ættbálki sem hafði fundist í Vestur-Papúa Nýju-Gíneu í Indónesíu. Svæðið þar sem Fayu-ættbálkurinn fannst nefnist Týndi dalurinn. „Faðir minn var beðinn um að komast að því hvaða tungumál þau töluðu, hvað þau voru mörg og hvar þau bjuggu því að ekkert hafði spurst til þeirra áður. Það ríkti blóðugt stríð í ættbálkinum. Eitt það fyrsta sem þau sögðu föður mínum var að þau vildu hætta að berjast og drepa hvort annað en þau vissu ekki hvernig þau voru svo einangruð. Drápin byggðust á hefnd og Fayu-ættbálkurinn var í útrýmingahættu vegna drápanna, sem er reyndar ekki svo óalgennt meðal ættbálka á svipuðum svæðum.“

Faðir Sabine ákvað að rannsaka Fayu-fólkið og fékk leyfi frá höfðingja ættbálksins til að flytja með fjölskylduna inn á svæðið og þar bjó Sabine frá sex ára til 17 ára aldurs. „Í kringum Týnda dalinn eru há fjöll og þetta er tveggja tíma flug frá næsta þorpi með þyrnu. Þegar ég hitti frumskógarfólkið fyrst þá voru mennirnir naktir, með bein í gegnum nefið, fjaðrir á höfðinu og með boga og örvar á bakinu. Ég var von því að hitta frumskógarfólk og hafði umgengist aðra ættbálka. En þau höfðu aldrei séð hvítt fólk áður og horfðu á okkur eins og við værum dauð. Fyrir þeim vorum við ekki hvít heldur litlaus. Þeim fannst við líta út eins og lík sem hefði verið of lengi í vatni.“

Frumskógaleikir

Það var mjög frumstætt og einangrað líf sem beið Sabine og systur hennar sem er tveimur árum eldri en hún og bróður sem er tveimur árum yngri. Það var ekkert rafmagn, rennandi vatn, útvarp eða sjónvarp. Fyrstu dagana forðaðist Fayu-fólkið systkinin. „Börnin vildu ekki leika við okkur. Þau léku sér aldrei og kunnu það ekki. Ef við reyndum að nálgast þau hlupu þau í burtu dauðhrædd. Einn strákur fylgdi okkur eftir og einn daginn var hann með boga og örvar sem mig langaði að skoða. Hann gaf mér bogann og í staðinn gaf ég honum lítinn spegil. Börnin höfðu aldrei séð spegil og voru mjög undrandi þegar þau sáu hvernig þau litu út í fyrsta sinn. Í Fayu-menningunni hafa börn ekkert hlutverk fyrr en þau eru gift þannig að þeirra eina hlutverk var að halda sér á lífi þangað til þau giftust. Allt var mjög frumstætt og barnadauði um 70 prósent.“

En smátt og smátt lærðu börnin að leika sér. „Við kenndum þeim

okkar leiki og þau kenndu okkur á lífið í frumskóginum. Hvernig átti að búa til boga, hvaða dýr voru eitruð og hvaða dýr var í lagi að borða, hvernig átti að kveikja eld og smíða kofa. Þannig lærðum við þeirra lifnaðarhætti.“

Voru foreldrar þínir aldrei hrædd um ykkur? „Nei, aldrei. Þegar við fluttum í frumskógin vissu þau að við yrðum að aðlagast þeirra aðstæðum. En það sem þau áttuðu sig ekki á er að börn læra og þroskast eftir umhverfinu sem þau alast upp í. Heilinn er innstilltur á ákveðið umhverfi. Í frumskóginum stjórnaðist lífið algjörlega af náttúrunni. Það var ekkert rafmagn þannig að við vöknudum við sólarupprás klukkan sex á morgnana og fórum að sofa klukkan sex á kvöldin þegar sólin settist. Ég elskaði frumskógin. Ég elskaði dýrin og náttúruna. Ég var eins og innfædd og lærði tungumálið.“

Engin fortíð, engin framtíð

Tíminn í frumskóginum leið mjög hægt að sögn Sabine og oft ekki mikið um að vera. „Frumskógarfólkið lifir bara fyrir líðandi stundu. Í Fayu-menningunni er engin fortíð og engin framtíð. Þau lifa algjörlega í núinu. Þegar einhver deyr þá er nafn hans aldrei aftur nefnt þegar sorgartímabilinu líkur vegna þess að þessi manneskja er ekki lengur til. Þau hafa enga hugmynd um framtíðina og það er aldrei hugsað um morgundaginn. Það er aldrei rækt að fram í tímann eða veitt fyrir morgundaginn. Þau taka bara það sem þau þurfa fyrir einn dag.“

Spurningar vakna

Þegar Sabine komst á unglingsaldur fóru alls kyns spurningar að



SABINE ÁSAMT CHRISTIAN BRÓÐUR SÍNUM Í FRUMSKÓGARLEIK.

vakna og lífið var ekki eins einfalt og áður. Hún gekk í skóla í öðru þorpi og kom bara í frumskógin um helgar. „Þegar ég komst á unglingsaldur voru allir vinir mínir giftir. Ættbálkafólkið skildi ekki af hverju faðir minn gifti ekki mig og systur mína, þeim fannst ég orðin gömul. Á þessum tímupunkti upp-



Getum við lært eitthvað af frumskógarfólkinu?

„Já, í vestræna heiminum er mikil togstreita meðal fólks. Fólk sem hefur allt til alls er óhamingjusamt, þunglynt og á við geðræn vandamál að stríða. Þessi vandamál eru ekki til meðal Fayu-ættbálksins, ástæðan er sú að þau styðja hvert annað og styrkja andlega. Þau eru alltaf til staðar fyrir hvert annað. Ef einhver er sorgmæddur þá eru allir sorgmæddir. Það sem ég sakna mest er mikilvægi vináttunnar. Ef ég á vin í Papúa þá get ég farið á morgun og búið hjá honum, í Þýskalandi þarf ég að hringja í vini mína og spyrja hvort þau hafi tíma áður en ég kem í heimsókn. Það er ákveðin fjarlægð milli fólks og það byggir vegg í kringum sig. Nálægðin meðal fólksins í Fayu-ættbálkinum er eitthvað sem ég sakna mikið. Ég verð mjög einmana hérna þó ég þekki fullt af fólki. Þetta er frekar andlegur einmanaleiki.“

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA/ÚR EINKASAFNI

lífið í fyrsta sinn að ég væri öðruvísi en þau. Þegar ég var 16 ára fór ég að velta fyrir mér hver ég væri og hvaðan ég kæmi. Hvort ég væri þýsk eða Fayu. Þegar ég var 17 ára vildi ég fara aftur til Þýskalands og mennta mig. Fyrir mér var vestræni heimurinn paradís. Við systkinin ímynduðum okkur alltaf að þar hlutu allir að vera ógurlega hamingjusamir þar sem allt var til alls.“

Ofsahræðsla á lestarstöð

Bókin hefst þar sem Sabine er 17 ára gömul á lestarstöð í Þýskalandi og veit ekkert hvað hún á að gera. Hún lýsir því vel hvernig ofsahræðsla greip hana. Hún kunnir ekki að taka lest eða labba yfir götu. Henni fannst hún óörugg, hún kunnir að nota boga og ör til að verjast hættunum og lögmálum náttúrunnar í frumskóginum, en á miðri lestarstöð í Þýskalandi

hvernig átti að panta mat á veitingastað, hvernig átti að versla o.s.frv. Þetta var skemmtilegur tími en eftir tvö ár var ég farin að sakna frumskógarins mjög. „En þegar Sabine var 18 ára komst hún að því að hún væri ólétt sem varð til þess að hún fór ekki aftur til Papua. Hún var algjörlega týnd í vestrænu samfélagi og saknaði frumskógarins. „Ég var ekki undirbúin til að takast á við lífið í þessu menningarsamfélagi og átti lengi mjög erfitt.“

Ólíkir heimur

„Lífið í frumskóginum byggist á hópnum. Lífið hér er byggt á einstaklingnum. Í okkar heimi er fólk mjög fókuserað á eignir og hluti, efnishyggja er ekki til í Fayu-menningunni. Þar deilir fólk öllu. Ég hafði lært að verja mig líkamlega en ekki andlega. Fayu-fólkið talar stanslaust og leyndarmál eru



væri stöðugt andlegt stríð í gangi og ég varð alltaf óruggari. Það tók mig langan tíma að skilja hugsunarháttinn.“

Það kom að því að Sabine brotnaði algjörlega niður og var um það bil að gefast upp þegar hún áttaði sig á því að hún hafði alist upp í frumskógi þar sem hún þekkti allar hættur og hvernig átti að verjast þeim. Bókina skrifaði Sabine til að skilja sjálfa sig betur. Hún var að nálgast þrjúgung en var ennþá mjög óhamingjusöm. „Mér fannst eins og ég væri ekki lífandi. Lífið leið áfram en ég var bara að gera það sem ég þurfti til að lifa af.“ Bókin fór beint í efsta sæti metsölulistans í Þýskalandi og hefur verið samfellt í tvö ár á listanum. Fólk er greinilega forvitnið um lífið í frumskóginum.

Ólíkir menningarheimur

Sabine býr núna í München, hún á fjögur börn og rekur eigið framleiðslufyrirtæki. Þó hafi átt mjög erfitt með að aðlagast vestrænu samfélagi þá segist hún vera hamingjusöm í dag. „Mér finnst ég frjálssari vegna þess að ég er ekki efnishyggjumanneskja. Þegar kemur að veraldlegum eignum þá er ég með sama hugsunarhátt og frumskógarfólkið. Það er frelsi fólgið í því að vera ekki háður veraldlegum hlutum.“

Sabine varð mjög hissa þegar fólk byrjaði að senda henni bréf og sagðist skilja hvað hún hafði gengið í gegnum. „Þetta var fólk sem hafði flutt á milli menningarheima, hvort sem það var frá Austur-Þýskalandi til Vestur-Þýskalands eða lengra. Það er alltaf að verða algengara í heiminum að fólk flytji milli landa og menningarheima, þess vegna hefur orðið til eitthvert nýtt ástand í heiminum, og nýjar kynslóðir af fólki sem veit ekki hvaða heimi það tilheyrir. Skörunin milli ólíkra menningarheima hefur aldrei verið meiri. Heimilið mitt verður alltaf Papua, menningin mín verður alltaf Papua og fjölskyldan mín verður alltaf Fayu-ættbálkurinn. Ég get ekki flutt aftur í frumskógin núna út af börnunum mínum en mig langar að flytja aftur til Papua þegar þau eru fullorðin. Þar er ég afslöppuð. Ég er miklu öruggari í frumskóginum, þegar ég fór þaðan varð ég hrædd í fyrsta sinn á ævinni.“ ■

” Vestræni heimurinn er jafn mikill frumskógur, þetta er bara annars konar frumskógur og ég þurfti að læra hvernig ég átti að lifa af upp á nýtt.

var hún algjörlega varnarlaus.

„Ég fór í heimavistarskóla í Sviss og var heppin að vera þar með stelpum sem komu alls staðar að úr heiminum og þær hjálpuðu mér mikið. Ég var algjörlega villt barn. Þær kenndu mér á siðmenninguna. Ég þurfti að læra allt, hvernig á að nota síma,

ekki til og engar lygar, þau kunna ekki að ljúga. Hugsunarhátturinn er mjög opin. Þau geta meitt hvort annað líkamlega en ekki andlega. Hérna ef einhver meiðist þá er kominn sjúkrabíll, lækna og fólk leggst á spítala. En þegar fólk er sært á sálinni þá gerist ekkert. Mér fannst eins og það

Ótrúlegt verð

Fáanlegt í Hagkaupum Smáralind, Kringlu og á Akureyri

Exido Sópur

- Rafdrifinn kústur
- Léttur og þægilegur
- Hægt að nota á öll gólf
- Þráðlaus með hleðslu
- 30 mínútna notkun á fullri hleðslu
- Stillanlegt skaft
- Auðvelt að hreinsa

TILBOÐ
4.990 kr

Verð áður 6.990,-

Nýtt á Íslandi! Handhægir rafmagnssópar sem auðvelda þrif

Philips Sópur

- Rafdrifinn kústur
- Léttur og þægilegur
- Hægt að nota á öll gólf
- Þráðlaus með hleðslu
- 55 mínútna notkun á fullri hleðslu
- Stillanlegt skaft
- Auðvelt að hreinsa
- 1,8kg

TILBOÐ
7.990 kr

Verð áður 9.990,-



Senseo

Merritt PHILIPS

Philips Senseo kaffikanna

1450w Senseo kaffivél, hellir upp á 1 eða 2 kaffibolla í einu. Hver bolli er ferskur og með lag af froðu, tekur aðeins 30 sekúndur að laga. Auðvelt að hreinsa.

Til í svörtu, hvítu og bláu.

GOTT VERÐ
9.990 kr



DeLonghi espresso kaffivél

- Fullkomin 1,8l espresso kaffivél með kaffikvörn
- Malar kaffibaunir og býr til kaffið
- Tekur líka malað kaffi
- Hægt að stilla hve fin mölunin er
- Býr til gufu bæði til að flóa mjólk og fyrir heita drykki eins og te
- Cappuccino System - Blandar saman gufu, lofti og mjólk fyrir frábært Cappuccino

TILBOÐ
49.990 kr

Verð áður 59.990,-



Exido expresso kaffivél

- 1000w espresso/Cappuccino kaffivél
- 15 bar - Allitúð

GOTT VERÐ
9.990 kr



DeLonghi espresso kaffivél

- Fullkomin 1,8l espresso kaffivél með kaffikvörn
- Malar kaffibaunir og býr til kaffið
- Tekur líka malað kaffi
- Hægt að stilla hve fin mölunin er
- Býr til gufu bæði til að flóa mjólk og fyrir heita drykki eins og te
- Tveir katlar
- Minni til að stilla mismunandi aðferðir og uppáhalds stillingar
- Cappuccino system - Blandar saman gufu, lofti og mjólk fyrir frábært Cappuccino
- Slekkur sjálfvirk á sér

GOTT VERÐ
69.990 kr



Ariete kaffivél

- Fullkomin 2,2l espresso kaffivél með kaffikvörn
- 1100w
- 15 Bar
- Innbyggð 300g kaffikvörn
- 2l vatnstankur
- Hægt að stilla hve fin mölunin er

TILBOÐ
29.990 kr

Verð áður 34.990,-



Gildir til 10. nóvember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



VICENTE OG PABLOS Á leið niður í vinkjallarann með luktina og vínglösin.

FRÉTTABLAÐIÐ/ISE

Þegar lífið er léttvín

Klukkan er nú að morgni þegar *Jón Sigurður Eyjólfsson* kemur akandi í spænska þorpið Pesquera Del Duero. Eftir stutt stopp verður honum ljóst að ekki verður hjá því komist að skilja bílinn eftir því lífið er léttvín í þessu fjögur hundruð manna þorpi.

Það eru að minnsta kosti 26 vinkjallarar í þorpinu sem opnir eru almenningi en svo eru sennilega til 15 aðrir sem menn hafa aðeins fyrir sig og sína," segir Pablos Martínez Sanz vert meðan hann réttir blaðamanni kaffibolla yfir barborðið. „Ef þú ert ekki að drífa þig skal ég sýna

þér nokkra," bætir hann við. „Fyrst verð ég að afgreiða vegavinnnumennina sem koma til að fá sér sopa í pásunni en svo getum við farið.“

Skömmu síðar komu vegavinnnumennirnir og skyndilega var allt umhorfs líkt og á laugardagskvöldi því allir vildu þeir fá konák, líkjör, bjór eða brennivatn, líkt og Spánverjar kalla brennivínið



ÞORPIÐ PESQUERA Á SPÁNI Engan veitingastað er er að finna í þessu fjögur hundruð manna þorpi, en nóg af víni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ISE

sitt. „Svona, fáðu þér einn kaffilíkjör, hann er í boði hússins," sagði Pablos ákveðinn og hellti í staup fyrir blaðamann sem er ekki vanur að standa frammi fyrir svona löguðu að morgni dags.

Vinkjallari með eina vínfloösku

Þegar vegavinnnumenn hurfu aftur til vinnu sinnar, gláðir í bragði, tók María eiginkona Pablos við á barnum en vertinn tók lyklna að vinkjallara sínum og dró blaðamann með sér þangað. „Það ber vel í veiði í dag því hann Vicente er á svæðinu," segir Pablos þegar komið er að skemmu nokkurri í jaðri þorpsins en þar fyrir utan var pallbíllinn hans Vicente Recio Martínez. Hann var inni í skemmuinni að gæða sér á þurrsinku, osti og rauðvíni meðan hann horfði yfir ána Duero sem blasir við útum skemmugluggann. Vicente tók ekki annað í mál en að blaðamaður bragðaði á víninu sem hann bruggar, svo ákveðið var að Pablos myndi fyrst sýna blaðamanni kjallarann sinn en svo yrði farið að sumbla í kjallarannum hjá Vicente.

Vinkjallarar þeirra féлага eru eins konar hliðarherbergi í afar löngum jarðgöngum sem eru við þorpsjaðarinn. Vinkjallarinn hans Pablos virtist afar fátæklegur við fyrstu sýn þar sem ekki var nokkra flösku þar að sjá. Þá teygir hann sig inn í gat á veggnum og dregur fram vínfloösku og af svip hans sást strax að þetta hlyti að vera afar merkileg vínfloeska. „Þessa ætla ég annaðhvort að selja fyrir stórfé eða þá að drekka hana í brúðkaupi dóttur minnar eða eitthvert slík tækifæri," segir Pablos meðan hann höndlar flöskuna. Löngun blaðamanns til að fá að smakka víníð var slík að það hvarflaði að honum að biðja um hönd dótturinnar. Þetta er vín af gerðinni Tinto Pesquera frá árinu 1982; ein af fyrstu flöskunum sem tappað var á af þessari tegund sem í dag er sú frægasta frá þessu svæði.

Bruggarinn síkátí

Vicente hefur mettast og nú vil hann bjóða upp á mjöd sinn. „Ég á tveggja hektara vínakur og brugga um fimm tonn á ári," segir Vicente meðan hann leiðir gestina um göngin að vinkjallarannum.

Þegar víníð er farið að verma sál byrjar blaðamaður að spyrja þennan glaðværa bruggara spjörnum um líf hans og hagi. „Ég er sonur tónlistarkennara og ég var ekki hárf á loftinu þegar ég fór víða um Spán að spila með lítilli hljómsveit sem skipuð var nokkrum fjölskyldumeðlimum," segir Vicente. „Ég lék á klarinett en var einnig fær um að spila á önnur hljóðfæri. Svo vann ég við ýmislegt en það er nú nokkuð síðan ég komst á eftirlaun. Síðustu tuttugu árin vann ég á bifreiðaverkstæði.“

Svo styttist í það að vegavinnnumennirnir komi aftur á barinn hans Pablos til að fá sér sopa svo tappinn er settur í tunnuna áður en Pablos fer til vinnu sinnar, Vicente til síns heima en blaðamaður ákvað að fara á veitingastað til að fá sér miðdegisverð. Honum var gert ljóst að enginn veitingastaður er í þorpinu og er það líklegast einsdæmi á Spáni. Þá ákvað blaðamaður að kíkja í vinkjallarann fræga; Tinto Pesquera.

Víníð sem Julio Iglesias mælir með

Alejandro Fernandez var með þeim fyrstu í Pesquera til að markaðssetja vín og nú á hann fjórar vínverksmiðjur víða um Spán. Þekktasta vörumerkið og jafnframt það elsta er Tinto Pesquera en í augum fjölmargra er það merki nátengt söngvaranum og hjartaknúsanum Julio Iglesias. „Það eru margir sem halda því fram að Julio sé meðlimur númer eitt hjá Tinto Pesquera," segir Elsa Martínez meðan hún leiðir blaðamann úr verksmiðjunni og inn í vinkjallarann. En vinkjallararnir virka þannig að eigendur

hans safna meðlimum sem borga gjöld gegn því að fá að drekka í kjallarannum við hentug tækifæri. Það er mikill heiður að fá að vera meðlimur númer eitt og mikill heiður fyrir eigendur vinkjallarans að hafa fræga og virta meðlimi. „Hið sanna er að Julio og Alejandro eru góðir vinir og Julio hefur hjálpað honum mikið með markaðssetninguna." Bæjarbúar sem blaðamaður spjallaði við segja að oft fréttist af söngvaranum í þorpinu að bragða á brugginu hans Alejandro.

Alejandro er nú á áttæðisaldri en lætur ekki deigan síga. „Hann er núna í Mexíkó þar sem hann ætlar að setja á markað nýtt vín sem á að vera tileinkað konum, hann er alltaf á ferð og flugi," segir Elsa.

Ólík örlög bernskuvina

Eftir heimsóknina í Tinto Pesquera kemur blaðamaður við á barnum hans Pablos og hittir þar fyrir Vicente sem hefur fengið sér miðdegisverð og sístu en situr nú brosandí með hvítvínsglas í hendi við barborðið. „Já, svo þú fórst í Tinto Pesquera," sagði Alejandro. Og nú í dag er hann forríkur, á fjórar verksmiðjur og er í Mexíkó að markaðssetja nýja vintegund meðan ég hef mín eftirlaun og sel einstaka lítra til vana og vandanna.“

Þó saga þessara bernskuvina séu nokkuð ólík er það blaðamanni til efs að örlög Vicente séu nokkuð verri. Í það minnsta má Alejandro vera afar hamingjusamur ef hann á að slá Vicente við. ■

SENDU SMS
JA BRF Á 1900
OG ÞÚ GÆTIR
UNNIÐ BÍÓMIÐA!

SMS LEIKUR

SIRKUS

FRÓST

"GRODDALEGUR OG
BEINSKEYTTUR
HUMOR"

9. HVER
VINNUR!

BORAT

FRUMSÝND 03 11 06

Við erum Mazda



Veldu annan stíl

Veldu Mazda á uppskerutilboði Brimborgar

Mazda6 Touring 2,0i
4 dyra, sjálfskiptur*
Uppskerutilboð 2.525.000 kr.
Bílasamningur 34.726 kr.
Rekstrarleiga 46.100 kr.

**UPPSKERU-
TILBOÐIÐ gildir til 11. nóv. n.k.
TILBOÐ**



Mazda6 Touring 2,0i
4 dyra, sjálfskiptur*

Uppskerutilboð 2.525.000 kr.
Bílasamningur 34.726 kr.
Rekstrarleiga 46.100 kr.



Mazda6 Touring 2,0i
5 dyra, sjálfskiptur*

Uppskerutilboð 2.575.000 kr.
Bílasamningur 35.414 kr.
Rekstrarleiga 47.100 kr.



Mazda6 Touring 2,0i
Wagon, sjálfskiptur*

Uppskerutilboð 2.625.000 kr.
Bílasamningur 36.102 kr.
Rekstrarleiga 48.700 kr.

Veturinn er komið í Brimborg. Vertu Mazda.

Nú er rétta tækifærið til að fá sér nýjan bíl á sérstöku uppskerutilboði Brimborgar. Gerðu samanburð á japönskum gæðum. Berðu saman verð og búnað Mazda6 Touring, 4 dyra, sjálfskiptum og Toyota Avensis Sedan Sol, sjálfskiptum. Mazda6 kostar núna aðeins frá 2.525.000 kr. á sérstöku uppskerutilboði til þín. Verð á sjálfskiptum Toyota Avensis Sedan Sol er frá 2.680.000 kr.* Veldu annan stíl. Núna Mazda - á sérstöku uppskerutilboði Brimborgar.

Það sem er umfram í Mazda6 Touring:

- 2,0 lítra vél
- 5 þrepa sjálfskipting
- 16" Álfelgur
- Hraðastillir

Aflaðu þér
frekari upplýsinga
www.mazdabrimborg.is

Við staðgreiðum gamla bílinn þinn.

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu uppskerutilboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Við erum Mazda. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Mazda á uppskerutilboði Brimborgar.

Skoðaðu úrval Mazda á uppskerutilboði.



Mazda2 Core 1,4i
5 dyra, 5 gira*

Uppskerutilboð 1.490.000 kr.
Bílasamningur 20.740 kr.
Rekstrarleiga 28.500 kr.



Mazda3 Touring 1,6i
5 dyra, 5 gira*

Uppskerutilboð 1.890.000 kr.
Bílasamningur 26.100 kr.
Rekstrarleiga 34.800 kr.



Mazda5 Touring 2,0i
7 manna, 5 gira*

Uppskerutilboð 2.390.000 kr.
Bílasamningur 32.748 kr.
Rekstrarleiga 43.400 kr.

**Uppskeruhátíðinni
lýkur 11. nóv. n.k.**

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Uppskeruhátíð
í Brimborg

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.mazdabrimborg.is

*Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að aukri er kaupverð háð gengi. Bílasamningur er lán með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% ísk / 50% erl. myntkarfa. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustuefirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. Aukabúnaður á mynd: sölluga. Skv. verðlista Toyota 11/06. **Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluáðgjafar Brimborgar.



MADS MIKKELSEN Kafaði ofan í sálarfylgslun til þess að finna samsvörun við Le Chiffre og ýkti svo þætti í fari sínu upp en segist annars ekkert eiga sameiginlegt með illmenninu.

Sækist ekki eftir heimsyfirráðum

Danski leikarinn **Mads Mikkelsen** hefur notið mikilla vinsælda í heima-landi sínu undanfarin ár en gerir nú sjálfum James Bond lífið leitt í Casino Royale sem skúrkurinn Le Chiffre. Þórarinn Þórarinnson hitti leikarann í Stokkhólmi og ræddi við hann um Bond, hugsanlega heimsfræð og draumalandið Ísland.

Er þér sama þótt ég reyki?“ spyr Mikkelsen og kveikir sér í filterslausri danski sigarettu um leið og hann byrjar vonlausu leit að öskubakka í hótélherberginu. Hann endar með hálfótma vatnsflösku, slær öskuna ofan í hana og spyr Íslendinginn hvort hann vilji að viðtalið fari fram á dönsku. Eftir stutt orðskipti á ryðgæðri menntaskóládönsku blaðamanns verður enskan ofan á.

„Fólk á Íslandi sem er eldra en þú, kannski komið yfir fimmtugt, talar það ekki örugglega betri dönsku en þú?“ spyr Mikkelesen og þjóðernisvitund hans virðist síður en svo særd. „Þetta er í góðu lagi. Eigum við ekki að drífa í þessu svo ég komist í hádegismat?“ spyr hann svo danskur og *ligglad* fram í fingurgóma.

Fer aldrei frá Danmörku

„Ég hef verið heppinn í gegnum tíðina og fengið tækifæri til að leika mörg og fjölbreytt hlutverk í dönskum bíómyndum og stundum koma upp tækifæri eins og þetta,“ segir Mikkelsen og gerir ekki mikið úr því að honum hafi boðist lykhillutverk í jafn stórrí mynd og Casino Royale. „Það er í sjálfu sér ekki mikill munur á þessu og öðru sem ég hef gert. Ég las handritið og leist vel á það og sló því til.“

Það er þó vitaskuld ekkert smá-

mál að leika í James Bond-mynd enda hefur myndaflokkurinn notið gríðarlegra vinsælda í 44 ár. Mikkelsen lætur þetta síður en svo stíga sér til höfuðs og hefur ekki augastað á Hollywood. „Ég mun pottþétt alltaf gera myndir í Danmörku. Ég bý þar með fjölskyldunni minni, danska er tungumálið mitt og þar segjum við sögur úr umhverfi sem ég þekki. Ég mun alltaf búa þar en ef eitthvað annað kemur upp og ég get stökkið frá til að vinna þá er það bara gaman og ég mun auðvitað gera það.“

Ólst upp við Bond

Casino Royale er ekki fyrsta stóra stúdíómyndin sem Mikkelsen leikur í en hann lét til dæmis til sín taka í King Arthur ásamt þeim Clive Owen og Keira Knightley. „Ég vona samt að Casino Royale verði stærsta myndin sem ég hef leikið í, í það minnsta þegar kemur að aðsókn. Annars er þetta alltaf sama vinnan óháð því hversu mikið er í myndirnar lagt. Stóri munurinn liggur í fjöldanum sem vinnur í kringum mann. Við tökum á Casino Royale voru alltaf 400 manns á þönum í kringum mann. Í dönskum myndum er þetta ekki nema svona tuttugu manns.“

Mikkelsen ólst vitaskuld upp við Bond-myndirnar heima í Danmörku og telur sig hiklaust til addáenda njósnarans. „Ég var Bond-addáandi eins og allir aðrir

þegar ég var krakki. Ég er samt enginn Bond-sérfræðingur en ég hef séð flestar myndirnar. Þetta er samt öðruvísi þegar maður er barn. Þá horfir maður bara á myndirnar og lifir sig inn í þær. Nú hef ég hins vegar stigið alla leið inn í þennan heim.“

Nýr Bond í breyttum heimi

Casino Royale fer með James Bond á nýjar slóðir og þykir um margt frábrugðin þeim 20 myndum um njósnarann sem eru að baki. Handrit myndarinnar byggir á fyrstu skáldsögu Ians Flemming um Bond og er því einhvers konar forleikur að myndabálknum. Hér kemur Bond fram ungur og reynslulítill, nýbúinn að vinna sér inn nafnbótina 007 og öðlast um leið leyfi til að drepa.

„Myndin er öðruvísi. Bond er öðruvísi en við höfum átt að venjast og skúrkurinn minn, Le Chiffre, er líka öðruvísi. James Bond er undir mikilli pressu í Casino Royale og það gerir hann hættulegan. Ég er maður undir enn meiri þrýstingi og það gerir mig jafnvel hættulegri,“ segir Mikkelsen. „Myndin er að þessu leyti mannlegri en hinar. Áhættuatriðin eru raunverulegri, slagsmálin harkalegri og myndin því ef til vill jarðbundnari. Þetta er samt ekta Bond og við erum enn með hraðskreiða bíla, flottar gellur og fyndin tilsvör.“

Mikkelsen segist telja að

breytingarnar sem Bond gengur í gegnum nú hafi verið tímabærar. „Ég held að Bond hafi alltaf verið að þróast og breytast í takt við sibreytilega heimsmynd og framþróun í kvikmyndagerð. Myndirnar hafa samt allar lagað sig að heimi Bonds, þó þær séu misjafnar, og ég hef það á tilfinningunni að við höfum með þessari mynd færest nær upprunanum. Þetta er ekta Bond og það er allt til staðar en harkan er af gamla skólanum. Græjunum hefur fækkað þó hann sé auðvitað með eitthvað af dóti en við vildum frekar láta hann drepa með höndunum. Það gerir hann miklu hættulegri að mínu mati.“

Skúrkur nýrra tíma

Þegar talið berst að skúrkinum Le Chiffre bendir Mikkelsen á að áhorfendur ættu að geta séð samtímann speglast í honum. „Ég er hvorki brjáláður vísindamaður né að reyna að leggja undir mig heiminn. Ég er bara alþjóðlegur kaup-sýslumaður sem er í þessu fyrir peningana. Þetta er manngerð sem við þekkjum flest vel og sjáum um þessar mundir.“

Mikkelsen reyndi að finna eitthvað í fari sínu sem gæti hjálpað honum að nálgast Le Chiffre. „Ég leitaði að þáttum í eðli mínu sem gætu átt við Le Chiffre. Það gat verið eitthvað smávægilegt sem ég magnaði upp og fór með það út í öfgar. Við erum þó alls ekki líkir og Le Chiffre býr ekki yfir öllum þeim tilfinningum sem bærast innra með mér. Ég er til dæmis kaldhæðinn en það er Le Chiffre alls ekki. Hann er mjög blátt áfram.“

Mikkelsen sá ekki ástæðu til að lesa frumtexta Ians Flemming þegar hann bjó sig undir hlutverkið. „Nei, ég las bókina ekki en mun gera það síðar. Ég sá ekki tilganginn með því. Við leikararnir vorum að vinna úr þessu tiltekna handriti með leikstjóranum og það er alls ekki sami textinn og í bókinni. Lestur hennar hefði bara ruglað mig í ríminu. Le Chiffre er, minnir mig, Alsírúí í skáldsögunni minn er landlaus. Það veit enginn hvaðan hann er. Hann er Dani,“ segir Mikkelsen og hlær. „Hann er í það minnsta með danskan hreim.“

Craig er hinn Bond

Mikkelsen ber hinum nýja Bond, Daniel Craig, vel söguna. „Hann er mjög góður leikari, það var gott að vinna með honum og við hjálpuðumst að við að láta senurnar okkar ganga upp. Þannig eiga leikarar að vinna. Hann á eftir að verða risastór stjarna núna en það er ekkert stjórnulegt við hann. Hann er fyrst og fremst góður leikari og leggur mikið upp úr því. Hann er eins og stjórnur ættu að vera.“

Mikkelsen heldur áfram og segir þennan nýja Bond sem birtist í Casino Royale henta Craig vel. „Daniel er hörkulegur en samt mjög ljúfur um leið. Hann talar fagaða ensku, eiginlega eins og Roger Moore þannig að hann er blanda af hörkutóli og aristókrata. Mér fannst líka eitthvað notalegt við að sitja andspænis honum í atriði þar sem við spilum póker og vita að á móti mér sæti maður sem gæti drepjið mig. Með höndunum, gaffli eða hverju sem er. Styrkur þessa Bonds felst ekki síst í því að þessi ógn fylgir honum. Hann þarf ekki á græjunum að halda.“

Heillaðist af Íslandi

Mikkelsen dvaldi á Íslandi í tvo mánuði þegar hann lék í Vild spor fyrir nokkrum árum og heillaðist af landi og þjóð eins og svo margri aðrir. „Ég get í fullri einlægni sagt að Íslands er fallægasti staður sem ég hef komið til. Ég hef ekki komið aftur en er alltaf á leiðinni og við höfum oft rætt það í fjölskyldunni að fara til Íslands og dvelja þar lengi. Ísland er töfrandi staður og svo falllegt og fjölbreytt þó það sé lítið. Fólk er líka gestrisið og vingjarnlegt. Þið eruð mjög sjálfsörugg og stolt í besta skilningi þeirra orða. Þegar maður hefur þetta stolt verður maður hlýr og tekur fólki opnum örmum. Þeir sem óttast eitthvað loka hins vegar að sér. Ísland er besta land sem ég hef komið til á ævinni.“ ■

Nokkrir góðir

Þeir eru ófáir skúrkarinn og brjáláðingarnir sem James Bond hefur komið í hel á þeim 44 árum sem hann hefur látið til sín taka á hvíta tjaldinu. Flestir eru þeir eftirminnlegir enda fyrirmyndar illmenni en hér eru nokkrir sem standa upp úr.

ERNST STAVRO BLOFELD

Erkifjandi Bonds og sá sem kemur ítrekað við sögu í Bond-myndunum. Hann stofnaði og stjórnar SPECTRE samtökum sem sérhæfa sig í kúgunum, ofbeldi og hryðjuverkum með það að höfuðmarkmiði að leggja undir sig heiminn. Blofeld átti góða spretti í From Russia With Love, Thunderball, Diamonds Are Forever, You Only Live Twice og On Her Majesty's Secret Service.



GOLDFINGER Einn nafntogaðasti óvinur Bonds. Hann hafði ekki áhuga á heimsyfirráðum og var uppteknari af því að auka

verðmæti gullforða síns með því að sprengja kjarnorkusprengju við Fort Knox og gera gullbirgðir Bandaríkjanna geislavírkar. Hann reyndi að saga Bond í tvennt með leysigeisla og á hina sigildu setningu: „Ég ætlast til þess að þú deyir mr. Bond.“

SCARAMANGA

Leigumorðinginn með gylltu byssuna lenti upp á kant við Roger Moore í The Man With the Golden Gun. Hann hélt til á einkaeyju sinni og reyndi að gera heimsbyggðinni skráveifur þaðan. Christopher Lee, Dracula sjálfur, lék morðingjann með sínu lagi og skilaði fyrirtaks illmenni.



ODDJOB

Tunguskorni og þar af leiðandi mállausi Kóreumaðurinn var helsti útsendari Goldfingers. Hann var fastur fyrir í slagsmálum, drap Bond stúlku með því að sprautulakka hana gyllta og stundaði það að hálsbrjóta fólk með því að kasta í það hatti með steypustyrktum böðum.

JAWS

Stálkjafurinn Jaws fór mikinn í The Spy Who Loved Me og Moonraker og gerði ítrekaðar tilraunir til þess að narta í hálsslagæðar Rogers Moore. Þetta hálftröll var nánast ósigrandi en góðu heilli skipti hann um lið og snerist á sveif með Bond eftir að hann fann ástina úti í himingimnum í Moonraker. Hann lifir enn á forni fræð og vígalegum tanngarðinum.



XENIA ONATOP

Famke Janssen stal senunni í fyrstu Pierce Brosnan myndinni, Goldeneye, í hlutverki fláráðs rússnesks morðkvennis. Xení var að vissu leyti kona að skapi Bond þar sem kynlíf og ofbeldi áttu hug hennar allan. Fjöldamorð framdi hún af nautn og kunni best við að salga mönnum með því að kremja þá milli læra sinna í miðjum ástarleik.

ELIOT CARVER

Þessi geðbillaði fjölmiðlamógull ákvað að framleiða „skúbbin“ sín með því að etja stórveldum saman og reyna að stofna til illdeilna og styrjalda enda selur fátt blöð betur en ótti og ofbeldi. Jonathan Pryce fór mikinn í hlutverkinu en Pierce Brosnan tókst að bregða fyrir hann fæti og rústa fjölmiðlavelði hins illa.





TAX FREE DAGAR

Allar vörur án VSK!



~~2.499~~
1.999

060606 - CD
Bubbi



~~2.199~~
1.760

Rúv Tops
Sniglabandið




~~2.199~~
1.760

Please Don't Hate Me
Lay Low



~~2.199~~
1.760

LALALA
Hildur Vala



~~2.199~~
1.760

Bara ef þú kemur með
Bríet Sunna



~~2.199~~
1.760

FutureSex/LoveSounds
Justin Timberlake



~~2.299~~
1.839

Fast & The Furious
Tokyo Drift DVD



~~4.999~~
3.999

Desperate
Housewives 2 DVD




~~2.299~~
1.839

Da Vinci Code 2 Disk
DVD



~~2.299~~
1.839

Mission Impossible 3
DVD



~~4.999~~
3.999

Battlefield 2142
PC

Við fellum niður VSK af öllum vörum.
Tónlist, tölvuleikjum og DVD myndum.



~~5.999~~
4.799

Fifa 07
PS2

Ríkisjóður fær virðisaukaskatt af sölunni en Skífan veitir afslátt sem því nemur.
VSK afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum



FURÐULEG MET Hann segir hættulegasta metið sitt vera þegar hann hoppaði á kengúrúpriki á botni Amazon-fljóts. Hér heldur hann hins vegar boltum á lofti neðansjárvar og hjá sveimar tigris-hákarl.



SJÁLFRU BARN Ashrita er ókvæntur og barnlaus enda taka heimsmetin allan hans tíma. Sjálfur segist hann vera barn og leggur upp úr að setja met á ólíklegustu stöðum.

Leitar tilgangs á kengúrúpriki

Meistari meistaranna í Guinness-metum er á leið til landsins. Hann hyggst reyna að slá met í að „húla“ með risagjörð í Smáralindinni nú á næstunni. Ashrita Furman frá New York er handhafi 39 heimsmeta. Í samtali við *Jakob Bjarnar Grétarsson* segir hann meðal annars hættulegasta metið líklega þegar hann hoppaði á kengúrúpriki á botni Amazon-fljóts.

Ég hef verið gagntekinn af Guinness-metum allt frá því ég var barn. Kannski af því ég er fæddur fjórum dögum eftir að hugmyndin að Heimsmetabók Guinness kom til,” segir meistari meistaranna, hinn ótrúlegi Ashrita Furman frá New York, í samtali við Fréttablaðið.

Ashrita er sá sem hefur slegið flest Guinness-met allra og er handhafi 39 slíkra. Flest hver lýsa ótrúlegri hugkvæmni, seiglu, þolgæði og dirfsku. Hann er væntanlegur til landsins eftir tæpa viku í tilefni útkomu Heimsmetabókar Guinness árið 2007. Það er Edda útgáfa sem stendur að komu Ashrita og Raket Pálsdóttir lýsir mannum sem stórkostlegum.

„Hann kemur hinn 8. þessa mánaðar en næsta dag er Guinness-dagurinn. Ashrita mun gera tilraun til heimsmets í Smáralindinni en þá ætlar hann að húla í eina mínútu með risahúlahring. Með í för verður dómari frá Guinness svo hægt sé að staðfesta metið,“ segir Raket, sem vart getur bedið þess að berja þessa merkilegu „skringiskrúfu“, sem hún kallar svo, augum.

Þíranafiskar í næsta nágrenni

Og engum orðum er aukið að met Ashrita eru mögnuð og furðuleg.

„Stoltastur er ég af metinu að eiga flest metin,“ segir Ashrita sem stal því meti frá einum stofnanda Guinness-bókarinnar, Norris McWhirther.

Ashrita, sem er framkvæmdastjóri heilsuþáttar í New York, segir að líklega sé hættulegasta met hans það þegar hann hoppaði á kengúrúpriki í þrjá klukkutíma og fjórutíu mínútur. Sem kannski væri ekki í frásögur færandi nema af því að það gerði hann á botni Amazon-fljóts.

„Og í næsta nágrenni, í tuttugu metra fjarlægð, voru þíranafiskar á sveimi,“ segir Ashrita.

Á síðasta ári sló Ashrita margvísleg met í öllum heimsálfunum. Methafinn er ókvæntur og barnlaus – kannski eins gott því sjálfur slær Ashrita á léttu strengi og heldur því fram að sjálfur sé hann barn. Og metin slær hann eitt af öðru í frístundum sínum.

„Ég æfi mig um helgar og að kvöldlagi. Í gærkvöldi var ég til



ASHRITA FURMAN Heimsmet Ashrita lýsa ótrúlegri hugkvæmni, seiglu og þolgæði. Hér hoppar hann á kengúrúpriki en Ashrita hefur sett met í 25 löndum og nú er röðin komin að Íslandi – risahúlahopp.

”

Ég æfi mig um helgar og að kvöldlagi. Í gærkvöldi var ég til dæmis að til klukkan fjögur í eldhúsi mínu við að reyna að láta egg standa upp á endann.

dæmis að til klukkan fjögur í eldhúsi mínu við að reyna að láta egg standa upp á endann.“

Heimsmet í 25 löndum

Ekki er úr vegi að spyrja hvaða menntunar Guinness-methafi Guinness-methafa búi að en Ashrita segist hafa hætt í Columbia-háskóla til að leita að tilgangi lífsins – hvorki meira né minna. Og svo virðist sem hann hafi fundið tilgang lífsins í kengúrúprikinu sem hefur sjaldan verið fjarri góðu gamni þegar Ashrita er annars vegar.

„Eitt sinn var ég að hoppa „hröðustu míluna“ (sem er þekkt hugtak í Guinness-fræðum) í Antarktikku og þá fraus gormurinn fastur. Sem betur fer var ég með varaprik. Til Antarktikku komst ég ókeypis með argentínskri herflutningaflugvél. Ég hef slegið heimsmet í meira en 25 löndum. Mest gaman er að slá met á þekktum stöðum á borð við píramíðana, Eiffel-turninn, Kínamúrinn og svo framvegis.“

Ashrita reynir að halda sér í formi með reglulegri líkamsrækt, skokkar, lyftir lóðum og gerir magaæfingar þar til kvíðvöðvarnir eru við að slitna.

Hvar er mjólkurflaskan?

Ashrita hefur ekki meitt

sig við mettílaunir en gantast með að menn hafi velt fyrir sér hvort ekki séu einhverjar lausar skrifur eftir kollhnísamet sem hann setti fyrir mörgum árum. Þrátt fyrir að æfingarnar og líkamsræktin telji skiptir hugleiðsla hann mestu máli. „Ég er ekki íþróttamaður að upplagi en með hugleiðslu get ég farið lengra en fyrir fram hefði mátt ætla. Og það er ekki síst tilgangurinn með þessu öllu: Að nýkja athygli fólks á því að það getur farið lengra en það heldur.“

Ashrita hefur komið til Íslands nokkrum sinnum og segist kunna afskaplega vel við land og þjóð. Og þar segir hann undarlegustu atvik hafa hent sig. Fyrir mörgum árum, þegar hann hafði nýlega slegið met fyrir lengstu göngu með mjólkurflösku á höfðinu, var hann á göngu í Reykjavík. Niðursökkin í samræður við vin sinn rakst hann á konu nokkra með þeim afleiðingum að hún datt í götuna.

„Ég var alveg mín mín og baðst þráfaldlega afsökunar. Og þegar ég var að hjálpa henni á fætur spurði hún mig: Hvar er mjólkurflaskan?“

Methafinn segist dást að Íslandi og Íslendingum fyrir það að reka ekki her og segist muna sögulegan fund Mikhaíl Gorbatsjov og Ronald Regan.

Fyrsta mettílaunin á Íslandi

„Svo man ég líka þegar Bobby Fischer teflði gegn Spasski,“ segir Ashrita en ekkert er víðtal við útlending öðruvísi en krefja hann svara um hvað hann viti um Ísland. Ekki er komið að tónum kofanum hjá methafanum mikla.


„Mér finnst eftirtektarvert hvornig jarðhitasvæði eru nýtt og mér fannst verulega notalegt að fara í Bláa lónið. Ég veit að víkingarnir numu Ísland á sínum tíma en vinir mínir segja mér að landsmenn eigi ekki síður ættir að rekja til Írlands. Og vegna stöðu landsins svo norðarlega er munur á degi að vetri og sumri mikill. Ég man að eitt sinn á Íslandi vakti ég alla nóttina, talaði við vin minn og beið myrkurs. Ég hlakka til þess að koma á ný. En þetta verður í fyrsta skipti sem ég reyni við met á Íslandi,“ segir Ashrita. ■

NOKKUR HEIMSMETA ASHRITA (Úr Heimsmetabók Guinness.)

MET	ÁRANGUR	DAGS.
Hoppað á kengúrúpriki upp CN-turninn	57 mín. og 51 sek.	23. júlí 1999
Hröðustu 100 m á hoppublöðru	30,2 sek.	16. nóv. 2004
Húlað með stærsta húlahring (þvermál)	4,8 m	24. sept. 2005
Hröðustu 8 km á stultum	9 mín. og 56 sek.	17. des. 2004
Fljótastur að rúlla sér áfram eina mílu	19. mín. og 11 sek.	25. nóv. 2004
<i>Hraðasta mílan ...</i>		
... með billjarðkjuða á fingrinum	7 mín. og 16 sek.	14. sept. 2005
... með mjólkurflösku á höfðinu	7 mín. og 47 sek.	12. feb. 2004
... með egg í matskeið	10 mín. og 45 sek.	28. mars 2006
... á hoppublöðru	15 mín. og 3 sek.	19. jan. 2005
... með mann í brunavarðatak	15 mín. og 11 sek.	9. nóv. 2005
... skriðandi	29 mín. og 30 sek.	17. feb. 2006
... hoppandi	27 mín. og 51 sek.	1. feb. 2006
... með hnébeygjum	30 mín. og 50 sek.	27. okt. 2002




30% afsláttur af nýjum bókum



* Afsláttur reiknast af leiðbeinandi verði.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 5. nóvember 2006.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Yrkja um hval og veiðar

Afdráttarlaus lýsir Bubbi yfir því að sjávarútvegsráðherra sé pólitískt blindur eða forheimskur. Sigurður Helgi biður um, fyrir hönd veiðisamfélagsins, grið fyrir grænum frið en Tómas: Hann syngur um það þegar hvalur veiðir mann – en ekki öfugt.

Sungjið um hvalinn og hvalveiðar

Umræðunni um hvalveiðar Íslendinga er hvergi nærri lokið. Maður saknar þess oft að listamenn láta ekki í sér heyra um álitæfni samtímans. En þegar hvalveiðar eru annars vegar kemur hið gagnstæða í ljós, en um þetta fyrirbæri hafa þeir Bubbi Morthens, Helgi Björns og Tómas Tómasson Stuðmaður sungjið af lífi og sál.

Árgerð 2007
FRUMSÝNING
helgina 4.-5. nóvember

GLÆSILEGAR NÝJUNGAR!

PANTAÐU NÚNA HJÓLHÝSIÐ FYRIR VORIÐ
VIÐ TÖKUM VAGNINN ÞINN UPP Í NÚNA
ÞÚ GETUR SÉRVALIÐ BÚNAÐ OG LITI
AUKAHLUTAPAKKI AÐ VERÐMÆTI 100.000 KR. FYLGIR EF PANTAÐ ER FYRIR 25. NÓV.

Ópið laugardag 12:00–16:00 og sunnudag 13:00–17:00
www.vikurverk.is TANGARHÖFÐA 1 SÍMI 557 7720

VÍKUR
V • E • R • K

Fréttablaðið talaði við nokkra listamenn sem hafa nálgast þetta álitæfni með sínum hætti. Í þeim þremur dæmum þar sem sungjið er um hval og hvalveiðar er að finna bæði skoðanir með og á móti. Í mergjaðasta bragnum, Jón var kræfur karl og hraustur, er reyndar engin sérstök afstaða tekin til þess hvernig háttá beri veiðum. Heldur lagt út af sögu sem finna má í Gamla testamentinu um Jónas í hvalnum: „Þar var fyrir gamall hvalur, gráðugur og stór. Og Jón í gegnum kok hans alveg ofan í maga fór.“

Heimska og þjóðarrembingur

Enginn þarf að velkjast í vafa um afstöðu Bubba Morthens þegar hvalveiðarnar eru annars vegar. „Í dögum sefur spegill hafnsins, kjölur býr til sár. Skutullinn býður komu hvalsins, klýfur loftið kaldur nár.“ Svona hljóma upphafsorð lagsins Er nauðsynlegt að skjóta þá? sem Bubbi gerði vinsælt árið 1987. Var það að finna í mynd Friðriks Þórs, Skyttarnar, sem fjallaði um tvo hvalveiðimenn sem komust í hann krappan í Reykjavík.

Bubbi er afdráttarlaus að vanda í samtali við Fréttablaðið. Segir það ekkert annað en forheimsku að Íslendingar séu að hefja hvalveiðar á nýjan leik.

„Málið er að mínusinn er stærri en plúsinn. Þetta er ofsalega einfalt. Jú, jú, ef menn vilja drepa hval þá drepa þeir hval. En hver er akkur þjóðarinnar í að drepa hval þegar samfélag þjóðanna er í

þeim girnum að þetta sé villimennska?“ spyr Bubbi. Og heldur áfram:

„Þetta sýnir forheimsku ráðamanna í þjóðfélaginu að þeir skuli ekki einu sinni sjá að þetta er meiri skaði en hagur. Þjóðarrembingur er allt í lagi svo lengi sem hann skaðar ekki þjóðina. Við drepum bara hvalinn af því að við getum það og megum það. Blessaður sjávarútvegsráðherra, ef ég væri hann myndi ég bara stunda gúbbfiskarækt. Hann fær örugglega meira út úr því,“ segir Bubbi.

Einar K. Guðfinnsson fær það óþvegið hjá konungi rokksins:

„Maður sem lifir og hrærist í pólitík hlýtur að vera pólitískt blindur eða bara mjög heimskur að taka þessa ákvörðun.“

Sjálfum segist Bubba vera skít-sama hvort hvalir séu drepnir eða ekki. Allt fari það eftir því hvort veiðarnar skaði þjóðina eður ei.

Aðspurður hvort hann hafi verið beðinn um að syngja lagið sitt á nýjan leik, segir hann svo ekki vera. Lagið hafi aldrei verið annað en spurning sem varpað var fram. Ekki ádeila á hvalveiðar sem slíkar. Textinn fer hér með og lesanda látið eftir að velja fyrir sér hvort hér sé um áróður að ræða eða ekki. Afstaða höfundar liggur fyrir.

Er nauðsynlegt að skjóta þá?

(Brot)

Í dögum sefur spegill hafnsins, kjölur býr til sár
Skutullinn býður komu hvalsins, klýfur loftið kaldur nár.
Dauðann mun hann líta, því augu hans þrá að sjá
Hvort hafið sé jafn fallett og fjöllin jafn tignarleg, ísröndin jafn blá.

Hvað heldur þú, er nauðsynlegt að skjóta þá?
Hvað heldur þú, er nauðsynlegt að skjóta þá?

Seðlar stjórna lífinu auma hvíslar brotin rödd
Hvur trúir á drauma, trúir á draumsins heimsku rödd?
Þegar sólin kyssir fjöllin, þú sérð þá koma inn
Við síðuna liggja tröllin og í rákinni brotinn spegillinn.

Firrtir grænfríðungar

„Ef grænir friðarspillar ei gerðu að okkur hríð.“

„Þeir ættleiða hvali, þeir ofsækja mig/ og ekkert á jörðu fær heift þeirra hamið,“ söng Helgi Björnsson árið 1991 þegar landslið poppara kom saman og hljóðritaði lagið Undir regnboganum.

Lagið er eftir Magnús Þór Sigmundsson en textinn eftir Sigurð Helga Guðjónsson lögmann, sem ofbauð framferði Grænfríðunga á norðurhjaral veraldar.

„Ég hafði verið á ferðalagi um Grænland og sá hvernig hvalveiðibannið hafði bitnað á samfélaginu þarna. Atvinnuleysi hafði stóraukist með tilheyrandi samfélagsplágum, til dæmis hafði sjálfsmorðstíðni ungra grænlandskra manna hækkað mjög. Það var sorglegt að horfa upp á þetta,“ segir Sigurður.

Þegar heim frá Grænlandi var komið settist hann niður og samdi textann við Undir regnboganum.

„Þar deili ég á hvernig firrt borgarborn hafa hópast saman í samtök á borð við Greenpeace og hlutast til um örlög fólks eins og þarna á Grænlandi. Þetta snýst nefnilega ekki um náttúruvernd hjá þessu fólki, því finnst hvalir bara sæt dýr sem sé ljótt að drepa.“

Sigurður fór með textann til Magnúsar Þórs sem samdi lagið. Helgi Björnsson var fenginn til að syngja og fjöldi landsþekktar tónlistarmanna tók þátt í hljóðritun lagsins, þar á meðal Tómas Tómasson bassaleikari, Birgir Baldursson trymbill, Jóhann Helgason og Hilmar Örn Hilmarsson, sem útsetti lagið.

„Hann breytti þessu litla húsi í heila dómkirkju. Eftir á að hyggja tók ég því að þetta litla ljóð er í rauninni sálmur. Ég fæ ennþá stefgjöld fyrir lagið því það er ekki óalgeint að það sé sungjið þegar sjómenn eru lagðir til hinstu hvílu.“

Sigurði Helga finnst full ástæða til að láta Undir regnboganum

hljóma aftur í útvarpinu nú þegar Íslendingar eru teknir til við að veiða hval að nýju. „Það eru svo margir þarna úti sem vita ekki um hvað málið snýst. Eru bara á móti hvalveiðum bara til að vera á móti en finnst ekkert að því að éta kjúkling sem hefur verið alinn við ömurlegar aðstæður. Það er slík firring sem ég vildi sporna gegn með laginu.“

Undir regnboganum

(Brot)

Yst í norðri
eru nætur bjartar um sumarmál.
En nú ríkir vetur og nístingskuldur
svo næðir í okkar sál.

Þeir ættleiða hvali, þeir ofsækja mig
og ekkert á jörðu fær heift þeirra hamið.
Því ber ég nú í huga mér harm
og hjartað sundur kramið

Hér höfum við lifað og háð okkar stríð,
harðsótt var lífsbjörg sem mót-
aði þjóð.
Náttúran sjálf hún samdi okkar kjör
með sáttmálans innsigli roðið í blóð

Svona hefur það verið
og væri um alla tíð
ef grænir friðarspillar
ei gerðu að okkur hríð

Ég bið minnar auðmjúku bænar:
Eilífi andi gefðu okkur grið fyrir
grænum frið.

Hvalur veiðir mann

Á öldungis frábærum tónleikum Þursaflokksins í Þjóðleikhúsinu árið 1980 kom fram eins konar deild innan flokksins sem flutti pönkað lag við texta eftir Jónas Arnason: Jón var kræfur karl og hraustur. Fyrir pönkeild Þursaflokksins fór Tómas Tómasson bassaleikari sem kyrjaði þennan texta af miklum móð og skaut jafnframt inn hugleiðingu eftir séra Árelíus Níelsson.

„Það var til annað lag við þennan texta, að ég held erlent, en ég skrifaði nú þetta pönklag á sjálfan mig,“ segir Tómas.

Hann kímur þegar hann er spurður um hvort þessi söngur geti talist innlegg í hvalveiðimálin öll. „Þarna er náttúrlega hvalur að veiða mann en ekki öfugt. Þetta er andlag í rauninni. Og svo óheppinn er hvalurinn að mannófétið slapp út aftur.“

Tómas segir þetta skemmtilegan texta og í honum sé góð hrynjandi sem hentar vel til söngs. Sjálfur hefur Tómas engar sérstakar meiningar í tengslum við hvalveiðarnar. Segist vera lítið gefinn fyrir hvalkjötið sjálfur.

„Ég hef svo sem ekkert á móti því að aðrir narti í þetta. En er ekki viss um að mjög snúdugt sé að fara að veiða þetta aftur – allir á móti okkur og þetta gæti orðið dýrt áróðursstríð. En ég hef ekkert á móti því í prinsippinu að hvalur sé veiddur frekar en að slátrað sé nauti eða lambi. Held samt að betur væri heima setið.“

Jón var kræfur karl og hraustur

(Brot)

Og þegar Jón á sjónum hafði hamast ár og síð,
hann útbyrðis á hausinn stakkt í stormasamri tíð,
og þar var fyrir gamall hvalur gráðugur og stór,
og Jón í gegnum kok hans alveg óni magann fór.
Jón var kræfur karl og hraustur.
Sigldi um hafið út og austur.
Jón var kræfur karl og hraustur.
Hann var sjómaður í húð og hár.

Talað:

Já, kæri sonur, hafið býr yfir
hundrað hættum,
en mundu að pabbi þinn, flytur þér hljóða bæn
yfir sæinn ... 1, 2, 1, 2, 3, 4

Og hvalurinn í burtu synti með sinn morgunverð,
og stefnu tók á ballarhaf á 15 mílna ferð,
en Jón til baka aftur ruddist út úr gini hans,
og þakkaði fyrir samveruna og sagði „farvel Frans“.

Afnemum VSK

af öllum húsgögnum

Álagður virðisaukaskattur á húsgögn á Íslandi er 24,5% sem jafngildir 19,68% afslætti

Auka afsláttur af völdum vörum
allt að 40%

Fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri


Gildir til 5. nóvember



Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

HAGKAUP
Sæmmtilegast að versla

NÝJASTI SINGSTAR



Sendu SMS **BTC VST**
á 1900 og þú gætir unnið!
Aðalvinningur er:
PS2 + Singstar Legends
Vinningar eru:
Singstar, aðrir leikir
DVD myndir og fleira

9.
HVER
VINNUR!

30 klassisk lög með flytjendum
á borð við Marvin Gaye
John Lennon, U2, David Bowie,
Tom Jones, Madonna og fleiri.

STUÐ MILLI STRÍÐA Pollýanna í verkfall

JÓHANNA SVEINSDÓTTIR STUÐAR OG TUÐAR



Mér finnst ég hafa verið í óþarflega miklu stuði á síðum blaðanna undanfarnar vikur og finnst nú vera kominn tími á gott tuð.

Ég hef nú ávallt reynt að tileinka mér jákvætt hugarfar og brosi iðulega breiðu brosi framán í heiminn. Suma daga er þó ekki annað hægt en fleygja Pollýönnu öfugri út um dyrnar og tæma úr kopnum á eftir henni.

Flestir þeir sem setið hafa með mér í bíl fara ekki varhluta af því að ég er nú hreint engin Pollýanna þegar kemur að

umferðinni. Enda er umferðarmenningin á Íslandi, gatnaskipulag og vegafarmkvæmdir efst á lista mínum yfir þau atriði sem ég algjörlega hata. Fast á hæla umferðarfýllunnar kemur svo morgunfýlan. Mér finnst fáránlegt og ómanneskjulegt að skikka mann til að hefja vinnu eða önnur störf fyrir klukkan ellefu á daginn. Væri ég teiknimyndafígúra, væri þrumuský yfir mér með eldingu og tilheyrandi fyrstu tvo þrjá tímana af deginum.

Tölvur eru síðan eitthvað sem endanlega gera út af við mig. Tölvuforrit sem vinna hægar en ég, frjósa svo og fleygja í mig villumeldingum eru minn verstí óvinur og geta eyðilagt fyrir mér

heilu dagana. Fólk sem segir mér svo að opna og loka kerfinu eða endurræsa tölvuna við slíkar aðstæður snertir á afar fúla og hreint brjáláða taug.

En umfram allt annað sem ömurlegt er, verra en það versta sem þið getið imyndað ykkur, toppurinn á því sem viðbjóður telst og ég gjörsamlega hata af öllum líkama og hreinni sál, er lagið Just The Way You Are með Billy Joel. En það lag hratt einmitt þessum ágæta pistli af stað.

En fyrir utan allt þetta þá er ég ljúf sem lamb. Mikíð vona ég að þið eigið yndislega helgi, að því gefnu að þið þvælist ekki fyrir mér í umferðinni eða eruð Billy Joel.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



BT

ÍSÖLD 2

SJÁÐU MYNDIN
SPILAÐU LEIKINN



FYLGIR

2.299

Eftirlætishetjurnar eru mættar til leiks á ný. Manni, Lúlli, Dýri og Skrotta þurfa að flýja úr dalnum til að komast hjá vandræðum, en vandræðin láta auðvitað ekki á sér standa á ferðalaginu. Það hitnar svo sannarlega í kolunum hjá þessum bráðskemmtilega hópi á meðan hitastigið í umhverfinu hækkar stöðugt.

PS2

2.999





kl. 20.00

Sýningin *Uncertain States of America* verður opnuð í Listasafni Reykjavíkur Hafnarhúsi. Rúmlega fjörutíu af fremstu samtímalistamönnum Bandaríkjanna eiga verk á sýningunni. Listamaðurinn Mika Tajima fremur gjörning á opnuninni.

menning

menning@frettabladid.is

Höll ævintýranna

Möguleikhúsið frumsýnir splunkunýtt barnaleikrit á morgun. Verkið Höll ævintýranna eftir Bjarna Ingvarsson fjallar um lífligan sagnapúl sem hefur fjölda sagna og ævintýra í farteski sínu sem hann færir í leikrænan búning á einfaldan hátt. Geiturnar þrjár trítla yfir brúna þar sem risinn ógurlegi liggur í leyri, undurfögur höll býr yfir ótal ævintýrum og haltur hani svífur um loftin blá á vængjum imyndunarafslins. Sýningin er miðuð við áhorfendur á aldrinum tveggja til átta ára en vitaskuld geta áhorfendur á öllum aldri



skemmt sér yfir ævintýrum en áhorfendur fá að taka virkan þátt í atburðarásinni. Leikari sýningarinnar er Bjarni Ingvarsson og leikstjóri Sigurður Sigurjónsson, tónlist er eftir Jónas Þóri og Katrín Þorvaldsdóttir hannaði leikmynd, búninga og leikgervi. Leikritið verður frumsýnt í Möguleikhúsinu við Hlemm kl. 14 á morgun.

SAGNAPULURINN LITRÍKI Bjarni Ingvarsson er höfundur og leikari í nýjstu sýningu Möguleikhússins.



> Ekki missa af ...

félögnum **Karíusi og Baktusi** sem leika lausum hala hjá Leikfélagi Akureyrar um þessar mundir.

kertaljósatónleikum **Triós Reykjavíkur** og kínverska fiðlusnillingins **Danwen Jiang** í **Hafnarborg** annað kvöld kl. 20.00.

síðustu sýningarhelgi fjölþjóðalista-hópsins **Invasiónistas** í **Kling & bang** gallerí við Laugaveg.

NÝJAR BÆKUR



Metsölu-bókin **Á ég að geta systur minnar?** eftir Jodi Picoult segir á áhrifamikinn hátt frá fjölskyldu sem glíma þarf við langvinn veikindi. Systirin Anna er ekki veik en hún gæti allt eins verið það því frá þrettán ára aldri hefur hún gengist undir fjölda aðgerða til þess að gefa eldri systur, Kate, mergstofnfrumur svo hún geti tekist á við hvítblæði. Saga þessi vekur upp margar siðferðisspurningar um hvað það þýðir að vera gott foreldri, góð systir eða góð manneskja.

Forlagið Skrudda gefur bókina út en þýðandi hennar er Gunn Ásdísardóttir.

Ný þýðing Silju Aðalsteinsdóttur á hinni klassísku sögu Emily Brontë, **Wuthering Heights**, kemur út undir samnefndum titli hjá forlaginu Bjarti.

Wuthering Heights er meðal frægustu skáldsagna enskra bókmennta og kemur enn út í mörgum útgáfum á ári hverju þótt hún sé að verða 160 ára. Frásagnarháttur hennar þykir enn nýstárlegur og persónurnar og örlög þeirra verða lesendum ógleymanleg en þar segir af eftirminnilegum ástum og örlögum ævintýramannsins Heathcliffs og ódalsbóndadótturinnar Cathy Earnshaw.

Bjartur gefur einnig út bókina **Brestir í Brooklyn** eftir Paul Auster. Sögumaður þessarar áhrifaríku og heillandi skáldsögu er Nathan Glass, tæplega sextugur fráskilinn tryggingasali sem má muna sinn fifil fegurri. Hann er með krabbamein og flytur í upphafi frásagnarinnar á æskulóðir sínar í New York og ætlar þar að biða dauðans. Fyrir tilviljun rekst Nathan á ung-an systurson sinn, Tom Wood, efnilegan doktorsnema sem farið hefur út af sporinu og virðist sömuleiðis vera að biða af sér lífið. Þeir frændur endurnýja sín fyrri kynni og fyrr en



varir hefur tilvera þeirra og fjölda annars fólks í kringum þá tekið ófyrirsjáanlega stefnu. Þýðandi er Jón Karl Helgason.

Forvitnileg yfirlitssýning

Í Smiðjunni Listhúsi í Armúla 36 í Reykjavík er nú sýning á verkum Sigurðar Sigurðssonar málara en í ár eru níutíu ár liðin frá fæðingu hans.

Sigurður var fæddur árið 1916. Hann fór til náms við Listaháskólann í Kaupmannahöfn þremur árum eftir menntaskóla 1939 og hafði þá lokið cand phil. prófi frá Háskóla Íslands. Þar dvaldi hann öll stríðsárin og sneri heim í miðjan slag afstrakt-expressjónismans. Hér voru menn á borð við Kjarval og Ásgrím í mestum metum, en byltingarsveit afstraktmanna var tekin að hræra öldur í heldur ládaðu samfélagi listanna.

Sigurður fylgdi eldri skólum, lagði áherslu á landslagsmálverk, kyrralífsmýndir og bæjarmótíf. Hann var með afkastamestu portrettmálurum landsins um áratugi. Þá hafði hann ekki minnst áhrif sem yfirkennari Handíða- og myndlistarskólans sem svo hét en þar kenndi hann um áratuga skeið. Hann hélt sýningar í Listamannaskálanum og eina í Neskaupstað 1947, 1953 og 1960, en þá kom langt hlé í sýningarhald hans uns eftir var til stórsýningar á verkum hans 1987 í Listasafni Kópavogs en þar átti hann heimili um áratuga skeið. Hann var forvígismaður íslenskra myndlistarmanna um áratuga skeið.

Sigurður fór ekki hátt með starfa sinn. Ekkert sérrit er til um verk hans og þátt í íslenskri myndlist, fyrr en nú að Smiðjun hefur gefið út lítið snoutur kver sem rekur efni frá sýningunni sem nú er uppi.

Sýningin er sett saman af 22 verkum sem öll eru úr dánarbúi Sigurðar. Fósturdóttir Sigurðar og konu hans Önnu Kristínar, er að flytja til útlanda og vill að verk hans verði hér eftir hjá þeim sem



SJÁLFSMYND SIGURÐAR SIGURÐARSONAR Sigurður var einn afkastamesti portrett málari Íslands um áratugi.

kunna að meta þau. Öll eru þau til sölu og er verð frá 120 þúsundum upp í 1,1 milljón. Mörg verkanna eru þegar seld.

Talað er um Sigurð sem beinan arftaka akademíunnar í evrópski myndlist þar sem grunneigindir hefðar eru í hávegum hafðar. Ungu fólki okkar daga eru slíkar hugmyndir fjarlægjar, enda verður þeim ekki beitt af viti fyrr en menn komast til þroska. Fyrst verða menn tvítugir og svo kemur þrosk-

inn sagði mætur lærimeistari í Reykjavík á síðustu öld. Sigurður lét könnun sinni um málverkið ekki lokið þó hann settist í helgan stein. Á sýningunni má sjá fróðlegt yfirlit um feril hans: mannasmýndir, stemningar úr bæjum, kyrralífsmýndir og afstrakt sem hann vann á sjöunda áratugnum. Áhugasamir um myndlist ættu að kynna sér þessa smekklegu sýningu sem hangir uppi í Armúlanum næstu vikur. pbb@frettabladid.is



INNSETNING Í DVERGI Halldór Ásgeirsson fremur gjörning í dag.

Hrauntákn

Sýning myndlistarmannsins Halldórs Ásgeirssonar „Hrauntákn“ í sýningarýminu Gallerí Dvergi hefur verið framlengd. Sýningin var opnuð hinn 20. október í tengslum við grasrótarsýninguna Sequences. Halldór mun fremja gjörning í sýningarrýminu í dag kl. 18. og annan laugardag.

Sýningarýmið Gallerí Dvergur er í kjallara bakhúss að Grundarstíg 21 í Þingholtunum. Dvergur hefur verið starfræktur í nokkra mánuði á ári síðan 2002 og hafa verið haldnar þar alls 18 einkasýningar innlendra sem og erlendra listamanna, svo og tónleikar og vídeósýningar.

Ókeypis er inn og allir eru velkomnir.



CURVER THORODDSEN Mennskur og meðvitundarlaus strigi.

Ógjörningur

Myndlistarmaðurinn Curver Thoroddsen sýnir nektarverk sitt „Án titils“ í galleríu Boxi á Akureyri. Verkið er aðeins flutt nú um helgina.

„Þetta er fyrsti nektargjörningurinn minn en þetta er víðfangs-efni sem er dálítið tengt verki sem ég gerði fyrir 30 ára yfirlitssýninguna mína í febrúar,“ segir Curver. „Þetta er svona nokkurn veginn mitt á milli þess að vera innsetning eða gjörningur, reyndar mætti kalla þetta ógjörning því ég geri ekki neitt – ég verð alveg meðvitundarlaus á meðan á þessu standur.“

Curver hefur snúið sólarhringnum við og mun nota svefnlyf til þess að ná fram þessu meðvitundarleysi. „Það er mjög mikilvægt því ég er ekkert að þykjast. Það er meiri sannleikur í þessu ef maður er hreinlega varnarlaus. Þetta er það sem það er. Ég hef líka forðast að láta mikið uppi með mínar eigin þælingar. Þess vegna heitir verkið „Án titils“ því það vísar ekki til neins annars – fólk getur nálgast þetta á eigin forsendum, næstum eins og tóman striga.“

Þetta persónulega verk kannar því hvernig er að vera inni í herbergi með rænulausum allsberum manni og Curver bendir á að ýmiss konar tengingar komi í ljós og fólk þurfi alls ekki að vera feimið að mæta. Hann muni til dæmis ekki vita neitt af áhorfendum.

Leikið á langspil og saltara

Rangt var farið með tímasetningu tónleika í Dómkirkjunni í Fréttablaðinu í gær. Tónleikar á kirkju-loftinu voru sagðir fara fram í dag en hið rétta er að þeir verða ekki fyrr en á morgun, sunnudag. Erú lesendur blaðsins beðnir velvirðingar á mistökunum.

Tónleikarnir bera yfirskriftina „Okkur til gleði og Guði til dýrðar“ en á efnisskránni er tónlist frá 16. og 17. öld úr handritum og útgáfum frá Hólum í Hjaltadal og einnig þjóðlög úr safni séra Bjarna Þorsteinssonar. Bæði er um að ræða sálma og guðsorð en einnig veraldlegan kveðskap og danslög.

Þar eru Hólabækurnar 1589 og 1619 veigamestar, en einnig eru lög tekin úr Grallaranum. Nokkur lög fyrirfinnast eingöngu í Melódía-handritinu frá um 1650 en önnur eru til í nokkrum útgáfum. Má segja með nokkurri vissu að mörg þessara laga séu aftur úr kápólskum síð.



FYRSTU OPINBERU TÓNLEIKARNIR Á KIRKJULOFTI DÓMKIRKJUNNAR Tónlistarmenn flytja forna íslenska músík og leika undir á víðeigandi hljóðfæri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Undir sönginn verður leikið á forn hljóðfæri sem notuð voru hér á landi á miðöldum og síðar. Þar er veigamest langspilið en einnig verður leikið á symfón, saltara og trommu.

Flytjendur eru þau Marta Guðrún Halldórsdóttir, Sigursveinn

Magnússon og Örn Magnússon. Að sögn flytjenda telja þeir sig vera komnir niður á það krydd sem hæfi þessum lögum hvað best, en það er bundið í hljómi áður nefndra hljóðfæra.

Tónleikarnir hefjast kl. 17 á morgun. -khh



VERÐLAUNAHAFAR Í LEIKRITASAMKEPPNINI „SAKAMÁL Á SVIÐ“ Verk Þórdísar Elvu Þorvaldsdóttur Bachmann var valið til sýninga í Borgarleikhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Sakamálin á svið

Leikskáldið Þórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachmann var hlutskörpust í leikritunarsamkeppni Borgarleikhússins og Spron, „Sakamál á svið“ en verðlaun voru veitt á dögunum. Alls voru sex verk valin úr hópi þrjátíu og einnar hugmyndar að sakamála-leikverkum sem send voru inn í keppnina en höfundar þessara sex verka fengu fjóra mánuði til að fullvinna þau.

Nefnd, skipuð Bjarna Jónssyni leikskáldi, Guðjóni Pedersen leikhússtjóra, Jóhannesi Helgasyni menningarfulltrúa Spron, Jörundi Sigurðardóttur útvarpskonu og Steinunnar Knútsdóttur, listræns ráðunauts Borgarleikhússins, valdi síðan þrjú verðlaunaverk. Vinningsverkið fer á fjalir Borgarleikhússins á næsta leikári og útvarpsleikhúsið tekur annað verk til flutnings. Hin fjögur verkin verða leiklesin í Borgarleikhúsinu á sunnudagskvöldum í nóvember og eru allir velkomnir á lestrana.

Útvarpsleikhúsið mun í samstarfi við Borgarleikhúsið taka

upp lestrana og gefa þá út á svokölluðu „podcast“ en það er frítt niðurhal af vefnum beint á mp3 spilara.

Í umsögn dómnefndarinnar kom fram að verk Þórdísar Elvu, „Fýsn“, væri vel skrifað leikverk, viðfangsefni þess „viðkvæmt en textinn spennandi og áleitinn og á ýmsan hátt afar heillandi“. Þar væri enn fremur á ferð „þroskað spennuverk sem býður upp á flókna og spennandi fléttu og fullburða persónur“.

Í öðru sæti hafnaði leikritið Net eftir Guðmundur Brynjólfsson leikhúsfræðing en í því þriðja verk Jóns Halls Stefánssonar, Mótleikur, en það verður flutt í Útvarpsleikhúsinu þegar fram líða stundir.

Auk þeirra hlutu mæðginin Gunnar Hrafn Jónsson blaðamaður og Jónína Leósdóttir leikskáld, Guðmundur Kr. Oddsson leikskáld og nemi, og leiklistarneminn Snæbjörn Brynjarsson viðurkenningu fyrir verk sín. -khh

Kammersveit á tónleikaferð

Kammersveit Reykjavíkur gerir víðreist um þessar mundir og heldur þrenna tónleika í Stykkishólmi, Ísafirði og á Húsavík og flytur verk eftir Sveinbjörn Sveinbjörnsson og Franz Schubert.

Six félagar úr sveitinni halda tónleika í Stykkishólmskirkju kl. 17 í dag, þau Rut Ingólfsdóttir, fiöla og listrænn stjórnandi sveitarinnar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, fiöluleikari, Þórunn Ósk Marinósdóttir víóluleikari, Sigurður Bjarki Gunnarsson sellóleikari, Hrafnkell Orri Egilsson sellóleikari og Anna Guðný Guðmundsdóttir, píanóleikari.

Á morgun heldur sveitin tónleika í Hömrum, sal Tónlistar-

skólans á Ísafirði kl. 15 en að endingu verður leikið á Húsavík mánudagskvöldið 6. nóvember kl. 20 í sal Borgarhólsskóla.

Á efnisskrá tónleikanna þriggja eru Strengjakvintett Schuberts í C-dúr op. 163, sem oft er nefndur drottning kammerverkanna sökum hversu fallegur hann þykir, og píanótrío í a-moll eftir Sveinbjörn Sveinbjörnsson, annað tveggja píanótrío sem Sveinbjörn samdi á sínum ferli og eru að öllum líkindum þau hin fyrstu sem Íslendingur hefur samið.

Allt frá stofnun árið 1974 hefur Kammersveit Reykjavíkur átt fastan sess í íslensku tónlistarlífi. Sveitin hefur staðið fyrir reglu-

legum tónleikum í Reykjavík en einnig haldið tónleika víða um land, og farið í ótal tónleikaferðir víða erlendis. Mikilvægur liður í starfi Kammersveitarinnar, allt frá upphafi, hefur verið rækt við frumflutning og upptökur á nýjum íslenskum tónverkum. Kammersveitin hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin 2003 fyrir geisladiska sína með Brandenburgarkonsertum Bachs.

Tónleikarnir þrír eru liður í verkefninu „Tónleikar á landsbyggðinni“ á vegum F.Í.T. og F.Í.H með styrk úr Tónlistarsjóði. Verkefni þetta hefur verið við lýði, með hléum, frá árinu 1982 en um þrjátíu samstarfsaðilar víða um land koma að því. -khh



FÉLAGAR ÚR KAMMERSVEIT REYKJAVÍKUR Gera víðreist um landið og halda þrenna tónleika nú um helgina. Fyrst er stefnan tekin á Stykkishólmi FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

SLOGGI TILBOÐ

Nýtt Sloggi MIDI 3 í pakka 1799

www.sloggi.com

ÚTSÖLUSTADIR MIDI TILBOÐ

HAGKAUP SMÁRALIND
HAGKAUP SKEIFAN
HAGKAUP KRINGLAN
HAGKAUP SPÖNGIN

HAGKAUP GARÐABÆ
HAGKAUP EIÐSTORGI
HAGKAUP AKUREYRI
NÓATÚN SELFOSI

ÚRVAL, EIGILSSTÖÐUM
ÚRVAL, HAFNAFIRÐI
EINAR ÓLAFS. AKRANESI
NETTÓ MJÓDD

NETTÓ AKUREYRI
EFNALAUG DÓRU, HÖFN
KAUPFÉLAG SKAGF. SAUÐÁRKR.
KASSINN, ÓLAFSVÍK

Logar
Frá Vestmannaeyjum
í kvöld

Fjölbreyttur sérreittaseðill og tilbodsmatseðill á leikhúskvöldum

Strengjaleikhúsið í samvinnu við íslensku óperuna

SKUGGALEIKUR
Ný íslensk ópera eftir Karólínu Eiríksdóttur,
Sjón og Messíónu Tómasdóttur

Frumfyrir 18. nóvember kl. 20 - 2. sýning 25. nóvember kl. 20
3. sýning 2. desember kl. 20

ATH! AÐEINS ÞESSAR ÞRÍJAR SÝNINGAR

ARIUR UM ÁSTINA - HÁDEGISTÓNLEIKAR ÞRÍJUD. 14. NÓV. KL. 12.15
Jónas Guðmundsson, tenór, og Kurt Kopecky, píanó, flytja rússneskar og ítalskar aríur í hádeginu

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðsalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðsala á Netinu allan sólarhringinn.

Þjóðleikhúsið Þjóðleikhúsið fyrir alla!

STÓRA SVIÐIÐ kl. 20:00

STÓRFENGLEG eftir Peter Quilter
4. sýn. í kvöld lau. 4/11 örfá sæti laus, 5. sýn. sun. 5/11 örfá sæti laus, 6. sýn. lau. 11/11 örfá sæti laus, 7. sýn. sun. 12/11 örfá sæti laus, 8. sýn. lau. 18/11 örfá sæti laus, sun. 19/11 örfá sæti laus, lau. 25/11 örfá sæti laus, sun. 26/11.

SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Sun. 5/11 kl. 14:00 **uppsett**, lau. 11/11 kl. 14:00 **uppsett**, sun. 12/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, lau. 18/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 19/11 kl. 14:00 **uppsett**, fös. 29/12 kl. 20:00, lau. 30/12 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 7/1 kl. 14:00.

PÉTUR GAUTUR eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.
Fim. 9/11 **uppsett**, fös. 10/11 örfá sæti laus, fim. 16/11, fös. 17/11 örfá sæti laus, fim. 23/11, fös. 24/11.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ aðalbyggingu Lindargötumegin, kl. 20:00

PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker.
Í kvöld lau. 4/11 kl. **uppsett**, fös. 10/11 örfá sæti laus, lau. 11/11, sun. 19/11 örfá sæti laus. Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvisun skólaskirteinis.

KÚLAN Lindargötu 7, kl. 20:00

UMBREYTING – brúðsýning fyrir fullorðna eftir Bernd Ogródnik.
Í kvöld lau. 4/11 **uppsett**, sun. 5/11 kl. 17:00 **uppsett**, sun. 12/11 kl. 17:00, fös. 17/11 kl. 20:00.

LEIKHÚSLOFTIÐ aðalbyggingu

SKOPPA OG SKRÍTLA eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur.
Í dag lau. 4/11 kl. 11:00 **uppsett** og kl. 12:15 **uppsett**, aukasýning kl. 14:00 **uppsett**, sun. 5/11 kl. 11:00 **uppsett** og kl. 12:15 **uppsett**, lau. 11/11 kl. 11:00 **uppsett** og kl. 12:15 **uppsett**, sun. 12/11 kl. 11:00 **uppsett** og kl. 12:15 **uppsett**, aukasýningar lau. 18/11 kl. 11:00 og 12:15.

LEITIN AÐ JÓLUNUM eftir Þorvald Þorsteinsson
Lau. 25/11 kl. 13:00 **uppsett** og kl. 15:00 **uppsett**, sun. 26/11 kl. 13:00 **uppsett** og kl. 15:00 örfá sæti laus, lau. 2/12 kl. 13:00 og kl. 14:30, sun. 3/12 kl. 13:00 og kl. 14:30.

Miðsala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.

„FRÁ ÞESSARI STUNDU
ERUM VIÐ ÓVINIR.“
AMADEUS

RONJA RÆNINGJADÓTTIR Sun 5/11 kl. 14 UPPS. Sun 12/11 kl. 14 Sun 19/11 kl. 14 Sun 26/11 kl. 14	MEIN KAMPF Í kvöld kl. 20 Sun 5/11 kl. 20 Lau 11/11 kl. 20 Sun 12/11 kl. 20
VILTU FINNA MILLJÓN? Fim 9/11 kl. 20 Fös 10/11 kl. 20 UPPS. Fim 16/11 kl. 20 Sun 26/11 kl. 20	SAKAMÁL Á SVIÐ Leiklestrar á 3ju hæðinni. Sun 5/11, 12/11, 19/11, 26/11 kl. 20 Allir velkomnir, ókeypis aðgangur
FOOTLOOSE Sun 5/11 kl. 20 Lau 11/11 kl. 20 UPPS. Fös 17/11 kl. 20 Fös 24/11 kl. 20	AMADEUS Í kvöld kl. 20 3. sýning Rauð kort Sun 12/11 kl. 20 4. sýning Græn kort Lau 18/11 kl. 20 5. sýning Blá kort Sun 19/11 kl. 20 6. sýning
BRILLJANT SKILNAÐUR Fim 9/11 kl. 20 UPPS. Fim 16/11 kl. 20 Fim 23/11 kl. 20 AUKASÝNING Sun 3/12 kl. 20 AUKASÝNING Fös 8/12 kl. 20 AUKASÝNING	DOGMA LEIKARANS Sólarferð höf. Guðmundur Steinsson Í dag kl. 17 Lau 11/11 kl. 17 Sýnt á 3ju hæðinni Miðaverð 1.000
MANNTAFL Fös 10/11 kl. 20 Sun 19/11 kl. 20 Síðustu sýningar.	WATCH MY BACK Fös 10/11, sun 19/11, sun 26/11 kl. 20:10 Miðaverð 1.000
FJÖLSKYLDUSÝNING ÍD Lau 11/11 kl. 14 Frumsýning Lau 18/11 kl. 14 Lau 25/11 kl. 20 Fritt fyrir 12 ára og yngri	LEIKHÚSSPJALL Aðstandendur Amadeus spjalla um leiðina frá höfundu til áhorfenda. Fim 9/11 kl. 20 í Kringlusafni. Allir velkomnir, ókeypis aðgangur
ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR www.borgarleikhus.is	BORGARLEIKHÚSIÐ

Miðsala 568 8000
www.borgarleikhus.is

Ljósmyndasýning frá Grænlandi

Í tengslum við skákmaraþon sem nú stendur yfir í Kringlunni er efnt til ljósmyndasýningar þar sem gefur að líta myndir frá Grænlandi.

Forsprakki Taflfélagsins Hróksins, Hrafn Jökulsson, hefur setið við taflborðið frá því í gærmorgun en hann ætlar sér að tefla í 40 klukkustundir og ljúka um 250 skákum. Tilgangur þessa maraþons er að vekja athygli á starfi Hróksins og félaga á Grænlandi, einkum meðal yngstu kynslóðarinnar, en þar hafa Hróksmenn meðal annars staðið fyrir skákkennslu.



BROSHÝR SKÁKMAÐUR Taflfélagið Hrókurinn hefur haft frumkvæði og starfað ótulllega að skákkennslu fyrir grænlandsk börn.

Áheimum hefur verið safnað og verða þau notuð til að fjármagna

leiðangur Hróksins til Austur-Grænlands í nóvember.

Á sýningunni eru glæsilegar myndir af stórbrotinni náttúru-fergur Grænlands sem og myndir úr félagsstarfi Hróksins og gefst gestum og gangandi tækifæri á að kaupa myndirnar og mun ágóði þeirra renna óskertur í Grænlandssjóð Hróksins og Kalaks. Hrókurinn stendur fyrir maraþoninu í samvinnu við Vodafone, Kalak, vinafélag Íslands og Grænlands, Kátu biskupana, Skák-íþróttafélag stúdenta við Háskólann í Reykjavík, Pallaklúbbinn, Vin og Fjölni.

Þriðju Kristalstónleikarnir

Þriðju kammertónleikarnir í Kristalstónleikaröð félaga úr Sinfóníuhljómsveit Íslands fara fram í Listasafni Íslands síðdegis í dag.

Þar leikur Áshildur Haraldsdóttir flautuleikari ásamt slagverksleikurum Steef van Oosterhout, Frank Aarnink, Árna Áskelssyni, Jorge Renes López, og Kjartani Guðnasyni undir stjórn Eggerts Pálssonar.

Áshildur útskýrir að efnisskrá tónleikanna samanstandi af draumaverkefnum hljóðfærleikaranna. Sjálf leikur hún aðeins í einu verkanna, Suite en Concert eftir André Jolivet. „Það er verk fyrir flautu og fjóra slagverksleikara, einkar fjórlegt og öflugt verk,“ segir hún. „Það eru miklar andstæður í því en tónskáldið leit aði aftur til upprunans. Verkið er samið 1965 en á þeim tíma var nútímatónlist mjög ströng og reglubundin en Jolivet var uppreisnarseggur sem fór alltaf eigin leiðir en í þessu verki leit hann aftur í frummennskuna,“ útskýrir Áshildur.

Slagverksleikarnir leika á fjölda hljóðfæra og Áshildur áréttar að úr því verði mikið sjónarspil. „Þetta eru stuttir tónleikar en ég held að krakkar gætu til dæmis



ÁSHILDUR HARALDSDÓTTIR, FLAUTULEIKARI Leikur eitt af sínum uppáhaldsverkum.

haft mjög gaman að því að sjá og heyrja í öllum þessum hljóðfærum.“

Að sögn Áshildar er þetta verk í miklu uppáhaldi hjá þeim öllum en þar sem það sé þungt í vöfum og falli ekki vel inn í hefðbunda efnisskrá hljómsveitarinnar láta þau draum sinn rætast nú og leika

það á kammertónleikunum enda sé þar kjörð tækifæri til að leika uppáhalds verkin þeirra.

Á efnisskránni eru einnig slagverksverk eftir Steve Reich og Astor Piazzolla.

Tónleikarnir fara fram í Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg og hefjast kl. 17.

Kúlan fyrir yngsta aldurshópinn


Þjóðleikhúsið opnar nýtt leikrými í dag svonefnda Kúlu, sem er helgað ungum áhorfendum og nýrri leikhúsreynslu. Kúlan er þar sem áður var Litla svið Þjóðleikhússins.

Eitt af hlutverkum Þjóðleikhússins er að stuðla að leikhúsuppeldi barna. Lengi hefur skort stað í húsinu sem helgaður væri börnum, þótt barnasýningar hafi frá upphafi verið stór hluti af verkefnaskrá hússins. Þá hefur leikhúsinu ekki verið fært að halda úti virkum leikferðum í skóla nema einstaka ár. Það er því mikilvægur áfangi í rekstri hússins þegar þar er komið svið sem helgað er börnum.

Í tilkynningu frá Þjóðleikhúsi segir svo: „Kúlunni er ætlað að vera tilraunarsvið helgað leiklistaruppeldi. Þar mun leikhúsið kynna ungum áhorfendum leikhúsið með smábarnasýningum og smærri barna- og unglingsýningum. Í Kúlunni munu einnig áhorfendur á öllum aldri geta öðlast nýja leikhúsreynslu, og meðal annars kynnst leikhúsinu á nýjan hátt í gegnum brúðleiksýningar af ýmsu tagi.“

Kúlan er í sama húsi og sýningararrýmið Kassinn, í Íþróttahúsi Jóns Þorsteinssonar við Lindargötu 7. Kassinn og Kúlan eru hvort um sig vettvangur tilrauna á sviði leiklistar, þar sem bæði leikhúsfólk og áhorfendur nálgast leikhúsið á nýjan hátt.

Vígslusýning Kúlunnar verður Umbreyting – Ljód á hreyfingu, brúðleiksýning Bernds Ogródnik sem er einkum ætluð fullorðnum. Umbreyting var frumsýnd á Listahátíð í Reykjavík á liðnu vori.



BRÚÐMEISTARINN BERND OGRÓDNIK Sýningin Ljód á hreyfingu vakti mikla hrifningu fyrr á árinu en hún var frumsýnd í vor.

Eftir áramót verður sýning fyrir yngstu áhorfendurnar í Kúlunni, brúðsýning Bernds um Pétur og úlfinn. Sýningin er byggð á samnefndri sögu og tónverki Sergeis Prokofiefs, sem tónskáldið samdi í þeim tilgangi að kenna

börnum að skilja og njóta tónlistar.

Í sýningunni birtist okkur þetta óviðjafnanlega ævintýri myndrænt með aðstoð handútskorinna leikbrúða sem Bernd stjórnar af sinni alkunnu snilli.

Ævi Eysteins

Tímarit Þjóðvinafélagsins, Andvari, er komið út. Þetta er 131. árgangur og er Gunnar Stefánsson ritstjóri. Í ritinu er ritgerð um ævi og feril Eysteins Jónssonar eftir Ingvar Gíslason, fyrrv. þingmann og ráðherra, en hann var Eysteini handgenginn á síðustu áratugum í lífi Eysteins. Hjalti Hugason guðfræðingur birtir umfjöllun um skáldskap Snorra Hjartarsonar. Sigurborg Hilmarsdóttir ritar aldarminningu Stefáns Jónssonar. Sveinn Einarsson segir frá sviðsetningu sinni á Hamlet á Akureyri árið 2002. Steinunn Inga Óttarsdóttir fjallar um ferðabók Tómasar Sæmundssonar og Ármann Jakobsson tekur fyrir þá miklu opinberu umfjöllun sem varð um Hannes Hafstein á liðnu ári. Heftið er 180 síður.



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

NÓVEMBER						
1	2	3	4	5	6	7
Laugardagur						

OPNANIR

- 16.00 **Hrafnkell Sigurðsson** opnar sýningu á nýjum grafíkverkum í sýningarrými **Suðsuðvestur** í **Reykjanesbæ**. Myndirnar sem unnar eru milliliðalaust með olíu á pappír vísa meðvitæði í karllegu hefð móðernismans og abstract expressionismans. Sýningin stendur til 26. nóvember.
- 20.00 Sýningin **Uncertain States of America** verður opnuð í **Listasafni Reykjavíkur Hafnarhúsi**. Rúmlega fjórúti af fremstu samtímalistamönnum Bandaríkjanna eiga verk á sýningunni. Listamaðurinn **Mika Tajima** fremur gjörming á opnuninni.

FUNDIR

- 11.30 Félagssundur **Parísar**, félag þeirra sem eru einar/einir, er haldinn á **Kringlukránni**.

SÝNINGAR

- 09.00 Nú stendur yfir sýning á vegum nema í **Listaháskóla Íslands** og Háskólans í Reykjavík í höfuðstöðvum **Marels** í **Garðabæ**. Sýningin er opin til 11. nóvember milli 9-17 en næstkomandi sunnudag verða nemendur á staðnum og kynna verk sín.
- 14.00 Myndlistarmaðurinn **Curver Thoroddsen** sýnir nektarverkið **Án** titils í gallerí **BOX** á Akureyri. Sýningin stendur aðeins í þrjá daga en hún er opin milli 14-17.
- 14.00 **Fjölskyldudagur** á handritasýningu **Árnastofnunar** í **Þjóðmenningarhúsinu**. Gestir fá að kynna skrifariðni miðalda af eigin raun. Börn og fullorðnir fá að meðhöndla það sem til þarf; fjaðurstafi gerða af flugfjörðrum álfta, gæsa og arna, bókfell úr kálfskinni og blek soðið af sortulyngi, mó og víðileggjum. Áhugasamir geta skrifað með rúnalettri því sýnt er hvernig stafrófið okkar er skráð með rúnum. Ókeypis aðgangur.
- 14.00 **Hanna Hlíf Bjarnadóttir** opnar sýninguna **Puntustykki** á **Café Karólínu** á Akureyri. Verkið sem Hanna Hlíf sýnir er um stöðu og sögu kvenna fyrr og nú. Sýningin stendur til 1. desember 2006. Á sama tíma stendur yfir sýning **Snorra Ásmundssonar** á **Karólínu Restaurant**. Sú sýning stendur til 2. febrúar 2007.

SÍÐUSTU FORVÖÐ

- 13.00 Síðasta sýningarhelgi í **Listasafni ASÍ** á verkum **Eirúnar Sigurðardóttur** í **Ásmundarsal** og **Péturs Arnar Friðrikssonar** í **Gryfju** og **Aristofu**. Sýningararnar eru opnar milli 13-17.

UPPÁKOMUR

- 20.00 Tískusýning fataiðnnema í **Iðnskólanum** í **Reykjavík** í **Tjarnarbió** í telení af **Unglistarhátíðinni** sem nú stendur yfir.
- 13.00 Barnastarf **Ásatrúarfélagins** verður haldið í heimili félagsins að **Síðumúla 15** milli kl. 13-14 í dag.



ALICE CLARKE MYNDLISTARKONA Sýnir mósaikverk á Café Oliver. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

List til að taka með

Myndlistarkonan Alice Olivia Clarke sýnir mósaikverk sín á efri hæð skemmtistaðarinnar Café Oliver á Laugavegi. Myndirnar eru unnar í tengslum við innsetningu hennar sem þegar prýðir staðinn en listamaðurinn kennir sýninguna við „Take away“ því líkt og gestir geta tekið með sér mat af veitingahúsum geta þeir einnig notið andrúmsloftsins á staðnum og síðan tekið listina með sér heim. Uppistaðan í verkum Alice eru steinflisar með mismunandi áferð

sem hún sker eða brýtur en þeim blandar hún oft saman við steinvölur héðan og þaðan. Alice Clarke hefur verið búsett hér á landi frá 1993 og haldið fjölda sýninga, verk hennar má til dæmis sjá í Bókasafni Hafnarfjarðar og á veitingahúsinu Vegamótum við Vegamótastíg. Sýningin er opin á þjónustutíma skemmtistaðarinnar en í dag verður formleg opnun milli kl. 13 og 16. Listakonan verður á staðnum og spjallar við gesti. Sýningin stendur til 1. desember. -khh



ÞJÓDLAGAHÁTÍÐ Á SIGLUFIRÐI Hampaði verðlaunum Listahátíðarinnar, Eyrarrósinni, í fyrra.

Eyrarrós í hnappagat

Nýlega var auglýst eftir umsókn um Eyrarrósina 2007, viðurkenningu til framúrskarandi menningarstarfs á landsbyggðinni og rennur umsóknarfrestur út 13. nóvember. Verðlaun verða afhent verður í þriðja sinn í janúar 2007. Þjóðlagahátíðin á Siglufirði hlaut fyrstu Eyrarrósina, sem afhent voru árið 2005 og Eyrarrósina 2006 hlaut Lunga, listahátíð ungs fólks, Austurlandi. Úthlutunarnefnd tilnefni þrjú verkefni úr hópi umsækjenda og hljóta þau öll sérstaka kynningu. Eitt þeirra hlýtur Eyrarrósina, verðlaunafé kr. 1.500.000 og verðlaunagrip eftir Steinunni Þórarinsdóttur, til eignar. Hin tvö hljóta kr. 200.000 viðurkenningu og öll verkefni fá flugferðir með Flugfélagi Íslands. Viðurkenningin Eyrarrósina á rætur sínar í samningi sem Listahátíð í Reykjavík, Byggðastofnun og Flugfélag Íslands gerðu árið 2004 um eflingu menningarlífs á

landsbyggðinni. Markmiðið með samningnum er að stuðla að auknu menningarlífi á landsbyggðinni, auka kynningarmöguleika einstakra sveitarfélaga og landshluta, gefa íbúum landsins kost á afburða alþjóðlegum listviðburðum og skapa sóknarfæri á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu. Verkefnisstjórn Eyrarrósarinnar, skipuð forstjóra og stjórnarformanni Byggðastofnunar og stjórnanda og framkvæmdastjóra Listahátíðar í Reykjavík, tilnefni og velur verðlaunahafa úr hópi umsækjenda, en umsækjendur geta verið m.a. stofnun, safn, tíma-bundið verkefni eða menningarhátíð. Viðurkenningin verður veitt í janúar 2007. Verndari Eyrarrósarinnar er Dorrit Moussaieff forsetafrú. Allar nánari upplýsingar um Eyrarrósina eru á heimasíðu Listahátíðar í Reykjavík, www.listahatid.is

Talað við handanheima

Spennusagan Skuggahirðir eftir G.P. Taylor er komin út hjá forlaginu Hljóðbók.is. Sögusviðið er England á 18. öld. Obadiah Demurral er sóknarprestur en líka skuggahirðir því hann talar við hina dauðu. Hann stjórnar íbúnum í þorpunum Peak og Thorpe af mikilli hörku. Nú er það ekki lengur nóg fyrir hann heldur vill hann ná yfirráðum yfir öllum heiminum. Demurral svífst einskis í þeirri baráttu og verður sér úti um vopn sem getur fengið Guð og englana til að hlýða honum.



Vinirnir Tómas, Kata og Rapha dragast inn í ævispennandi baráttu milli góðs og ills. Furðulegar verur eru á sveimi og dulrúfullir atburðir gerast. Óvíst er hvort smyglaranum Jakobi Crane sé treystandi og hvort þau ná um borð í skip hans í tæka tíð. Þessi fyrsta bók G.P. Taylor er spennubók fyrir alla aldurshópa. Hún hefur selst í yfir milljón eintökum og verið þýdd á 32 tungumál. Bókin var tuttugu vikur á metsölulista í Lundúnum og í New York fór hún í efsta sætið. Herdís Hallvarðsdóttir þýddi.

Sýnt í lönó

Lau. Uppseil	4. nóv	Miðasala virka daga
Sun. Uppseil	5. nóv	frá kl. 11-16 og 2
Fim. Aukaf. upps.	9. nóv	tímum fyrir sýningar.
Fös.	10. nóv	Sími 5629700
Lau.	11. nóv	www.idno.is
Lau.	18. nóv	Sýningar kl. 20
Sun.	19. nóv	

BEST Í HEIMI

VEIKO
A Midasala virka daga
ÞJÓÐARSALIN

EIN LEIKHÚSIÐ
Landabankinn

MÍÐAPANTANIR:
GSM: 694 8900 / midasala@einleikhusid.is

Í kvöld kl.20
Sun. 5. nóv. kl.20
Fös. 10. nóv. kl.20
Fös. 17. nóv. kl.20 -nokkur sæti laus

"Frábær sýning í alla stöð" stálmenn Atlantíuflugfélagsins
ATH. hlaðborð fyrir hópa í veislusal hússins
Nánari upplýsingar á: einleikhusid.is

Sýnt í Reiðhöll Gusts, Alalind 3, Kópavogi

vítamín

...alltaf brjáááá ball :)

Grindvíkingar, Suðurnesjamenn!
Veitingahúsið **Lukku Láki** verður með hina stórskemmtilegu stuðhljómsveit **Vítamín** laugardagskvöldið 4. nóvember.

danny and the deep blue sea

"pönkuð ástarsaga"

Sýningar
lau 4. nóv kl. 20:00 örfá sæti laus
lau 4. nóv kl. 22:00

Aðeins þessar sýningar
Miðaverð kr. 2000
Sýningin fer fram á ensku

Hafið bláa
Sun 12. nóv kl. 13:30
Sun 19. nóv kl. 13:30
síðasta sýning fyrir jól
félak áhvarfendaverðlaun
grímunar 2006

Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ


SMEKKURINN NATALIE G. GUNNARSDÓTTIR ATHAFNAKONA

Bernard Wilhelm og allskyns glingur best í heimi

Mælum með

...vettlingum sem ná upp að olnboga. Halda á manni góðum hita ásamt því að við getum haldið áfram að nota jakka og kápur með stuttum ermum sem er svo mikið í tísku núna þrátt fyrir kuldakastið.



útlit
utlit@frettabladid.is

Spáir þú mikið í tiskuna? Já, svona hæfilega mikið.

Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum? Adidasskór, hettupeysa, gallabuxur og GULLlitað dót.

Uppáhaldshönnuðir eða fata-merki? Akkúrat núna er hann Bernard Wilhelm alveg að gera sig og ég er líka að fíla Kim Jones og Jeremy Scott, þeir eru alveg með þetta. KTZ-merkið er líka alveg svakalegt fatamerki.

Flottustu litirnir? Turkish, neon peach og svartur.

Hverju ertu veikust fyrir? Sólglæaugum, flottum skóm og glyngri.

Hvaða flik keyptir þú þér síðast? Geðbillaðan leðurjakka og rauðar Levis 501 buxur í Spútnik.

Hvað finnst þér flottast í tiskunni núna? Mér finnst flott hvað það eru margir stílar í gangi en ekki aðeins einn ráðandi og allir eins.

Hvað ætlarðu að kaupa þér fyrir veturinn? Kerti og spil.

Uppáhaldsverslun? Spútnik Laugavegi, Kronkron og Liborius.

Hvað eyðir þú miklum peningum í fót á mánuði? Úff, ég vil ekki einu sinni vita það sjálf.

Hvaða flikur gætir þú ekki verið án? Úlpunnar minnar, eins og segir í samnefndu lagi.

Uppáhaldsflik? Peysa sem ég keypti í Dýrinu hérna „i

den“. Hún er bara alltaf eins og ný og alltaf jafn þægileg.

Hvert myndir þú fara í verslunarferð? China town, New York City.

Ljótasta flik sem þú hefur keypt þér? Nú, það mun vera leðurkjöll sem ég var göbbuð til að kaupa. Ég hef sem betur fer ekki verið í honum opinberlega.



MÓÐUR VIKUNNAR Álfrún fer yfir málin

Buxur heitar á veturna

Þegar kólna fer á haustin fara flestir að svipast um eftir nýjustu tiskugallabuxunum og síðbuxum yfirleitt. Stuttbuxur, minipils og kvartbuxur fara innst í fataskápinn og mega bíða þangað til vora tekur á meðan flikur sem hylja holdið betur taka völdin. Enda ekkert sérstaklega freistandi á köldum og dimmum vetrarmorgni að skella sér í minipils.

Það eru einnig alltaf einhverjar nýjar tiskubólur sem skjóta upp kollinn á veturna. Nú eru það niðurmjóu og beinu skálmarnar og ef maður svipast um og horfir á vegfarendur á götum Reykjavíkur sést að flestir strákarnir og stelpurnar hafa lagt útviðu gallabuxunum og fengið sér aðrar með niðurmjóum skálmum. Það tók þó örlítið lengri tíma hjá strákunum að taka við sér en þetta er allt að koma hjá köppunum. Mér finnst ekkert flottara en strákur í niðurmjóum buxum og helst í támjóum skóm og vesti við.

Það eru frændur okkar Svíar sem bera höfuð og herðar yfir alla á markaðnum héraendis. Ásamt auðvitað hinu sívinsæla og klassíska gallabuxnamerki Diesel sem flestir landsmenn ættu að kannast við. En fatnaður frá sænsku merkjunum Cheap Monday og Acne Jeans selst í bílförum um þessar mundir. Það sem mér finnst einnig vera áberandi hjá upprennandi tiskuljónum eru munstraðar og litríkar gallabuxur. Röndóttar, doppóttar, gular og rauðar, það skiptir litlu máli hvaða litur það er bara að sniðið sé fallegt og klæðilegt.

Ég veit það af eigin raun að það er mjög erfitt að kaupa gallabuxur. Ef rassvasarnir halla kannski örlítið í vitlausu átt eða saumarnir eru skrátnir eru buxurnar óklæðilegar. Það er líka mjög tímáfrekt að fara út í búð og kaupa sér gallabuxur. Maður þarf helst að máta öll sniðin og fá álitsgjafa með sér, helst ekki karlkyns því þeir segja allt til að komast sem fyrst burt frá mátunarklefanum sem þeir forðast eins og heitan eldinn. Ef ekki þá þarf maður að teygja sig og beygja í mátunarklefanum, einn og sveittur, til að reyna að sjá hvernig maður tekur sig út að aftan. Svo getur það einnig algjörlega eyðilagt fyrir manni daginn ef maður, allt í einu, kemst ekki lengur í þá stærð sem maður er vanur að nota. En ekki órvænta, gallabuxur eru jafnólíkar og merkin eru mörg og því ekkert að marka stærðirnar.

Jæja, þá er bara að taka sér góðan tíma í búðunum og halda af stað í könnunar- og mátunarleiddangur.



GRÁTT Peysa með herralegu sniði frá Gk.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



DÖKKBLÁAR
Draktarbuxur frá
Kronkron.



SKYRTA Svört skyrtu í
léttu efri frá Kronkron.



MJÓ TÁ Herralegir skóir,
reimdir með oddhvassri tá
frá Centrum á Laugavegi.



LEÐUR Svartir leðurhanskar
sem setja punktinn yfir
i-ö frá Evu.



TÖFFARI Leikkonan Diane Keaton var frumkvöðull í
þessari svokölluðu herratísku fyrir konur í kvikmynd-
inni Annie Hall.

Karlmennskan uppmáluð

Þótt við höfum verið að uppfleja kvenleikann í tiskunni upp á síðkastið en andstæða þess búin að fíkra sig upp metorðastigann innan tiskuheimsins. Það er karlmannstísta fyrir konur. Draktir



VÍÐAR
BUXUR Buxur í víð-
ari kantinum
með jakka
í stíl.

eru lengi vel búnar að vera vinsælar en þær eru þó alltaf með kvenlegu sniði. Þessa dagana eru draktirnar að færast meira nær jakkafötum í sniðinu. Jakkarnir síðari og skyrtu, bindi og vesti helstu fylgifiskar þessarar tísku. Hver man ekki eftir Diane Keaton í Woody Allen-myndinni „Annie Hall“. Hún vakti mikla athygli í þá daga fyrir að vera ávallt í síðbuxum, skyrtu og vesti. Oft var Keaton einnig með hatt og bindi í stíl og fékk hún í þá daga misjafna dóma enda þótti þessa tísku ný af nálinni. Ég mæli hér með að hver einasti tiskuspekúlant horfi á þessa mynd og sjái hversu vel stílistanum eða búningahönnuðinum tókst til.

Vetrartískan þetta árið býður upp á margt skemmtilegt fyrir þær konur sem vilja klæða sig með töffarabrag. Vesti, skyrtur með áföstu bindi, jakkafatabuxur með víðum skálmum og herralegir skór með mjórri tá og reimum að framan.

alfrun@frettabladid.is

ADENS Á PSP

9. TAKTU ÞÁTT!

HVER VINNUR!

ADALVINNINGUR ER PSP TÖLVA OG GTA!

GLÆNÝR GRAND THEFT AUTO!

SENDU SMS BTC FGT Á 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ EINTAK!

BT

VINNINGAR ERU PSP, GTA LEIKIR, AÐRIR TÖLVULEIKIR, DVD MYNDIR OG MARGT FLEIRA!

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt eru kominn í SMS klubb 149 17/skeytib.



„SIXTIE'S“ Flottur skærrauður kjóll með síðum ermum sem fer Deschanel einstaklega vel. Takið eftir slaufunni framan á kjólnum.



Enginn aukvisi í tískunni

Það eru margir sem kannast við andlit Zoey Deschanel en koma henni samt ekki alveg fyrir sér. Hún er ein þekktasta auka-leikkona Bandaríkjanna þrátt fyrir ungan aldur en Zoey er aðeins 26 ára gömul. Hún hefur leikið í myndum á borð við Almost Famous, Failure to Launch og Good Girl og leikið í sjónvarpsþáttum og tónlistarmyndböndum. Núna hefur hún þó fengið kjörið tækifæri til að sýna sig og sanna á

SVART/HVÍTT Zoey er frekar gamaldags í útliti og klæðir sig oft eftir því. Hér sést hún í fallegum kjól með gamaldags sníði.

hvíta tjaldu því Deschanel hefur verið ráðin í hlutverk Janis Joplin í kvikmynd sem byggð er á ævi rokkdrottningarinnar.

Deschanel er þó engin auka-leikkona á rauða dreglinum og er alltaf hressandi að sjá hana þar. Hún er mjög oft í litríkum kjólum og er greinilegt að hún fylgist vel með tískunni því hún er ávallt klædd samkvæmt nýjustu tísku.

- áþ

STUTTAR ERMAR Flottur svartur hverdagslegur kjóll sem Deschanel þó lífgar upp á með belti og fallegri tösku.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



PAULO MELIM ANDERSSON Gaman verður að fylgjast með honum leiða Chloe næstu misserin en síðasti karlkyns hönnuður hjá merkinu var enginn annar en Karl Lagerfeld. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



VETRARLÍNA Chloe hefur verið mjög leiðandi í tískuheiminum ekki síst vegna hönnunar Stelli McCartney.

Sænskur yfirhönnuður hjá Chloe

Fatamerkið Chloe ættu flestir tískuspekúlantar að kannast við. Vinsældirnar náðu hæstum hæðum þegar hin heimfræga Stella McCartney hann-

aði fyrir fyrirtækið og náði það þannig að stimpla sig ærlega inn í tískuheiminn.

Eftir að Stella fór og stofnaði sitt eigið fyrirtæki var það hönnuðurinn ungi Phoebe Philo sem tók við en nú eru liðin tvö misseri síðan hún hvarf frá fyrirtækinu.

Nú er hins vegar stefnuleysið á enda hjá Chloe og hefur ungi strákurinn Paulo Melim Andersson verið ráðinn yfirhönnuður þar á bæ. Paulo er sænskur að uppruna og er bæði útskrifaður úr Central Saint Martins og London Royal College Of Arts. Áður en hann tók við Chloe var hann við stjórnvölinn hjá Marni tískuhúsinu.

Paulo er arftaki ekki minni hönnuða en Karls Lagerfeld og þeirra sem áður voru taldir og er fyrsta fatalína Chloe úr hans hönnun væntanleg í mars 2007.

- áþ



TÍSKUBÓLUR Það eru margar tískubólurnar sem hafa spröttið upp undir hatti Chloe merkisins

like.no.other

SONY

Bestu tæki ársins 2006

KDL32V2000
32" Sony Bravia LCD sjónvarp
Bravia engine myndstýring
Live Colour Creation
Upplausn 1366x768
Kontrast 1:1300
HDMI tengi, PC tengi
Snúningfótur fylgir

32" tæki ársins 2006 í stærsta græjublaði heims What HiFi Sound & Vision.

279.950,-
23.330,- á mánuði í
12 mánuði vaxtalaust

WHAT HI-FI? SOUND AND VISION
BEST What Video? BUY

SONY

RDRHX720
SONY HDD RECORDER 160GB
160GB harður diskur
Tekur upp á DVD-R, DVD+R, +RW og + RW
MP3 afspilun, Timeslip

Hátalarakerfi að verðmæti 59.950,- á 50% afslætti með magnara.

Heimabíóagnari ársins 2006 í stærsta græjublaði heims What HiFi Sound & Vision.

89.950,-
7.495,- á mánuði í
12 mánuði vaxtalaust

WHAT HI-FI? SOUND AND VISION

50% afsláttur ef keyptur með V línu veggsgjónvarpi

HDD/DVD upptökutæki ársins 2006 er Sony í stærsta græjublaði heims What HiFi Sound & Vision.

69.950,-
5.830,- á mánuði í
12 mánuði vaxtalaust

SONY

Hátalarakerfi að verðmæti 59.950,- á 50% afslætti með magnara.

Heimabíóagnari ársins 2006 í stærsta græjublaði heims What HiFi Sound & Vision.

89.950,-
7.495,- á mánuði í
12 mánuði vaxtalaust

STRDA1200ES
Sony Heimabíóagnari
7x100W (4 ohm)
DCAC - Sjálfvirk stilling á hljóði með hljóðnema)
2x HDMI tengi, AV sync

Sony Center Kringlunni
www.sonycenter.is sími: 588 7669

Brad og Angelinu hótað af al-Kaída

Brad Pitt og unnusta hans Angelina hafa fengið líflátshótanir frá hryðjuverkasmátökunum al-Kaída. Þarið margumtalaða er þessa dagana á Indlandi við tókur á næstu kvikmynd. Sú mynd er byggð á ævi blaðamannsins Daniels Pearl, sem

ÖRUGG Á INDLANDI Angelina Jolie og Brad Pitt þurfa ekkert að óttast þó al-Qaeda hafi sent þeim

myrtur var af liðsmönnum al-Kaída í Pakistan árið 2002.

Að því er fram kemur í Financial Times voru breskir öryggissérfræðingar

sendir til Pune á Indlandi fyrr í vikunni. Yfirvöld í Pakistan höfðu bent breskum stjórnvöldum á að Pitt og Jolie gætu verið talin heppileg skotmörk af hryðjuverkamönnum sökum þess hve pólitísk kvikmynd þeirra er. Hræðslan við hryðjuverk var framleiðendum kvikmyndarinnar líka ofarlega í huga þegar þeir völdu tókustaði. Pune varð fyrir valinu í stað

Pakistans, þar sem umræddir atburðir áttu sér stað.

Stjórnvöld á Indlandi hafa ráðfært sig við leyniþjónustur víða um heim og hafa í kjölfarið skipulagt víðtæka öryggisgæslu fyrir þau Brad og Angelinu.

Á EFTIR STJÖRNUNUM Bin Laden og al-Kaída hafa hótað að drepa Brad og Angelinu.



Shakira með fernu



SHAKIRA Söngkonan Shakira var sigurvegari Latin-Grammy verðlaunanna sem voru afhent á dögnum.

Kólumbíska poppstjarnan Shakira fékk fern Latin-Grammyverðlaun við hátíðlega athöfn í New York. Verðlaun hlaut hún m.a. fyrir bestu plötuna og fyrir bestu plötu kvenkyns tónlistarmanns. Sagði hún í þakkarræðu sinni að bæta þyrfti líf innflytjenda sem búa í Bandaríkjunum og biða eftir því að hljóta ríkisborgararétt.

Dúettinn Calle 13 frá Puerto Ríko fékk þrenn verðlaun, þar á meðal sem besta nýja hljómsveitin. Argentíska rokkstjarnan Gustavo Cerati vann jafnframt tvenn verð-



LORDI Finnsla Evróvisjón-sveitin Lordi lauk kvöldinu með glæsibrag.



NELLY FURTADO Furtado söng lagið sitt Maneater í Bella Center. Hún var tilnefnd til tvennra verðlauna en fékk hvorug.



ÚTI Í KULDANUM Rapparinn Snoop Dogg var vel klæddur í kuldanum á Ráðhústorginu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



TOM CRUISE Hjartaknúsarinn er orðinn einn af framleiðendum hjá United Artists.

Cruise fær annað tækifæri hjá United

Leikarinn Tom Cruise er orðinn einn af framleiðendum hjá kvikmyndaverinu United Artists. Gerði hann samning við eiganda þess, MGM.

Cruise mun framleiða að minnsta kosti fjórar myndir á ári auk þess sem hann eignast hlut í fyrirtækinu. Þrjár mánuðir eru

liðnir síðan Cruise var rekinn frá Paramount Pictures eftir fjórtán ára samstarf. Sagði fyrirtækið að hegðun Cruise mánuðina á undan hefði verið óviðunandi. Var þar vafalítið átt við samband hans og leikkonunnar Katie Holmes og skoðanir hans en hann er meðlimur í Vísindakirkjunni.

Tvenna hjá Timberlake

Justin Timberlake var valinn besti popparinn og besti karlkyns tónlistarmaðurinn á evrópsku MTV-tónlistarverðlaunahátíðinni sem var haldin með pomp og prakt í Kaupmannahöfn í fyrra-kvöld.

Hljómsveitin Red Hot Chili Peppers frá Los Angeles fékk verðlaun fyrir bestu plötuna, hina tvöföldu Stadium Arcadium, og Christina Aguilera var valin besti kvenkyns tónlistarmaðurinn.

Crazy besta lagið

Hátíðin var send beint út til sautján landa og heppnaðist með eindæmum vel. Mikil stemning ríkti í The Bella Center þar sem verðlaunin voru afhent. Spiluðu þar m.a. hljómsveitirnar Muse og Lordi frá Finnlandi sem lauk kvöldinu. Auk þess safnaðist mikill mannfjöldi saman á Ráðhústorginu þar sem Snoop Dogg, Keane, Jets og The Killers trúðu upp í kuldanum.

Lag Gnarl's Barkley, Crazy, var valið best auk þess sem Muse var valin besta jaðarhljómsveitin.



RIHANNA Rihanna var valin besta R&B söngkonan. Hún kom einnig fram á hátíðinni og var atriði hennar glæsilegt.



TVENN VERÐLAUN Popparinn og kynnríki hátíðarinnar, Justin Timberlake, fékk tvenn MTV-verðlaun. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Besta hljómsveitin var aftur á móti kjörin hin fornfræga Depeche Mode.

Kanye West dónalegur

Justin Timberlake var kynnríki á hátíðinni og stóð sig með þryði. Athygli vakti þegar hljómsveitin Justice vs. Simian tók á móti verðlaunum fyrir besta myndbandið, við lagið We Are Your Friends. Ruddist þá rapparinn Kanye West, sem hafði áður verið kjörinn besti hiphop-tónlistarmaðurinn, inn á sviðið og sagði það hneisu að hann skyldi ekki hafa fengið verðlaun fyrir myndbandið Touch The Sky.



RUDDIST INN Rapparinn Kanye West ruddist inn á sviðið þegar Justice og Simian tóku á móti verðlaunum sínum.

„Ef ég fæ ekki þessi verðlaun þá er dómnefndin illa trúverðug,“ sagði hann. - fb

PLÖTUTÍÐINDI 2006

Plötutíðindi 2006 eru nú í fullri vinnslu, en þau innihalda sem fyrr upplýsingar um allar helstu plötur, DVD-myndir og tölvuleiki sem koma út núna fyrir jólin og áhersla er lögð á af hálfu útgefenda og dreifingaraðila.

Blaðinu verður dreift inn á öll heimili landsins á tímabilinu 18. nóv. til 24. nóv.

Þeir sem vilja koma að plötu, DVD-mynd eða tölvuleik í blaðinu þurfa að ganga frá pöntun fyrir kl. 12:00 á hádegi, mánudaginn 6. nóv.

Allar nánari upplýsingar eru á www.Plotutidindi.is, en þar er einnig að finna könnun sem gerð var á lestri og notkun blaðsins í fyrra.

Einnig veitir **Bergur Ísleifsson** allar nánari upplýsingar í sínum 517 1694 og 699 1694.

Félag hljómplötuframleiðenda





LIZ HURLEY Gengur í hjónaband í mars á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Hurley í hnappelduna

Elizabeth Hurley ætlar að giftast kærastanum sínum í mars á næsta ári. Áætlað er að brúðkaup verði haldin bæði í Englandi og á Indlandi. Kærasti Hurley er viðskiptamógúllinn Arun Nayar og hafa þau beðið vini og ættingja að taka ákveðinn dag frá í marsmánuði.

Hermt er að hjónavígslan sjálf fari fram 3. mars í Englandi en henni verði svo fagnað með nokkurra daga veislu á Indlandi. „Með því að láta fólk vita með svo góðum fyrirvara er klárt mál að þau ætla að fá alla frægu vini sína til að mæta,“ sagði heimildarmaður Daily Mail.



GLAÐUR PETE Hann var ekki eins upplitsdjarfur eftir að hann þurfti að dúsa á sjúkrahúsi í tvær klukkustundir. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Pete sendur á spítala

Rokkarinn og eiturfjandeytandi Pete Doherty þurfti að fara á sjúkrahús á dögunum. Ástæðan var sú að hann hafði fest einn af hringum Kate Moss á fingri sínum. Að sögn breska blaðsins The Sun hló Kate Moss allan tímann sem þau voru á sjúkrahúsinu, en það tók hjúkrunarkonur tvær klukkustundir að ná hringnum af fingri Pete.

Hjúkrunarkonurnar þurftu að nota sleipiefni og ýmis áhöld til að ná hringnum af og hafðist það fyrir rest. „Pete skammaðist sín en Kate hló allan tímann,“ sagði vinur parsins.



SIR CLIFF RICHARD Söngvarinn heimsfrægi kemur til Íslands í mars.

Richard í tónleikaferð

Sir Cliff Richard hefur tónleikaferð sína, sem endar á Íslandi í mars, á laugardag í London. Mun hann spila fimm kvöld í röð á Wembley Arena.

Eftir áramót fer hann til Mið-austur- og Suðaustur-Asíu þar sem hann mun syngja á stöðum eins og Dubai, Taílandi og Srí Lanka.

Svo kíkir hann stutt við í Suður-Afríku áður en hann heldur til Evrópu, þar sem hann verður aðeins með tíu tónleika. Endar hann þessa tónleikaferð hér á Íslandi og að sögn tónleikahaldara hefur hann beðið um að fá sem mestar upplýsingar um land og þjóð með það að markmiði að dvelja hér eitthvað eftir tónleikaferðina.

Um næstu helgi kemur svo út dúettafata með Richard en hún er kölluð Two's a Company.

Kröftugir kroppar í Höllinni

Íslandsmótið í Icefitness var haldið með miklum glæsibrag um helgina þar sem saman komu flottustu kroppar landsins. Fitnessdrottningin Freyja Sigurðardóttir kom, sá og sigraði í kvennaflokki en aðeins fjórar konur tóku þátt að þessu sinni.

Í karlaflokki bar Jóhann Pétur Hilmarsson sigur úr býtum en



EINBEITT Eva hentist í gegnum þrautbrautina.



FLOTTIR KROPPAR Keppnin milli karlanna var hörð og tvísýn en mjótt var á mununum þegar reiknuð voru samanlögð stig keppenda. MYND/BRJÁNN BALDURSSON

keppnin var hörð á milli hans, Ívars Guðmundssonar og Gunnars Steinþórssonar, sem höfnuðu í öðru og þriðja sæti.

Andrés Guðmundsson, eigandi Icefitness, var hæstánægður með

mótið en hefði gjarnan viljað sjá fleiri konur vera með. „Það voru óvenju fáar konur sem kepptu í þetta skiptið og ég vil endilega hvetja fleiri til að mæta til leiks á næsta Íslandsmóti,“ segir Andrés. - sig



GLÆSILEGAR Aðeins fjórar konur tóku þátt í Íslandsmóti Icefitness að þessu sinni en þær voru allar stórglæsilegar á sviðinu í samanburðinum.



Í BRAUTINNI Keppnin var hörð og spennandi í hraðþrautinni enda voru mikil átök og ekkert gefið eftir.

Maggja Stína
syngur Megas

MAGGA STÍNA SYNGUR MEGAS

BIÐIN ER Á ENDA



Útgáfutónleikar í Salnum Kópavogi,
laugardagskvöldið 4. nóvember kl. 21.

Frumflutt verða 3 ný lög eftir Megas

BJARTUR

SPARBIÓ 450 kr á allar sýningar merktar með appelsinagala á laugardögum og sunnudögum

BORAT! Erud þú tilbúin fyrir eina fyndnustu mynd allra tína? **BORAT!**

THE DEPARTED ATH! SÝND MEÐ NÝJU DIGITAL TEKNIÐ Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI. BESTA MYND MARTINS SCORSES TIL ÞESSA. SJÁÐ EINA BESTU MYND ÁRSINS. BETRI LEIKHÓPUR HEFUR EKKI SÉST Í KVÍKMYNDI LANGAN TÍM.

the last kiss Frá handritshöfundum „Million Dollar Baby“ og „Crash“ Vel gerð og rómantísk með þeim Zach Braff („Scrubs“, „Garden State“), Rachel Bilson („O.C.“ þættirnir) o.fl.

BÆJARHLAÐIÐ BARNYARD SÝND MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALL

MATERIAL GIRLS Frá leikstjóra „The Fugitive“

THE GUARDIAN EKKI MISSA AF KRAFTMESTU SPENNUMYND ÁRSINS.

Beerfest

Jackass number two

SAMBÍÓ / ÁLFABAKKA		SAMBÍÓ / KRINGLUNNI		SAMBÍÓ / KEFLAVÍK		SAMBÍÓ / AKUREYRI	
THE DEPARTED	kl. 5:45 - 7 - 8:45 - 10:10 - 10:30	JACKASS NUMBER TWO	kl. 4 - 8	BORAT	kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10	BARNYARD	M/ - ÍSL TAL. kl. 2 - 4 - 6
THE DEPARTED VIP	kl. 2:15 - 5:45 - 8:45	THE THIEF LORD	kl. 4	THE DEPARTED	kl. 8 - 10:45	THE DEPARTED	kl. 8 - 10:40
THE LAST KISS	kl. 3:30 - 5:45 - 8 - 10:30	ÓBYGGÐIRNAR	M/ - ÍSL TAL. kl. 1:45 - 4	BÆJARHLAÐIÐ	M/ - ÍSL TAL. kl. 2 - 4	THE THIEF LORD	kl. 2
BÆJARHLAÐIÐ	M/ - ÍSL TAL. kl. 1:45 - 3:45 - 6	BILAR	M/ - ÍSL TAL. kl. 1:45	THE DEPARTED	kl. 10:10	MATERIAL GIRLS	kl. 4 - 6
BARNYARD	M/ - ENSKU TAL. kl. 6 - 10:10	OVER THE HEDGE	M/ - ÍSL TAL. kl. 1:45	THE GUARDIAN	kl. 10	THE GUARDIAN	kl. 8
THE GUARDIAN	kl. 8	MAURAHRELLIRINN	M/ - ÍSL TAL. kl. 1:45	MATERIAL GIRLS	kl. 2 - 4 - 6 - 8	THE GUARDIAN	kl. 8
				BEERFEST	kl. 6	JACKASS NUMBER TWO	kl. 10:30

www.sambioin.is | 375 8900

www.haskolabio.is

THE DEPARTED BESTA MYND MARTINS SCORSES TIL ÞESSA

the last kiss SJÁÐ EINA BESTU MYND ÁRSINS. BETRI LEIKHÓPUR HEFUR EKKI SÉST Í KVÍKMYNDI LANGAN TÍM.

BORAT Vardveitt líf mitt fyrir ögnum óvinarins

THE DEPARTED SJÁÐ EINA BESTU MYND ÁRSINS. BETRI LEIKHÓPUR HEFUR EKKI SÉST Í KVÍKMYNDI LANGAN TÍM.

the last kiss Vel gerð og rómantísk með þeim Zach Braff („Scrubs“, „Garden State“), Rachel Bilson („O.C.“ þættirnir) o.fl.

BARNYARD SÝND MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALL

THE QUEEN Stórmynd sem letur engan ónsörtin.

BÖRN Kvikmynd eftir Ragnar Bragason

MYRIN	kl. 3 - 5 - 7 - 9 - 10:30	B.I. 12	THE QUEEN	kl. 3 - 5:50	B.I. 12
THE LAST KISS	kl. 3 - 5:30 - 8 - 11:10	B.I. 12	AN INCONVENIENT TRUTH	kl. 8	B.I. 12
THE DEPARTED	kl. 3 - 6 - 9	B.I. 16	BÖRN	kl. 8	B.I. 12
WORLD TRADE CENTER	kl. 10:30	B.I. 12			

HAGATORGI • S. 530 1919

Mikill afsláttur fyrir innslag í lífsstílsþáttum

Eitt athyglisverðasta mál vikunnar er framganga Ásgeirs Kolbeinssonar og Arnars Gauta Sverrissonar í Innlit/Útliti. Í allri umræðunni hefur komið í ljós að viðmælendur í lífsstílsþáttum sem þessum stórgræða oft á því að mæta í viðtalið.



GLÆSILEG ÍBÚÐ Kostnaðurinn við að gera upp íbúð Ásgeirs Kolbeinssonar hefur verið ansi mikill og ekki verður annað séð en að vel hafi tekist til. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

„Við ætluðum að ræða það eftir birtinguna,“ segir Ásgeir Kolbeinsson, spurður um hversu mikinn afslátt hann hafi fengið hjá byggingavörversluninni Byko vegna innslags sem birtist í lífsstílsþáttinum Innlit/Útliti og vakið hefur mikla athygli. Ásgeir lýsti því yfir í Fréttablaðinu í gær að hann „skiti ekki peningum“ en þær breytingar sem hann gerði á íbúðinni hafa væntanlega kostað sinn skilding; nýtt parkett og uppgert það auk annarra hluta.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins getur svona innslag í þáttum á borð við Innlit/Útliti og Veggfóðri verið ansi mikils virði og getur afslátturinn numið allt að þrjátíu prósentum en það fer þó allt eftir því hversu frægur einstaklingurinn er. Ásgeir bætti því jafnframt við að hann hefði keypt allt sem hægt var að kaupa í Byko og um töluvert háa fjárhæð hefði verið að ræða, hann hefði því jafnframt fengið magnafslátt eins og venja væri til. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að þáttastjórnandi í einum lífs-

stílsþáttanna hefði fyrir ekki margt löngu reynt að kría út parkett fritt fyrir þekkt hjón í borginni sem þá voru að gera upp hús gegn því að þau birtust í þætti sínum en eigandi fyrirtækisins hafnaði því með öllu og fannst það fyrir neðan allar hellur. Ásgeir sagðist jafnframt vera svekktur með það hvernig umræðan hefði þróast, væri komin út í eitt-hvert skítkast á sína persónu og smekk.

Innlit/Útliti hlaut á fimmtudaginn tilnefningu til Eddu-verðlaunanna sem sjónvarpsþáttur ársins og Magnús Ragnarsson, sjónvarpsstjóri Skjás eins, hafnaði því með öllu að einhverjar mannabreytingar yrðu gerðar. „Aldrei, aldrei, heldur urðu að ég fari að reka manninn?“ sagði Magnús en Þórunn Högnadóttir, ritstjóri þáttarinnar, lýsti því

yfir í Fréttablaðinu að eitthvað þyrfti að gera vegna mikilla viðbragða. „Þetta var svona drengjahumor. Missti marks. En Arnar Gauti er þrjúspiltur. Skopskynið hitti ekki í mark hjá kjarna áhorfenda Skjás eins. Það þarf ekkert að gera annað en íhuga hvort rétt sé að hleypa svona piltahumor inn í þáttinn en engra aðgerða er þörf,“ sagði Magnús. freyrgigja@frettabladid.is

ARNAR GAUTI Mörgum fannst þáttastjórnandinn skjóta langt yfir markið með yfirlýsingum sínum í þættinum á þriðjudaginn en hann er þó öruggur í starfi.



Gerir mynd um ólympíuleika

Leikstjórinn Oliver Stone, sem síðast gerði World Trade Center, ætlar að leikstýra fimm mínútna mynd sem er ætlað að kynna ólympíuleikana í Peking árið 2008.

Myndin verður sýnd í sjónvarpi, kvikmyndahúsum og flugvélum úti um allan heim. „Í dag lifir stór hluti mannkyns í sátt og samlyndi og Kína spilar þar stórt hlutverk,“ sagði Stone. „Kína og Bandaríkin eru stórveldi sem þurfa að vinna betur saman. Með því að taka þessa stuttmynd um

ólympíuleikana vil ég sýna fram á þörfina fyrir hamingjusamt alþjóðlegt þjóðfélag.“

Stone er þriðji leikstjórinn sem hefur verið boðið að gera kynningarmynd um ólympíuleikana. Hinir eru Ítalinn Giuseppe Tornatore, sem vann óskarinn fyrir Cinema Paradiso, og Majid Majidi frá Íran.



OLIVER STONE Leikstjórinn virti ætla að gera kynningarmynd um ólympíuleikana í Peking.

50 Cent leikur löggú

Robert De Niro og bófarapparinn 50 Cent eru í lokaviðræðum um að taka að sér hlutverk í myndinni New Orleans. Um er að ræða pólitíska spennumynd sem gerist í kringum fellibylinn Katrínu.

Myndin fjallar um löggú (De Niro) sem heldur að samstarfsfélagi sinn hafi látist í fellibylnum. Kemst hann síðan að því að hann var skotinn til bana. Fer hann að rannsaka morðið ásamt nýjum félaganum sínum, leiknum af 50 Cent. Kemur þá í ljós að spilling er mikil innan lögreglunnar.

Myndin átti upphaflega að gerast í Los Angeles en söguviðinu var breytt í New Orleans eftir að hamfarirnar gengu þar yfir.

Næsta mynd Roberts De Niro heitir The Good Shepherd og er njósnatryllir. Leikstýrir hann



50 CENT Rapparinn 50 Cent leikur að öllum líkindum á móti Robert De Niro í myndinni New Orleans.

myndinni sjálfur. Síðasta mynd 50 Cent var hin sjálfsvæisögulega Get Rich Or Die Trying.

SPARBIÓ* — 450kr

BÆJARHLAÐIÐ M/ - ÍSL TAL. KL. 1:45 Í ÁLFABAKKA OG KL. 2 Á AK. OG Í KEFL.

MAURAHRELLIRINN M/ - ÍSL TAL. KL. 1:45 Í ÁLFABAKKA

ÓBYGGÐIRNAR THE WILD Sýnd með íslesku tali Í ÁLFABAKKA

ÓBYGGÐIRNAR M/ - ÍSL TAL. KL. 1:45 Í ÁLFABAKKA

OVER THE HEDGE M/ - ÍSL TAL. KL. 1:45 Í ÁLFABAKKA

BILAR M/ - ÍSL TAL. KL. 1:45 Í ÁLFABAKKA

SparBió* : 450 KR MIÐAVERÐ Á OFANTALDAR MYNDIR KL: 1:45 OG 2 Laugardag og Sunnudag Í SAMBÍÓUNUM ÁFABAKKA, AKUREYRI OG KEFLAVÍK

Nýtt

> Ákvörðunin stendur

Andri Fannar Ottósson mun ekki taka fram knattspyrnskóna á nýjan leik en orðrómur þess efnis að nýr þjálfari Fram, Ólafur Þórðarson, vilji fá hann til æfinga hefur heyrst undanfarið. En sjálfur segir hann ekkert hafa í Ólafi heyrt og að ákvörðunin sé endanleg. „Ef ég myndi snúa aftur að samningaborðinu og gera málaáskilnað myndi það grafa undan trúverðuleika mínum sem lenínista. Það gengur ekki,“ sagði hann bláalvarlegur. „Ég nýt ákvörðunarinnar og það er gaman að vera laus við fótboltann.“

spor
sport@frettabla



JÓHANNES KARL GUÐJÓNSSON: FÉKK LOKS AÐ SPREYTA SIG Í LIÐI AZ ALKMAAR Í EVRÓPUKEPPNINI Á FIMMTUDAGINN

Kom ekki hingað til að sitja á bekknum

Jóhannes Karl Guðjónsson gekk til liðs við hollenska liðið AZ Alkmaar í sumar eftir að hafa leikið einn vetur með Leicester City á Englandi. Jóhannes Karl hefur fá tækifæri fengið með liðinu og hefur þurft að sætta sig við það að sitja á bekknum eða jafnvel að vera ekki í hópnum oft á tíðum á þessari leiktíð. Það varð þó breyting þar á fimmtudaginn þegar Jóhannes Karl kom inn á sem varamaður í 5-2 útisigri AZ Alkmaar á svissneska liðinu Grashoppers.

„Þetta virðist vera allt að stefna í rétta átt, ég er farinn að fá tækifæri á að koma inn á og svo biður maður bara eftir tækifærinu í byrjunarliðinu. Ég er hjá nýju liði og maður verður bara að vera duglegur að berjast fyrir sínu og vera þolinmóður. Liðið stendur sig mjög vel þannig að ég verð bara að biða eftir mínu tækifæri og taka það þegar það kemur,“ sagði Jóhannes Karl sem er kominn með nóg af bekkjarsetu.

„Ég er orðinn verulega pirraður en maður verður að halda áfram. Það er samt orðið frekar þreytandi að vera

alltaf á bekknum en ég bið bara eftir að fá tækifæri. Ég hef ekki enn þá fengið að vera í byrjunarliðinu en það hlýtur að fara að koma. Það var ágætt að koma inn á í gær. Ég stóð mig ágætlega og lagði upp eitt mark.“

Jóhannes Karl var lykilmáður í liði Leicester á síðustu leiktíð en er einhver eftirsjá hjá honum að hafa skipt um félag? „Nei nei, ég er bara búinn að vera hér í svo stuttan tíma. Við erum búin að koma okkur mjög vel fyrir héra og synir mínir eru mjög ánægðir,“ sagði Jóhannes Karl sem er með fjögurra ára samning.

„Ég ætla að gefa þessu góðan séns héra og það verður bara að koma í ljós hvað verður. Ég kom ekki hingað til að sitja bara á bekknum í fjögur ár. Maður verður alltaf að skoða sín mál eftir tímabil,“ sagði Jóhannes Karl en AZ Alkmaar er annað hollenska liðið sem Jóhannes leikur með því hann lék með Waalwijk á sínum tíma.

„Okkur líður mjög vel héra í Hollandi. Holland er mun líkara Íslandi heldur en England er. Holland er mun fjölskylduvænna finnst mér.“



CARLOS TEVEZ Hefur verið orðaður við Barcelona upp á síðkastið.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Carlos Tevez:

Verður áfram hjá West Ham

FÓTBOLTI Carlos Teves, leikmaður West Ham, hefur undanfarna daga verið orðaður við Evrópu-meistarana Barcelona. Umboðsmaður leikmannsins hefur nú vísað þessum sögusögnum á bug og segir að Tevez verði áfram hjá West Ham.

„Svona hlutir þurfa að fara sína hefðbundnu leið og ef eitthvert tilboð væri komið frá Barcelona þá væri ég búinn að heyra af því. Ég hef hins vegar ekkert heyrt og það þýðir bara að ekkert er bóðið að gerast. Þetta eru bara sögusagnir. Tevez verður áfram hjá West Ham,“ sagði umboðsmaður leikmannsins.

Carlos Tevez hefur ekki enn skorað mark fyrir West Ham og virðist vera búinn að missa sæti sitt í liðinu hjá Alan Pardew, stjóra liðsins.

- dsd



GARY NEVILLE Hefur enn tröllatrá á stjóranum sínum.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Gary Neville:

Ferguson á tíu ár eftir

FÓTBOLTI Gary Neville, leikmaður Manchester United, segir að framkvæmdastjóri félagsins, sir Alex Ferguson, eigi enn tíu ár eftir í starfinu. Ferguson er 64 ára gamall og hefur verið stjóri Manchester United í 20 ár.

„Það kæmi mér ekkert á óvart þótt Ferguson héldi áfram í fimm til tíu ár í viðbót. Hann er ákveðnari en nokkur sinni fyrr og það er stanslaus áskorun að vera hjá þessu félagi. Ég kannast við það sem leikmaður og ég kannast við það sem stuðningsmaður liðsins og það mun halda honum ungum.“

Ferguson veit að það gengur á með skini og skúrum og ég hef séð hann breytast, það gera það allir með aldrinum. Ferguson er mildari en áður,“ sagði Gary Neville, fyrirlíði Manchester United.

- dsd

Sex nýir leikmenn á einu bretti

Knattspyrnudeild Vals kynnti í gær til sögunnar sex nýja leikmenn liðsins. Þeir eru Hafþór Ægir Vilhjálmsson, Baldur Bett, Gunnar Einarsson, Jóhann Helgason, Daníel Hjaltason og Daninn René Carlsen.

FÓTBOLTI Valsmenn stimpluðu sig rækilega inn sem sigurstrangt lið á næsta knattspyrnusumri þegar boðað var til blaðamannafundar í gær þar sem sex nýir leikmenn félagsins voru kynntir til sögunnar. Eins og Fréttablaðið var bóðið að greina frá var samið við Hafþór Ægi Vilhjálmsson en einnig Daníel Hjaltason, Gunnar Einarsson og Jóhann Helgason. Þegar var bóðið að kynna Baldur Bett og Daninn René Carlsen til sögunnar á heimasíðu liðsins.

Af þessu má dæma að Valsliðið verði líklegt til afreka næsta sumar en þeir hafa átt lið í toppbaráttunni síðustu tvö tímabil. Willum Þór Þórsson, þjálfari liðsins, átti erfitt með að leynd gleðinni á fundinum í gær en Börkur Edvardsson, formaður knattspyrnudeildar Vals, sagði að félagið væri gífurlega ánæggt með leikmannahóp liðsins eins og er.

„Það er hins vegar alltaf svo með stórlíð eins og Val að leikmannamálum er aldrei fyllilega lokið,“ sagði hann spurður um hvort Valsmenn hygðust enn bæta við sig á næstu vikum og mánuðum. Baldur, Hafþór og Jóhann sömdu til þriggja ára og Daníel og Carlsen til tveggja. Gunnar Einarsson sagði í samtali við Fréttablaðið að enn ætti eftir að ganga frá lengd samnings síns við Val sem er reyndar hans uppeldisfélag.

„Ég þekki vel til í Val og ólst vel upp þar,“ sagði Gunnar. „Það er virkilega gaman að fá það tækifæri til að koma aftur til Vals og fá að enda ferilinn þar. Ég vona að ég eigi að minnsta kosti þrjú góð ár



FRÍÐUR FLOKKUR Frá vinstri eru Óthar Edvardsson, framkvæmdastjóri Vals, Willum Þór Þórsson þjálfari, Daníel Hjaltason, Jóhann Helgason, Hafþór Ægir Björnsson, Börkur Edvardsson, formaður knattspyrnudeildar, Gunnar Einarsson og Baldur Bett.

FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

eftir.“

Hann segist hafa skilið sáttur frá KR. „Ég var kominn á þann tímamark að ákveða mín síðustu ár á ferlinum og tók ég þá ákvörðun að fara til Vals. Ég fer sáttur frá KR eftir langan tíma þar en tel mig nú þurfa að sanna mitt gildi á nýjan leik. Mér finnst ég ekki hafa staðið undir væntingum síðastlið-

in tvö ár.“

Baldur Bett kemur frá Íslandsmeistaraliði FH þar sem hann hefur orðið meistari með liðinu undanfarnin þrjú ár. Hann býst við spennandi sumri og segir að þrjú lið skeri sig sérstaklega úr. „Ég hlakka rosalega mikið til eftir gott frí. En það er auðvitað skrytið að byrja hjá nýju félagi. FH og KR

hafa einnig styrkt sig mikið og fyrir mér eru þetta þrjú sterkustu liðin; Valur, KR og FH. Þessi lið eru einnig stærst utan vallar en auðvitað eru lið eins og Skaginn, Fylkir og Keflavík einnig sterk. En ég vona að einokun FH á titilinn sé hér með lokið,“ sagði Baldur og hló.

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is

Tvö íslensk fimleikafélög taka þátt í Evrópumótinu í hópfimleikum í Tékklandi:

Gerpla komst í úrslit í Tékklandi

FIMLEIKAR Þessa dagana fer fram Evrópumótið í hópfimleikum. Keppnin fer fram í Tékklandi að þessu sinni og tvö íslensk lið taka þátt, Gerpla og Gróttu. Undankeppni lauk í gær og íslensku liðin stóðu sig bæði mjög vel, Gerpla endaði í öðru sæti og Gróttu í því áttunda. Sex efstu liðin komust áfram í úrslitakeppnina sem hefst í dag.

Að sögn Önnu Möller, framkvæmdastjóra Fimleikasambands Íslands, stóðu bæði liðin sig með miklum sóma. „Þetta er í fyrsta sinn sem Gróttu fer á svona mót og það stóð sig mjög vel. Reyndar stóðu bæði liðin sig alveg hreint frábærlega. Þetta er orðin svakalega hörð keppni og það voru 22 lið sem tóku þátt í kvennakeppninni þannig að þetta er frábær árangur,“ sagði Anna Möller í samtali við Fréttablaðið.

Gerpla fékk 25,55 stig í undankeppninni sem dugði liðinu í annað sætið en öll sex liðin sem komust í úrslit koma frá Norðurlöndunum. Liðin sem náðu fyrsta og þriðja

sætinu koma frá Svíþjóð, í fjórða og sjötta sæti voru dönsk lið og fimmta sætið skipaði lið frá Finnlandi. Ekki munaði nema 0,05 stigum á Gerplu og efsta liðinu, Stokkhólm Top Gymnastarna, en Anna átti þó ekki von á því að Gerpla næði að sigra í úrslitunum.

„Efstu liðið klúðraði í raun og veru einu áhaldi sem þær eiga að fá hærri einkunn á en Gerpla átti mjög góðan dag. Það verður því erfitt fyrir Gerplu að fara upp fyrir sænska liðið en ég vona að Gerpla nái verðlaunasæti,“ sagði Anna Möller.

Sif Pálsdóttir keppti á mótinu fyrir lið sitt Gróttu en ekki eru nema tvær vikur frá því að hún keppti á HM í áhaldafimleikum.

- dsd

SIF PÁLSDÓTTIR
Var í liði Gróttu sem náði áttunda sæti á Evrópumótinu í hópfimleikum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



RONALDO Horfir ekki á leiki annarra liða en Real Madrid.

NORDIC PHOTOS/APP

Ronaldo:

Leiðist fótbolti

FÓTBOLTI Brasilíska sóknarmaðurinn Ronaldo hefur viðurkennt að hann horfi aldrei á fótbolta og sagt að honum leiðist fótbolti. Ronaldo er einn besti knattspyrnumaður sinnar kynslóðar og á markametið á HM í fótbolta.

Ronaldo hefur þurft að sitja á bekknum eftir að hann jafnaði sig á meidslum sínum og hann virðist hafa misst ástríðuna fyrir leiknum. Ronaldo var spurður að því á dögnum hvað honum myndist um leik Barcelona upp á síðkastið.

„Ég horfi aldrei á leiki með þeim. Ég horfi bara á leiki með Real Madrid. Það eina sem ég horfi á eru bestu kaflarnir úr leikjunum. Mér leiðist fótbolti og horfi ekki mikið á fótbolta annarra liða,“ sagði Ronaldo.

- dsd

BT

40%

Intel Core 2 Duo borðtölvu-
örgjörvinn er 40% hraðvirkari...

VORTEX V12

19"

2 skjáir fylgja

MEDION®

624915
MEDION V12 CORE2 VORTEX
Intel® Core 2 Duo E6300
nVidia GeForce 7600GS -256 MB
- DVI-I/D-SUB/HD TV-out/incl. HDTV
- composite cable / passive heat sink - w/ HDCP
500 GB 7200 rpm SATA 8MB Cache (2x250GB)
2048 MB DDR2-RAM PC4300 (533MHz)
LightScribe DVD Skrifari Dual Layer
Sjónvarpskort + Fjarstýring
LAN 10/100 Mbit
IEEE1394/Firewire - DV Ready
Sjónvarpskort og Fjarstýring
Medion Media Bay
Lyklaborð og Mús
Windows Vista uppfærsla fylgir fritt með!

Ókeypis uppfærsla af
Windows Vista stýrikerfinu fylgir!
- Væntanlegt í Febrúar 2007



• 7.750 **

19"

Core 2 Duo
-Fyrir kraftinn
500GB harður diskur
-Fyrir gögnin

GeForce 7600
-Fyrir leikina
2GB minni
-Fyrir vinnsluna

Sjónvarpskort og fjarstýring
-Að sjálfstjóðu
Kortalesari
-Til þæginda


7.750
**Tölvu- og tækjalán 36 mán.

17.999
Vaxtalaust 12 mán.

215.988
Staðgreitt

Eyðið kvöldinu með konunum við Wisteria Lane og fylgist með hverri mínútu í þessum sjóðheitu þáttum sem hafa slegið í gegn viðsvegar um heiminn. Hér er nóg af aukæfni, m.a. lengri þættir og nóg af óvæntum uppkomum og leyndarmálum. Heitasti sjónvarpsþátturinn verður enn safaríkari í annarri þáttaröðinni.

7 DISKAR




ISLENSKUR
TEXTI

DESPERATE HOUSEWIVES

• 4.999

2



17"

FUJITSU COMPUTERS
SIEMENS

LKN:DAN-101102-022
FSC AMILO XI CORE2

Intel Core 2 Duo T5500
17" WXGA TFT Crystal View
- Upplausn 1440 x 900
Nvidia GeForce Go 7600 skjástýring (256MB)
2 GB Vinnsluminni (2x1024MB 533MHz)
160 GB Harður Diskur (2x80GB SATA)
DVD Skrifari - Dual Layer
WLAN Intel 3945ABG - Þrálaust netkort
4 in 1 kortalesari
1x IEEE 1394 - DV Ready
1xDVI-I, 4xUSB2.0, Bluetooth 2.0
7.1 hljóð í gegnum SPDIF

Microsoft Windows XP home SP2
Microsoft Works
Norton Internet Security Suite 2006
PowerDVD

• 6.835

FSC XI CORE 2

19"

50% afsláttur
með tölvu

• 14.999

• 29.999

FSC flatur skjár
50% afsláttur með tölvu

Core 2 Duo
-Enn meiri hraði
160GB harður diskur
-Fyrir gögnin

GeForce Go 7600
-Fyrir leikina
2GB minni
-Fyrir vinnsluna

Wi-Fi Þráðlaust net
-Að sjálfstjóðu
Kortalesari
-Til þæginda

6.835
**Tölvu- og tækjalán 36 mán.

15.790
Vaxtalaust 12 mán.

189.588
Staðgreitt

ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

Iceland Express deild karla

FJÖLNIR-SKALLAGRÍMUR 80-94
Stig Fjölnis: Patrick Oliver 19, Keith Vassel 18, Nemanja Zovic 16, Hjalti Vilhjálmsson 13, Árni Ragnarsson 8, Niels Dungal 5, Marvín Valdimarsson 1.

Stig Skallagríms: Dimitar Karadzovski 24, Jovan Zdravevski 22, Darrel Flake 16, Axel Káráson 10, Pálmi Sævarsson 8, Pétur Sigurðsson 8, Hafþór Gunnarsson 4, Sveinn Blöndal 2.

HAMAR/SELFOSS-TINDASTÓLL 82-78

STADAN

LIÐ	5	4	3	2	1	0	Þ.Þ.	SK.
NJARÐVÍK	5	5	0	412-361	10			
KR	5	4	1	468-392	8			
GRINDAVÍK	5	4	1	452-372	8			
SNÆFELL	5	4	1	366-343	8			
KEFLAVÍK	5	3	2	478-433	6			
SKALLAGRÍMUR	5	3	2	435-404	6			
TINDASTÓLL	5	2	3	432-427	4			
ÍR	5	1	4	381-419	2			
ÞÓR ÞORL.	5	1	4	381-419	2			
FJÖLNIR	5	1	4	392-445	2			
HAUKAR	5	1	4	395-465	2			
HAMAR/SELF.	5	1	4	333-407	2			

NÆSTU LEIKIR

KEFLAVÍK-ÍR SUN. KL. 19.15
SNÆFELL-NJARÐVÍK SUN. KL. 19.15

Viðar Guðjónsson:
Samdi við
Fram til 2008

FÓTBOLTI Viðar Guðjónsson hefur framlengt samning sinn við Fram til loka tímabilsins 2008. Viðar er 26 ára gamall og hefur leikið allan sinn feril í Fram. Hann á að baki 82 leiki í efstu deild og sautján í 1. deildinni og verður því næsti leikur hans í deild hans sá 100. á ferlinum. Fyrir í vikunni samdi Fram við þá Jónas Grana Garðarsson og Jón Orra Ólafsson.

- esá

Góður sigur hjá Sköllunum

Það var boðið upp á hörkuleik í Grafarvogi í gær þegar Fjölnir tók á móti Skallagrími í Iceland Express-deild karla. Niðurstaðan fjórtán stiga sigur.

KÖRFUBOLTI Skallagrímismenn gerðu góða ferð í Grafarvoginn í gær þegar liðið lagði heimamenn í Fjölni, 80-94. Leikurinn var jafn allt fram í síðasta leikhlutu þegar gestirnir gáfu í og lönduðu nokkuð öruggum sigri.

Skallagrímur náði góðum kafla í upphafi leiks og flest skot þeirra á upphafsmínútunum rötuðu rétta leið á meðan heimamenn í Fjölni voru heldur seinir í gang. Það átti þó eftir að breytast þegar Fjölnismenn vöknudu til lífsins eftir slaka byrjun. Staðan að loknum fyrsta leikhlutu var 18-24, gestunum í vil.

Annar leikhlutur var gríðarlega jafn og það mátti varla á milli sjá. Bæði lið voru að leika góðan körfubolta og skiptust á að hafa forystuna. Skallagrímismenn höfðu þó yfir í hálfleik, 42-44.

Skallagrímismenn dreifðu skörinu nokkuð jafnt á milli manna og hittu ágætlega úr þriggja stiga skotum sínum í fyrri hálfleik. Í liði heimamanna skoraði Patrick Oliver 13 stig í fyrri hálfleik og næstur honum kom Nemanja Sovic með 10 stig.

Sama jafnræði var með liðunum í þriðja leikhlutu sem var mjög hraður. Skallagrímur hafði forystu í lok leikhlutans, 65-71.

Nú var að duga eða drepast fyrir heimamenn í Fjölni ef ekki ætti illa að fara og þeir mættu mjög ákveðnir til leiks í síðasta leikhlutunum. Skallagrímismenn voru full værukærir í upphafi leikhlutans og skoruðu til að mynda fyrsta stig sitt í leikhlutunum ekki fyrr en rétt tæpar þrjár mínútur voru liðnar af honum. Þau rölegheit sluppu þó fyrir horn þar sem heimamenn nýttu ekki sóknir sínar nægilega vel.



DIMITAR KARADZOVSKI Var stigahæstur Borgnesinga í gær er hann skoraði 24 stig.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gestirnir tóku sig á eftir það og náðu góðum kafla en Fjölnismenn voru aldrei langt undan. Heimamenn náðu þó aldrei að ógna Skallagrímismönnum nægilega vel undir lokinn spítu gestirnir í lófanna og juku forskotið enn meira. Á endanum fór Skallagrímur með sigur af hólmi, 80-94.

Besti leikmaður gestanna var Dimitar Karadzovski, en hann lék sérstaklega vel í síðari hálfleik.

„Ég er ánægður með sigurinn en ég er ekki nægilega ánægður með spilamennskuna. Við vorum voðalega þungir og andlausir á

kafla en við spiluðum vörnina vel allan leikinn. Hver einasti útisigur er frábær og ég var mjög hræddur fyrir þennan leik,“ sagði Valur Ingimundarson, þjálfari Skallagríms, eftir sigur sinna manna í gær.

Keith Vassel, þjálfari Fjölnis, var ekki jafn sáttur eftir leikinn. „Ef við hefðum náð að koma í veg fyrir þriggja stiga skotin hjá þeim þá hefði þetta verið allt annar leikur. En við erum með ungt lið og erum enn að stilla strengina. Við verðum góðir eftir áramót,“ sagði Vassel.

dagur@frettabladid.is



DIDIER DROGBA Er nú með samning við Chelsea til ársins 2010.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Chelsea:

Drogba fékk
nýjan samning

FÓTBOLTI Didier Drogba, sóknarmaður Chelsea, hefur skrifað undir nýjan samning við Chelsea. Um er að ræða fjögurra ára samning en Drogba hefur spilað mjög vel fyrir Chelsea í haust.

„Ég spila vel núna af því að mér líður vel hérna og er að æfa fótbolta með vinum mínum. Mig langar að þakka Jose Mourinho fyrir að hafa haft trú á mér frá því að ég kom til liðsins og nú munum við vera saman um langan tíma. Ég tel mig eiga mín bestu ár eftir í boltanum. Fyrsta árið var erfitt, annað árið allt í lagi en ég vissi að hlutirnir myndu batna,“ sagði Drogba.

- dsd

Mál Þórs/KA og ÍR:

Þór/KA áfrýjar
málinu til ÍSÍ

FÓTBOLTI Knattspyrnu deild Þórs hefur ákveðið að áfrýja niðurstöðu áfrýjunardómstóls KSÍ til ÍSÍ en niðurstaðan segir að úrslit leiks Þórs/KA og ÍR eigi að standa. Úrslitin þýddu að Þór/KA féll í 1. deildina en ÍR vann sér sæti í úrvalsdeild kvenna. Þór/KA kærði úrslit leiksins á grundvelli þess að ÍR hefði notað ólöglegan leikmann.

- esá





RENAULT



ATVINNUBÍLAR
FYRIR TÆKJAPJÓNUSTA

Renault Kangoo
 Verð frá kr. 1.620.000
 Verð frá kr. 1.301.205 án vsk
 Fjármögnunarleiga kr. 24.896
 Fjármögnunarleiga kr. 19.996 án vsk.



Renault Master
 Verð frá kr. 2.720.000
 Verð frá kr. 2.184.738 án vsk.
 Fjármögnunarleiga kr. 42.024
 Fjármögnunarleiga kr. 33.754 án vsk.



Renault Trafic
 Verð frá kr. 2.280.000
 Verð frá kr. 1.831.325 án vsk
 Fjármögnunarleiga kr. 35.295
 Fjármögnunarleiga kr. 28.350 án vsk.

* Fjármögnunarleiga m.v. 5 ára lán í erlendri myntkörfu með 20% útborgun með og án/vsk.

www.renault.is B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is



BIRGIR LEIFUR HAFÞÓRSSON Hefur leikið vel og á góða möguleika á að komast í lokamótið.

FRÉTTABLAÐIÐ/EIRIKUR

Úrtökumót fyrir Evrópumótaröðina í golfi:

Birgir Leifur í
góðum málum

GOLF Þeir Birgir Leifur Hafþórsson úr GK og Heiðar Davíð Bragason úr Kili keppa þessa dagana á öðru stigi úrtökumótsins fyrir Evrópumótaröðina í golfi. Keppt er á Spáni en þeir Birgir Leifur og Heiðar Davíð keppa þó ekki á sama velli, Birgir keppir á Sherry-vellinum en Heiðar á Emporda-vellinum. Þremur keppisdögum af fjórum er lokið og er árangur Íslendinganna misgóður.

Birgir Leifur er í toppbaráttunni á Sherry-vellinum og hefur verið að leika gott golf. Birgir Leifur fór fyrstu tvo dagana báða á 70 höggum eða tveimur höggum undir pari og í gær lék Birgir Leifur á 71 höggi, einu höggi undir pari vallarins. Birgir Leifur hefur því leikið fyrstu þrjá dagana á samtals fimm höggum undir pari og er meðal efstu manna fyrir lokahringinn í dag, en 19 efstu kylingarnir komast áfram á loka-

mótið. Birgir fékk þrjá fugla og tvo skolla á hringnum í gær.

Það hefur ekki gengið eins vel hjá Heiðari Davíð á Emporda-vellinum. Heiðar Davíð lék þriðja hringinn í gær á 72 höggum, eða tveimur höggum yfir pari vallarins. Áður hafði Heiðar Davíð leikið fyrsta hringinn á tveimur höggum yfir pari en hann náði þó að bæta sig á öðrum degi og lék á einu höggi undir pari. Heiðar Davíð hefur því leikið samtals á þremur höggum yfir pari og ólíklegt verður að teljast að kappinn nái að komast áfram. Heiðar Davíð sagði sjálfur að hann hafi ekki verið að púttu nógu vel á mótinu og það hafi komið honum í koll.

Heiðar Davíð er sem stendur í 49.-55. sæti á Emporda-vellinum en Birgir Leifur er í 7.-12. sæti og á ágæta möguleika á að komast áfram.

- dsd



HVAR ER HELGI? Ólafur Þórðarson stýrir sinni fyrstu æfingu hjá Fram í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Helgi mætti ekki á æfingu

Helgi Sigurðsson mætti ekki á fyrstu æfingu Fram undir stjórn Ólafs Þórðarsonar. Brynjar Jóhannesson segir það vera klárt sanningsbrot af hálfu Helga en að hann verði látinn efna samning sinn. Valur vill fá Helga í sínar raðir.

FÓTBOLTI Helgi Sigurðsson, leikmaður Fram í knattspyrnu, mætti ekki á fyrstu æfingu liðsins á undirbúningstímabilinu sem var í gær. Ekki náðist í Helga en Brynjar Jóhannesson, framkvæmdastjóri rekstrarfélags meistara-



BIKARINN Á LOFT Helgi Sigurðsson, fyrirliði Fram, með sigurlaunin fyrir sigur í 1. deildinni í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

flokks Fram, sagði að um klárt sanningsbrot væri að ræða.

Helgi fór fram á að vera leystur undan samningi fyrir í haust en talið er að Valur vilji fá hann í sínar raðir. Brynjar staðfesti við Fréttablaðið í gær að Valur hefði haft samband við stjórn Fram með það fyrir augum að kaupa Helga.

„Það er ekkert að ganga saman í þeim viðræðum. Deir vilja sjálf-sagt kaupa hann og í sjálfu sér er allt til sölu. En það er ekki uppi á borðinu hjá stjórn Fram að selja Helga. Hann á eitt ár eftir af samningi sínum og klárar hann. Þannig er afstaða okkar og hún er skýr.“

Brynjar segir að það hafi ekki komið sér á óvart að Helgi hafi ekki mætt á æfinguna. „Ég veit samt ekki af hverju hann mætir ekki. Hann verður að svara því sjálfur. Hann er samningsbundinn Fram og er með þessu að brjóta sinn samning. Það er ekkert flókið. Helgi verður að svara því sjálfur hvað honum gengur til en þetta er svo hlægilegt að maður veit ekkert hvað maður á að segja. Ég

bara trú þessu ekki fyrir en ég sé það sjálfur. En þetta virðist samt vera staðan.“

Aðspurður segir Brynjar ekki hægt að þvinga Helga til að mæta á æfingar óviljugur. Og hvað gerist á næstu dögum og vikum verði bara að fá að koma í ljós. „Ég verð að viðurkenna að ég hef aldrei lent í svona fáránlegri stöðu. Ég trúir ekki öðru en að hann mæti á endanum. Hann er ekki að fara til neins annars liðs, það er klárt.“

Helgi var fyrirliði Fram er liðið varð meistari í 1. deild karla og vann sér þar með sæti í úrvalsdeildinni næsta vor. Hann kom til liðsins um síðustu áramót frá AGF í Danmörku og skrifaði þá undir tveggja ára samning við félagið. Síðan þá hefur Ásgeir Eliasson látið af störfum sem þjálfari liðsins og Ólafur Þórðarson tekið við. Sá síðarnefndi hefur áður sagt að hann vilji að Helgi verði áfram í Fram enda glórulaust að liðið missi einn af sínum bestu leikmönnum.

eiririkur.asgeirsson@frettabladid.is

Íslenska kvennalandsliðið í handbolta sigraði Portúgal í æfingaleik í gær:

Berglind varði á þriðja tug skota

HANDBOLTI Íslenska kvennalandsliðið í handbolta er þessa dagana á sterku æfingamóti í Hollandi ásamt fimm öðrum þjóðum. Á miðvikudaginn tapaði Ísland fyrir heimamönnum, 27-32, en eftir það hafa unnist tveir leikir. Á fimmtudaginn lagði íslenska liðið Austurríki að velli, 30-26, og í gær vannst góður sigur á Portúgal, 33-26.

Berglind Íris Hansdóttir átti mjög góðan leik í gær og varði 27 skot í markinu en Guðbjörg Guðmannsdóttir var markahæst í íslenska liðinu með átta mörk skoruð.

Júlíus Jónasson var ánægður með spilamennsku liðsins á mótinu til þessa. „Ég er mjög sáttur við sigurinn í dag. Við erum búin að spila þrjá leiki og þar af tvo og hálfan góðan. Þetta var góður sigur í dag, gífurlega góð vörn með flottan markmann á bakvið sig. Við fengum tíu hraðauppþaup þannig að við stjórnendum í rauninni hraðanum í leiknum. Portúgalska liðið er mikið hraðara lið en við þannig að okkar markmið var að halda hraðanum niðri og það tókst,“ sagði Júlíus eftir leikinn í



JÚLÍUS JÓNASSON Stýrir íslenska liðinu í sínum fyrstu leikjum á þessu æfingamóti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

gær en þetta eru fyrstu leikir hans sem landsliðsþjálfari.

„Ég hef verið í þessu sæti í

stuttan tíma og hef reynt að koma sem mestu að á þeim tíma. Ég hef lagt mikla áherslu á vörnina. Ég held að þetta hafi bara gengið ágætlega en það er enn mikil vinna fram undan,“ bætti Júlíus við. En hefur einhver leikmaður komið honum á óvart á mótinu?

„Ég vil eiginlega ekki taka einhverja eina út. Ég vil frekar segja að allt liðið hafi staðið sig vel og það hefur verið mjög gaman að vinna með þessu liði. Vörnin og markvarslan hefur verið mjög góð og maður fer bara ansi langt á því. Markverðirnir hafa varið vel en það gerist ekki bara af sjálfu sér, vörnin aðstoðar mikið í því,“ sagði Júlíus.

Ísland leikur gegn Brasilíu í dag en brasilíska liðið endaði í fimmta sæti á síðasta HM. Á sunnudaginn er svo síðasti leikur Íslands á mótinu gegn Tékklandi. Samkvæmt styrkleikalistanum þá er Ísland lakasta liðið á þessu móti og árangurinn því góður hjá liðinu hingað til. „Þetta er gott mót og mjög vel að þessu staðið. Margir áhugaverðir leikir að spila og líka að horfa á,“ sagði Júlíus.

GP

gæðahúsgögn

Ítalskir hornsófar og sófasett á verulega góðum verðum í takmarkaðan tíma

Nautsleður í hæsta gæðaflokki. Fáanlegt í antíkbrúnu & ljósu.



3+1+1 verð 249.000,-
TILBOÐ 189.000,- stgr

3+2+1 verð 269.000,-
TILBOÐ 198.000,- stgr



Horn 2+H+2 verð 229.000,-
TILBOÐ 169.000,- stgr
(auka sæti 29.000,-)



Dalshrauni 1 Hafnarfirði s: 565 1234
Opið alla helgina, lau 11-16 sun 13-16

> Hugh Jackman

Fæddist þann 12. október í Sydney, Ástralíu árið 1968. Þekktasta hlutverk hans til þessa er í X-Men myndunum sem Wolverine. Næst fáum við að sjá hann í myndinni The Fountain þar sem hann leikur mann í leit að eilífri æsku og einnig sem galdramann í myndinni The Prestige með Christian Bale. X-Men 2 er á dagskrá Stöðvar 2 í kvöld klukkan 00.10.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ JAKOB BJARNAR FURÐAR SIG Á VERÐLAUNAAFHENDINGUM

Sjónvarpsmarkaður tilnefndur

Þá eru fram komnar tilnefningar til Edduverðlauna 2006. Í flokki sjónvarpsþátta ársins er kóngurinn Jón Ársæll með sitt Sjálfstæða fólk í fjórða skipti. Vel að því kominn sem og Jóhannes Kr. Kristjánsson með Kompás. En segjast verður alveg eins og er að þegar lítið er til hinna sem tilnefndir eru leikur vafi á því hvort viðeigandi sé að óska þeim til hamingju.

Þessar eftirapanir á erlendum verðlaunaaflendingum, á sviði lista og fjölmiðlunar, hafa löngum verið hlálegar. Vísast má rekja það til smæðarinnar en menn hafa sagt þetta samkvæmisleik og tilefni fyrir bransalið að koma saman yfir freyðivinsglasi. Blaðamannafélag Íslands vildi endilega vera með í þessu geimi en við síðustu blaðamannaverðlaun, þegar þurfti að verðlauna bók sem bestu blaða- og fjölmiðlamenskuna, fæk eiginlega í flest skjól. Svipað og að efna til ljóðasamkeppni og verðlauna þann sem sendi

leikrit í samkeppnina. Sannarlega hafa þeir sem að þessum verðlaunum koma ekki orðið til að lappa upp á fávæikt fyrirbærið.

Best fer auðvitað á því að hlutirnir séu kallaðir sínum réttu nöfnum. Því nú reka menn augun í það að tilnefndur sem sjónvarpsþáttur ársins er Innlit/útlit. Í síðareglum blaðamanna segir að varast beri að blanda saman efni og auglýsingum. Menn þurfa að vera bæði blindir og heyrnarlausir til að sjá ekki þetta boðorð fótum troðið í umræddum þætti. „Selebbar“ þessa lands eru keyptir til þátttöku með riflegum afslætti á innréttingum gegn því að nefna þau fyrirtæki sem framleiða varninginn sem til umfjöllunar er. Efast má um að nokkurs staðar á byggðu bóli hafi sjónvarpsmarkaður verið tilnefndur sem besti sjónvarpsþátturinn.



EKKI MISSA AF



▶ **14.50 Liverpool-Reading** SKJÁR SPORT



▶ **19.40 Jón Ólafs** SJÓNVARPIÐ



▶ **20.00 South Park** SIRKUS



▶ **20.30 The Pacifier** STÖÐ 2



▶ **22.20 The Exorcist** ST1

SJÓNVARPIÐ

- 08.00 Morgunstundin okkar
- 08.01 Alda og Bára (25:26)
- 08.06 Bú! (12:26)
- 08.17 Lubbi læknir (35:52)
- 08.29 Snillingarnir (8:28)
- 08.55 Sigga liggja lá (34:52)
- 09.05 Teiknisögur (4:6)
- 09.15 Trillurnar (4:26)
- 09.39 Matta fóstura og ímynduðu vinir hennar (18:26)
- 10.02 Spæjarar (42:52)
- 10.25 Stundin okkar (5:30)
- 10.55 Kastljós
- 11.30 Ekki gá undir rúmið
Bandarísk fjölskyldumynd frá 1999. e.
- 13.00 Framtíðin er furðuleg (1:3) e.
- 13.55 EM í frjálsum íþróttum
- 15.45 Mótorsport (9:12)
- 16.10 Íslandsmótíð í handbolta
Bein útsending frá leik ÍR og HK í DHL-deild karla.
- 17.50 Táknmalfréttir
- 18.00 Hope og Faith (68:73)
- 18.25 Fjölskylda mín (8:13) e.
- 18.54 Lottó
- 19.00 Fréttir, íþróttir og veður
- ▶ 19.40 Jón Ólafs
- 20.20 Spaugstofan
- 20.45 Grænir fingur (Greenfingers)
Leikstjóri er Joel Hershman og meðal leikenda eru Clive Owen og Helen Mirren.
- 22.20 Meistarapjófur (The Score)
Leikstjóri er Frank Oz og meðal leikenda eru Robert De Niro, Edward Norton, Marlon Brando og Angela Bassett. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
- 00.20 Franskur koss (French Kiss)
Bandarísk gamanmynd frá 1995 um konu sem flýgur til Frakklands til að lesa yfir kærastanum sínum en lendir í vandræðum þegar bófinn sem situr við hliðina á henni í vélinni notar hana sem burðardýr. Leikstjóri er Lawrence Kasdan og meðal leikenda eru Meg Ryan, Kevin Kline, Timothy Hutton og Jean Reno. e.
- 02.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

- 6.00 Garage Days 8.00 A Shot at Glory
- 10.00 Broadcast News 12.10 To Walk with Lions
- 14.00 A Shot at Glory 16.00 Broadcast News
- 18.10 To Walk with Lions 20.00 Garage Days
- 22.00 Assault on Precinct 13
- 0.00 Killing Me Softly 2.00 Assault on Precinct 13
- 4.00 The Fan



- 7.00 Addi Panda
- 7.05 Kærleiksbrinnir (e)
- 7.15 Pocoyo
- 7.20 Ruff's Patch
- 7.30 Gordon the Garden Gnome
- 7.40 Animaniacs
- 8.00 Grallaramir
- 8.20 Justice League Unlimited
- 8.45 Kalli kanína og félagar
- 9.05 Litlu Tommi og Jenni
- 9.30 Tracey McBean
- 9.45 S Club 7
- 10.10 Búbbarnir
- 10.35 Lísa litla á fína hótelinu
- 12.00 Hádegisfréttir
- 12.40 Bold and the Beautiful
- 13.00 Bold and the Beautiful 13.20 Bold and the Beautiful 13.40 Bold and the Beautiful 14.00 Bold and the Beautiful
- 14.25 Derren Brown: Hugarbrellur (2:6)
- 14.50 Curb Your Enthusiasm
- 15.25 Hot Properties (4:13) 15.55 Eldsnögg með Jóa Fel
- 16.25 Sjálfstætt fólk
- 17.00 60 mínútur
- 17.45 Martha (Nancy Grace)
- 18.30 Fréttir, íþróttir og veður 19.00 Íþróttir og veður
- 19.05 Lottó
- 19.10 The New Adventures of Old Christine - NÝTT
- 19.35 Fóstbræður (7:8) (e)
- 20.00 Fóstbræður (8:8) (e)
- ▶ 20.30 The Pacifier (Friðarstillirinn)
Fjörug og spennandi gamanmynd með Vin Diesel í hlutverki sérsveitarmannsins Shane Wolf sem fær það óvenjulega verk-efni að gæta fimm barna nýlátins vísindamanns sem gerði mikilvægar uppgötvanir sem óþokkar vilja komast yfir. Aðalhlutverk: Faith Ford, Vin Diesel, Lauren Graham. Leikstjóri: Adam Shankman. 2005. Leyfð öllum aldurshópum.
- 22.05 Mississippi Burning Myndin gerist mitt í kynþáttaóeirðum í Suðurrikjum Bandaríkjanna og byggir á sönnunum atburðum. Aðalhlutverk: Gene Hackman, Willem Dafoe, Frances McDormand. Leikstjóri: Alan Parker. 1988. Stranglega bönnuð börnum.
- 0.10 X-2: X-Men United
- 2.20 2 Fast 2 Furious (Ofvirk)
- 4.05 Do Not Disturb
- 5.45 Fréttir Stöðvar 2 (e)
- 6.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi

SKJÁREINN

- 10.55 2006 World Pool Masters (e)
- 11.45 Dr. Phil (e)
- 14.15 Celebrity Overhaul (e)
- 15.00 The Biggest Loser (e)
- 15.50 Sons & Daughters 16.
- 15 Trailer Park Boys (e)
- 16.40 Parental Control (e)
- 17.10 Casino (e)
- 18.00 Dateline (e)
- 19.00 Game tívi (e)
- 19.30 The Office (e)
- 20.00 All About the Andersons
- 20.30 Sons & Daughters
Gamanþáttaröð sem fengið hefur mjög góða dóma. Hér er sjónun beint að hjónabandinu, barnaupplíði og samskiptum innan stórfjölskyldunnar. Fersk og frumleg sýn á fjölskyldulífið í allri sinni dýrd. Í þáttunum er bæði stuðst við handrit og leikaramir fá frjálssar hendur til að spinna að vild. Útkoman raunsætt og nútímalegt fjölskyldudrugin.
- 21.00 Casino
- 21.50 The Dead Zone
Ekki missa af frábærum þáttum byggðum á samnefndri skáldsögu Stephen King.
- 22.40 Battlestar Galactica
Framtíðarþáttaröð sem á dyggan hóp aðdáenda. Í þáttunum er fylgst með klassískri baráttu góðs og ills eftir að hinir illskeyttu Cylons réðust á jarðarbúa og tortímdu milljörðum manna. Aðeins örfá geimskip komust undan og eru síðasta von jarðarbúa. Cylons elta þau uppi en áhöfn Galactica-orrustugeimskipins gefst ekki upp fyrr en í fulla hnefana.
- 23.30 Brotherhood (e)
0.30 Masters of Horror (e) Ný þáttaröð þar sem sýndar verða þrettán nýjar hrollvekir frá þekktum leikstjórum. Stranglega bannað börnum.
- 1.20 Law & Order: Criminal Intent (e)
Bandarísk sakamála-sería.
- 2.05 Da Vinci's Inquest (e) Vönduð sakamálaþáttaröð.
- 2.50 Tvöfaldur Jay Lenó (e)
- 4.20 Östöðvandi tónlist

SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttapátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SIRKUS TV

- 17.15 Wildfire (e)
- 18.00 Seinfeld (e)
- 18.30 Fréttir NFS
- 19.00 Seinfeld (e)
- 19.30 Blowin'/ Up (e) Grínistinn Jamie Kennedy og félagi hans Stu Stone eru ákveðnir í að reyna fyrir sér í tónlistarbransanum sem rapparar. Eru þeir fullvissir um að þetta sé það sem þeim er ætlað að gera í lífinu. Þetta reyna þeir þrátt fyrir ráðleggingar umboðsmanns Jamie og foreldra hans sem eru ekki eins vissir um að Jamie sé að fara í rétta átt með ferlinn.
- ▶ 20.00 South Park (e)
- 20.30 Tekinn (e)
- 21.00 So You Think You Can Dance 2 (e)
- 22.30 So You Think You Can Dance 2 (e)
- 23.30 Chappelle's Show (e)
- 0.00 Vanished (e)
- 0.50 X-Files (e) (Ráðgátur) Sirkus sýnir X-files frá byrjun! Einhverjir mest spennandi þættir sem gerðir hafa verið eru komnir aftur í sjónvarpið. Mulder og Scully rannsaka dularfull mál sem einfaldlega eru ekki af þessum heimi.
- 1.35 24 (17:24) (e) Bönnuð börnum.
- 2.20 24 (18:24) (e) Bönnuð börnum.
- 3.05 Entertainment Tonight (e) Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkavíðtöl við frægar stjörnur. Nýjum fréttum af fræga fólkinu, kvikmyndum, sjónvarpi, tónlist, tísku og alls kyns uppkomum sem gerast í bransanum eru gerð góð skil í þessum frægu þáttum. Ef þú vilt vita hvað er að gerast í Hollywood, þá viltu ekki missa af þessum þáttum. Leyfð öllum aldurshópum.
- 3.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

SKJÁR SPORT

- 11.00 Upphitun (e)
- 11.35 Fulham - Everton (b) 14.30 Á vellinum með Snorra Má
- ▶ 14.50 Liverpool - Reading (b)
Leikir sýndir á hliðarrásum: S2 Man. Utd. - PortsmouthS3 Bolton - WiganS4 Charlton - Man. CityS5 Watford - Middlesbrough
- 16.30 Á vellinum m. Snorra Má
- 17.05 Newcastle - Sheff. Utd. (b)
- 19.20 Napoli - Juventus
- 21.30 Man. Utd. - Portsmouth
- 23.30 Bolton - Wigan
- 1.30 Dagskrárlök

GULLI HELGA 9-12 ALLA LAUGARDAGA

HLUSTAR ÞÚ Á EINA VINSÆLUSTU ÚTVARPSSTÖÐ LANDSINS?
HELGIN BYRJAR VEL MEÐ GULLA HELGA.

BYLGJAN

989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 19.10

THE NEW ADVENTURES OF OLD CHRISTINE

Nýr gamanþáttur sem slegið hefur í gegn í Bandaríkjunum. Með aðalhlutverkið fer Julia Louis-Dreyfus, sem sló svo rækilega í gegn í hlutverki Elaine Benes í Seinfeld. Fáar leikkonur hafa hlotið eins mörg verðlaun og Louis-Dreyfus fékk fyrir leik sinn í Seinfeld og hún er strax farin að vinna til verðlauna fyrir túlkun sína á Christine í þessum nýju þáttum en hún fékk Emmy-verðlaunin sem besta gamanleikkonan 2006. Í þessum hressilegu gamanþáttum leikur hún Christine, sem er nýfráskilin frá óþolandi sjálfumglöðum eiginmanni sínum og barnsföður. Það er ekki tekið út með sældinni að ætla sér að verða fyrirmyndarkona í nútímasamfélagi þegar maður er útí vinnandi einstæð móðir. Og ekki bætur úr skák þegar eiginmaðurinn fyrrverandi er búinn að yngja upp, kominn með aðra Christine, sem gamla Christine þolir ekki; þolir ekki hvað sú nýja er ung, falleg og fullkomin. Og þegar Louis-Dreyfus er komin í slíkan ham er hún í essinu sínu eins og addáendur Seinfeld ættu best að vita.



VIÐ MÆLUM MED ASSAULT ON PRECINCT 13 Á STÖÐ 2 BÍÓ KL. 22.00

Þessi mynd er endurgerð frægrar myndar eftir hrollvekjuleikstjórnann John Carpenter og segir frá lögreglu-mönnum sem þurfa að verjast óþrúttum glæpamönnum á yfirgefni lögreglustöð á gamlárskvöld. Úrvalið leikara kemur fram í myndinni, þar á meðal Laurence Fishburne, Ethan Hawke, Gabriel Byrne og John Leguizamo. Frábær spennu-mynd sem keyrir allt í botn og skilur ekkert eftir sig.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 6.45 Veðurfregni 6.50 Bæn
- 7.00 Fréttir
- 7.05 Laugardagur til lukku
- 8.00 Fréttir
- 8.05 Músík að morgni dags
- 9.00 Fréttir
- 9.03 Út um græna grundu
- 10.00 Fréttir
- 10.05 Veðurfregni
- 10.15 Krossgötur
- 11.00 Vikulokin
- 12.00 Hádegisútlarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfregni
- 13.00 Laugardagsþátturinn
- 14.00 Til allra átta
- 14.40 Stóri í smáu
- 15.25 Borgin í hugskoti mannsins

- 16.00 Fréttir
- 16.08 Veðurfregni
- 16.10 Orð skulu standa
- 17.05 Fimm fjórðu
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.25 Auglýsingar
- 18.26 Leikhúsrotan
- 18.52 Dánarfregni og auglýsingar
- 19.00 Kringum kvöldið
- 19.30 Stefnumót
- 20.15 Sögur af sjó og landi
- 21.05 Pipar og salt
- 21.55 Orð kvöldsins
- 22.00 Fréttir
- 22.10 Veðurfregni
- 22.15 Flakk
- 23.10 Danslög
- 0.00 Fréttir

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 97,7 X-ID / Enginn viðbjóður

SYN

9.00 Veitt með vinum (Norðlingafliót) Veitt með vinum eru vandaðir veiðipættir í umsjón Karl Lúðvíkssonar þar sem hann fer í veiði með félögum sínum m.a. í Minnivallalæk, Laxá í Aðaldal, Staðartorfu, Múlatorfu, Hrauni, Breiðdalsá, á Þingvöllum, í Laxá í Aðaldal, og Norðlingaflióti.

9.30 Ensku mörkin

10.00 Spænsku mörkin

10.45 NBA 2005/2006 - Regular Season games

12.45 Meistaradeild Evrópu - endurs

14.25 Meistaradeildin með Guðna Bergs

15.05 Ameríski fótboltinn Upphitun fyrir leiki helgarinnar í ameríska fótboltanum sem er vinsælasta sjónvarpsþróttin í Bandaríkjunum.

15.35 PGA golfmótið - fréttapáttur

16.30 Meistaradeild Evrópu í handbol

17.50 US PGA í nærmynd

18.20 Spænski boltinn - upphitun

18.50 Spænski boltinn (Mallorca - Atl. Madrid) Bein útsending frá leik Real Mallorca og Atletico Madrid í spænska boltanum. Mallorca er í 10. sæti deildarinnar en Atletico í því 8. Með sigri gæti Atletico stimplað sig inn í efri hluta deildarinnar.

20.50 Spænski boltinn (Deportivo - Barcelona) Bein útsending frá leik Deportivo og Barcelona í spænska boltanum. Leikurinn gæti reynst Börsungum erfiður eftir mikla og stranga leikjahirnu að undanförmu og spurning hvort leikurinn gegn Chelsea sitji í þeim.

22.50 US PGA Tour 2005 - Bein útsending 6 (The Tour Championship) Útsending frá þriðja degi Tour Championship sem er eitt stærsta mót ársins á PGA mótaröðinni og jafnframt það síðasta. Færri komast að en vilja því á mótinu eru menn verðlaunaðir fyrir árangur sinn á árinu. Þátttaka í mótinu veltur sem sé á stöðu manna á peningalista mótaráðarinnar 2006.

2.00 Box - Floyd Mayweather vs. Sharmba Mitchell Bein útsending frá bardaga Mayweather og Carlos Baldomir þar sem banist er um WBC beltíð í veltivigt. Mayweather er almennt talinn besti hnefaleikakappinn í dag, kíló fyrir kíló og spennandi að sjá hvort Baldomir hefur eitthvað roð við honum. Baldomir kemur frá Argentínu og er þrautreyndur kappi með 58 bardaga á ferilskránni.

DR 1

11.40 Nationen 12.00 Harlequin 13.30 Aqua: Turn Back Time 14.30 Hjerteflimmer 15.00 Boogie Listen 16.00 OBS 16.10 Hammerslag 16.40 Fér söndagen 16.50 Held og Lotto 17.00 Bullerfnis 17.30 TV Avisen með vejret 17.55 SportNyt 18.05 FørsteVælger 19.00 Matador 20.15 Kriminalkommisær Barnaby 21.50 Bænken 23.20 Terror på bjerge

NKI

11.55 Gjensynet 12.15 Villmark: Et annerledes Island 12.45 4-4-2 UEFA-cup kvinner: Semifinale Kolbotn-Umeå 15.00 Norsk militær tattoo 2006 16.10 Livet med Larkins 17.00 Jubalong 17.30 Johnny og Johanna 18.00 Lærdagsrevyen 18.45 Lotto-trekning 18.55 Melonas 19.20 Kjempesjansen 20.35 Med hjertet på rette staden 21.20 Lævebakken 21.45 Fakta på lærdag: Kapplep med kameler 22.15 Kveldsnytt 22.30 Aldri si aldri

SVT 1

11.55 Söderlund & Bie 12.25 Packat & klart 12.55 Uppdrag Granskning 13.55 Döden - en film om livet 15.30 Mäklarna 16.00 Doobidoo 17.00 Emil i Lönneberga 17.25 Disneydags 18.00 En ö i havet 18.30 Rapport 18.45 Sportnytt 19.00 På spåret 20.00 Den som viskar 21.30 Brottskod: Försvunnen 22.15 Rapport 22.20 Exorcisten 0.20 Terror på Elm Street

ALLT ER ÞEGAR ÞRENNT ER!



HELGARBLAÐ DV ER KOMIÐ ÚT!

Helgarblað DV, Menning og DV sport! Þreföld ánægja um helgar.



LIFANDI PAPPÍR!

HRÓSÍÐ ...



... fá liðsmenn Baggalúts fyrir frábært lag sem þeir gerðu til styrktar Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna en þar leiða meðal annars saman hesta sína Unnur Birna og Bubbi Morthens.

Sissel syngur jólin inn á Íslandi í ár

Norska óperusöngkonan Sissel Kyrkjebø verður ein af þeim fimm söngkonum sem koma fram á jólatónleikum í Laugardalshöll hinn fimmta desember samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Sissel er einhver skærasta stjarna sigildrar tónlistar og nýtur mikilla vinsælda hér á



FRÖSTRÓSIR Troðfylltu Laugardalshöllina fyrir ári en verða að vikja fyrir Kyrkjebø.

landi þá ekki síst jólaþlötur hennar. Tónleikarnir, sem heita European Divas, koma í staðinn fyrir árlega tónleika íslensku Frostrosanna en þær troðfylltu Höllina í fyrra. Reikna má með að Kyrkjebø njóti fulltingis annarra evrópskra söngkvæna. Það er útgáfufyrirtækið Frost sem stendur að þessum glæsilegu tónleikum en ekki var hægt að fá upplýsingar hjá fyrirtækinu og var vísað til blaðamannafundar sem væntanlega verður haldinn á mánudaginn.

Sissel Kyrkjebø kom hingað til lands fyrir tæpu ári og hélt rómaða tónleika í Háskólabíói þar sem færri komust að en vildu. Í kjölfarið gaf hún út þlötuna

Nordisk Vinternatt þar sem norska dívan söng meðal annars Sofðu unga ástin mín eftir Jóhann Sigurjónsson á íslensku og verður fróðlegt að sjá hvort Kyrkjebø taki íslenskt jólalag upp á sína arma.

Hallgrímskirkja verður jafnframt lögð undir sérstaka sjónvarpsútsendingu sem send verður út til tíu Evrópulanda og verður ekki selt inn á þá tónleika, en þarna verður um að ræða einn stærsta sjónvarpsviðburð sem Íslendingar hafa lagt í. Sissel mun því syngja inn jólin fyrir milljónir Evrópubúa frá Íslandi og þykir þetta vera einstök kynning fyrir bæði Reykjavík og landið sjálft.



SISSSEL KYRKJEBØ Syngur jólin inn fyrir milljónir Evrópubúa frá Hallgrímskirkju.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT:

2 teikniþlek 6 samþykki 8 tvöfalt 9 þrá 11 stöðug hreyfing 12 mataráhald 14 ummælin 16 frá 17 líða vel 18 for 20 númer 21 velta.

LÓÐRÉTT:

1 útihús 3 utan 4 brenndur 5 löng 7 hvatning 10 ílát 13 svelg 15 kropp 16 framkoma 19 óreiða.

LAUSN:

fas, rí, 61, 7 áskorun, 10 ker, 13 ídu, 15 nart, 16 LÖBDRÉTT: 1 fjós, 3 út, 4 sviðinn, 5 ís, 6 aur, 20 nr, 21 snúa. LÁRÉTT: 2 túss, 6 já, 8 tví, 9 ósk, 11 íð,

RAGNAR BRAGASON: SVOLTIÐ SVEKKTUR MEÐ AÐSÓKNINA Á BÖRN

Á hlut í níu Eddu-tilnefningum

Tilnefningar til Eddu-verðlaunanna voru tilkynntar á fimmtudaginn og fullyrða má að verk tengd leikstjóranum Ragnari Bragasyni hafi staðið upp úr. Sjálfur er Ragnar tilnefndur til fjögurra verðlauna, eina tilnefningu hlaut hann sem leikstjóri ársins fyrir sjónvarpsþáttinn Stelpurnar og þrjár fyrir kvikmyndina Börn sem keppir við bæði Mýrina og Blóðbönd um titilinn besta kvikmynd ársins.

Ragnar viðurkenndi að þessi fjöldi tilnefninga hefði komið honum skemmtilega óvart. „Mikið gleðiefni fyrir alla þá sem tóku þátt í gerð Barna,“ sagði leikstjórinn sem lýsti yfir sérstakri ánægju sinni með hversu margir leikarar Barna hefðu verið tilnefndir en þau Gísli Örn Garðarsson, Nína Dögg Filippusdóttir, Ólafur Darri Ólafsson og Margrét Helga Jóhannesdóttir fengu öll sína tilnefninguna hvert. Kvikmyndin er nú sýnd á American Film Market þar sem þúsundir dreifingar- og sýningaradila koma saman til að berjast um bestu bitana og vonaðist Ragnar eftir góðum árangri þar vestra.

Ragnar og leikhópurinn Vesturport fóru óvenjulega leið þegar gerð Barna hófst því það getur reynst erfitt fyrir kvikmyndarmann að fá styrk fyrir mynd sem nánast ekkert handrit er að.

MÝRIN Ingvar E. Sigurðsson þykir sigurstranglegur sem Erlendur rannsóknarlögrelumaður.

BLÓÐBÖND

Fékk fimm tilnefningar, meðal annars sem besta kvikmynd ársins.



RAGNAR BRAGASON Verk tengd honum eru tilnefnd til níu Eddu-verðlauna.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

„Við byrjuðum því bara og treystum á yfirdrætti en þetta er nú aðferð sem ég myndi ekki mæla með,“ segir Ragnar en þegar tókur voru hafnar kom Kvikmynda- miðstöð Íslands inn í heildardæmið. Kostnaðurinn við gerð Barna var ekki há, rúmar þrjátíu milljónir sem þykja ekki miklir peningar, jafnvel á íslenskan mælikvarða, en myndin hefur fengið frábæra dóma þótt

aðsóknin hafi ekki verið neitt fagnadarefni, alls fjórtán þúsund manns hafa séð hana í bíó. Ragnar viðurkenndi líka að vera eilítið vonsvikinn með aðsóknina en vonaðist hins vegar til að Eddu-tilnefningarnar yrðu til þess að fleiri sæju sér fært að skella sér á hana.

freyrgigja@frettabladid.is

GÍSLI ÖRN Tilnefndur fyrir leik sinn í Börnum en hann þykir eftirminnilegur sem handrúkkarinn ógurlegi.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Einhverja rak í rogastans þegar sjónvarpsstöðin Sýn var fyrst með fréttir af meiðslum Eiðs Smára sem hann varð fyrir í leik Barcelona og Chelsea í meistaradeild Evrópu. Heimur Karlsson tilkynnti sjónvarps- áhorfendum að sjálfur Auðunn Blöndal hefði hringt inn en sjónvarps- maðurinn góðkunnir hafði þá rætt við landsliðs- fyrirliðann sem fullvissaði Auðun um að hann hefði ekki slasast jafn alvarlega og margir óttuðust. Einhverjar sögusagnir fóru á kreik í kjölfarið um að Auðunn hefði verið í Barcelona til að hrekja Eið Smára fyrir Tekinn sem sýndur er á Sirkus en eftir því sem Fréttablaðið kemst næst var hrekjulómurinn þarna í notalegu fríi ásamt konu sinni eftir öll átök in kringum þáttinn.



Yfirlitssýning á kvikmyndum Hrafns Gunnlaugssonar á kvikmyndahátíðinni Mar del Plata í Argentínu vakti mikla athygli heimamanna en frá þessu er greint á kvikmynda- síðunni logs.is. Ritstjóri vefsins, Ásgrímur Sverrisson, hefur þar eftir dagskrárstjóra hátíðarinnar, Diego G. Menegazzi, að bæði gestir og gagnrýnendur hafi verið sérstaklega hrifnir af vikingamyndum Hrafns sem þeim fannst varpa nýju ljósi á hetjur fornaldarinnar og innleiðingu kristinnar. Hrafn lýsti því yfir í samtali við Fréttablaðið fyrir ekki margt löngu að hann hygðist reyna fyrir sér í

spænskunni á kvikmyndahátíðinni en hann útskrifaðist einmitt með próf í tungumálinu frá háskólanum í Havana.



- fgg

allt
atvinna
Alla sunnudaga

Allt um allt
sem skiptir
máli í Reykjavík
REYKJAVÍK.COM
REYKJAVÍK.MAG

Latabæ spáð meiri vinsældum en Justin

Smáskífa Latabæjar, Bing Bang, þykir líkleg til vinsælda um jólin í Bretlandi ef marka má veðbankann William Hill sem er einn sá virtasti í sínu fagi. Smáskífan er meðal þeirra fimm sem líklegastar þykja til að hreppa fyrsta sætið á vinsældalistanum og eru líkurnar sagðar einn á móti tuttugu en listinn verður gerður opinber á jóladag. Efst á blaði er fyrsta smá-

skífa sigurvegarans í X-Factor en þættirnir njóta mikilla vinsælda hjá Bretunum. Fast á hæla hans eru skallapopparinn Cliff Richard, All Angels og Take That en meðal þeirra sem Glanni glæpur og Íþróttarálfurinn skjóta ref fyrir rass eru Girls Aloud, Westlife, Justin Timberlake og Gwen Stefani.

Bing Bang er lokalagið í Latabæjarþáttunum

og á smáskífunni er það í nokkrum útgáfum, meðal annars í karóki-útgáfu svo að börnin geti spreytt sig á því. Vinsældir Latabæjar verða sífellt meiri hjá breskum börnum en þátturinn var nýlega tilnefndur til Bafta-verðlaunanna bresku sem þykja með þeim virtustu í heimi. Þátturinn er sýndur á tveimur vinsæl-

ustu sjónvarpsstöðvum Bretlands, BBC og Nickledeon, sem er að sögn Kjartans Más Kjartanssonar, upplýsingafulltrúa LazyTown, algjört einsdæmi. „Þær hafa yfirleitt barist um bestu bitana en þetta samstarf gerir það að verkum að flest börn geta með góðu móti horft á þættina,“ segir Kjartan.

LAZYTOWN Er eitt vinsælasta sjónvarpsfnið í Bretlandi og diskurinn með lögum úr þættinum þykir líklegur til vinsælda.



Nýjar íslenskar skáldsögur!

GADDAVÍR – Sigurjón Magnússon


Heldur lesandanum í heljargreipum

„Lipurlega gert... fumlaut og markviss.“

– GS - Morgunblaðið

Fullt verð kr. 4.280

Tilboðsverð kr. 3.210



UNDIR HIMNINUM – Eiríkur Guðmundsson

Þessi bók er ekki um bleika flamingófugla

Fullt verð kr. 4.680

Tilboðsverð kr. 3.490



SKULDADAGAR – Jökull Valsson


Hin íslenska Trainspotting

„...bráðskemmtileg bók sem heldur fínu jafnvægi milli tilgerðarleysis og húmors“

– BÞV - Morgunblaðið

Fullt verð kr. 4.680

Tilboðsverð kr. 3.490



HIÐ STÓRFENGLEGA LEYNDARMÁL HEIMSINS - Steinar Bragi

Leynispæjarinn Steinn Steinarr leysir óvenjulega morðgátu. Kemur út 5. nóvember.

Fullt verð kr. 4.680

Tilboðsverð kr. 3.490

Tilboðið gildir til og með 13.11. 2006



BAKÞANKAR

GUÐMUNDAR
STEINGRÍMSSONAR

Við ráðum

Ég hef fundið hjá mér talsverða þörf undanfarið til þess að benda fólki á að ástandið á Íslandi – það hvernig Ísland er í stóru sem smáu – er ekki bundið lögmálum. Það er ekki höggvið í stein. Það er semsagt hægt að breyta ástandinu.

ÞAÐ er til dæmis ekki lögmál að landbúnaðarráðherra þurfi alltaf að vera bóndi. Við þurfum heldur ekki að virkja jökulárnar til þess að lifa af, kaffæra friðlýstum svæðum með lónum og þurrka upp fossaraðir. Það er ekkert sem segir að það sé nauðsynlegt fyrir Íslendinga að búa við skattkerfi sem hyglir auðmönnum sérstaklega og að þeirri misskiptingu sé ekki hægt að breyta með nokkru móti.


SKORTUR á hjúkrunarrýmum fyrir aldraða er ekki náttúrulegt. Það er hægt að byggja fleiri. Að þúsund aldraðir þurfi að deila herbergi á efri árunum er heldur ekki eitthvað sem stendur í helgri bók að ekki megi breyta, né heldur að meðferðarúrræði fyrir unglíngi í fíkniefnaneyslu þurfi alltaf að vera af skornum skammti. Biðlistar eru ekki eins og Esjan sem minnkar aldrei. Né heldur er óréttlæti í sjávarútvegi byggt á ófrávikjanlegum boðum að handan, eða brottfall úr framhaldsskólum skrifað í fyrstu Mósebók. Launamunur kynjanna er ekki genavísindi. Allt eru þetta mannanna verk.

ÍSLAND þarf ekki að bjóða þegnum sínum upp á okurvexti og verðtryggingu í þökkabót. Það er alls ekki nauðsynlegt á nokkurn hátt að hér sé boðið upp á eitt hæsta verðlag í heimi. Við þurfum ekki að styðja forseta Bandaríkjanna í einu og öllu þegar kemur að utanríkismálum og innrásum hans inn í önnur ríki. Við þurfum heldur ekki að fara í samstarf við leyniþjónustuna CIA. Við þurfum ekki einu sinni sjálf að koma upp leyniþjónustu með sóglæraugnaprýddum mönnum sem tala inn í úlniðinn á sér á fjöldasamkomum, nema við svo kjósum.

VIÐ getum staðið í fararbroddi allra þjóða í umhverfisvernd. Við getum vakið eftirtekt fyrir áherslu á iðngreinar og atvinnurekstur sem ekki mengar og ekki gerir kröfu um eyðileggingu á náttúruperlum. Við getum montað okkur einn daginn af miklu skilvirkara og skipulagðara heilbrigðiskerfi. Við getum vakið heimseftirtekt fyrir mun meiri áherslu en aðrir á menntamál. Sanngjarnt skattkerfi og jöfnuðer gæti orðið okkar aðalsmerki. Kannski sköpum við okkur góðan orðstír einhvern tímann fyrir að rísa upp á alþjóðavettvangi og segja „hingað og ekki lengra“ þegar næsta styrjöld úti í heimi er í uppsiglingu. Hver veit?

VIÐ ráðum. Þegar einhver kemur og segir „Þetta er ekki nógu gott. Leyfið mér aðeins. Gerum þetta öðruvísi“, þá getum við ákveðið hvort við viljum leyfa þeim tiltekna aðila að glíma við vandamálin og hugsanlega leysa þau í samstarfi við aðra. Allt er þetta spurning um val, en ekki lögmál. Stefnunni er hægt að breyta. Ég held meira að segja að það sé hægt að byrja á því að breyta henni strax í dag. Ég er til ef þú ert til.

Jólin nálgast



ISIG jólaskraut 2 stk. hjarta gyllt 390,-



ISIG jólaskraut 12 stk. silfurlitað 490,-



ISIG jólaskraut hjarta 2 stk. 15x15 cm ýmsar tegundir 490,-




390,-

ISIG jólaskraut 2 stk. Ø8 cm ýmsar tegundir



ISIG skrautsett 48 stk. ýmsar tegundir 690,-



95,-

ISIG kertadiskur Ø13 cm



ISIG skrautdropar 6 stk. ýmsir litir 390,-



ISIG ilmjurtakassi vanillulmur, ýmsir litir 290,-



ISIG jólaskraut 4 stk. fuglar 3x5 cm 590,-



ISIG kubbakerti H16 Ø7 cm ýmsir litir 390,-



ISIG jólaskraut 4 stk. Ø6 cm 490,-



390,-

ISIG jólaskraut 12 stk. ýmsar tegundir

Lokað hér
IKEA

REYKJAVÍK
KÓPAVOGUR
GARDABÆR

Ný verslun
IKEA

Barnamáltíð
Kjúklinganaggar, franskar og safi

290,-

IKEA Restaurant

Virkir dagar 10.00 - 20.00
Laugardagur 10.00 - 18.00
Sunnudagur 12.00 - 18.00

www.IKEA.is